ÞRÖSTUR ÞÓR HÖSKULDSSON

Og golan kyssir kinn

• Bílar • Ferðir

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

LILJA NÓTT ÞÓRARINSDÓTTIR

Sóttist eftir húsi með sál

Sérblað um heimili

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TOLLI

Kominn heim eftir mikla reisu til Tíbet

Reynslusaga listmálara

VIÐTAL 26

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. september 2006 — 241. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Jarðbundið ofurmenni

Brandon Routh sem sló í gegn í hlutverki Súpermanns í sumar var á Íslandi á dögunum.

VIÐTAL 40

Leiðin úr fátækt

„Fólk sem býr við ófrelsi, þar sem opinber miðstýring er mest, nýtur minnstra lífsgæða, nánast sama hvar borið er niður," segir Birgir Tjörvi Pétursson.

UMRÆÐAN 16

Til bóta ef kílóin fjúka

Þingmaðurinn Guðjón A. Kristjánsson syndir að meðaltali tvisvar í viku.

FÓLK 58

Stórleikur ársins

Bestu kvennalið Íslands, Valur og Breiðablik, mætast í úrslitum VISA-bikarkeppninnar á Laugardalsvelli í dag. Valur er Íslandsmeistari en blikar verja titilinn frá síðasta sumri.

ÍÞRÓTTIR 52

VEÐRIÐ Í DAG



SKÚRAVEÐUR VÍÐA UM LAND

Í dag verður yfirleitt suðvestan strekkingur. Skúrir verða víðast hvar en þó þurrt í veðri og bjart á Austurlandi. Hitinn verður á bilinu 8- 13 stig, hlýjast austan til.

VEÐUR 4



Ofbeldi gegn börnum tilkynnt 940 sinnum

Hátt á sjötta þúsund tilkynningar bárust barnaverndarnefndum á síðasta ári. Um sextán prósent voru vegna ofbeldis gegn börnum og þrjátíu prósent vegna vanrækslu. Forstjóri Barnaverndarstofu hefur áhyggjur af stöðu mála.

BARNAVERNDARMÁL Barnaverndarstofu bárust 5.879 tilkynningar árið 2005 sem jafngildir því að sextán tilkynningar hafi borist daglega. Tilkynningum fjölgaði um 236 frá árinu 2004 en þá voru þær 5.643. Þetta kemur fram í nýútkominni skýrslu frá Barnaverndarstofu.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir það áhyggjuefni að ekki hafi verið fjölgað í barnaverndarnefndum þrátt fyrir gríðarlega fjölgun barnaverndarmála. „Sveitarstjórnir þurfa að taka sig saman og leggja meira í þennan málaflokk svo hægt verði að sinna þessum málum með viðunandi hætti."

Síðustu ár hafa á þriðja hundrað börn dvalið hjá fósturforeldrum árlega. Bragi segir að um þrjú til fimm mál komi upp á ári þar sem börn séu tekin af foreldrum sínum en að flest úrræði séu reynd áður en til þess komi að svipta foreldra forsjá.

„Færri börn eru send í varanlegt fóstur nú en áður en þeim hefur fjölgað sem eru send í skammtímafóstur," segir Bragi. „Þá er fjölgun á annars konar stuðningsúrræðum sem notuð eru til að aðstoða foreldra við að ná betri tökum á foreldrahlutverkinu."

Árið 2004 bárust flestar tilkynningar frá lögreglu eða rétt rúmlega helmingur. Opinberir aðilar tilkynna þrjú af hverjum fjórum málum en ættingjar, nágrannar og aðrir nákomnir barninu tilkynna í einu af hverjum fjórum tilfellum. Árið 2005 bárust 221 tilkynningar um barnaverndarmál í gegnum neyðarlínuna, 112, og segir Bragi þetta samstarf eiga að auðvelda almenningi að tilkynna mál til barnaverndaryfirvalda.

> Sveitarstjórnir þurfa að taka sig saman og leggja meira í þennan málaflokk svo hægt verði að sinna þessum málum með viðunandi hætti.
>
> **BRAGI GUÐBRANDSSON**
> FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU

Í fyrra skiptust ástæður tilkynninga þannig að 30,3 prósent voru vegna vanrækslu, 15,8 prósent vegna ofbeldis, 53,8 prósent vegna áhættuhegðunar og 0,2 prósent vegna þess að heilsa eða líf ófædds barns var í hættu. - hs

SÖFNUN Meðal þeirra sem safna í dag eru Ólafur Ragnar Grímsson forseti og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri.

Landssöfnun Rauða krossins:

Gengið til góðs

SÖFNUN Landssöfnun Rauða kross Íslands, Göngum til góðs, fer fram í dag. Um níu hundruð sjálfboðaliðar höfðu skráð sig í söfnunina í gær. Rauði krossinn efnir til söfnunarinnar í fjórða sinn, en í henni ganga sjálfboðaliðar hús úr húsi og safna fé fyrir börn í Afríku.

Meðal þeirra sem safna fé í dag eru Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri. Um tvö þúsund sjálfboðaliða þarf til að ná takmarki söfnunarinnar, en það er að gengið verði í öll hús á landinu í dag. Framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands segist bjartsýnn á að því takmarki verði náð. - sþs

HÖFÐINGLEGAR MÓTTÖKUR Þessi börn frá Austur-Grænlandi heimsóttu forsetahjónin á Bessastöðum í gær. Börnin komu til Íslands til að læra sund, iðka skák og kynnast landi og þjóð. Þau eru á tólfta aldursári og sækja tíma með jafnöldrum sínum í Hjallaskóla og Smáraskóla á meðan þau dvelja hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Grænlensk börn í heimsókn:

Hittu forsetann á Bessastöðum

HEIMSÓKN Börn frá Grænlandi voru gestir forseta Íslands á Bessastöðum í gær. Ólafur Ragnar Grímsson forseti tók á móti barnahópnum við hátíðlega athöfn.

Börnin dvelja hér í tvær vikur til þess að læra sund, iðka skák og kynnast landi og þjóð. Þau eru á tólfta aldursári og búa á austurströnd Grænlands.

Mörg barnanna höfðu aldrei komið út fyrir sitt heimaþorp áður en þau lögðu í ferðalagið til Íslands. Kalak – vinafélag Íslands og Grænlands undirbjó heimsóknina en Flugfélag Íslands bauð börnunum til landsins. Kópavogsbær er gestgjafi þeirra á meðan á dvölinni stendur. - sþs

Sextán ára drengur hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 26. september:

Vildi prófa að drepa mann

DÓMSMÁL Sextán ára drengur, sem játað hefur að hafa stungið 26 ára gamlan mann í bakið með hnífi, hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 26. september og einnig hefur honum verið gert að sæta geðrannsókn. Við yfirheyrslu hjá lögreglu sagðist drengurinn gagngert hafa sett sig í samband við manninn til þess að drepa hann, þar sem „hann langaði að prófa að drepa mann", og að maðurinn sem hann stakk hefði verið „sá fyrsti sem hann fann til þess," eins og segir orðrétt í niðurstöðu Hæstaréttar.

Mennirnir tveir kynntust í gegnum vefsíðu og voru búnir að þekkjast í viku þegar drengurinn stakk manninn í bakið þar sem þeir voru saman í bifreið við Skautahöllina í Laugardal, aðfaranótt fjórða september. Drengurinn stakk hnífnum á kaf í bakið á manninum og lagði síðan á flótta. Maðurinn sem fyrir árásinni varð leitaði sjálfur hjálpar á slysadeild Landspítalans í Fossvogi eftir að hafa fjarlægt hnífinn úr bakinu á sér en hann slasaðist ekki alvarlega, þrátt fyrir að fá djúpt stungusár.

Hann gat gefið lögreglunni greinargóða lýsingu á drengnum og var hann handtekinn skömmu síðar við heimili sitt. Lögreglan hefur þegar lagt hald á farsíma drengsins, auk fartölvu, tveggja hnífa og leðurhulsturs fyrir hníf.

Þrátt fyrir að játning í málinu liggi fyrir er rannsókn málsins á frumstigi, að sögn lögreglu. - mh

Göngum til góðs

GÖNGUM TIL GÓÐS Í DAG

Upplýsingar um söfnunarstöðvar eru í Fréttablaðinu í dag og á www.redcross.is

Rauði kross Íslands

SPURNING DAGSINS



Skúli, er þér enn illt í tönnunum þínum?

„Nei, mér líður snöggtum skár enda langt um liðið síðan ég var í sleikibrjóstsykrinum.“

Skúli Helgason, framkvæmdastjóri Samfylkingarinnar, lék Jens í sjónvarpsmynd um Karíus og Baktus árið 1970. Hann er nú sögumaður í uppsetningu leikritsins hjá Leikfélagi Akureyrar.

Mengaður jarðvegur frá starfssvæði Hringrásar fluttur í spilliefnamóttöku:

PCB-efnin send til Þýskalands

SPILLIEFNI Síðustu sekkirnir með PCB-menguðum jarðvegi, sem geymdir hafa verið á svæði Hringrásar í Klettagörðum frá því árið 2001, voru í gær sendir með skipi Atlantsskipa áleiðis til Þýskalands þar sem efnið verður urðað í spilliefnamóttöku.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hafa á milli 100 og 150 tonn af PCB-menguðum jarðvegi verið send úr landi en spilliefnadeild Hringrásar hafði frumkvæði að því að koma efnunum í alþjóðlega spilliefnamóttöku, en slík stöð er ekki starfandi hér á landi.

Einar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Hringrásar, sagðist að vonum ánægður með að vera búinn losa sig við jarðveginn. „Þetta er ánægjulegur áfangi fyrir fyrirtækið. Við ákváðum að koma fram af ábyrgð og losa okkur við þessi efni þar sem þetta tók mikið pláss og augljóslega varð að koma efninu í spilliefnamóttöku,“ sagði Einar.

Starfsvæði Hringrásar við Sundahöfn hefur verið endurnýjað mikið og verður það opnað formlega innan skamms. „Svæðið hefur verið endurnýjað og nútímavætt. Við erum komin með fullkominn olíutæmingarbúnað fyrir bíla sem á eftir að breyta miklu auk snyrtilegrar aðstöðu,“ sagði Einar.

SÍÐASTI GÁMURINN FLUTTUR Efnin hafa verið flutt úr landi í fimm ferðum. Hér sést síðasti gámurinn með jarðveginum sem sendur var úr landi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Millilandaflug á Egilsstöðum:

48 brottfarir og komur í ágúst

FLUGUMFERÐ Tvöföldun hefur orðið á millilandaflugi á Egilsstaðaflugvelli það sem af er ári miðað við allt árið í fyrra.

Ingólfur Arnarson flugvallarstjóri á Egilsstaðaflugvelli segir fjölgunina mikið til komna vegna virkjunarframkvæmdanna á svæðinu. Mikill fjöldi fólks fari um völlinn vegna þeirra. Ingólfur nefnir að tvívegis á árinu hafi einkaþotur lent á vellinum með forsvarsmenn Alcoa.

Í ágúst voru 48 brottfarir og komur um völlinn í millilandaflugi en vikulegar áætlunarferðir eru frá vellinum til Póllands og Kaupmannahafnar. - hs

Schwarzenegger í klípu:

Talaði um blóðheita latínóa

KALIFORNÍA, AP Upptaka með ummælum ríkisstjóra Kaliforníu hefur vakið athygli í Bandaríkjunum. Á henni heyrist Arnold Schwarzenegger lýsa Kúbverjum og Púertó Ríkómönnum sem sérlega blóðheitu og herskáu fólki, vegna blöndu „svarts blóðs“, og „blóðs latínóa“, en latínóar eru menn af rómönsk-amerísku bergi brotnir og svarta blóðið vísar til blökkumanna.

ARNOLD SCHWARZENEGGER

Fyrrum leikarinn hefur beðist opinberrar afsökunar á ummælunum og sagt að hann myndi ekki líða börnum sínum að tala svona. - kóþ

Braut af sér daglega í meira en vikutíma

Lögreglan hafði átta sinnum á átta dögum afskipti af nítján ára gömlum pilti í sumar. Hann er ákærður fyrir fíkniefnainnflutning, íkveikju, innbrot og þjófnaði. Ekki var óskað eftir því að pilturinn yrði úrskurðaður í síbrotagæslu.

DÓMSMÁL Lögreglan í Reykjavík hafði átta sinnum á átta dögum í júní síðastliðnum afskipti af nítján ára gömlu pilti sem ákærður hefur verið fyrir innflutning á 400 grömmum af kókaíni frá Frankfurt til Íslands í janúar, ásamt tveimur félögum sínum.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær var mál piltanna tekið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrr í vikunni en þeir eru ákærðir fyrir tugi lögbrota.

Pilturinn hefur margsinnis komið við sögu lögreglu í sumar en máli piltanna þriggja var frestað til haustsins í vor, þegar mál tveggja annarra manna sem tengdust innflutningum voru skilin frá máli piltanna og í þeim dæmt sérstaklega.

Frá 20. til 27. júní á þessu ári stöðvaði lögreglan piltinn átta sinnum á bifreið en hann var án ökuréttinda í öllum tilfellum. Hann var í nokkur skipti undir áhrifum vímuefna við akstur.

Aðfaranótt 27. júní braust pilturinn inn í verslun og stal ýmsum tæknibúnaði að verðmæti rúmlega 340 þúsund krónur. Þá stal hann hjólbörðum á álfelgum af bifreið, samtals að verðmæti 200 þúsund krónur.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans í Reykjavík íhugaði embættið að óska eftir því að pilturinn yrði settur í síbrotagæslu vegna fjölda afbrota sem hann hafði verið valdur af í sumar, en ekkert varð úr því. Í lok júlí kveikti pilturinn í tveimur BMW-bifreiðum við bílasöluna Bíll.is og olli nokkurra milljóna króna tjóni. Hann viðurkenndi brot sitt eftir að hafa leitað aðstoðar á slysadeild Landspítalans í Fossvogi.

LÖGREGLAN AÐ STÖRFUM Lögreglumenn þurfa oftar en ekki að hafa ítrekuð afskipti af ungum síbrotamönnum sem eiga við fíkniefnavanda að stríða. Piltur sem beið þess að mál hans yrði tekið fyrir í héraðsdómi, braut meira en tuttugu sinnum af sér í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, segir engar óskir hafa borist til embættisins um síbrotagæslu. „Það bárust ekki óskir um að pilturinn yrði úrskurðaður í síbrotagæslu þrátt fyrir þessi afbrot. Það hefur verið metið svo innan lögreglunnar að brotin gæfu ekki tilefni til síbrotagæslu.“

> Það bárust ekki óskir um að pilturinn yrði úrskurðaður í síbrotagæslu.
>
> **HELGI I. JÓNSSON**
> DÓMSTJÓRI Í HÉRAÐSDÓMI REYKJAVÍKUR

Pilturinn, sem rauf skilorð með brotum sínum, má eiga von á því að fá tveggja til þriggja ára fangelsisdóm, verði hann fundinn sekur um brotin sem fram koma í ákæru, samkvæmt upplýsingum frá embætti Lögreglustjórans í Reykjavík.

Erlendur S. Baldursson afbrotafræðingur segir mál ungra síbrotmanna oft erfið viðureignar. „Oftast nær er búið að grípa til ýmissa úrræða áður en einstaklingurinn lendir út á glæpabrautina. Þetta er vandkvæðum bundið en mikilvægast er að grípa inn á fyrstu stigum.“

Félagar piltsins hafa einnig komið ítrekað við sögu lögreglu, aðallega vegna innbrota og minni háttar fíkniefnamála.

magnush@frettabladid.is

ÞÓRDÍS SIGURÐARDÓTTIR Formleg ákvörðun stjórnar liggur ekki fyrir.

Breyting á móðurfélagi 365:

Dagsbrún verði skipt í tvö félög

VIÐSKIPTI Áformað er að skipta Dagsbrún upp í tvö félög; Og Vodafone, sem er fjarskiptahluti félagsins, og 365 miðla, sem heldur utan um fjölmiðlarekstur og gefur meðal annars út Fréttablaðið. Þriðja stoð félagsins, sem er á sviði upplýsingatækni, mun fylgja fjarskiptastarfseminni, samkvæmt heimildum. Félögin tvö verði skráð í Kauphöll Íslands en Dagsbrún afskráð. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa miklar fjárfestingar og þungur rekstur gert stöðu Dagsbrúnar erfiða. Ráðgert sé að gefa út nýtt hlutafé til að styrkja eiginfjárstöðu félaganna og selja ákveðna hluta starfseminnar. Með skiptingu félagsins verði stefnan skýrari. - eþa

Endurbygging Líbanons:

Hafnarbanni aflétt í gær

LÍBANON Ísraelsmenn staðfestu í gær að hafnarbanni hefði verið aflétt af Líbanon og að strandlengja landsins væri í umsjá Sameinuðu þjóðanna.

Embættismaður Ísraelsmanna sagði að tafir hefðu orðið á afléttingu bannsins vegna þess að ekki hefði verið vitað hvaða þjóð það yrði sem tæki við gæsluhlutverkinu. Ákveðið hefur verið að Ítalir komi til með að sinna því, fyrst um sinn, en verkefnið felst í að framfylgja alþjóðlegu viðskiptabanni sem er á Hizbollah-samtökunum. Síðar meir taka þýskir sjóliðar alfarið við strandlengjunni. - kóþ

Guðjón Hjörleifsson:

Stefnir á annað til þriðja sæti

STJÓRNMÁL Guðjón Hjörleifsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi, gefur kost á sér í annað til þriðja sæti á lista flokksins við þingkosningarnar í vor.

GUÐJÓN HJÖRLEIFSSON

Guðjón skipaði þriðja sæti listans í síðustu kosningum.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hefur einn gefið kost á sér í fyrsta sæti sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi. Drífa Hjartardóttir sækist eftir öðru sætinu og Kjartan Ólafsson gefur kost á sér í eitt af efstu sætunum. - bþs

Héraðsdómur Reykjaness:

Sektaður fyrir líkamsárás

DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri var í gær dæmdur í þrjátíu daga fangelsi skilorðsbundið. Sakarefni voru líkamsárás, auk þess að hafa þrívegis verið með fíkniefni í fórum sínum.

Félagi mannsins var dæmdur til að greiða 40 þúsund króna sekt fyrir að hafa átt þátt í líkamsárásinni, þar sem tvímenningarnir kýldu mann í líkama og höfuð.

Héraðsdómur Reykjaness kvað upp dóminn sem gerði mönnunum að greiða málsvarnarlaun skipaðra verjenda sinna. - jss

SÚDAN

Giftist gamalli geit

Maður var neyddur til að giftast geit þegar að honum var komið með henni. Öldungar í þorpinu lögðust gegn afskiptum lögreglu, en þar sem hann hefði „notað geitina sem eiginkonu,“ bæri honum að greiða heimanmund og giftast henni.

Ástand mála í Afganistan líkist æ meir stöðunni í Írak:

Sjálfsmorðsprenging í Kabúl

KABÚL, AP Ökumaður keyrði að bílalest hermanna í íbúðarhverfi í Kabúl í gær og sprengdi sjálfan sig í loft upp með þeim afleiðingum að minnst sextán aðrir létu lífið og 29 særðust. Þetta er skæðasta sjálfsmorðsárás í Kabúl síðan talíbönum var komið frá völdum árið 2001. Hershöfðingi Breta í Afganistan sagði í gær að átökin í landinu væru orðin ofsafengnari en í Írak.

Sprengingin var svo öflug að tveggja metra víður gígur myndaðist þar sem Toyota-bifreið árásarmannsins stóð. Tætlur einkennisbúninga og brot úr bílum þeyttust upp í tré sem standa meðfram götunni og kviknaði í þeim. Sprengjubrot urðu gangandi vegfarendum að bana og sprengingin braut rúður húsa á stóru svæði í miðbænum. Hundrað metra hár reykstrókur stóð yfir árásarstaðnum.

SKÖMMU EFTIR SPRENGINGUNA Sprengingin var svo öflug að tveggja metra víður gígur myndaðist í götunni. Minnst sautján létu lífið og þrjátíu særðust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjórar aðrar sprengjur fundust í gær við skólabyggingu í Kabúl, en þær voru aftengdar og gerðar óskaðlegar.

Í ljósi ótryggs ástands í Afganistan voru aðildarþjóðir NATO hvattar til að senda fleiri hermenn til landsins á NATO-fundi í Varsjá í gær og er stefnt á að senda þangað 2.000-2.500 menn til viðbótar.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu hefur verið hringt í alla Íslendingana sem eru við friðargæslustörf í Kabúl og eru þeir heilir á húfi. - kóþ

Dagblað í Úganda:

Birtir skírnarnöfn homma

ÚGANDA Dagblað í Úganda er byrjað að birta lista með skírnarnöfnum og starfsheitum meintra homma í landinu. Samkynhneigð er bönnuð með lögum í Úganda og Mannréttindavaktin í New York óttast að stjórnvöld sjái sér leik á borði með áframhaldandi birtingu nafna og hrindi herferð gegn hommum í framkvæmd. Nú þegar hafa nöfn 45 manna verið birt.

Einn ritstjóra dagblaðsins Red Pepper segir að framandleiki samkynhneigðar og áhugi fólks á henni réttlæti birtingu nafnanna. Blaðið hafi áður birt nöfn nokkurra sem grunaðir voru um framhjáhald. Til skoðunar er að birta einnig nöfn lesbískra kvenna. - kóþ

Húsasmiðju-
útsalan
...um land allt

30%
afsláttur
af allri annarri viðarvörn og útimálningu

999
~~2.190~~

Pallaolía
Jotun Treolje, 3 ltr., pensill fylgir ekki
7049123/33/37

49.900

Uppþvottavél
Haier, 12 manna
1805345

Öll ljós
30%
afsláttur

299
~~799~~

Hamar
16 oz
5003069

399
~~1.395~~

Malar-skófla
5082502

50%
afsláttur
af völdum skjólgirðingum

19.900

Verkfæraskýli, ósamsett
604250

Útsala ársins !!!
öll útsöluvara á að seljast

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ 8.9. 2006

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	71,34	71,68
Sterlingspund	133,5	134,14
Evra	90,67	91,17
Dönsk króna	12,15	12,222
Norsk króna	11,016	11,08
Sænsk króna	9,728	9,728
Japanskt jen	0,6122	0,6122
SDR	105,54	106,16

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 125,2255

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Auknar áhyggjur af velferð Palestínumanna, sem hafa búið við hernám í 37 ár:

Gaza-svæðið minnir helst á fangelsi

PALESTÍNA Hernaðaraðgerðir Ísraelsmanna á Gaza-svæðinu valda þjáningu og angist íbúa þar, fremur en að skapa vilja til sátta og samninga. Alþjóðlegar refsiaðgerðir einangra Palestínumenn og eru að ganga af efnahag svæðisins dauðum, að mati Karen Abuzayd, eins yfirmanna neyðaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna. Abuzayd óttast einnig að flestar stoðir samfélagsins séu við það að bresta og segir brýna þörf fyrir alþjóðlegt gæslulið til verndar Palestínumönnum. Í viðtali við BBC-fréttastofuna reifar Abuzayd ástand mála í Palestínu og minnist á innilokunarkennd fólks sem hefur búið við hernám í 37 ár.

Í grein breska blaðsins Independent, sem birtist í vikunni, er Gaza-svæðinu líkt við fangelsi. Fréttaritari blaðsins segir íbúana við hungurmörk og að verið sé að eyðileggja gjörvallt samfélagið með árásum Ísraelsmanna. Síðan árásirnar hófust seint í júnímánuði, hafa 262 látið lífið, þar af 64 börn og 26 konur. 1.200 hafa særst og um sextíu misst útlimi. Lyf á sjúkrahúsinu eru af skornum skammti, en þriðjungur sjúklinga er á barnsaldri. Síðustu 74 daga hafa verið gerðar 250 loftárásir á svæðinu.

Í vikunni hafa staðið yfir víðtæk verkföll á Gaza-svæðinu vegna þess að 165 þúsund opinberir starfsmenn hafa ekki fengið laun greidd í hálft ár. Forsætisráðherra heimastjórnarinnar lýsti því yfir í gær að ekki stæði til að Hamas-samtökin létu völdin af hendi. - kóþ

RÁÐIST Á ÞINGHÚSIÐ Víðtæk verkföll hafa staðið yfir á Gaza-svæðinu vegna þess að 165 þúsund opinberir starfsmenn hafa ekki fengið launin sín greidd.

Vildi ekki opinbera ágreining hjá Strætó

Björk Vilhelmsdóttir leyndi ágreiningi sem uppi var innan stjórnar Strætó bs. um reksturinn. Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir segir til athugunar að breyta fyrirtækinu. Þær eru sammála um að hlutur Reykjavíkur í stjórn Strætó sé of lítill.

STJÓRNMÁL „Það voru mistök að gera ekki opinberan ágreining í stjórn Strætó um hvort veita ætti meiri peningum í fyrirtækið. Ég leyndi hins vegar engum upplýsingum um fjárhagsstöðu þess."

Þetta segir Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, sem veitti stjórn Strætó bs. formennsku á síðasta kjörtímabili.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins saka Björk um að leyna upplýsingum um fjárhagsstöðu Strætó en því vísar Björk á bug. „Málin voru rædd í stjórninni og meðal framkvæmdastjóra sveitarfélaganna sem standa að Strætó. Þá var ársreikningurinn lagður fyrir borgarráð 28. október 2005 og ég ræddi opinskátt um rekstrarvandann á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Sá fundur var opinn öllum kjörnum fulltrúum og ég held að Sjálfstæðismenn hefðu átt að fylgjast betur með," segir Björk.

Unnið er að stjórnsýsluúttekt á Strætó og býst Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og stjórnarmaður í Strætó, við að niðurstöður hennar liggi fyrir í byrjun næsta mánaðar. Í kjölfarið verði teknar ákvarðanir um framtíðina. „Ég býst fastlega við að það verði gerðar breytingar." Hún telur þó ólíklegt að það verði leyst upp í Strætisvagna Reykjavíkur og Almenningsvagna en fyrirtækin tvö runnu saman í Strætó bs. fyrir nokkrum árum.

Strætó bs. er sameign sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Reykjavík á 64 prósent fyrirtækisins og greiðir sjötíu prósent af opinberum framlögum til þess en á einn mann í stjórn. Það fyrirkomulag gagnrýna bæði Björk og Þorbjörg Helga.

Björk segir meirihluta borgarstjórnar á síðasta kjörtímabili hafa verið reiðubúinn að leggja meiri peninga til reksturs Strætó en ekki hafi náðst samkomulag um þá ráðstöfun í stjórn fyrirtækisins. „Málið var til umfjöllunar í stjórninni og hjá framkvæmdastjórum sveitarfélaganna en það kom aldrei til þess að borgarráð þyrfti að taka ákvörðun. Þess vegna var ekkert til að leggja fram þar og ekki heldur í borgarstjórn."

Björk segir það hafa verið sitt mat að það þjónaði ekki hagsmunum Strætó að opinbera ágreining í stjórn fyrirtækisins um leið og nýtt leiðarkerfi þess var tekið í notkun.

bjorn@frettabladid.is

STRÆTÓ Í STARTHOLUNUM Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins saka Björk Vilhelmsdóttur um að leyna upplýsingum um bága fjárhagsstöðu Strætó. Björk neitar ásökunum og kveðst ekki hafa viljað skapa neikvæða umræðu þegar nýtt leiðakerfi var kynnt.

BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

Valgerður Sverrisdóttir:

Staðfestir ekki flugvélaeftirlit

LOFTHELGI Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra vill ekki staðfesta hvort eftirlit sé haft með ómerktum flugvélum í íslenskri lofthelgi þrátt fyrir fréttir um að Bandaríkjaher hafi hætt eftirlitinu fyrir nokkrum vikum. Geir H. Harde forsætisráðherra vill heldur ekki tjá sig um málið. Þetta kom fram í fréttum NFS í gær.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Ekkert eftirlit er hér á landi með merkjum sem berast frá fjórum ratsjárstöðvum á Íslandi. Kerfið var sett upp til að verjast ómerktum flugvélum sem reyna að laumast inn í lofthelgina. - sþs

VENESÚELA

52 milljónir ljósapera

Forseti Venesúela ætlar að fara að fordæmi Fídels Kastró og gefa þegnum sínum vistvænar ljósaperur til að stuðla að umhverfisvænum orkusparnaði. Forsetinn segir gjöfina fyrsta skrefið í „orkubyltingu" landsins.

BANDARÍKIN

Saddam og al-Kaída ótengd

Í nýrri skýrslu CIA til bandarískra þingsins segir að engin tengsl hafi verið milli al-Kaída og Saddams Hussein. Þetta er áfall fyrir forsetann, sem hélt öðru fram, segja þingmenn demókrata.

LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær misritaðist að sex mánaða bið væri eftir þjónustu talmeinafræðings á Heyrnar- og talmeinastöð. Hið rétta er að biðtíminn er aðeins nokkrar vikur.

Afnotagjald Ríkisútvarpsins:

Hækkað um átta prósent

STJÓRNMÁL Afnotagjald Ríkisútvarpsins hækkar um átta prósent um næstu mánaðamót. Ríkisstjórnin samþykkti tillögu menntamálaráðherra þess efnis á fundi sínum í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins æsktu stjórnendur RÚV átján prósenta hækkunar.

Almennt afnotagjald nemur, eftir hækkunina, 2.921 krónu á mánuði en aldraðir og öryrkjar fá tuttugu prósenta afslátt.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins hækkuðu síðast vorið 2004. - bþs

Mótvægi við teikningafárið:

Helfararmyndir í dönsku blaði

DANMÖRK Nokkrar skopmyndanna af helför gyðinga, sem gerðar voru eftir að ráðamenn í Íran efndu til samkeppni um þær, hafa verið birtar í danska blaðinu Information. Myndirnar líkja bágbornum aðstæðum Palestínumanna við helförina og áttu að vera mótvægi við teikningarnar af Múhameð spámanni, en um fimmtíu manns létu lífið vegna fársins sem þær vöktu víða um heim.

Í viðtali við BBC segir ritstjóri Information að myndirnar séu „smekklausar" en birting þeirra sé ekki fjölmiðlabrella; þær séu birtar að vel ígrunduðu ráði. - kóþ

VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SKÚRAVEÐUR UM HELGINA

Þessa helgina mega menn eiga von á skúraveðri víða um land og því miður mun vindur fylgja úrkomunni. Vonarglætan er sú að allt lítur út fyrir að sunnudagurinn verði bjartari og jafnvel séns á að komast í ber. Meðan ekki frystir að næturlagi eru berin neysluhæf og um að gera að nýta sér það sem jörðin gefur af sér. Svo eru þau svo góð með skyri og rjóma!

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Suðvestan 5-8 m/s. Skúrir. Hiti 5-8 stig.

um hádegi »



» á morgun



5-13 m/s hvassast norðvestan til.

» mánudagur



5-10 m/s

um hádegi »

Kaupmannahöfn	21°C	alskýjað	London	22°C	hálfskýjað	Alicante	28°C hálfskýjað
Óðinsvé	20°C	hálfskýjað	París	24°C	hálfskýjað	Mallorca	28°C léttskýjað
Ósló	22°C	hálfskýjað	Frankfurt	22°C	heiðskírt	Algarve	31°C hálfskýjað
Stokkhólmur	17°C	hálfskýjað	Friedrichshafen	25°C	hálfskýjað	Krít	28°C hálfskýjað
Gautaborg	18°C	hálfskýjað	Berlín	19°C	hálfskýjað	Las Palmas	31°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. september 2006.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Horfðir þú á landsleik Íslendinga og Dana?

Já	41%
Nei	59%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Tekur þú þátt í söfnun Rauða krossins, Göngum til góðs?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Rannsókn lögreglu á tilraunum til kortasjálfsalasvindls:

Leita stolinna upplýsinga

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík rannsakar nú hvort og þá hvaða upplýsingar njósnabúnaður sem fannst á kortasjálfsala við bensínstöð á höfuðborgarsvæðinu hefur að geyma. Tilkynnt var um búnaðinn til lögreglu í lok síðasta mánaðar, sem tók málið þegar til rannsóknar.

Tilgangur þeirra sem komu njósnabúnaðinum fyrir á sjálfsalanum var að láta hann lesa upplýsingar af segulrönd greiðslukorts, þar með talið svonefnt pin-númer. Að sögn Harðar Jóhannessonar yfirlögregluþjóns í Reykjavík er þetta í fyrsta sinn sem slíkt mál kemur upp hér á landi. Upp um búnaðinn komst þar sem sjálfsalinn hafði ekki virkað sem skyldi. Talið er að njósnatækið hafi ekki verið búið að vera lengi á honum þegar það uppgötvaðist, en því hafði verið komið fyrir þar sem greiðslukortinu er stungið í rauf sjálfsalans.

Fyrr á árinu gerði lögreglan austur á fjörðum fjögur njósnatæki upptæk, en þau var hægt að setja á hraðbanka og stela þannig upplýsingum af kortum. Að sögn Óskars Bjartmarz yfirlögregluþjóns vildi maðurinn sem tækin fundust hjá ekki gangast við að eiga þau, þannig að það mál gekk ekki lengra. -jss

HRAÐBANKI Fyrr á árinu gerði lögreglan á Seyðisfirði upptækan búnað sem hægt var að nota til að stela upplýsingum af kortum sem notuð voru í hraðbönkum.

Tekinn með tvö kíló:

Kókaínmaður laus úr gæslu

LÖGREGLUMÁL Maður sem grunaður er um að hafa reynt að smygla inn tveimur kílóum af kókaíni í félagið við fjóra aðra losnaði úr gæsluvarðhaldi í gær. Áður hafði 18 ára stúlka, sem kókaínið fannst á, verið leyst úr haldi.

Það var 9. ágúst sem par var handtekið í Leifsstöð. Á stúlkunni fundust um tvö kíló af kókaíni. Þrennt, tveir menn og ein stúlka, voru svo handtekin í kjölfarið. Þrjú þeirra sitja enn í gæsluvarðhaldi fram yfir mánaðarmót. Samtals eru 11 í gæsluvarðhaldi nú, tveir fyrir ofbeldisverk en níu vegna fíkniefnabrota. - jss

SADDAM HUSSEIN Bandarísk stjórnvöld staðfesta loks að hann vildi ekkert með Al Kaída hafa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öldungadeild Bandaríkjanna:

Tengdist ekki al-Kaída

WASHINGTON, AP Öldungadeild Bandaríkjanna birti í gær skýrslu frá leyniþjónustunni CIA þar sem staðfest er að ríkisstjórn Saddams Hussein hafði engin tengsl við hryðjuverkasamtökin al-Kaída, þvert ofan í það sem bandarísk stjórnvöld héldu fram þegar þau færðu rök fyrir nauðsyn þess að fara í stríð gegn Írak. Í skýrslunni er einnig staðfest að Saddam Hussein hafði ekki yfir neinum gjöreyðingarvopnum að ráða, né heldur getu til að framleiða slík vopn.

Repúblikanar sögðu fátt nýtt í skýrslunni. Demókratar væru eingöngu að afla sér atkvæða með því að tala um hana núna, þegar styttist í kosningar. - gb

Félag um verndun hálendis:

Segja yfirvöld sýna óvirðingu

VIRKJUN Stjórn Félags um verndun hálendis Austurlands harmar þá óvirðingu sem yfirvöld orku- og iðnaðarmála, ásamt nú- og fyrrverandi forsætisráðherra hafa sýnt þingi og þjóð. Það hafi þau gert með því að láta eins og meðferðin á skýrslu Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings hafi verið eðlileg og mönnum sæmandi. Þetta kemur fram í ályktun frá félaginu.

Stjórn félagsins biður stjórnvöld þessa lands og Landsvirkjun að láta af þeim hroka og valdníðslu sem hingað til hafi einkennt meðferð þeirra á málefnum sem snerta Kárahnjúkavirkjun. - sþs

Viðræður um varnarmál:

Næsti fundur 14. september

VARNARMÁL Viðræðum Íslands og Bandaríkjanna um varnarmál verður haldið áfram þann 14. september næstkomandi í Washington. Þetta kemur fram í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu. Viðræðurnar áttu að halda áfram um síðustu mánaðamót en var frestað.

Albert Jónsson sendiherra fer fyrir íslensku samninganefndinni. Ekki er ljóst hvort þetta verður síðasti fundur nefndanna en forsætisráðherra hefur lýst því yfir að hann vilji ljúka viðræðunum fyrir næstu mánaðamót. - sþs

Spítalinn fær lyf þrátt fyrir skuldir

Forstjóri Landspítalans segir samskipti við birgja góð þrátt fyrir að spítalinn geti ekki staðið í skilum. Spítalanum hefur aldrei verið neitað um afgreiðslu lyfja. Birgjar staðfesta skuldir upp á tugi milljóna.

HEILBRIGÐISMÁL Skammtímaskuldir Landspítalans nema 1.889 milljónum króna og hafa aukist sem nemur 351 milljón króna frá áramótum. Í stjórnunarupplýsingum spítalans janúar-júní 2006 segir: „Greiðslustaða spítalans er því erfið og leiðir það af sér dráttarvaxtakröfur á hendur LSH ásamt því að öll samskipti við birgja spítalans verða þyngri.“ Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, segir að þarna sé ekki átt við að óvild sé á milli spítalans og birgja, þvert á móti segir hann sambandið gott.

„Það sem þarna er verið að segja er að ef spítalinn er í þeirri fjárhagsstöðu að hann á erfitt með að standa í skilum þá er eðlilegt að viðskiptasamskiptin verða þyngri,“ segir Magnús og minnir á að spítalinn eigi viðskipti við mikinn fjölda birgja í landinu. „Viðskiptin við suma þeirra hlaupa ekki á hundruðum heldur þúsundum milljóna. Það er skiljanlegt af þeirra hálfu, þegar dráttur verður á greiðslum, að þá þyngist viðskipti og samskipti.“

Aðspurður hvort sú staða hafi komið upp að spítalinn fái ekki afgreidd lyf eða rekstrarvörur vegna greiðslustöðu hjá einstökum birgjum svarar Magnús neitandi. „Birgjarnir sýna því mjög mikinn skilning að veita spítalanum þjónustu, vegna eðlis málsins. Og oft er kannski gengið langt á þeirra velvilja og krít, en ég hef aldrei heyrt um það að birgjar hafi neitað að afgreiða vörur þótt spítalinn sé í skuld við þá.“

FRÁ LANDSPÍTALANUM Þrátt fyrir erfiða greiðslustöðu hefur aldrei komið til þess að spítalinn sé ekki afgreiddur með lyf og rekstrarvörur. Samskipti spítalans við birgja eru að sögn stjórnenda góð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

MAGNÚS PÉTURSSON, FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

Anna Lilja Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri upplýsinga og fjárreiðna, segir að í raun sé bara um tvennt að velja. „Við höfum bara tvo liði og það er annað hvort launin eða greiðslur til birgja. Það hefur ekki verið gert að draga launagreiðslur heldur haft samband við birgja og gert grein fyrir hvenær verður greitt.“

Fréttablaðið hafði samband við nokkra af stærstu birgjum Landspítalans og fékk staðfest að skuldir spítalans séu töluverðar og skipti jafnvel tugum milljóna hjá einstaka fyrirtækjum. Það sjónarmið kom fram að það skjóti skökku við að heilbrigðisyfirvöld íhugi að setja á fót lyfjaheildverslun og hvetji lyfjafyrirtæki til að standa sig betur á markaði á sama tíma og ríkið safni skuldum. Einnig að erfitt sé að skilja af hverju ríkið borgi dráttarvexti af hundruð milljóna króna skuldum Landspítalans á meðan ríkissjóður skilar milljarða króna afgangi ár eftir ár. svavar@frettabladid.is

Innanríkisráðherra Frakklands:

Tyrkir fái ekki aðild að ESB

PARÍS, AP Nicolas Sarkozy, innanríkisráðherra Frakklands, sem gæti orðið forseti Frakklands innan skamms, kynnti í gær hugmyndir sínar um róttækar breytingar á Evrópusambandinu.

NICOLAS SARKOZY

Hann tók jafnframt fram að hann teldi alls ekki rétt að Tyrkland fengi inngöngu í sambandið. „Við verðum að ákveða hverjir eru Evrópubúar og hverjir ekki,“ sagði hann í ræðu í Brussel í gær.

Hann vill að samþykkt verði þriggja ára áætlun um „smáan sáttmála“ sem kæmi í staðinn fyrir fyrirhugaða stjórnarskrá, sem felld var í kosningum bæði í Frakklandi og Hollandi á síðasta ári. - gb

Skálmöldin í Írak:

Pyntingarklefar nálægt Bagdad

WASHINGTON, AP Thomas Turner, nærstráðandi hersveita Bandaríkjamanna í Írak, upplýsti í gær að nokkrir pyntingarklefar hefðu fundist norðaustur af Bagdad. Klefarnir eru um 3,6 fermetrar hver og í þeim fundust hlekkir, sem festir voru við veggina, barefli og annað sem bendir til pyntinga.

Turner nefndi klefana til að sýna dæmi um að ofbeldið milli súnnía og sjía hefði breiðst út fyrir Bagdad, en í héraðinu sem þeir fundust í búa súnníar, sjíar og kúrdar. - kóþ

Forstjóri Fangelsismálastofnunar segir brýnt að framkvæmdir við fangelsi hefjist:

Alþingi þarf að taka ákvörðun

FANGELSI Valtýr Sigurðsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir afar brýnt að framkvæmdir vegna úrbóta á fangelsunum við Akureyri og Kvíabryggju hefjist á ný sem fyrst. Hann segir að hætt hafi verið við framkvæmdirnar þegar ríkisstjórnin ákvað í maí að stöðva opinberar framkvæmdir. Þeirri ákvörðun hafi enn ekki verið breytt.

VALTÝR SIGURÐSSON

Við höfum lagt mikla áherslu á að það verði ráðist í úrbætur á Kvíabryggju enda eru þær tiltölulega ódýrar og bæta við sex til átta fangaplássum. Alþingi þarf að taka ákvörðun um það hvaða framkvæmdum á að hleypa áfram,“ segir hann. „Á seinasta þingi var búið að veita fjárlögum til Kvíabryggju og Akureyrar. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur tekið undir það að þessi ferill eigi að halda áfram.“

LITLA-HRAUN Hönnunar- og teiknivinna við nýtt fangelsi á Hólmsheiði og Litla-Hraun mun halda áfram þó ekki megi byrja að byggja. Forstjóri Fangelsismálastofnunar vonast til þess að Alþingi flauti sem fyrst til leiks svo framkvæmdir geti hafist á ný.

Valtýr segir að hönnunar- og teiknivinna við nýja fangelsið á Hólmsheiði og Litla-Hraun muni halda áfram þrátt fyrir að framkvæmdir geti ekki hafist fyrr en ríkisstjórnin gefur leyfi. „Við viljum að allt verði tilbúið þegar flautan gellur. Við vonum að það verði sem fyrst.“ - sþs

GEIMFERÐIR

Reyna skot í dag

Bandaríska geimferðastofnunin, NASA, hefur enn á ný frestað geimskoti geimferjunnar Atlantis. Áætlað var að skjóta henni á loft í gær. Ástæðan kvað vera bilun í eldsneytisnemum ferjunnar. Reynt verður að skjóta Atlantis á loft í dag.

VERKALÝÐSMÁL

Nýtt félag gengur í ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambandsins hefur samþykkt inngöngu sameinaðs félags járniðnaðarmanna og vélstjóra. Ekki hefur verið ákveðið hvað hið sameinaða félag á að heita. Það verður ákveðið á fundi í október.

ÞÝSKALAND

Enn finnast sprengjur

12.000 manns þurftu að yfirgefa heimili sín og vinnustaði í Berlín á fimmtudaginn meðan sprengusérfræðingar aftengdu sprengju úr seinni heimsstyrjöldinni. Sprengjan vó 250 kíló og reyndist gerð í Bandaríkjunum.

HAUSTDAGAR

BORÐ + 4 STÓLAR
24.900,-

„PROMO" BORÐSTOFUBORÐ + 4 STÓLAR
Nýkomið þetta glæsilega borðstofusett. Lakkað viðarborð og stólar í stíl með sessu úr microfíberáklæði sem auðvelt er að þrífa. Litur kaffibrúnn. Ótrúlegt verð á frábæru borðstofusetti!
Borð **12.900,-** Stóll **4.990,-**

3.990,-

18 LTR. STÁLPOTTUR
Góður 18 lítra stálpottur. Vandaður og góður pottur með 3ja laga botni. Má fara í uppþvottavél.

14.900,-

SAUMAVÉL
Kraftmikil og góð Husqvarna saumavél. Hægt að velja milli 19 mismunandi sauma. Margir fylgihlutir ásamt pedala. Gerðu góð kaup!

1.290,-

„TOP ROLLER" PLASTKASSI
Góður plastkassi á hjólum. St. 60x40x35 sm.

VERÐ ÁÐUR 3.990,-
2.990,-

„SENSUS" HEILSUKODDI
Frábær heilsukoddi sem tryggir rétta stöðu hálsins og axlanna. Þyngd 700 gr. Stærð á kodda er 45 x 32 sm. Þolir þvott við 40°C.

ALLT SETTIÐ 16 STK.
2.990,-

„NIKKO" MATARSTELL
Vorum að fá þetta glæsilega matarstell. 16 hlutir saman í kassa. Stellið fæst í beige eða svörtum lit. Má þvo í uppþvottavél.

„RIKARD" BASTKÖRFUR
Smekklegar bastkörfur með handfangi. 3 stærðir fáanlegar.
Lítil **399,-**
Miðstærð **690,-**
Stór **990,-**

VERÐ FRÁ:
399,-

SKINNLÍKISPÚÐAVER - TVÆR STÆRÐIR
Einlit, mjög smekkleg skinnlíkispúðaver í tveimur stærðum og 3 litum. Stærðir á púðum 50 x 50 sm og 80 x 80 sm.

50 X 50 SM
499,-
80 X 80 SM
690,-

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

VERÐ ÁÐUR 19.900,-
16.900,-

„ANDROMEDA" SÆNG
Lúxus gæðadúnssæng fyllt með 600 gr. af kanadískum gæsadún. Sérlega vandað og mjúkt utanyfirver, meðhöndlað með Aloe Vera jurtinni sem gerir þessa sæng að algjörri draumasæng! Stærð 135 x 200 sm.

VEISTU SVARIÐ?

1 *Forsætisráðherra hvaða lands tilkynnti í fyrradag að hann myndi hætta innan árs?*

2 *Hvað heitir eina íslenska tölvuleikjafyrirtækið?*

3 *Hver sækist eftir fyrsta sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Hreyfing komin á framboðsmál Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi:

Þorgerður stefnir á efsta sætið

STJÓRNMÁL „Ég ætla að sækjast eftir fyrsta sætinu," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi og varaformaður flokksins. Þorgerður skipaði fjórða sæti listans við kosningarnar 2003 en setur nú stefnuna á fyrsta sætið. Árni M. Mathiesen skipaði það sæti í síðustu kosningum en hann hefur afráðið að færa sig í Suðurkjördæmi.

Gunnar I. Birgisson var í öðru sæti í síðustu kosningum, Sigríður Anna Þórðardóttir í þriðja og Bjarni Benediktsson í fimmta sætinu. Gunnar hvarf af þingi þegar hann varð bæjarstjóri í Kópavogi og tók Sigurrós Þorgrímsdóttir sæti hans. Sigurrós sagðist í samtali við Fréttablaðið búast við að stefna á áframhaldandi þingmennsku. „Ég stefni að því að fara fram," sagði hún en hefur ekki ákveðið eftir hvaða sæti hún muni falast.

Sigríður Anna Þórðardóttir sagðist enn vera að hugsa málið. „Það hefur ekkert annað komið til greina en að ég haldi áfram," sagði hún og tók fram að enn væri nægur tími til stefnu til að ákveða sig.

Bjarni Benediktsson lýsti í Fréttablaðinu í gær yfir áhuga á að sækjast eftir aukinni ábyrgð í stjórnmálum þó hann hafi ekki tekið endanlega ákvörðun um framboð. - bþs

ÞORGERÐUR KATRÍN

SIGURRÓS

SIGRÍÐUR ANNA

Hörð barátta við skæruliða:

Liðsauka vantar í Afganistan

AFGANISTAN Yfirmenn innan Atlantshafsbandalagsins hafa hvatt aðildarríki til að útvega liðsauka í baráttunni gegn skæruliðum talíbana í suðurhluta Afganistans að því er kemur fram á vefsíðu BBC.

Framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, Jaap de Hoop Scheffer, gagnrýnir sum aðildarríki fyrir aðgerðaleysi.

Æðsti yfirmaður herafla bandalagsins, Gen James Jones, segir að styrkur andstöðunnar komi þeim nokkuð á óvart. En hann hefur trú á því að þeim muni takast að ná stjórn á ástandinu bráðlega. - sdg

Alnæmissamtökin:

Ungt fólk of kærulaust

ALNÆMI Flestir nýsmitaðra alnæmissjúklinga á Norðurlöndunum eru ungir karlmenn, hommar eða tvíkynhneigðir. Ingi Rafn Hauksson, formaður alnæmissamtakanna, segir áberandi kæruleysi hérlendis hjá ungu fólki. Hann hefur áhyggjur af því að Ísland rati sömu leið ef ekkert verður að gert. Þetta kom fram í sjónvarpsfréttum NFS í gær.

INGI RAFN HAUKSSON

Ingi segir að í kynningarstarfi í skólum landsins fari ekki á milli mála að þekkingu ungs fólks á sjúkdómnum og afleiðingum hans sé verulega ábótavant. - sþs

Háskólinn í Reykjavík flytur í gamla Morgunblaðshúsið:

Fjöldinn hefur nær tífaldast frá stofnun

HÚSNÆÐI Húsnæði Háskólans í Reykjavík stækkaði um 6.000 fermetra í gær þegar skólinn tók í notkun Kringluna 1. Þar hafði Morgunblaðið aðsetur áður en það flutti upp í Hádegismóa.

Húsnæðið fékk háskólinn afhent í sumar og segir Guðfinna Bjarnadóttir rektor að búið sé að gera fyrstu og aðra hæð hússins tilbúnar.

Rektor fagnar þessum breytingum og nefnir sem dæmi um hinn mikla vöxt sem hefur verið í skólanum frá því hann var stofnaður árið 1998 að þá hafi þrjú hundruð nemendur verið við nám. Í haust hafi 1800 manns sótt um að komast að við skólann eða tvisvar sinnum meiri fjöldi en skólinn hefur tök á að taka á móti.

NÝTT HÚSNÆÐI Guðfinna Bjarnadóttir rektor tók á móti nemendum og starfsfólki í Kringlunni 1 í gær.

Eftir þrjú ár er þó áætlað að Háskólinn flytji í Vatnsmýrina. - kdk

Ísland situr í níunda sæti

Ísland hækkar sig á lista yfir efnahagslegt frelsi þjóða samkvæmt nýrri skýrslu. Eignaréttur og frjáls viðskipti grunnatriði, segir framkvæmdastjóri RSE.

EFNAHAGSMÁL Ísland er í níunda sæti á lista yfir efnahagslegt frelsi þjóða samkvæmt nýrri skýrslu sem mælir að hvaða marki stefnumið og stofnanir ríkja styðja efnahagslegt frelsi.

Ísland, sem var í 13. sæti listans í fyrra, fær nú einkunnina 7,9 af 10 mögulegum og hækkar úr 7,7 frá síðasta ári. Að sögn Birgis Tjörva Pétursson, framkvæmdastjóra RSE, eru grunnatriði efnahagslegs frelsis eignarréttur og frjáls viðskipti með hann. „Hér hefur verið gengið langt í að auka frjálsræði í samfélaginu sem er að skila sér. En það þarf að skoða skýrsluna út frá því hvað við getum bætt. Til dæmis með afnámi viðskiptahindrana, tolla og vörugjalda í landbúnaði. Sama á við um afnám hindrana á fjárfestingum útlendinga í íslensku samfélagi, í sjávarútvegi og hvar þar sem slíkar hindranir eru fyrir hendi."

BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON

Hong Kong heldur efsta sæti listans með 8,7 í einkunn, Singapúr er í öðru sæti með 8,5 og Nýja-Sjáland, Sviss og Bandaríkin deila þriðja til fimmta sæti með 8,2.

Skýrslan er birt á vegum Samstarfsnets um efnahagslegt frelsi, sem í eru óháðar rannsóknar- og fræðslustofnanir í meira en sjötíu ríkjum. Þar á meðal er Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál, RSE, sem gefur skýrsluna út á Íslandi. Upplýsingar um 130 þjóðir fyrir árið 2004 voru bornar saman en það eru nýjustu tiltæku upplýsingar af þeirri gerð sem notast er við.

Einkunnir ríkja eru reiknaðar út frá fimm lykilþáttum vísitölunnar um efnahagslegt frelsi sem eru umsvif hins opinbera, lagalegir innviðir og vernd eignarréttar, aðgangur að traustum gjaldmiðli, alþjóðaviðskipti og reglusetning. Einkunn Íslands hækkar út frá umsvifum hins opinbera og reglusetningu en lækkar lítillega í hinum þremur flokkunum.

Í skýrslunni kemur fram að Íslendingar eru meðal þeirra þjóða þar sem mest hefur áunnist í innleiðingu efnahagslegs frelsis síðan 1985. Flestar þær þjóðir sem lægsta einkunn hafa eru frá Afríku, Suður- og Mið-Ameríku og fyrrum kommúnistaríkjum.

Í niðurstöðum skýrslunnar er sagt að efnahagslegt frelsi sé mun áhrifaríkara en ríkisstyrkt þróunaraðstoð við að hjálpa fátækum þjóðum að flýja fátæktina. Segir einn höfunda skýrslunnar að krafan um þróunaraðstoð sé venjulega gerð í fjarveru allra raunverulegra sönnunargagna um að hún sé til hagsbóta fyrir þær þjóðir sem taka á móti henni og án þess að spurt sé hvort aðrar betri leiðir séu færar til að draga úr fátækt, sem alþjóðasamfélagið gæti stutt.

sdg@frettabladid.is

Efnahagslegt frelsi þjóða
efstu tíu sæti á lista

1. sæti	Hong Kong	8,7
2. sæti	Singapúr	8,5
3.-5. sæti	Nýja-Sjáland	8,2
3.-5. sæti	Sviss	8,2
3.-5. sæti	Bandaríkin	8,2
6.-7. sæti	Bretland	8,1
6.-7. sæti	Írland	8,1
8. sæti	Kanada	8,0
9.-10. sæti	**ÍSLAND**	**7,9**
9.-10. sæti	Lúxemborg	7,9

Einkunn gefin á skalanum 0-10.

FRELSISSTYTTAN Á LIBERTY ISLAND. Bandaríkin eru í 3.-5. sæti á lista yfir ríki sem búa við mesta efnahagslegt frelsi. Ísland færist ofar á listann samhliða því að hagsæld eykst.

Sparnaðarreikningar

ARGUS / 06-0472

150.000 KR. GJAFABRÉF

Enn frekari ávinningur stendur einum nýjum reikningseiganda til boða:
Ferðavinningur frá Heimsferðum, gjafabréf að andvirði 150.000 kr.

10% vaxtaauki!

Þeir sem stofna sparnaðarreikningana **SPRON Vaxtabót** eða **SPRON Viðbót** á Netinu **fyrir 24. september nk.** fá 10% vaxtaauka á áunna vexti um áramótin.

SPRON Vaxtabót
– allt að 13% vextir* + vaxtaauki

Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu sem ber háa, stighækkandi vexti eftir upphæð – auk þess stighækkandi vaxtaálag eftir lengd sparnaðartímabils. Alltaf laus.

SPRON Viðbót
– allt að 4,8% vextir* + vaxtaauki

Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu, bundinn til 36 mánaða. Háir, verðtryggðir grunnvextir og vaxtaálag að binditíma loknum.

Nýttu þér þetta **TILBOÐ** og stofnaðu reikning á spron.is

Upplýsingar um innlánsreikninga SPRON
fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 1. september 2006

spron

FYRIRSÆTA SKARTAR DEMANTAKÓRÓNU Nú stendur yfir sýning gullsmiða og skartgripahönnuða í Moskvu. Fyrir hvaða markhóp ætli þessi demantsprýdda gullkóróna hafi verið gerð? NORDICPHOTOS/AFP

Fyrirlestraröðin „Stefnumót við leiðtoga“ heldur áfram:

Steve Forbes til landsins

HEIMSÓKN Athafnamaðurinn Steve Forbes er væntanlegur til landsins. Forbes, sem er aðaleigandi, forstjóri og ritstjóri viðskiptatímaritsins Forbes, mun halda fyrirlestur þann 6. febrúar næstkomandi. Einar Bárðarson, umboðsmaður og tónleikahaldari, stendur fyrir komu hans til landsins.

Fyrirlesturinn er liður í fyrirlestraröðinni „Stefnumót við leiðtoga“. Meðal annarra fyrirlesara í þeirri röð er Mikhail Gorbachev sem mun tala í Háskólabíói þann 12. október.

Steve Forbes er forstjóri og stjórnarformaður útgáfurisans Forbes Inc. en það gefur út eitt útbreiddasta viðskiptatímarit í heimi, Forbes. Samanlagt selst það að jafnaði í níu hundruð þúsund eintökum í Bandaríkjunum og nær til um fimm milljóna lesenda á heimsvísu á átta tungumálum.

Forbes sóttist eftir útnefningu Repúblikanaflokksins til forsetaframboðs árin 1996 og 2000 án árangurs. Í fyrra skiptið tapaði hann fyrir Bob Dole en í það seinna fyrir George W. Bush, núverandi Bandaríkjaforseta. Forbes hefur einnig verið einn helsti ráðgjafi bandarískra stjórnvalda í málefnum fjölmiðla. - sþs

STEVE FORBES Forbes hefur tvisvar sóst eftir útnefningu Repúblikanaflokksins til forsetaframboðs í Bandaríkjunum. Í bæði skiptin tapaði hann, í það seinna fyrir núverandi Bandaríkjaforseta, George W. Bush.

Nýr ferðakostur fyrir aldraða:

Gæti sparað milljarða króna

SAMGÖNGUR Nýr ferðakostur hefur verið tekinn í notkun innan Reykjavíkur og binda eigendur vonir við að hann verði til þess að milljarðar sparist í vegaframkvæmdum.

Fyrirtækið nefnist Skutlan og er markmið þess að bjóða ferðir innan Reykjavíkur fyrir aldraða og öryrkja, virka daga frá klukkan tíu á morgnana til hádegis á 500 krónur.

Einar Ágústsson, starfsmaður fyrirtækisins, segir að með þessu léttist verulega á álagi á gatnakerfinu þar sem fleiri en einum farþega verði ekið í hverri ferð. -kdk

Framkvæmdastjóri ASÍ:

Erum efnislega sammála

VINNUMARKAÐUR Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir að málflutningur ASÍ sé í raun efnislega samhljóða formönnum sautján aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands.

GYLFI ARNBJÖRNSSON

Formennirnir lýstu því yfir í síðustu viku að málflutningur ASÍ um afnám tolla og frjálsan innflutning landbúnaðarafurða væri ekki í anda þessara aðildarfélaga. Gylfi bendir á að ASÍ hafi lagt til öflugar mótvægisaðgerðir sem nemi sex milljörðum króna.Formennirnir hafi hins vegar ekki aflað upplýsinga um það sem starfsmenn í Reykjavík séu að gera. - ghs

DÓMSMÁL

Ákærðir fyrir árás

Tveir karlmenn á þrítugsaldri hafa verið ákærðir fyrir líkamsárás sem átti sér stað við Vesturhraun í Hafnarfirði í apríl sl. Mennirnir réðust á karlmann og lömdu hann. Grunur leikur á því að líkamsárásin tengist fíkniefnaviðskiptum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ferðamaður sat fastur

Erlendur ferðamaður var dreginn á land í gær en hann hafði fest bíl sinn í neðra vaði Jökulsárlóns. Vegfarendur aðstoðuðu manninn við að komast á þurrt.

Réttindalaus á bíl

Rúmlega tvítug stúlka var dæmd í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi í gær fyrir að hafa ekið án réttinda á of miklum hraða og hafa gefið upp nafn og kennitölu annarrar konu auk þess sem hún falsaði undirskrift hennar. Stúlkan hefur ekki áður brotið lög.

Annar hver Svíi býst við sigri borgaralegra

Helmingur sænskra kjósenda reiknar með sigri borgaralegu flokkanna í þingkosningunum sem fara fram um næstu helgi. Lars Leijonborg, formaður Þjóðarflokksins, varði orðstír flokks síns í sjónvarpsyfirheyrslu í fyrrakvöld.

SVÍÞJÓÐ Annar hver kjósandi í Svíþjóð býst við kosningasigri borgaralegu flokkanna í þingkosningunum 17. september, að því er fram kemur í nýbirtri könnun viðhorfsrannsóknastofnunarinnar Skop. Könnunin var að vísu gerð áður en það komst í hámæli að starfsmenn Þjóðarflokksins, eins af flokkunum fjórum í kosningabandalagi borgaraflokkanna, hefðu gerst sekir um að brjótast inn á innri vef Jafnaðarmannaflokksins, en þessi niðurstaða er enn ein vísbendingin um að sænskir kjósendur séu farnir að stilla sig inn á að gefa jafnaðarmönnum frí frá stjórnartaumunum, sem þeir hafa haldið um í sextíu af síðustu sjötíu árum.

Samkvæmt könnuninni, sem vitnað er til á fréttavef Dagens Nyheter, trúa 49 prósent aðspurðra á sigur borgaraflokkanna, en 45 prósent að vinstriflokkarnir hafi betur. Hin sex prósentin tóku ekki afstöðu til spurningarinnar.

Aldrei hafa fleiri verið á kjörskrá í þingkosningum í landinu, 6.834.169 manns.

Lars Leijonborg, formaður Þjóðarflokksins, var í yfirheyrslu í beinni útsendingu sænska ríkissjónvarpsins á fimmtudagskvöld. Þar bað hann sænsku þjóðina afsökunar á tölvunjósnahneykslinu, en biðlaði til kjósenda að missa ekki traustið á sér og flokki sínum. Samkvæmt könnunum fjölmiðla á viðbrögðum áhorfenda þótti Leijonborg komast vel frá yfirheyrslunni. Rétt rúm vika er til kosninga og binda Þjóðarflokksmenn vonir við að á endasprettinum falli þetta leiðindamál aftur í skuggann af eiginlegu kosningamálunum.

REINFELDT OG PERSSON Frá sjónvarpskappræðum keppinautanna um forsætisráðherrastólinn á miðvikudagskvöld. Samkvæmt mælingum á viðbrögðum áhorfenda þykir Reinfeldt hafa staðið sig betur. NORDICPHOTOS/AFP

LARS LEIJONBORG Formaður Þjóðarflokksins bað þjóðina afsökunar á tölvunjósnahneykslinu. NORDICPHOTOS/AFP

Og á þeim vígstöðvum virðast jafnaðarmenn eftir sem áður í vörn. Fredrik Reinfeldt, formaður Hægriflokksins og forsætisráðherraefni borgaraflokkanna, þykir samkvæmt mælingum fjölmiðla á viðbrögðum fólks hafa staðið sig mun betur en Persson í sjónvarpskappræðum síðustu vikna. Síðast þegar þeir hittust í sjónvarpi, á TV4-stöðinni síðastliðið miðvikudagskvöld, voru atvinnumál og fleiri höfuðmálefni kosningabaráttunnar í brennidepli. Persson lýsti þar jafnaðarmönnum sem varðhundum velferðarkerfisins en Reinfeldt boðaði nýja atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar undir sinni forystu. Meginkosningaloforð borgaralegu flokkanna er að draga úr atvinnuleysi og að lækka skatta.

Þeir Reinfeldt og Persson reyna aftur með sér í sjónvarpskappræðum í ríkissjónvarpinu SVT á sunnudagskvöld en í gær mættust þeir í útvarpinu. Lokakappræðurnar fara fram á föstudagskvöldið. audunn@frettabladid.is

Kosningar í Svíþjóð

Slóvenía hefur sannarlega slegið í gegn meðal Heimsferðafarþega á liðnum árum. Heimsferðir bjóða nú beint leiguflug til Ljubljana höfuðborgar Slóveníu í haust, annað árið í röð. Ljubljana er einstaklega skemmtilegur áfangastaður í borgarferð, sannarlega ein af mörgum leyndum perlum. Góð hótel í boði og spennandi kynnisferðir með fararstjórum okkar.

Bókaðu núna!

Beint morgunflug

27. okt. – AUKAFLUG - laus sæti
30. okt. – laus sæti
3. nóv. – 22 sæti laus
7. nóv. – laus sæti
10. nóv. – UPPSELT
14. nóv. – laus sæti

Helgarferð 27.okt frá aðeins 49.990 kr.

Netverð á mann, m.v. gistingu á Hotel Garni í tvíbýli í 3 nætur 27. okt.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000 • www.heimsferdir.is

ENVIEMM / SIA / NM17848

Aðeins nokkurra vikna bið eftir sálfræðiþjónustu í grunnskólum í Kópavogi:

Mörg bíða frekari greiningar

SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA Biðtími eftir sálfræðiþjónustu grunnskóla í Kópavogi er aðeins 1-2 vikur samkvæmt upplýsingum frá Tómasi Jónssyni, forstöðumanni sérfræðiþjónustu grunnskóla í Kópavogi. Til samanburðar má geta þess að biðtími eftir sálfræðiþjónustu í Reykjavík er mun lengri og getur skipt mánuðum.

Bið eftir sálfræðiþjónustu barna á leikskólaaldri í Kópavogi er um tveir mánuðir að sögn Önnu Karenar Ásgeirsdóttur sérkennslufulltrúa og alls bíða 24 börn eftir þjónustu sálfræðinga.

„Boðið er upp á stoðþjónustu innan leikskólanna fyrir þau börn sem bíða og þar veita iðjuþjálfar og talmeinafræðingar sérfræðiþjónustu.“

Anna Karen segir algengustu ástæðu greiningar grun um seinkaðan mál- eða vitsmunaþroska. „Biðlistar hjá okkur eru ekki það langir að óánægjuraddir heyrist en það er ákveðið áhyggjuefni að sum barnanna bíða áframhaldandi þjónustu í kjölfar greininga. Sum bíða þjónustu stofnana eins og Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins en þar getur biðtíminn farið yfir ár.“

Það er tilfinning Önnu Karenar að fleiri börn fari í gegnum sálfræðigreiningar nú en áður og til að mæta þessum nýja veruleika hefur þjónusta inni á leikskólum verið aukin. - hs

BÖRN AÐ LEIK Tveggja mánaða bið er eftir sálfræðiþjónustu á leikskólum í Kópavogi.

www.toyota.is



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33916 09/2006

TOYOTA - sýning um helgina

Það blása ferskir vindar hjá Toyota um helgina á sýningunni HAUST 2006 þar sem bílafloti Toyota verður í sviðsljósinu.

Glæsileg áferð, fallegar litasamsetningar, smekklegt efnisval og framúrskarandi stíll. Sjáðu hvað hönnuðir Toyota hafa náð að skapa heildstætt útlit og hvernig Toyota gæðin eru bókstaflega klæðskerasniðin á þig og fjölskylduna.

Komdu og mátaðu haustlínuna frá Toyota um helgina.
Veitingar í boði.

Mörg spennandi tilboð og óvæntur kaupauki fylgir öllum nýjum bílum um helgina.

Auðveldari fjármögnun
- Hærra lánshlutfall
- Afsláttur af lántökugjöldum

Opið í dag frá kl. 12 til 16 og sunnudag frá 13 til 16

TODAY **TOMORROW** **TOYOTA**

Toyota Kópavogi	Toyota Akureyri	Toyota Reykjanesbæ	Toyota Selfossi	Toyota Austurlandi
Nýbýlavegi 4	Baldursnesi 1	Njarðarbraut 19	Fossnesi 14	Miðási 2
Kópavogur	Akureyri	Reykjanesbær	Selfoss	Egilsstaðir
Sími: 570-5070	Sími: 460-4300	Sími: 420-6600	Sími: 480-8000	Sími: 470-5070

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 6.095 **+1,03%** **Fjöldi viðskipta:** 431 **Velta:** 5.186 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
Tryggingamiðstöðin	+12,16%	**Avion**	-0,90%
FL Group	+11,41%	**Össur**	-0,83%
Alfesca	+1,71%	**Flaga**	-0,76%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 65,00 +0,00% ... Alfesca 4,76 +1,71% ... Atlantic Petroleum 572,00 +0,35% ... Atorka 6,30 +1,61% ... Avion 33,20 -0,90% ... Bakkavör 54,80 +1,67% ... Dagsbrún 4,95 +0,00% ... FL Group 20,50 +11,41% ... Glitnir 19,80 +0,51% ... KB banki 834,00 +0,48% ... Landsbankinn 25,60 +1,19% ... Marel 78,00 +0,65% ... Mosaic Fashions 17,80 +1,14% ... Straumur-Burðarás 16,70 +1,21% ... Össur 120,00 -0,83%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Ójöfnuður í stúkunni

Stóru fyrirtækin, sem styðja KSÍ, fá slatta af miðum á landsleiki en þetta er alþekkt aðferð. Þetta er einnig algengt þegar haldnir eru tónleikar og annars konar menningarviðburðir. Miðunum er útbýtt til starfsmanna og viðskiptavina fyrirtækjanna en þar með er ekki sagt að þessir aðgöngumiðar séu nýttir til fulls. Ónefndur viðskiptabanki fékk um sex hundruð miða á Danmerkurleikinn í fótbolta, sem gekk illa að koma út því á leikdag sátu bankamenn uppi með eitt hundrað stykki og fengu gestir og gangandi miða fyrir ekki neitt. Þá heyrast sögur af því að forríkir kúnnar hringi í bankana sína og heimti frímiða á fótboltaleiki, tónleika og aðra atburði sem bankarnir láta þá hafa með glöðu geði, enda greinilega fjandanum erfiðara að koma hnossgætinu út. Á sama tíma slæst sauðsvartur almúginn um hvern lausan miða sem í boði er á stórleiki og borgar fullt verð fyrir. Heimur versnandi fer kynni einhver að segja.

Norður og niður

„Við teljum að virði VÍS liggi norðan megin við 53 milljarða... „ Greinandi hjá Landsbankanum grípur til höfuðáttanna í lýsingu sinni á verðmæti VÍS sem er í eigu fjármálaþjónustufyrirtækisins Existu. Hér er sennilega átt við að virði VÍS sé ekki undir 53 milljörðum króna. Hins vegar er því ekki að neita að greining Landsbankans hefur unnið mjög þarft verk við að gefa út jafn ítarlega greiningu á Existu og raun ber vitni. Landsbankinn kemst að þeirri niðurstöðu að útboðsgengi Existu sé hátt og þurfi félagið að sýna góða arðsemi til að standa undir því.

MARKAÐSPUNKTAR

Heildarútlán Íbúðalánasjóðs námu 3,2 milljörðum króna í ágúst. Þetta er talsverður samdráttur frá júlí en þá námu heildarútlán sjóðsins 5,1 milljarði króna.

Seðlabanki Japans hefur ákveðið að halda stýrivöxtum bankans óbreyttum í 0,25 prósentum. Almennt var búist við þessari ákvörðun en stýrivextir í landinu voru hækkaði um 25 punkta í júlí eftir sex ára viðvarandi núllvaxtastefnu.

Matsfyrirtækið Standard & Poor´s (S&P) hefur lækkað lánshæfismat norska tryggingafélagsins NEMI úr BBB í BBB-. Í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans segir að ekki sé ólíklegt að lægri lánshæfiseinkunn dragi úr möguleikum NEMI til vaxtar þar sem einhverjir viðskiptavinir vilji síður tryggja sig hjá félagi með lágt lánshæfi.

Landsbankinn og FL Group hækka mest

Gengi FL Group hækkaði um 11,4 prósent í gær.

Hlutabréf í FL Group og Landsbankanum hafa hækkað mest allra hlutabréfa frá því í byrjun ágúst, um það leyti er innlendur hlutabréfamarkaður náði lægsta gildi á árinu. Hafa bréf FL hækkað um tæpan þriðjung en bréf Landsbankans hækkað um 24 prósent á þeim tíma.

Brét FL Group hækkuðu um tæp tólf prósent í gær í yfir 2,2 milljarða veltu og endaði gengið í 20,5 krónum á hlut. Þessi gríðarlega hækkun jók markaðsvirði félagsins um tæpa sautján milljarða króna.

Bréf allra Úrvalsvísitölufélaga hafa hækkað á tímabilinu frá byrjun ágúst nema í Dagsbrún þar sem þau hafa lækkað um sjö prósent. Gengi í KB banka og Glitni hefur hækkað um tæp átján prósent og um sextán prósent í Alfesca og Bakkavör.

Sjálf Úrvalsvísitalan hefur stigið upp um fimmtán prósent frá því í byrjun ágúst en það jafngildir yfir átta hundruð stiga hækkun.

BREYTING Á GENGI ÚRVALSVÍSITÖLUFÉLAGA FRÁ 1. ÁGÚST

FL Group	32,3%
Landsbankinn	24,2%
KB banki	18,8%
Glitnir	18,6%
Alfesca	16,1%
Bakkavör	15,9%
Össur	11,6%
Straumur	6,3%
Actavis	5,7%
Mosaic Fashions	5,3%
Marel	4,8%
Atorka Group	4,1%
Avion Group	2,5%
Atlantic Petroleum	2,0%
Dagsbrún	-7,0%

Stóð hún við lokun markaða á föstudaginn í 6.095 stigum.

Ýmislegt kann að skýra þessa miklu stemningu á markaði. Bankarnir skiluðu mjög góðum uppgjörum á fyrri hluta ársins og þá eru þeir komnir langt á veg með endurfjármögnun á lánum sem koma til greiðslu árið 2007. **- eþa**

LSR skilaði 23% nafnávöxtun

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), stærsti lífeyrissjóður landsins, skilaði á fyrri hluta ársins 22,8 prósenta nafnávöxtun á ársgrundvelli. Þetta samsvarar raunávöxtun upp á 10,2 prósent.

Raunávöxtun A-deildar nam 11,3 prósentum en 10,6 prósentum í B-deild, sem var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum í árslok 1996 og er stærri deildin í eignum talið. Heildareignir LSR námu tæpum 258 milljörðum króna í lok júní og hækkuðu um 13,3 prósent frá áramótum eða um þrjátíu milljarða króna. **- eþa**

Mjólka breytir Feta

Mjólka hefur brugðist við óskum um að aðgreina betur framleiðslu sína frá vörum annarra framleiðenda. Á næstunni munu því fetaostar frá Mjólku sem seldir eru í glerkrukkum vera seldir með breyttum merkingum. Osta- og smjörsalan hafði gert athugasemdir við umbúðirnar og sagði þær gerðar til að villa um fyrir neytendum.

Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólku, segir það þekkt í viðskiptum að vörur séu boðnar í svipuðum umbúðum og samkeppnisaðilanna, enda stjórnist kauphegðun neytenda að miklu leyti af vana. Mjólka hafi þó fallist á að það hafi verið ákveðin hætta á ruglingi í þessu tilfelli og því hafi verið tekin ákvörðun um að breyta umbúðunum. „Það er í þágu neytenda að það fari ekki á milli mála hvenær þeir eru að kaupa feta frá Mjólku og hvenær þeir eru með innflutta eða ríkisstyrkta vöru í höndunum," segir Ólafur. „Við höfum fundið fyrir miklum velvilja frá neytendum og það er ekki okkar vilji að rugla þá." **- hhs**

NÝJAR OG GAMLAR MERKINGAR

Exista-bréf ruku út

Mikil eftirspurn var eftir bréfum í Exista í gær þegar fyrsti áfangi í skráningu félagsins á markað fór fram að því er fram kemur í Vegvísi Landsbankans.

Fyrirfram var gefið út að verð hlutanna yrði á bilinu 19,5 til 21,5 krónur og í boði voru 1,38 til 2,76 prósent í félaginu. Vegna mikils áhuga fór svo að allir hlutirnir sem voru í boði voru seldir á 21,5 krónur, alls 300 milljón hlutir. Söluandvirðið nam því 6,45 milljörðum króna. Sala til almennings og starfsmanna Exista mun fara fram á sama verði eða 21,5 krónur á hlut og verða samtals 1,2 prósent í félaginu seld á 2,8 milljarða króna. Alls innleysir Kaupþing banki því 10,6 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi með sölu bréfa í Exista, þegar með er talin sala á 6,1 prósents eignarhluta í Exista til níu lífeyrissjóða í byrjun ágúst. **- hhs**

Í APÓTEKINU Fjandsamlega yfirtakan sem Actavis vinnur nú að á króatíska samheitalyfjafyrirtækinu Pliva er af þeirri stærðargráðu að vekur heimathygli. Actavis slæst við bandaríska lyfjafyrirtækið Barr Pharmaceuticals um bitann. Með Pliva innanborðs verður annað hvort Barr eða Actavis að þriðja stærsta samheitalyfjafyrirtæki í heimi.

Barr leggur fram nýtt tilboð í Pliva á móti Actavis

HANFA, króatíska fjármálaeftirlitið, fer nú yfir nýtt tilboð bandaríska lyfjafyrirtækisins Barr Pharmaceuticals í króatíska samheitalyfjafyrirtækið PLIVA. Með tilboði sínu svarar Barr hækkuðu tilboði Actavis sem lagt var fram í síðustu viku.

Bandaríska lyfjafyrirtækið Barr Pharmaceuticals hefur sett fram nýtt tilboð í allt hlutafé króatíska samheitalyfjafyrirtækisins Pliva.

Í tilkynningu Barr kemur fram að ekki verði greint frá því hvað felist í tilboðinu fyrr en HANFA, fjármálaeftirlit Króatíu, hafi farið yfir boðið og veitt samþykki sitt. Er þetta gert að kröfu fjármálaeftirlitsins.

Nokkuð ljóst er þó talið að fyrirtækið hefði ekki farið að leggja fram nýtt tilboð nema að annað hvort jafna eða fara hærra en síðasta boð Actavis sem birt var í síðustu viku. Þá hækkaði Actavis boð sitt í 795 kúnur á hlut, eða um 176 milljarða króna. Áður hafði Barr boðið 743 kúnur á hlut, eða sem nemur tæpum 165 milljörðum íslenskra króna.

„Við höfum frá upphafi sagst staðráðin í að klára þessi kaup," segir Bruce L. Downey, forstjóri og stjórnarformaður Barr, og áréttar að víst séu mikil samlegðaráhrif af samruna fyrirtækisins við Pliva, ólíkt því „sem keppinautur okkar hefur haldið fram". Þá segir hann ljóst að hag Pliva til lengri tíma litið sé best komið í samruna Barr Pharmaceuticals og það muni hluthafar sjá.

Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri innri og ytri samskipta Actavis, býst við því að HANFA aflétti leynd af tilboði Barr fljótlega eftir helgina og þá muni verða tekin ákvörðun um næstu skref þar á bæ. „En þangað til bíðum við bara, enda vitum við ekki hvað felst í nýju boði Barr," segir hann. „En að minnsta kosti er ljóst að þeir ætla ekki að draga sig úr slagnum."

Actavis hefur þegar tryggt sér tæplega 21 prósents eignarhlut í Pliva og þykir þar með hafa nokkuð forskot í kapphlaupinu um hvort fyrirtækið verði á undan að tryggja sér meirihluta bréfa. Þá á króatíska ríkið um 18 prósenta hlut í Pliva, en talið er að sá hlutur verði ekki seldur fyrr en ljóst verður hvort fyrirtækið verður ofan á. Í gær sendi einnig stjórn Pliva frá sér tilkynningu þar sem síðasta yfirtökutilboð Actavis í fyrirtækið er sagt endurspegla sanngjarnt verðmat.

Gengi bréfa í Pliva tvöfaldast frá áramótum og hækkaði um 0,5 prósent í gærmorgun. Stendur gengi þeirra nú í 840 kúnum á hlut, eða sex prósentum yfir tilboði Actavis. **olikr@frettabladid.is**

AUGLÝSING ACTAVIS Í KRÓATÍU Svona lítur út heilsíðuauglýsing frá Actavis sem birtist í króatískum dagblöðum fyrir helgi.

Efnahagslegt frelsi eykst hér

Ísland er í 9. sæti á lista yfir efnahagslegt frelsi þjóða. Í árlegri skýrslu um efnahagsfrelsi í heiminum, sem Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál (RSE) gaf út í gær, kemur fram að frelsi af þessum toga er mun áhrifaríkara en ríkisstyrkt þróunaraðstoð við að hjálpa fátækum þjóðum úr fátækt.

Þá kemur fram í niðurstöðum rannsóknar sem fylgir skýrslunni að þróunaraðstoð hafi ekki jákvæð áhrif á hagvöxt meðal fátækustu þjóða heims. Efnahagslegt frelsi hafi aukist síðastliðin 25 ár og hafi það haft mikil áhrif á velmegun almennt. Sé litið til efnahagslegs frelsis komi í ljós að hagur fátækari þjóða vaxi mun hraðar en ríkra og við slíkar aðstæður fari því fjarri að þær séu fastar í vítahring fátæktar.

BÖRN AÐ LEIK Ísland er í níunda sæti á lista RSE yfir efnahagslegt frelsi í heiminum, sem birtur var í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Hong Kong er í efsta sæti listans með mesta efnahagslega frelsið og 8,7 af 10 í einkunn. Singapúr er í 2. sæti með 8,5 stig en Nýja-Sjáland, Sviss og Bandaríkin deila þriðja til fimmta sæti með einkunnina 8,2. Flestar þeirra þjóða sem fengu lægsta einkunn eru frá Afríku, Suður- og Mið-Ameríku og fyrrum kommúnistaríkjunum.

Ísland, sem var í 13. sæti á listanum í fyrra, fékk einkunnina 7,9 af 10 mögulegum og hækkar um 0,2 stig á milli ára. **- jab**

GL-Class ofurjeppi og nýr E-Class

ASKJA

Þeir eru komnir – kemur þú?

Frumsýnum um helgina hinn stórglæsilega GL-Class jeppa sem setur ný viðmið í sínum flokki og nýja E-Class bílinn sem er hlaðinn nýjungum og fágaðri en nokkru sinni.

Sýningin verður í sýningarsal Öskju, Laugavegi 170, 9.-10. september kl. 12-17.
Boðið verður upp á eðalkaffi.

Askja er viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz bifreiða á Íslandi.

Mercedes-Benz

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Helgar-sprengja!

Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBALÆRI
ÚR KJÖTBORÐI
899 kr. kg
kryddað eða ókryddað

30% afsláttur

GOÐA FOLALDAKJÖT
SALTAÐ
399 kr. kg

LAMBASÚPUKJÖT
AF NÝSLÁTRUÐU
498 kr. kg

30% afsláttur

KEA HANGIFRAMPARTUR
MEÐ BEINI
799 kr. kg

40% afsláttur

Emmess
Lúxus skafís

38% afsláttur

Stjörnu
hrásalat

PEPPERIDGE
CROUTONS
199 kr. pk.

HNÍFAPARASETT
32 STK. Í TÖSKU
3.998 kr. stk.

TSZZZ

Hvúmm

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

Úr Kjötborði Nóatúns

KINDAFILLET
LAS VEGAS
598 kr. stk

Úr Kjötborði Nóatúns

FLÆSKESTEG
PURUSTEIK
998 kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

LAMBAGEIRI
M. SÆLKERAFYLLINGU
2.498 kr. kg

Þú sparar 400 kr. kg

Úr Fiskborði Nóatúns

STEINBÍTSFLÖK
ROÐ- OG BEINLAUS
798 kr. kg

Þú sparar 400 kr. kg

Úr Fiskborði Nóatúns

KARFAFLÖK
ROÐ- OG BEINLAUS
598 kr. kg

Þú sparar 400 kr. kg

Úr Fiskborði Nóatúns

BLÁLANGA
ROÐ- OG BEINLAUS
798 kr. kg

Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN

RAUÐ EPLI
99 kr. kg JONAGOLD

EGGALDIN
299 kr. kg

NÁTTÚRU SPÍNAT
299 kr. kg

NEKTARÍNUR
199 kr. askjan

GRÆN VÍNBER
369 kr. kg

= 5 á dag

...mmm NÓATÚN -hljómar vel!

skoðun

greinar@frettabladid.is

Smekkur er ekki góð leið til að ákveða hverjir eigi að fá veitingaleyfi:

Nekt og vinstri græn

JÓN KALDAL SKRIFAR

Einhver undarlegasta hugmynd sem komið hefur frá stjórnmálaflokki í seinni tíð leit dagsins ljós í vikunni þegar borgarfulltrúar Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs lögðu til að kvenfrelsissjónarmið yrðu höfð til hliðsjónar við veitingu vínveitinga- og veitingahúsaleyfa. Þessi tillaga er að sjálfsögðu lögð fram til höfuðs stöðum sem bjóða upp á sýningar kvenna sem tína af sér spjarirnar, og sumir vilja kalla klámbúllur en aðrir erótíska dansstaði, allt eftir því hvernig smekkur viðkomandi er í laginu.

Nú er ekki sérstaklega eftirsóknarvert að hætta sér inn í umræðu um hvað er klám og hvað er ekki klám, enda loðið og teygjanlegt hugtak eins og vís lagaprófessor komst einu sinni að orði. En engu að síður er erfitt að sneiða hjá því ef maður vill reyna að átta sig á því hvað það er sem rekur fulltrúa vinstri grænna til þess að gangast á hólm við nektardansstaðina með því að tengja kvenfrelsissjónarmið því hvort þeir fái þau starfsleyfi eins og aðrir skemmtistaðir og veitingahús.

Femínistar halda því gjarnan fram að klám sé ofbeldi gegn konum og að sívaxandi klámvæðing á okkar tímum sé viðbrögð karlveldisins við auknu frelsi kvenna. Væntanlega er ætlun vinstri grænna að stöðva þetta ofbeldi með því að sjá til þess að nektardansstaðirnir í miðbænum fái ekki endurnýjuð starfsleyfi sín.

Það er hins vegar erfitt að sjá hvaða ofbeldi felst í því að karl horfi á konu afklæðast á sviði ef hún gerir það af fúsum og frjálsum vilja? Auðvitað er það þekkt að kynlífsiðnaðurinn á sér margar skuggahliðar á heimsvísu þar sem stúlkur eru jafnvel fluttar nauðugar milli landa og neyddar í vændi. Lögreglan hefur það hlutverk að fylgjast með að slíkt viðgangist ekki hér. En ofbeldi er ekki sjálfkrafa fylgifiskur kynlífsiðnaðarins. Þar eru margir viljugir þátttakendur drifnir áfram af ólíkum hvötum.

Í viðtölum við dansmeyjar, sem hafa starfað á stöðunum hér á landi, kemur yfirleitt fram að þetta séu útlenskar konur sem koma hingað í stuttan tíma í leit að góðum tekjum. Oftast bera þær sig ágætlega, segjast þéna vel en sakna gjarnan heimahaganna. Helstu umkvörtunarefnin hafa verið sviksemi atvinnurekenda þegar kemur að launagreiðslum og að híbýlin sem þeim hefur verið boðið upp á hafi verið ófullnægjandi, eða svipaðar kvartanir og við höfum heyrt frá karlkyns erlendum farandverkamönnum, sem starfa í íslenskum byggingariðnaði.

Vinstri grænn hafa augsýnilega ekki smekk fyrir því að konur dansi berar fyrir karla og það er nákvæmlega ekkert að því að þau láti þá skoðun sína hátt og skýrt í ljós. Allt annað mál er þegar þau vilja gera sinn smekk að reglum eða lögum fyrir allt samfélagið og þannig þrengja að þeim sem hafa annan smekk og lífsskoðanir.

Ekki skal dregið í efa að vinstri grænn vilja vel en það eru gamalkunn sannindi að leiðin til glötunar er vörðuð góðum ásetningi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson

Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

BANTHAI Laugavegi 130

Það vantar:

Starfsfólk í sal. - Kvöldvinna

Kokk - Dag- og kvöldvinna

Starfsmann í útkeyrslu á eiginn bíl

Góð Laun í boði

Banthai

Uppl. 896 3536

FRÁ DEGI TIL DAGS

Til hamingju með nýja kjördæmið

Árni M. Mathiesen kynnti þá ákvörðun sína að hann myndi færa sig úr Suðvesturkjördæmi í Suðurkjördæmi. Gaf hann þá skýringu að mörg spennandi verkefni væru framundan þar og sem fyrrum þingmanni hins gamla Reykjaneskjördæmis rynni sér blóðið til skyldunnar að takast á við þau. Þetta er ný nálgun í þessum efnum þar sem skipan manna í kjördæmi ræðst af þeim verkefnum sem þar finnast. Íbúar kjördæmanna geta þá væntanlega reynt að brydda upp á spennandi verkefnum til að laða að góða frambjóðendur.

Reglur og börn

Sú ákvörðun skólayfirvalda í Ísafjarðarbæ að meina þremur börnum af pólskum ættum að sækja skóla, þar sem þau voru ekki með kennitölu, hefur vakið hörð viðbrögð margra. Ingibjörg María Guðmundsdóttir, forstöðukona skóla- og fjölskyldudeildarstofu Ísafjarðarbæjar, segir að ekki hafi verið stætt á öðru vegna þeirra reglna sem þau verða að lúta. Fyrir Baldri Kristjánssyni, sóknarpresti í Þorlákshöfn, horfir þetta öðru vísi við en hann segir á vef sínum: „Andi barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og allra annarra barnasáttmála á heims- og Evrópuvísu er að nota börn aldrei til þess að koma skikki á veraldarvafstur fullorðinna.“

Svona gera bankastjórar ekki!

Það kann að vera að við séum of föst í forminu á kostnað hins mannlega, líkt og skólayfirvöld í Ísafjarðarbæ eru sökuð um að vera. Fulltrúar Samfylkingarinnar í bankaráði Seðlabankans, Jón Þór Sturluson og Sigríður Stefánsdóttir, segja til dæmis að nokkrar af þeim yfirlýsingum sem Davíð Oddsson seðlabankastjóri hefur viðhaft í fjölmiðlum að undanförnu samræmist ekki störfum bankastjóra. Þjóðin þekkir hætti Davíðs og veit því að það sem fulltrúarnir eru að segja er að Davíð samræmist ekki stöðu bankastjóra. Það samræmist nú varla störfum bankaráðsmanna að láta svona.

jse@frettabladid.is

Hvaða tilgang hafa fréttir?

SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Fréttir

Ekki er nema öld síðan að samtíminn kom til Íslands. Það gerðist í einni andrá þegar fréttir af andláti Kristjáns IX bárust hingað í janúar 1906. Kristján hafði þá verið konungur Íslands í rúm 42 ár. Hann tók við þeirri tign haustið 1863 en Íslendingar fréttu ekki af því fyrr en vorið eftir – þegar póstskipið kom loksins til Íslands. Þegar gamli kóngurinn dó eftir langa ævi fréttu landsmenn hins vegar af því samdægurs því að ritsímatæknin var þá nýkomin til landsins. Sama ár kom önnur ný uppfinning til Íslands, kvikmyndirnar. Danskur maður að nafni Pedersen (oft kallaður Bíó-Pedersen) hóf kvikmyndasýningar í Fjalakettinum við Aðalstræti. Nú gátu Íslendingar séð kvikmyndir af fólki og atburðum úti í löndum. Samtíminn var ekki einungis kominn til Íslands. Hann var á stöðugri hreyfingu.

„Fréttir dagsins“ eru því tiltölulega nýtt sögulegt fyrirbæri. Þær hafa einungis verið til í öld eða svo. Þegar í upphafi kom hins vegar í ljós að hið nýja fyrirbæri hafði ekki einungis kosti heldur einnig galla. Fréttirnar sem bárust með ritsímanum voru yfirborðskenndari en gömlu fréttirnar. Þær höfðu ritstjórar blaðanna fengið með póstinum, lagst yfir þær, myndað sér skoðun og rituðu svo um þær ítarlegar skýringar. Í afar skemmtilegri bók eftir sagnfræðinginn Þórunni Valdimarsdóttur, Horfinn heimur, segir t.d. frá því hvernig íslenskir ritstjórar skrifuðu um stórviðburði ársins 1900, Búastríðið og Boxarauppreisnina. Skoðanirnar voru margar og misjafnar, í samræmi við viðhorf og bakgrunn ritstjóranna. Sannleikurinn var ekki einn heldur margfaldur.

Frá upphafi báru fréttaskeytin í för með sér þá hættu að veruleikinn utan landsteinanna yrði hraðsoðnari og einfaldari. Þar með er ekki sagt að íslensk fjölmiðlun hafi endilega borið þess merki á 20. öld. Sjónarhornin héldu áfram að vera mörg, en þau voru í einstefnufarvegi. Menn voru með eða á móti sósíalisma, frjálshyggju, byggðastefnu, her, heimsvaldastefnu, vestrænni samvinnu og svo framvegis. Oft var kvartað yfir „flokkspólitískum viðjum“ umræðunnar og með nokkrum rétti, en þegar þær viðjar losnuðu urðu sjónarhornin ekki fjölbreyttari. Þvert á móti.

Núna segja allir fjölmiðlar á Íslandi sömu fréttirnar. Fréttirnar sem eru lesnar eftir erlendu fréttaskeytunum eru raunar oft engar fréttir. Eins og vélar endursegja fréttamennirnir hvernig Bush segir eitt, Ahmadinejad annað, Evrópusambandið fordæmir lýðræðisskort í Hvíta-Rússlandi en gefur kosningasvindlurum í Mexíkó hreint sakavottorð. Stofnanir Sameinuðu þjóðanna gefa út skýrslur og stundum koma léttar fréttir um það hvaða þjóð sé nú ríkust, bjartsýnust og langlífust. Allt felur þetta í sér mötun að meira eða minna leyti. En við getum ekki kennt alþjóðlegum fréttaskeytum um þetta: Íslensku fréttirnar eru eins: Davíð Oddsson gagnrýnir efnahagsstjórnina, Ingibjörg Sólrún hneykslast á Davíð, Steingrímur J. gagnrýnir Kárahnjúkavirkjun, Geir Haarde hneykslast á Steingrími. Framsóknarmenn líkja öllum sem gagnrýna flokkinn við stríðsglæpamenn nasista, hneykslast á skrifum 11 ára gamalla barna og þjóðinni almennt fyrir að vera „á lægra þekkingarstigi“.

Það eru auðvitað engar fréttir að Bush hatist við Ahmadinejad eða Ingibjörg Sólrún við Davíð. Þar með er ekki sagt að við fréttum aldrei neitt í fjölmiðlum en þó eru þeir misjafnlega gagnlegir. Sjálfur frétti ég margt af netsíðum fjölmiðla úti í heimi og stundum frétti ég eitthvað í Útvarpinu. Sjónvarpsfréttir eru hins vegar löngu hættar að vera annað en „frekar slappur veruleikasjónvarpsþáttur“ (svo vitnað sé í nýjasta hefti Skírnis). Fréttamennirnir segja allar sömu fréttirnar vegna þess að þeir eru svo stutt komnir í vísindalegri hugsun að þeir telja að sannleikurinn sé aðeins einn og að hann megi finna með dulspekiaðferð sem kallast „fréttamat“. Í sjónvarpsfréttum er einungis eitt sjónarhorn, í Útvarpinu eru þau sárafá eða jafnvel aðeins það sama og í sjónvarpsfréttum og það þarf meira að segja að leita af töluverðum dugnaði á netinu til þess að finna þau, en þau finnast samt sem áður einkum þar.

Þarf þetta að vera svona? Auðvitað ekki og ritstjórarnir á fréttastofum samtímans mættu margt læra af kollegum sínum sem voru uppi fyrir 100 árum. Þeir skildu mun betur að veruleikinn snýst um ólík sjónarhorn þó að Guð væri nýlátinn og Nietzsche í andarslitrunum. Það er veruleikinn sem „fréttamatið“ kæfir þannig að allir fréttamenn festast í sama farinu í ímyndaðri fagmennsku sem er ekki annað en ófrumleg endurtekning á vanahugsun. Fréttamatið hefur ekki tryggt okkur betri fréttir, einungis staðlaðri og leiðinlegri fréttir.

Þróunaraðstoð á villigötum

Umræðan
Leiðir úr viðjum fátæktar

BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON

William Easterly, prófessor við Háskólann í New York, heldur því fram í nýrri skýrslu að ríkisstyrkt þróunaraðstoð hafi brugðist fólki í þróunarríkjunum og sé enn á villigötum. Easterly, sem starfaði í sextán ár að þróunarmálum hjá Alþjóðabankanum, hefur bent á, að á árunum 1970-1994 hefðu 22 Afríkuríki samtals eytt um 24 þúsund milljörðum íslenskra króna í opinbera fjárfestingu, og fengið aðra þrettán þúsund milljarða í þróunaraðstoð, án þess að tekist hefði að losa íbúana úr gildru fátæktar.

Skýrsla Easterly er hluti ársskýrslu um efnahagslegt frelsi þjóða, sem RSE gaf út hér á landi á fimmtudag. Þar er sýnt fram á, að efnahagslegt frelsi sé miklu áhrifaríkara í baráttu við fátækt heldur en opinberir styrkir. Skv. skýrslunni má sjá að hjá frjálsustu þjóðunum eru lífslíkur mestar, ungbarnadauði sjaldgæfastur, fæst börn á vinnumarkaði og aðgangur að hreinu vatni útbreiddastur. Tekjur á mann eru þar hæstar, líka þegar borin eru saman kjör fátækustu íbúa hverrar þjóðar, og atvinnuleysi er minnst. Pólitísk réttindi eru tryggust hjá frjálsum þjóðum og spilling minnst. Fólk sem býr við ófrelsi, þar sem opinber miðstýring er mest, nýtur minnstra lífsgæða, nánast sama hvar borið er niður.

Easterly leggur til að í stað þess að hámenntaðir sérfræðingar alþjóðastofnana semji áætlanir um hvernig koma eigi fólki úr fátækt með miðstýrðum aðgerðum, opinberum styrkjum, fjárfestingum og skýrslugerð, þurfi að reyna að frelsa fólkið frá miðstýringunni. Koma á eignarréttarskipulagi og afnema höft á viðskipti. Þannig að heimafólk geti sjálft átt samskipti við aðra á frjálsum markaði með eignir sínar og kunnáttu. Tilraunastarfsemi á frjálsum markaði leiði yfirleitt til þess að fólk leiti í framleiðslustarfsemi sem skili arði, en forðist þá sem geri það ekki, svo auðlindir og framleiðsluþættir flytjast þangað og nýtast þar sem hagkvæmnin er mest. Við þessar aðstæður vænkast hagur fólks, kröfur um lífsgæði aukast og samfélög þróast. Í miðstýrðum áætlunarbúskap þar sem opinberu fjármagni er dælt í opinber verkefni verður öfug þróun. Þann lærdóm mátti reyndar draga af efnahagsþróun á 20. öld. En samt eru ótrúlega margir sem enn trúa því, að fái nógu margir embættismenn nógu mikið fjármagn, geti þeir bjargað heiminum. Þeir hafa lítið lært.

Höfundur er framkvæmdastjóri RSE, Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál.

SÚPER SAMNINGADAGUR

bara í dag!

Komdu og semdu við okkur um það sem þig vantar!
– í skólann eða á skrifstofuna, ekkert mál!

Gateway fartölva MX7118

Örgjörvi	Mobile AMD Athlon 64-bit 3400+, (2.2 GHz , 1 MB L2 Cache)
Vinnsluminni	512 Mb 333MHz DDR
Skjár	15,4" Ultrabright TFT (1280x800)
Skjákort	64MB ATI Radeon X300
Harður diskur	80GB 4200 rpm Ultra-ATA
Skrifari	8X DVD+/-RW Dual layer DVD
Netkort	10/100 & 56k v.90 mótald.
Innbyggt þráðlaust netkort	802.11g
Hljóðkort	Innbyggt hljóðkort og hátalarar
Mús og lyklaborð	EZ Pad snertimús og lyklaborð
Tengi	4x USB 2.0, FireWire, VGA skjátengi, TV-out
Minniskortalesari	6-in-1
Rafhlaða	8 Cell Lithium Ion (1 árs ábyrgð)
Stýrikerfi	Microsoft Windows XP Media Center
Ábyrgð	2 ár

Vörunúmer: GWMX7118

79.900 kr.

Takmarkað magn!

Tölvu-kaupalán!

Gateway fartölva M465X

Örgjörvi	Intel Core Duo T2400 1.83GHz, 667MHz FSB, 2MB L2
Vinnsluminni	1024Mb 533MHz DDR2 (1x1024)
Skjár	15,4" WXGA TFT (1280x800)
Skjárkort	128MB-256MB ATI Radeon X1400 PCIx
Harður diskur	80GB 5400 rpm Serial-ATA
Skrifari	8X DVD+/-RW Dual layer DVD
Netkort	10/100/1000 netkort & 56k v.90 mótald
Innbyggt þráðlaust netkort	802.11 a/b/g
Hljóðkort	Innbyggt hljóðkort, hátalarar
Mús og lyklaborð	EZ Pad snertimús og lyklaborð
Tengi	4x USB 2.0, FireWire, S-Video, VGA skjátengi
Minniskortalesari	6-in-1
Rafhlaða	8 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stýrikerfi	Microsoft Windows XP Professional
Ábyrgð	2 ár

Vörunúmer: GWM465X

179.900 kr.

Gerðu góðan díl í dag!

Kaffi og með því

Flatur skjár 19" FPD1975W

Upplausn	1440 x 900 @ 60/75 Hz, HD-ready
Birta	300 cd/m2
Litir	16,2 milljón
Skerpa	700:1
Hlutfall	16:9 breiðtjald
Viðbragðstími	8ms
Sjónarhorn	150° lárétt, 135° lóðrétt
Tengi	Analog/Digital

Vörunúmer: GWFPD1975W

34.900 kr.

ODDI

www.oddi.is

SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið kl. 11-16 í dag

DEKURSTOFAN

Nýr starfsmaður á Dekurstofunni í Kringlunni

Rakel Sigurðardóttir snyrtifræðingur hefur hafið störf á snyrtistofunni Dekurstofunni í Kringlunni.
Rakel býður gamla og nýja viðskiptavini velkomna.
Tekið við tímapöntunum í síma 568 0909.

Frönskunámskeið

Námskeið hefjast 18. september
Inntitun í síma 552 3870 1-16. september.

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Kennum í fyrirtækjum

af Alliance Française

Netfang : alliance@af.is
veffang : www.af.is

Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

MAÐUR VIKUNNAR

Véfengir ríkisrekstur

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR
BORGARFULLTRÚI

„Tobba er mikil fagmanneskja, hörkudugleg og afkastamikil svo mörgum finnst nóg um - er góð að hrista upp í kerfum sem hafa á stundum verið í of miklum hægagangi," segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, um mann vikunnar að þessu sinni, Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Í vikunni var hún kjörin formaður nýstofnaðs leikskólaráðs, sem var mikið gagnrýnt af minnihluta borgarfulltrúa í borgarstjórn. Þá hefur hún gagnrýnt hvernig R-listinn hélt utan um fjármál Strætó bs.

Ókunnugir gætu haldið að Þorbjörg Helga hefði fetað sín fyrstu fótspor í stjórnmálum fyrir mörgum árum. Hún er fim í átökum við pólitíska andstæðinga og hefur skýra pólitíska sýn, sem byggir á hugmyndafræðilegum grunni.

En svo er nú alls ekki. Það var ekki fyrr en Þorbjörg flutti heim frá Frakklandi árið 2001, þá tveggja barna móðir, að hún fór að líta í kringum sig og máta skoðanir sínar við stefnur stjórnmálaflokkanna á Íslandi. Hún er með meistarapróf í menntunarsálfræði og hafði mikinn áhuga á skólamálum. Þar sem sá málaflokkur er nánast allur á hendi ríkis og sveitarfélaga lá beinast við hjá Þorbjörgu að taka þátt í stjórnmálum til að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Og frami hennar hefur verið undraskjótur. Eftir heimkomuna starfaði hún sem verkefnastjóri átaksverkefnisins Auður í krafti kvenna við Háskólann í Reykjavík. Samhliða kenndi hún við stjórnendaskóla sama háskóla og í viðskiptadeild.

Fljótlega komst hún að því að hugmyndir hennar færu best saman við stefnu Sjálfstæðisflokksins. Henni var stillt upp í 19. sæti á framboðslista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar vorið 2002 þegar Björn Bjarnason var þar í forystu. Tók hún virkan þátt í baráttunni samhliða störfum í Háskólanum í Reykjavík.

Þetta var fyrsta skrefið í átt að því að Þorbjörg helgaði sig alfarið stjórnmálum. Hún varð pólitískur ráðgjafi Þorgerðar Katrínar í menntamálaráðuneytinu sumarið 2003, bauð sig fram í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna um haustið og varð aðalmaður í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur stuttu síðar. Í SUS naut hún trausts til að gegna stöðu fyrsta varaformanns, sem er óvenjulegt fyrir einstakling sem ekki hefur tekið þátt í ungliðastarfinu formlega áður. Þá var hún einn af stofnendum vefritsins Tíkin.is og hefur skrifað mikið á þann vef.

„Ég mundi segja að hún væri hófsamur frjálshyggjumaður," segir Friðjón R. Friðjónsson sem gegndi starfi annars varaformanns á sama tíma og Þorbjörg í SUS. „Hún er ekki á móti öllum ríkisafskiptum. En hún telur að einkaaðilar geti leyst flest verkefni betur en hið opinbera. Því nálgast hún öll pólitísk álitamál á þeim grunni."

Úr Hvassaleitisskóla lá leið Þorbjargar í Verzlunarskóla Íslands. Hún var í stórum vinahópi en gaf sér ekki mikinn tíma til að sinna stjórnarstörfum á vegum nemendafélagsins. Hún var ásamt vinunum í klúbbnum Hjemmelavet, sem sá til þess að félagsmenn nærðu sig á heimalöguðu nesti.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Starf: Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins
Menntun: Meistarapróf í menntunarsálfræði
Fæðingardagur: 5. september 1972
Maki: Hallbjörn Karlsson
Börn: Karl Ólafur fæddur 1995 og Atli Freyr fæddur 2000.

„Hún er skemmtileg, hláturmild og heiðarleg," segir Gísli Marteinn Baldursson, sem einnig er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og var samtíða Þorbjörgu í Verzló. „Hún er með allra duglegustu manneskjum sem ég þekki. Alls staðar þar sem hún hefur látið að sér kveða, hefur munað verulega um hana. Samstarfsfólk ber virðingu fyrir henni og þeir sem hún stjórnar líka."

Allir viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að Þorbjörg Helga eigi auðvelt með að umgangast fólk og henni haldist vel á vinum, sem eru mýmargir. Gísli Marteinn segir hana beinlínis reka vinahópana - hún heldur þeim saman. Hún býður gjarnan í partí, mat og miðlar málum þegar á þarf að halda.

Undir það tekur Hallbjörn Karlsson, verkfræðingur og eiginmaður Þorbjargar. „Hennar vinahópur er alltaf að stækka en minn minnkar. Og þetta á ekki bara við um vinina heldur stórfjölskylduna. Hún er dugleg að rækta tengslin."

Hallbjörn og Þorbjörg Helga eiga strákana Atla, 6 ára, og Karl, sem er að verða ellefu ára. Eiginmaðurinn segir hana mikið fyrir fjölskyldulífið. Árið 1998 héldu þau ásamt eldri stráknum til Bandaríkjanna til frekara náms. Bjuggu þau í Norður-Kaliforníu og Seattle.

Síðasta árið fóru þau til Fontainbleau í Frakklandi, rétt sunnan við París, og komu heim 2001 eins og áður sagði. Sinnti Þorbjörg drengjunum í Frakklandi, en Atli var þá nýfæddur, á meðan Hallbjörn bætti við sig frekari menntun.

Hallbjörn starfaði fyrst eftir heimkomuna á fyrirtækjasviði Kaupþings banka. Um miðjan júní 2002 keypti hann ásamt Árna Haukssyni 55 prósent í Húsasmiðjunni, en Baugur keypti 45 prósent. Um tveimur árum seinna seldu þeir félagar hlut sinn með ágætum hagnaði.

Þó að mikið sé að gera hjá Þorbjörgu, og kvöldfundirnir oft margir, gefur hún sér alltaf tíma fyrir strákana sína. Hallbjörn segir að hún mætti alveg eiga þess kost oftar að elda á kvöldin, enda sé hún mjög góður kokkur. Undir það taka vinir hennar sem ósjaldan er boðið í veislu, og skiptir þá engu máli hvort um stórsteikur er að ræða eða létt snarl.

„Hún Tobba er hlý, skemmtileg og skarpgreind. Hún er ávallt glöð og er fljót að finna út jákvæðar hliðar sem og sóknarfæri í hinum ólíkustu málum. Hún er með einstaka nærveru og er mikill vinur vina sinna, í blíðu sem stríðu," segir Þorgerður Katrín.

Þetta trygglyndi hefur líka reynst henni vel í pólitíkinni. Það vantaði ekki vinina þegar kom að því að Þorbjörg þurfti að kljást við samherja í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. Skipti þá máli að hafa gott fólk í kringum sig. Sóttist hún eftir fjórða sæti á framboðslistanum og hafnaði í því sjötta. Um tíma leit út fyrir að hún næði fimmta sætinu en Júlíus Vífill Ingvarsson tók framúr á endasprettinum. Munaði rétt um 200 atkvæðum, sem er ekki mikið af tólf þúsund atkvæðum. Þykir þetta afburðagóð niðurstaða eftir ekki lengri tíma í stjórnmálum.

Þessi árangur næst ekki nema vegna þess að Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir leggur sig alla fram í því sem hún tekur sér fyrir hendur. Skiptir þá engu máli hvort um sé að ræða fjölskyldu, vini eða pólitísk verkefni.

EXISTA

Almennt hlutafjárútboð

11.–13. september á www.kbbanki.is

Almennt útboð á hlutum í Exista hefst mánudaginn 11. september næstkomandi og stendur til miðvikudagsins 13. september kl. 17:00. 65.000.000 hlutir eru boðnir almenningi á genginu 21,5 krónur fyrir hvern hlut, samtals að andvirði 1.397,5 milljóna króna. Lágmarksáskrift er 5.500 hlutir að andvirði 118.250 króna og Hámarksáskrift er 2.000.000 hlutir að andvirði 43 milljóna króna.

Ráðgjöf KB banka veitir upplýsingar vegna hlutafjárútboðsins í síma 444 7000 og tölvupósti existautbod@kbbanki.is.

Exista er á meðal öflugustu fyrirtækja landsins og nema heildareignir þess yfir 300 milljörðum króna. Félagið starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum trygginga og eignaleigu, m.a. undir merkjum VÍS og Lýsingar. Exista er jafnframt kjölfestufjárfestir í nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins, þar á meðal Kaupþingi banka, Bakkavör Group og Símanum. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til frekari uppbyggingar hér á landi og erlendis. Þann 15. september er fyrirhugað að skrá hluti félagsins í Kauphöll Íslands.

Útgefandi

Exista hf., kt. 610601-2350

Seljandi í hlutafjárútboði

Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419

Umsjónaraðili útboðs og skráningar

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419

Útboðs- og skráningarlýsing

Útboðs- og skráningarlýsing er gefin út á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsingin er gefin út rafrænt á heimasíðu útgefanda, www.exista.com. Lýsinguna má einnig nálgast á heimasíðu umsjónaraðila og seljanda, www.kbbanki.is eða www.kaupthing.net. Lýsingin er jafnframt birt í fréttakerfi Kauphallar, news.icex.is. Innbundin eintök liggja frammi hjá Exista að Ármúla 3 í Reykjavík og hjá Kaupþingi banka, Borgartúni 19 í Reykjavík.

Skráning áskriftar

Áskriftum í almenna útboðinu skal skila rafrænt á sérstöku formi á vef KB banka, www.kbbanki.is.
Áður en kemur til áskriftar þarf fjárfestir að gera grein fyrir sér með eftirfarandi aðgangsauðkennum á áskriftarforminu;

A með notandanafni og lykilorði fyrir KB Netbanka, eða
B með kennitölu og lykilorði í starfsmannaútboði, eða
C með kennitölu og lykilorði sem fjárfestir pantar við upphaf áskriftar og fær sent um hæl með tölvupósti.

Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út. Eftir að áskrift hefur verið gerð og fram til 31. október 2006 er einnig hægt að nálgast rafræna staðfestingu á vefsíðunni með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Einnig má nálgast staðfestinguna í KB Netbanka. Áskrift í útboðinu er bindandi fyrir áskrifanda. Seljanda er heimilt að krefjast tryggingar frá fjárfestum sem skrá áskrift yfir 5 milljónum króna.
Áskrift í almenna útboðinu er opin einstaklingum með íslenska kennitölu og lögaðilum sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að þeim sé ekki meinuð þátttaka samkvæmt lögum.

Úthlutun

Komi til þess að áskriftir verði umfram þá 65.000.000 hluti sem boðnir eru í almenna útboðinu, þá verður seldum hlutum úthlutað til áskrifenda með eftirfarandi hætti:

A Hlutfallslegur niðurskurður mun nema allt að 50% af hverri áskriftarfjárhæð, og
B ef samanlagðar áskriftir eru enn umfram 65.000.000 hluti eftir 50% hlutfallslegan niðurskurð, þá verður til viðbótar flötum niðurskurði beitt á áskriftirnar þannig að hámark úthlutaðrar áskriftar verður lækkað uns samanlagðar áskriftir nema 65.000.000 hlutum.

Útgáfa og afhending hluta

Hlutir sem seldir er í útboðinu eru gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Gert er ráð fyrir að hlutir verði afhentir hverjum kaupanda einum viðskiptadegi eftir að greiðsla berst.

Greiðsla

Frá og með 14. september 2006 má nálgast tilkynningu um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum á vefsíðu KB banka með því að nota sömu aðgangsauðkenni og við skráningu áskriftar. Frá 14. september getur jafnframt hver og einn áskrifandi nálgast greiðsluseðil vegna úthlutaðra hluta í sínum netbanka. Greiðslufyrirmæli verða í formi greiðsluseðils sem greiða má í íslenskum banka, sparisjóði eða netbanka. Greiðsluseðlar verða ekki sendir áskrifendum með pósti.
Gjalddagi er 14. september en greiðslu skal inna af hendi eigi síðar en 20. september 2006 í samræmi við ofangreind greiðslufyrirmæli. Greiðslukvittun verður send til áskrifanda eftir að greiðsla hefur borist með réttum hætti.

Niðurstaða útboðs og skráning í Kauphöll

Stjórn Kauphallar Íslands hefur samþykkt að skrá alla útgefna hluti Exista í Kauphöll Íslands. Kauphöllin hefur veitt tímabundna undanþágu frá skilyrði um lágmarksfjölda hluthafa en í kjölfar útboðs er gert ráð fyrir að því skilyrði verði fullnægt. Óskað hefur verið eftir því að EXISTA verði auðkenni félagsins og hluta þess hjá Kauphöllinni. Viðskiptalota bréfanna verður 5.000 hlutir. Viðskiptavakt verður með hluti félagsins frá skráningardegi.

Niðurstaða útboðsins verður tilkynnt Kauphöll Íslands og fjölmiðlum 13. september 2006 eftir klukkan 17:00 og birt í fréttakerfi Kauphallarinnar 14. september 2006. Skráning í Kauphöll Íslands er fyrirhuguð 15. september 2006, en endanleg dagsetning verður tilkynnt með dags fyrirvara í fréttakerfi Kauphallarinnar.

Reykjavík, 9. september 2006

KB BANKI

www.kbbanki.is • Sími 444 7000

TUNGLIÐ auglýsingastofa

Miðlægt pukur og leynimakk

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá dularfullri verðhækkun, opinberu pukri, tvöföldum sunnudegi og byssum sem skjóta sjálfar. Einnig er minnst á fyrirtækjafangelsi, hakkabuff og foreldrafélög.

Kæra Dagbók

Þráinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 1. SEPTEMBER

Dularfull hækkun

Í Lyfju við Lágmúla keypti ég nikótíntyggjó. Pakkinn hafði hækkað um 500 kall frá því síðast.

Ég spurði af hverju?

Afgreiðslustúlkan sagðist halda að hækkunin stafaði af lækkun á gengi íslensku krónunnar.

Ég rifjaði upp að á síðustu vikum hefði krónan hækkað heilmikið gagnvart evru og dollara.

Þá sagðist hún ekki kunna neina skýringu, enda væri verðlagning ekki hennar deild.

Hátíðisdagur. Við Sólveig erum orðin tómstundabændur á ný. Fórum út að borða í Bændahöllina til að fagna því tilefni. Finnur og Fanney, Líney og Óli, Sólveig og Þráinn. Bolholtsbændur. Við munum gefa orðinu samyrkjubú nýja merkingu.

Austur á Rangárvöllum stendur ofurlítið kot á bakka Ytri-Rangár, miðja vegu milli Hellu og Heklu og heitir Bolholt. Þar á hugurinn heima.

LAUGARDAGUR, 2. SEPTEMBER

Óopinber opinber þjónusta

Hugsaði um pólitík. Niðurstaðan er sú að ég er sennilega anarkisti, stjórnleysingi. Óháð því hvernig kosningar fara er ég í stjórnarandstöðu.

Mér rennur kalt vatn milli skinns og hörunds þegar ég heyri síendurtekið að við þurfum „miðlæga leyniþjónustu“ - aðallega til að vera á verði gegn fíkniefnasölum. Ég hélt við værum með „miðlæga“ fíkniefnalögreglu og „miðlæga“ rannsóknarlögreglu sem þarf ekki að ganga í löggubúningum fyrir utan „miðlægan“ ríkislögreglustjóra, það er nógu leynileg lögregla fyrir mig.

Ég get alls ekki séð að það þurfi meiri leyniþjónustu eða meira pukur á vegum ríkisins. Ráðherrar og þingmenn ættu þvert á móti að beita sér gegn leynimakki, gera upplýsingar aðgengilegar og temja sér sannsögli og hreinskilni. Burt með pukrið og leynimakkið.

Það þarf ekki nema gripsvit til að sjá að „leyni“-þjónusta getur aldrei flokkast sem „opinber“ þjónusta.

Þetta hlýtur að vera hugsað sem „óopinber“ „opinber“ þjónusta.

Vald er áfengt, það svíður á þá sem með valdið fara, og menn þola vímuna misvel - en víman breytir öllum.

Ég er reyndar búinn að fá leið á því að vera í andstöðu við sömu stjórnina öll þessi ár og hlakka til að fá nýja stjórn til að fá tilbreytingu í andstöðuna.



SUNNUDAGUR, 3. SEPTEMBER

Tvöfaldur sunnudagur

Okkur var boðið í sunnudagssteik til vinafólks. Þessa sunnudagssteik verður erfitt að toppa, því að á borðum var bæði hryggur og læri eins og tveimur sunnudögum hefði slegið saman á matborðinu.

MÁNUDAGUR, 4. SEPTEMBER

Byssur sem skjóta sjálfar

KB-banki og fyrirtæki sem heitir Eskimo Group ehf. hafa tekið sig saman um að ofsækja mig með því að senda mér aftur og aftur innheimtubréf og krefjast þess að ég borgi þeim ákveðna fjárupphæð ásamt vöxtum og vanskilakostnaði svo að ekki þurfi að koma til frekari innheimtuaðgerða.

Gallinn á þessu er sá að ég hef aldrei stofnað til þeirrar skuldar sem þessir aðilar leggja svo hart að sér - og mér - við að innheimta. Ég hef aldrei á ævi minni verslað með eða við Eskimóa. (Skrýtið nafn „Eskimo Group“. Væri „Inuit Group“ ekki nútímalegra?).

Ég hef haft samband við bæði KB-banka og forsvarsmanneskju hjá Eskimo Group og beðist undan þessum rukkunum. Ég hef prófað að biðja mjúklega um frið og ég hef líka prófað að gera mig ljótan í röddinni og hótað að vekja upp lögfræðing og senda hann á KB-banka og Eskimo Group og draga fyrir dómstóla vegna tilrauna til að kúga fé af saklausum manni.

Manneskjurnar sem ég tala við í síma biðjast afsökunar og lofa öllu fögru, en svo líða nokkrir dagar ný innheimtubréf halda áfram að bera og hótanirnar verða skuggalegri og skuggalegri.

Hér í eina tíð hefði þetta verið hlægilegur misskilningur sem hefði verið leiðréttur með einu símtali. En eftir að tölvur komu til sögunnar geta einföldustu mál orðið ákaflega snúin. Einhvern tímann var sagt: Byssurnar skjóta ekki sjálfar. Og þá var átt við að áhöld bera ekki siðferðislega ábyrgð heldur þeir sem beita þeim.

Sem minnir mig á sprenghlægilega grein sem ég las nýverið í Fréttablaðinu eftir Ragnar Hall hæstaréttarlögmann sem vildi meina að olíuforstjórarnir bæru ekki ábyrgð stórþjófnaði olíufyrirtækjanna með ólöglegu verðsamráði - heldur væri glæpurinn einvörðungu á ábyrgð fyrirtækjanna; forstjórarnar væru bara í vinnu þarna eins og afgreiðslustúlkan í Lyfju.

Nú bíð ég spenntur eftir því að sjá hvaða fyrirtæki á Íslandi verður fyrst dæmt í fangelsi.

Skyldu Solla og Kiddi fá að heimsækja Shell í tugthúsið?

Skyldu handhafar forsetavalds veita Esso uppreist æru?

Vísindamaður og hvít mús

Loforð sem gefin eru í léttúð koma manni í koll þegar þau kalla eftir efndum. Suður í Afríku í 40 stiga hita í vetur sagði ég Jóni Ársæli að honum væri velkomið að taka upp viðtal við mig - seinna. Nú vill Jón Ársæll meina að „seinna“ sé runnið upp og hann mætti hjá mér í dag ásamt Bjarna Fel jr. myndatökumanni.

Ég er farinn að líta á sjálfan mig sem sambland af hvítri mús og vísindamanni. Vísindamaðurinn í mér rannsakar músina og músin vísindamanninn. Þessar rannsóknir fara fram fyrir opnum tjöldum. Manneskja að skoða sjálfa sig og sálina í sér.

Ég hef ekki upp á neitt að bjóða nema sjálfan mig. Allir velkomnir.

PRIÐJUDAGUR, 5. SEPTEMBER

Afafélag - ekki foreldrafélag

Enn var haldið áfram upptökum. Ég var eiginlega lúinn þegar þessu loksins lauk. Fór og sótti Andra og Sollu og eldaði hakkabuff.

Síðan var námsefniskynning í Ísaksskóla fyrir forráðamenn barnanna.

Það var eins og færa ætti blóðfórn þegar minnst var á að einhver gæfi kost á sér í stjórn foreldrafélagsins.

Einhver leit bænaraugum á mig, en ég setti upp steinandlitið.

Ég myndi hugsanlega gefa kost á mér í stjórn afafélags. Foreldrafélagsvaktina verða foreldrar sjálfir að standa - eins og þeirra foreldrar á undan þeim.

MIÐVIKUDAGUR, 6. SEPTEMBER

Virðing fyrir Dönum

Horfði á landsleikinn. Ég hef býsna oft séð Íslendinga tapa fyrir Dönum og lét það ekki fara í taugarnar á mér. Leikaðferðin var svipuð og í gamla: Allir í vörn og ef einhver fær boltann á hann að gefa strax á Rikka (Ríkarð Jónsson). Nema hvað nú er Eiður Guðjohnsen kominn í stað Rikka.

Það var ekki að sjá að íslensku landsliðsmennirnir vissu að Íslendingar eru að verða búnir að kaupa alla skapaða hluti í Damörku nema einn pylsuvagn á Ráðhústorginu og Litlu hafmeyjuna. Þeir virtust bera óttablandna virðingu fyrir andstæðingunum, nema Jóhannes Karl sem var kominn með gult spjald upp á vasann eftir þrjár mínútur.

FIMMTUDAGUR, 7. SEPTEMBER

Að koma fram nakinn

Ég held það hafi verið Egill vinur minn Stuðmaður sem söng hérna um árið að allt væri til vinnandi fyrir frægðina - nema að koma fram nakinn.

Þessa skynsamlegu reglu braut ég í dag.

Jón Ársæll hefur ótrúlega fortöluhæfileika. Guði sé lof að hann er ekki í pólitík.

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Sæktu þér þekkingu – sæktu þér aukinn styrk

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

// Tímastjórnun og skipulagning
hefst 12. sept.

// Greining ársreikninga
hefst 18. sept.

// Excel 2000 II –- fjármál og rekstur
hefst 26. sept.

AUKA NÁMSKEIÐ vegna mikillar aðsóknar

Nánari upplýsingar og skráning í síma 525 4444 og á endurmenntun.is

// AÐ VAXA OG DAFNA
Endurmenntun uppfyllir þarfir fólks hvort sem það vill auka möguleika sína á vinnumarkaði, styrkja sig í starfi, svala forvitninni eða einfaldlega skemmta sér konunglega.

sími 525 4444
www.endurmenntun.is

H:N markaðssamskipti / SÍA

FJÖLSKYLDU-HÁTÍÐ SPK

SPK býður til stórskemmtilegrar fjölskylduhátíðar á 50 ára afmælisári!

Á morgun sunnudaginn
10. september
frá kl. 15-17

fyrir utan þjónustustað
Sparisjóðs Kópavogs
við Hlíðasmára 19

Frábær skemmtiatriði

- Bríet Sunna og Ingó Idolstjörnur mæta og syngja nokkur vel valin lög
- Kristín Inga og Kristjana, vinningshafar söngkeppni SAMFÉS 2006, taka lagið
- Klettur og Lukka úr söngleiknum Hafið Bláa skemmta yngstu krökkunum
- Grillaðar pylsur, gos, popp og afmæliskaka í boði fyrir gesti
- Andlitsmálun og hoppukastali fyrir krakkana
- Allir krakkar fá blöðrur frá Króna og Krónu

Kynnir hátíðarinnar er Jóhann G. Jóhannsson

MUNIÐ AÐ KOMA MEÐ LUKKUMIÐANN!
Króni og Króna draga út einn heppinn vinningshafa sem fær **100.000 kr.** gjafabréf sem gildir fyrir flug og hótel.

spk
50 ár í Kópavogi

Tómas Schalk Sóleyjarson, 4 ára

Tomma finnst skemmtilegast þegar hann má velja í leikskólanum. Þá velur hann að kubba eða leika með pleimó. Tommi ætlar að verða flugmaður þegar hann verður stór. Tommi gengur til góðs í dag með pabba sínum og systur.

Lucias Mafukeni, 4 ára

Lucias missti móður sína fyrir skömmu úr alnæmi og býr hjá afa sínum og ömmu. Hann kemur í leikskólann þegar hann getur, en stundum er hann of veikur til að mæta. Lucias finnst allt sem hann lærir í skólanum skemmtilegt.

Freyja Sól Kjartansdóttir, 3 ára

Freyja Sól gefur mömmu sinni stundum bleikan koss á morgnana. Henni finnst best að vera heima að púsla eða leika við Sigrúnu Freyju, vinkonu sína, og hún ætlar að verða hafmeyja þegar hún verður stór. Freyja Sól og mamma hennar ætla að ganga til góðs í dag.

Patricia Katalwa, 6 ára

Patricia missti báða foreldra sína úr alnæmi árið 2001 og hefur búið hjá móðursystur sinni síðan. Hún er frekar feimin, en finnst gaman að vera í leikskólanum með öllum hinum börnunum. Patricia ætlar að verða kennari þegar hún verður stór.

Bjarni Björnsson, 6 ára

Bjarni býr með mömmu sinni og pabba og litlu systur í Grafarvoginum. Honum finnst Batman betri en Superman og ætlar að verða slökkviliðsmaður eða leikari þegar hann verður stór. Bjarni gengur til góðs með fjölskyldu sinni í dag.

Úlfar Smári Jónsson, 5 ára

Úlfari Smára þykir skemmtilegast að klifra í trjám og vera í ævintýraleikjum eins og risaeðluleik. Hann ætlar að verða slökkviliðsmaður þegar hann verður stór. Úlfar Smári ætlar að ganga til góðs í dag með mömmu sinni og bróður.

Maria Charles, 6 ára

Maria missti móður sína úr alnæmi árið 2001 og hefur búið hjá ömmu sinni síðan. Henni finnst skemmtilegast að læra, dansa og syngja og fer fyrir leikskólasystkinum sínum í leik og starfi. Maria ætlar að verða læknir þegar hún er orðin stór svo hún geti hjálpað öðrum sem eiga um sárt að binda.

GÖNGU

Göngum til góðs

Söfnunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu opna kl. 10.00

101 Ráðhús Reykjavíkur
103 Austurver
104 Laugardalslaugin
105 Kjarvalsstaðir
107 Vesturbæjarlaugin
109 Félagsmiðstöðin Hólmasel
110 Árbæjarlaug
111 Breiðholtslaug
112 World Class Spönginni
112 Grafarvogslaug
113 Ingunnarskóli
170 Sundlaug Seltjarnarness
200 Sjálfboðamiðstöð Kópavogsdeildar, Hamraborg 11
200 Snælandsskóli
200 Digranesskóli
200 Sundlaug Kópavogs
200 Sundlaugin Versalir
200 Smárinn – íþróttahús Breiðabliks
210 Garðabæjardeild RKÍ, Garðatorgi
220 Sjálfboðamiðstöð Hafnarfjarðardeildar, Strandgötu 24

Upplýsingar um söfnunarstöðvar á landsbyggðinni í síma 570 4000 og á www.redcross.is

Sjálfboðaliðar: Munið eftir persónuskilríkjum!

SAMSKIP

Samskip kosta birtingu auglýsingarinnar

Fíton/SÍA FÍ016177

Helga Guðmundsdóttir, 23 ára

Helga er sjálfboðaliði í Kópavogsdeild Rauða kross Íslands, svokallaður heimsóknarvinur. Í vetur heimsótti Helga eldri konu vikulega og langveik börn í Rjóðrinu í Kópavogi í sumar. Helga er að læra hjúkrunarfræði og fyrir tveimur árum var hún sjálfboðaliði á barnaspítala í Höfðaborg í Suður-Afríku. Hún stefnir að því að vinna við hjálparstörf í framtíðinni. Helga ætlar að ganga til góðs með vinkonu sinni í dag.

Rose M'manga, 23 ára

Rose gekk í Rauða krossinn fyrir 4 árum og er umsjónarkona með heimahlynningu í þorpinu Nkalo þar sem hún heldur utan um hóp sjálfboðaliða. Faðir Rose lést úr alnæmi fyrir nokkrum árum og hún býr með systur sinni. Rose þurfti að hætta í skóla en er ákveðin í að byrja aftur núna þegar hún hefur efni á að borga skólagjöld.

Chikumbutso Stafford, 5 ára

Chikumbutso missti pabba sinn úr alnæmi en býr með mömmu sinni og systkinum. Hann langar að verða lögreglumaður þegar hann verður stór.

Jean Macheso, 45 ára

Jean býr í þorpinu Nkalo og er formaður sjálfshjálparhóps Rauða krossins fyrir alnæmissmitaða. Hún missti eiginmann sinn úr alnæmi árið 2003 og stuttu síðar greindist hún sjálf jákvæð. Jean hefur unnið að því að eyða fordómum í garð alnæmissmitaðra og að sem flestir fari í alnæmispróf til að fá aðgang að lyfjum ef þeir þurfa.

Hólmfríður Árnadóttir, 67 ára

Hólmfríður vann lengst af sem framkvæmdastjóri stéttarfélaga en settist nýverið á skólabekk og nemur nú sagnfræði við Háskóla Íslands. Hólmfríður hefur alla tíð haft brennandi áhuga á öllu sem viðkemur mannréttindum og umhverfisvernd og verið virk í margvíslegu félagsstarfi því tengdu. Hún ætlar að ganga til góðs í dag ásamt nokkrum afkomenda sinna.

Hallgrímur Kjartansson, 7 ára

Hallgrími finnst skemmtilegast að leika sér í frímínútunum í skólanum, en líka í heimilisfræði og tölvum. Hann ætlar að verða hnífagerðarmaður í Sviss eða Afríku þegar hann verður stór. Hallgrímur gengur til góðs með fjölskyldu sinni í dag.

M TIL GÓÐS Í DAG

SÖFNUNARSÍMINN

907 2020

Landssöfnun Rauða kross Íslands 9. september 2006

Í dag stendur Rauði kross Íslands fyrir landssöfnun undir kjörorðunum „Göngum til góðs". Fjöldi sjálfboðaliða munu ganga í öll hús á landinu og safna framlögum. **Söfnunin er tileinkuð börnum í sunnanverðri Afríku, sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis.** Söfnunarféð verður nýtt óskert til að bæta líf þeirra.

Rauði krossinn biður um aðstoð þína í dag. Þátttaka þín getur verið með þrennum hætti:

1. **Gakktu til góðs**
Húsin á landinu eru mörg – því þarf marga sjálfboðaliða, til að ganga í hús í einn eða tvo klukkutíma.

2. **Verum viðbúin heimsókn**
Öll framlög eru vel þegin.

3. **Hringdu í 907 2020**
Ef þú verður ekki heima í dag, eða hefur ekki handbært fé þegar sjálfboðaliði heimsækir þig, getur þú hringt í Söfnunarsímann **907 2020**. Þá færist 1.200 kr. framlag á næsta símareikning.

Rauði kross Íslands
www.redcross.is

ADAM SANDLER FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1966

„Gamanleikur minn er mismunandi í hvert einasta skipti sem ég leik. Ég hef eiginlega ekki hugmynd um hvað ég er að gera.“

Adam Sandler, sem hefur m.a. leikið í Billy Madison og Happy Gilmore, er fertugur í dag.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 9. SEPTEMBER 1956

Elvis hjá Ed Sullivan

Á þessum degi árið 1956, eða fyrir akkúrat fimmtíu árum, kom Elvis Presley fram í bandaríska sjónvarpsþættinum Toast of the Town hjá Ed Sullivan.

Presley, sem þá var talinn rísandi stjarna, söng lögin Don´t Be Cruel og Hound Dog. Presley hafði í öðrum sjónvarpsþáttum og á tónleikum hneykslað áhorfendur með kynæsandi mjaðmahnykkjum sínum. Fyrir vikið hafði Sullivan lýst því yfir að hann myndi aldrei leyfa Presley að syngja í þætti sínum. Snerist honum þó hugur þegar hann sá hversu vinsæll kóngurinn var orðinn.

Með frammistöðu sinni í þætti Ed Sullivan varð Presley endanlega að stórstjörnu í Bandaríkjunum og þótt víðar væri leitað. Átti sú stjarna eftir að skíra skært allt þar til hann lést árið 1977.



ELVIS PRESLEY Konungur rokksins kom fram í þætti Ed Sullivan fyrir fimmtíu árum.

MERKISATBURÐIR

- **1208** Víðinesbardagi í Hjaltadal er háður. Í bardaganum falla tólf menn, þar á meðal Kolbeinn Tumason.
- **1877** Þingeyrarkirkja er vígð, en Ásgeir Einarsson alþingismaður lét reisa hana.
- **1905** Sogsbrúin er vígð að viðstöddu fjölmenni.
- **1942** Bresk flugvél brotlendir í kartöflugarði við hús í Elliðaárdalnum.
- **1956** Elvis Presley kemur fram í sjónvarpsþætti Ed Sullivan í Bandaríkjunum. Talið er að fimmtíu milljónir hafi horft á þáttinn.
- **1969** Ho Chi-Minh, kommúnistaleiðtogi í Víetnam, er jarðsunginn í Hanoi.

AFMÆLI

Eyþór Gunnarsson tónlistarmaður er 45 ára.

Þorri Hringsson, myndlistarmaður og vínunnandi, er 40 ára.

Margrét Kaaber leikkona er 30 ára.

ÚTFARIR

- **11.00 Ragnar Heiðar Guðmundsson,** Hafnargötu 32, Siglufirði, verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju.
- **11.00 Guðmundur Friðrik Vilhjálmsson** verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju.
- **13.00 Þórður Ásgeirsson,** Baughóli 10, Húsavík, verður jarðsunginn frá Húsavíkurkirkju.
- **14.00 Lára Steinunn Einarsdóttir** verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

Otis Redding söngvari 1941

Michael Keaton leikari 1951

Hugh Grant leikari 1960

Adam Sandler leikari og grínisti 1966

KJARTAN ÓLAFSSON: 60 ÁRA AFMÆLI HAGAMELS FAGNAÐ MEÐ VEGLEGRI GÖTUVEISLU Í DAG

Samheldið samfélag í Vesturbænum

Á þessu ári er Hagamelurinn sextíu ára og í tilefni af því ætla fyrrverandi og núverandi íbúar götunnar að efna til mikillar götuveislu í dag sem hefst klukkan 17. „Við byrjuðum að skipuleggja hátíðina fyrir ári síðan og undirbúningurinn hefur gengið vonum framar. Það sýnir hversu mikil samheldni er meðal íbúa hér í götunni og það eru allir tilbúnir til að leggjast á eitt til að gera þessa hátíð sem glæsilegasta,“ segir Kjartan Ólafsson, íbúi í götunni og einn af skipuleggjendum Hagamelshátíðarinnar.

Ekki nóg með að gatan sjálf eigi merkisafmæli því Melaskóli fagnar einnig sextíu ára afmæli á þessu ári, Melabúðin góðkunna er fimmtíu ára og Vesturbæjarlaugin er 45 ára. Það eru því mörg merkisafmæli í nágrenninu og Kjartan segir marga hafa lagt hátíðinni lið og að á dagskránni séu skemmtiatriði fyrir unga sem aldna. Hoppukastali, tónlistaratriði sem stjórnað er af Jóni Ólafssyni tónlistarmanni og Guðna Franzsyni, en þeir búa báðir í götunni. Kjartan segir marga fræga hafa búið í götunni og að hans sögn hafa stærstu kvikmyndajöfrar landsins, þeir Sigurjón Sighvatsson, Friðrik Þór Friðriksson og Hrafn Gunnlaugsson allir alist upp í þessari götu.

Mikil glímumenning er á Hagamelnum og á morgun verður boðið upp á glæsilega glímusýningu frá Glímudeild Knattspyrnufélags Reykjavíkur. „Ég held að allir litlir strákar sem ólust upp í þessari götu á svipuðum tíma og ég hafi æft íslenska glímu og nú er sonur minn að æfa. Það er aldrei að vita nema maður stígi á stokk og sýni nokkur vel valin spor,“ segir Kjartan hlæjandi.

KJARTAN ÓLAFSSON Einn af skipuleggjendum á Hagamelshátíðinni sem haldin er í dag í tilefni af 60 ára afmæli götunnar. Hann segir að ef fólk prófi að búa við götuna vilji það helst aldrei fara. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hagamelur 8 nýtt hús Einars Bárðarsonar

Kjartan segir að það sem geri Hagamelinn frábrugðinn öðrum götum bæjarins sé að gatan er eins og lítið samfélag í Vesturbænum. Á Hagamelnum heilsast allir eins og í litlu þorpi út á landi. „Ég ólst upp í þessari götu og flutti svo af henni í smá tíma en um leið og ég sá að það var íbúð til sölu hér fyrir mörgum árum þá stökk ég á tækifærið. Hér er best að búa og það má eiginlega segja að þetta sé svona klisja: einu sinni smakkað, þú getur ekki hætt. Það koma allir aftur hingað sem hafa prófað að búa hér einu sinni. Elstu íbúar götunnar hafa búið hér í öll þessi sextíu ár.“

Að sögn Kjartans voru það nokkrir litlir hópar af póstmönnum, bankafólki, vélstjórum, prenturum og lögreglumönnum sem byggðu fyrstu húsin á Hagamelnum á sínum tíma og er það ein af ástæðum þess að samheldnin var mikil meðal fyrstu íbúa götunnar og hefur haldist síðan.

„Ég vona bara að veðurguðirnir verði góðir við okkur og að sem flestir sjái sér fært um að mæta, enda verða hér glæsilegar veitingar og frábærar uppákomur. Einnig verða myndir frá gömlum tímum og þó að maður búi ekki í götunni þá er þetta skemmtilegt fyrir gesti og gangandi,“ segir Kjartan að lokum.

alfrun@frettabladid.is

†

Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför hjartkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Hjalta Ólafs Jónssonar
Skúlagötu 20, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Halldóra Þ. Sveinbjörnsdóttir
Ragna Kristín Hjaltadóttir
Jón E. Hjaltason — **Sigríður Alda Sigurkarlsdóttir**
Vignir S. Hjaltason
Snorri Hjaltason — **Brynhildur Sigursteinsdóttir**
Lilja Hjaltadóttir — **Kristinn Örn Kristinsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

Síðasti dagur sveitamarkaðar

Síðasti dagur sveitamarkaðarins í gamla sláturhúsinu við Laxá í Hvalfjarðarsveit er á morgun. Markaðurinn hefur verið opinn alla sunnudaga í sumar en fer nú í frí.

Á sveitamarkaðinum er til sölu heimaframleiddur varningur af ýmsu tagi, svo sem matvara, fatnaður, handverk, skartgripir, jurtakrem og skrautmunir.

Að sögn kunnugra hefur markaðurinn verið vel sóttur í sumar og skemmtileg stemning hefur skapast við sölubásana og í kaffihúsi sem starfrækt er í kjallara hússins. Að sjálfsögðu er þar boðið upp á eðal heimabakstur.

„Markaðurinn er kærkomið nýtt lífsmark í Hvalfjarðarsveit og vonandi kominn til að vera,“ segir Jóhanna Harðardóttir í Hlésey. „Ferðalangar sem annars hafa ekið í gegnum sveitarfélagið eftir þjóðvegi eitt án þess að stoppa hafa nú áð

MARKAÐSSTEMNING Bæði heimamenn og ferðalangar hafa sótt sveitamarkaðinn í Hvalfjarðarsveit heim í sumar og jafnan hefur verið góð stemning þar.

við bakka Laxár og gefið sér tíma til að kynnast staðnum, fólkinu og verkum þess og margir heimamenn heimsækja markaðinn reglulega til að fá sér hátíðarkaffi eða kíkja á nýjungar í básunum.“

Síðasti dagur markaðarins er sem fyrr segir á morgun en þá verður gert hlé á rekstri hans. Stefnt er að því að opna jólamarkað í húsinu í lok nóvember.

Betri leið í Interneti

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM23339

NÝTT • NÝJAR ÁSKRIFTARLEIÐIR Í INTERNETI

Betri leið í Interneti

Góður
NETIÐ 1 Mb
4 GB niðurhal**
og 1 Mb/sek
3.990 kr. á mán.

Betri
NETIÐ 2 Mb
6 GB niðurhal**
og 2 Mb/sek
4.990 kr. á mán.

Bestur AUKINN HRAÐI
NETIÐ 8 Mb
Ótakmarkað niðurhal
og allt að 8 Mb/sek***
5.990 kr. á mán.

Langbestur AUKINN HRAÐI
NETIÐ 12 Mb
Ótakmarkað niðurhal
og allt að 12 Mb/sek***
6.490 kr. á mán.

Miklu meira innifalið!

Skjárinn*, Safnið, Öryggispakki og Tölvuvari í öllum Betri leiðum í Interneti hjá Símanum

- **Safnið**
  Örugg geymsla fyrir ljósmyndir og önnur stafræn gögn
- **Öryggispakki Símans**
  Ein öflugasta vírusvörnin á markaðnum
- **Tölvuvari Símans**
  Staðsetur tölvuna ef henni er stolið
- **Skjárinn**
  Sjónvarp og bíó heima í stofu í bestu mögulegu myndgæðum
  Þú velur þínar stöðvar og greiðir á sama hátt og áður

Farðu á siminn.is og kynntu þér allar nánari upplýsingar um Betri leiðir Símans
Skráðu þig í Betri leið á sölustöðum Símans um allt land eða í síma 800 7000

Kynntu þér skilmálana á siminn.is

*Myndlykill fyrir Skjáinn og uppsetning fylgir ADSL hjá Símanum gegn 12 mánaða samningi **Umframnotkun gjaldfærist samkvæmt verðskrá ***Ef tæknilega mögulegt

800 7000 - **siminn.is**

Tolli í Tíbet

Myndlistar- og ævintýramaðurinn **Tolli** kom nýlega heim eftir mikla reisu til Tíbet. Tolli, sem undanfarin ár hefur ræktað garðinn sinn með aðferðum búddisma, segir þetta hafa verið einskonar pílagrímsför og mögnuð reynsla.

„Þann 1. ágúst hélt ég, ásamt fjórtán öðrum Íslendingum, til Peking. Við vorum á vegum Langferða sem skipulögðu ferðina ásamt sænskum aðilum í samstarfi við vináttufélag Íslands og Kína," segir Tolli og kemur sér fyrir í frásagnarstellingar. Tolli er sögumaður af guðs náð og veitist honum auðvelt að segja undan og ofan af magnaðri ferð sinni. Hópurinn fór til Tíbet, fyrsti íslenski hópurinn sem þangað fer, þó íslenskir ferðalangar hafi komið þangað áður.

Ægikraftur Kína í átt til neyslusamfélags

„Hópurinn samanstóð af fólki sem hefur ein eða önnur tengsli við Kína. Margbreytilegur hópur á ýmsum aldri og úr ýmsum áttum. Þarna var meðal annars ljóðaþýðandi sem þýtt hefur japönsk og kínversk ljóð yfir á íslensku, athafnamaður frá Shanghæ, manneskja sem hefur lært í Kína og þannig má áfram telja. Líta má á þetta sem „hard core" námsferð," segir Tolli. „Sem sagt ..."

Til að byrja með var dvalið í Peking – borg sem er að springa út sem ein materíalískasta borg heims. „Þar skynjar maður ægikraft Kína í átt til neyslusamfélagsins. Og sýnist sitt hverjum. Þarna standa byggingakranar eins og frumskógur."

Mikil áhrif á vaxtarbroddinn hafa komandi ólympíuleikar. Tolli segir algera sprengju hafa orðið í Seúl 1988 vegna leikanna þar og sjálfur varð hann vitni að gríðarlegum uppgangi í Berlín þegar byggður var nýr miðbær, Potsdammerplatz. En það sé ekkert í líkingu við gríðarlega uppbyggingu Kínverjanna.

Olnbogarými tíbetsks búddisma í Kína

Í Peking sótti hópurinn heim staði sem hafa með kínverska sögu að gera; Forboðnu borgina, Kínverska múrinn, keisaragrafir og sumarhöllina. „Sem og lamaklaustur sem hýsir tíbetskan búddisma í Kína."

Tolli bendir á að merkilegt sé hversu samofin saga Kína og Tíbet er og má rekja til sáttmála sem gerður var í kringum árið 700.

„Til að friða tíbetska kónginn Songsten Gampos, sem þá ríkti, var honum gefin kínversk brúður. Og er það til marks um hversu voldugt Tíbet var á þessum tíma.

En þó síðan hafi farið að halla undan fæti er tíbetskum búddisma veitt olnbogarými í kínversku samfélagi og má merkja það á ýmsan hátt. „En það er á grundvelli þessa sáttmála sem Kínverjar túlka sinn rétt til að halda Tíbet. Sumir segja að þetta hafi verið samningur við Mongóla en ekki Tíbet. Sem er önnur saga," segir Tolli sem augljóslega hefur sett sig rækilega inn í sögu Tíbet.

Ökufantar í Tíbet

Eftir fáeina daga í Peking var flogið með hópinn yfir til Tíbet.

„Þar beið okkar tíbetskur gæd. Veðraður og hress karl sem hefði allt eins getað verið hrossabóndi ofan úr Skagafirði. Tíbetar eru glaðlynt og opið fólk þó það hafi sinn djöful að draga. Þetta er ekki ríkt fólk, maður finnur að þarna er basl. En það er eitthvað þarna sem harmonerar við bóndann og sjómanninn á Íslandi. Maður kannast við sig þarna," segir Tolli.

Strax var lent með hópinn í 3.700 metra hæð í höfuðborginni Lhasa.

„Lhasa er barn síns tíma. Eldgömul borg byggð úr leir, tré og hálmi – þeim byggingarefnum sem náttúran gefur af sér. Og nú eru Kínverjarnir að veita verulega fjármuni í uppbyggingu þarna, leggja brýr, stíflur og vináttuhraðbrautina sem er glæfraleg til aksturs. Ágætur vegur þannig lagað. En þeir aka glannalega þarna. Liggja bara á flautunni og virðast svo vera með heilagan anda undir stýri. Ótrúlegt að ekki séu fleiri mannvíg á vegum úti. Tveggja akreina vegur. Ef þú ferð fram úr eru menn að koma á móti. Uppi á fjallabrúnum. Látið vaða. Mér stóð ekki á sama. Verð að viðurkenna það. Ekki um annað að ræða en að grípa í trúna og kyrja."

Fjallaveiki á jakuxahóteli

En nóg um það segir Tolli og lýsir því nú að strax við lendingu hafi gripið um sig fjallaveiki í hópnum. Menn fengu hausverk og var flökurt.

„Líkaminn er búinn að tapa töluverðu af því súrefni sem hann þarf að nota. Ég var þarna á jakuxahóteli á 3. hæð. Ágætt hótel. En þar taka menn bara eina hæð í einu og kasta svo mæðinni. Sumir voru lengur en aðrir að jafna sig. Þetta er sú hæð sem menn nota til að jafna sig áður en farið er á hærri fjallatinda."

Í háfjallaloftinu skín sterk sól enda Lhasa stundum kölluð borg sólarinnar.

„Maður merkir það á fólkinu sem er eins og skóleður í framan af sólinni og þessu þunna lofti, markerað fólk."

Brennt jakuxasmjör og mulið bygg

Við svo búið tók við stíf dagskrá en hópurinn sótti heim helstu helgistaði tíbetsks búddisma. Reynsla sem búddistinn Tolli lýsir sem stórkostlegri.

„Þarna eru klaustur, skrín og styttur sem eru ein helgustu kennileiti búddisma í heiminum. Staðir allt frá árinu 600-700 sem enn eru virkir helgistaðir í trúarathöfnum búddista víða að úr heiminum. Snemma að morgni var maður með heimamönnum sem voru að færa fórnir: jakuxasmjör sem er brennt. Auk þess brenna menn mulið bygg sem fóður fyrir guðina á himnum uppi. Búddismi í Tíbet rennur saman við Bön sem er sjamanismi (trú á stokka og steina og anda). Úr þessu verður flókinn, myndrænn og dramatískur heimur. Sem er kallaður tíbetskur búddismi. Það kennir ýmissa grasa þó kjarninn í búddisma sé alltaf jafn tær og fjallalækur og aðgengilegur öllum. Hann litast af þeim menningarsvæðum þar sem hann skýtur rótum. En full virðing á milli. Lagar sig að eins og vatn formi."

Bænagjörð með heimamönnum

Tolli segist iðka búddisma sér til sáluhjálpar. Og því var þessi dvöl í einu helgasta vígi þeirra trúarbragða honum mikils virði.

„Það var magnað að krjúpa í bænagjörð með heimamönnum í andrúmslofti mettuðu af reykelsi, sóti af jakuxasmjöri og undir tónuðu raddir munkanna. Ég fann fyrir aldanna rás og tímaleysi trúarinnar. Dramatískt og magnað að taka þátt í þessu."

> *„Þar skynjar maður ægikraft Kína í átt til neyslusamfélagsins. Og sýnist sitt hverjum."*

Þrátt fyrir raðir fengu ferðamennirnir skjótan aðgang að klaustrum. „Þarna er vaxandi túrismi, mest Kínverjar, einhvern veginn verða þeir að ná sér í aura, en þetta eru heilagir staðir og ferðamönnum sýnt umburðarlyndi. Einhvern veginn gengur þetta upp."

Pótalahöllin, sumarhöll Dalai Lama, hefur þróast meira út í að vera ferðamannastaður en helgur. Sá Dalai Lama sem þekkastur er (Tenzin Gyatso) er nú persona non grata, hvorki nefndur né af honum myndir í Tíbet. En Panchen Lama er viðurkenndur sem trúarleiðtogi þar núna. Sjö ára gamall. Og myndir af honum og forvera hans um allt.

„Við heimsóttum helgistað hans, klaustur uppi í fjöllunum," segir Tolli.

Allir á hnén

Tolli rekur ævintýralega för hópsins til fjalla þar sem landslagið minnti á hið íslenska, fjöll og auðn, nema sinnum tíu. Og dulúð yfir öllu.

„Við fórum á Land Cruiser jeppum eins og um Sprengisand. Jökulár og og gróðurleysi hálendisins minnti mjög á hið íslenska. Við heimsóttum þorpið Gyantse og klaustrið Kumbum sem er frægt fyrir arkítektúr: Sambland af nepölskum og og tíbetskum arkítektúr. Þarna voru gamlar kastalarústir frá því að Tíbet var konungsríki. Virki upp á klettum. Alltaf var tekið vel á móti okkur af bændum og munkum. Strákarnir sem keyrðu jeppana voru hressir gaurar eins og íslenskir utan að landi. En ruku inn í klaustrin sjálfir og báðust fyrir þegar tækifæri gafst. Trúin er massív þarna. Enginn hégómi. Þó þú eigir jeppa og farsíma ferðu á hnén."

Aðspurður um sjálfstæðisbaráttu Tíbeta segir Tolli ljóst að Kínverjarnir séu komnir til að vera í þessu landi. Sjálfstæðisbaráttan sé miklu virkari utan Tíbet en innan landsins. „Ég held að frjáls Tíbet sé utan raunveruleikans. Þetta er frekar spurning um að varðveita menningu og sögu innan ríkisheildar Kína. Það er raunhæft. Einhvers konar sjálfsstjórn sem slær skjaldborg um menningu og sögu."

Lík fyrir fugla og beinin brennd

Ákveðið var að fara í Ganden, klaustur eitt sem er í yfir 4 þúsund metra hæð. Áður voru þar 3.000 munkar en eftir uppreisn þeirra þar ákváðu Kínverjar að takmarka fjöldann þar. Menningarbyltingin, sem var á sjöunda áratugnum, var náttúruhamfarir fyrir tíbesku þjóðina. Menningarverðmæti eyðilögð og 1,3 milljónir drepnar. Þjóðin telur nú 3,7 milljónir.

„Uppi í klaustrinu er lögreglustöð. Klaustrin eru oft eins og þorp. Þaðan gengum við fjögur saman upp á tind, í fimm þúsund metra hæð yfir sjávarmáli, til að hugleiða. Þarna sér maður bænafána á öllum tindum. Níutíu prósent af öllum útförum Tíbeta er himnaför. Líkin eru sett á fjallseggina fyrir fugla sem kroppa kjöt af beinum. Svo er beinunum safnað saman eftir ströngum reglum, þau brennd og gengið snyrtilega frá. Þetta hefur alltaf þótt sérstakt



Gamli tíminn og nýi í Lhasa

Gamli tíminn og nýi renna nú saman í eitt í Lhasa – höfuðborg Tíbet. Þetta má glöggt sjá á markaðnum þar sem boðið er upp á matvæli eins og tíðkast hefur frá örófi alda auk þess sem seldir eru DVD diskar og ungir Tíbetbúar fara um á mótorhjólum og tala í farsíma. Lhasa er oft nefnd höfuðborg pílagríma. Íbúar borgarinnar eru aðeins tvö hundruð þúsund og búa í 3.595 metra hæð yfir sjávarmáli. Að grunni er Lhasa og híbýli þar byggð af innfæddum úr því sem náttúran gefur af sér. En Kínverjar veita mikla peningum í uppbyggingu og eru þær byggingar og mannvirki nýtískulegri.

TOLLI Í FIMM ÞÚSUND METRA HÆÐ Víða á tindum Tíbet er að finna bænafána en tíbetsk útför er himnaför. Líkin lögð fyrir fuglana.

og villimannlegt af Tíbetum. En þetta er nú bara öðruvísi útfærsla á því að koma sálinni yfir. Hvort sem það er með fuglum eða í pokaskjatta með sálinni hans Jóns míns."

Að öðlast trúarreynslu

Ferðin stóð í rúman hálfan mánuð og Tolli segir alveg mega kalla þetta pílagrímsför. Þó hann telji sig nýliða á sviði búddisma. „Ég er ekkert að draga úr áhuga mínum á þessum efnum. Hann hef ég mikinn og hef haft um árabil. Hef verið að lesa og lesa. Nýverið tók ég að iðka búddisma en hann snýst ekki um teoríur og utanbókarlærdóm. Alltaf að efast og ganga ekki að neinu sem gefnu. Fyrst fer maður inn í ritúal, hugleiðslu og bænagjörð. Þá í að tilheyra samfélagi sem iðkar þetta. Svo í framhaldi að öðlast trúarreynslu."

Tolli segist laga andlega reynslu sína að búddisma. „Sannarlega hef ég orðið fyrir andlegri reynslu í því lífi sem ég hef lifað. Sú andlega reynsla byggist fyrst og fremst á mistökum mínum. En reynsla mín harmonerar við það þegar menn eru að tala um þjáningu og lausn. Og „what it's all about".

„Magnað að krjúpa í bænagjörð með heimamönnum í andrúmslofti mettuðu af reykelsi, sóti af jakuxasmjöri og undir tónuðu raddir munkanna. Ég fann fyrir aldanna rás og tímaleysi trúarinnar."

Sá sem fattaði dæmið

Búddismi þekkir engin landamæri og tengist engri þjóðerniskennd heldur sammennskum skilningi og sammennskri reynslu segir Tolli:

„Þess vegna er búddisminn sem leið til andlegs lífs öllum opinn. Þú getur verið kristinn búddisti. Ekkert vandamál.

Búdda er ekki nafn á manni heldur lýsing á ástandi: Hinn uppljómaði. Siddhartha Gautama, gaurinn sem fattaði dæmið, sagði: Ég er bara mennskur maður. Fyrst ég gat öðlast þetta getið þið það líka. Búddismi er sums staðar flókinn trúarheimur en annars staðar eins einfaldur og tær fjallalækur úr fjallinu í sveitinni heima."

jakob@frettabladid.is

TÍBETSKIR MUNKAR Tolli segir það magnað að fylgjast með trúarhita í Tíbet, ekki síst hjá munkum sem takast á um trúarleg álitamál.

NÝ & BETRI

3 spennandi námskeið framundan

Ný og betri námskeið Sumarferða hafa fengið frábærar viðtökur enda tilvalið að tengja sólríkar utanlandsferðir við gefandi lærdóm. Þaulvanir leiðbeinendur sjá til þess að ferðalangarnir fái sem allra mest út dvölinni.

Byggðu upp líkama og sál 17.–24. október

Nýr og betri lífsstíll

Afslappandi og uppbyggjandi lúxushótelinu Princesa Yaiza. Yfirskrift ferðarinnar er Nýr og betri lífsstíll, þar sem reyndir leiðbeinendur halda skemmtileg námskeið. Hugsaðu þér bara, heil vika af leikfimi, yoga, slökun, fyrirlestrum, thainuddi, dansleikfimi og fleiru. Hvergi er betra að segja streitunni stríð á hendur og endurskapa eigin persónu en í ljúfu haustvævintýri á Lanzarote. Settu þig í fyrsta sætið og bókaðu strax.

Bjargey Aðalsteinsdóttir

Sóley Jóhannsdóttir

Verð: 77.500,- 17.–24. október 2006

m.v. 2 saman í svítu. Innifalið í verði: Flug, skattar, gisting með morgunverði, námskeið og námskeiðsgögn.

Nýr og betri dans!

Nýr og betri dans er heitið á vikunámskeiði fyrir pör með áherslu á hreyfingu og gleði. Innifalið í verði er gisting á stórglæsilegu fimm stjörnu hóteli. Markmiðið er að njóta lífsins með dansi, rómantík og góðum mat. Námskeiðið leiða Theodóra Sæmundsdóttir og Jóhann Örn Ólafsson danskennarar og Bjargey Aðalsteinsdóttir íþróttafræðingur. Síðast seldust sætin upp hratt svo það er um að gera að dusta rykið af dansskónum og bóka fljótt.

Ógleymanleg paraferð 24.–31. október

Verð: 75.148,- 14.–31. október 2006

m.v. 2 saman í svítu. Flug, skattar, gisting í svítu á glæsihótelinu Princesa Yaiza. Morgunverður, námskeið og skoðunarferð innifalin.

Ný og betri kona!

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

Hin geysivinsælu námskeið fyrir konur í umsjón Bjargeyjar Aðalsteinsdóttur í samvinnu við Dale Carnegie á Íslandi.

Vikuferð til að styrkja sjálfa þig 1.–8. febrúar 2007

SUMAR FERÐIR – ERU BETRI EN AÐRAR!

www.sumarferdir.is

Sími 575 1515

MasterCard www.kreditkort.is Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

Fíton / SÍA

- Barnabækur
- Handbækur
- Kiljur
- Ritsöfn
- Ættfræðibækur
- Ævisögur
- Skáldverk
- Unglingabækur
- Ljóðabækur

LAGERSALA

Komdu og gerðu frábær kaup!

Ekki missa af ævintýralegum tilboðum á sívinsælum bókum!

199 kr.

399 kr.

599 kr.

799 kr.

999 kr.

Sparaðu þúsundir króna!

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

- Listaverkabækur
- Fræðibækur
- Stórvirki

LA EDDU

OPIÐ alla daga kl. 11-19

Fellsmúla 28 (gamla World Class húsið)

Við rýmum fyrir jólabókunum
Um 1500 bókatitlar undir 1.000 kr.

Frábær tilboð:



1. Allir sem versla á markaðnum fá vandaða bók í kaupbæti.

2. Öll börn sem koma á markaðinn fá gefins Andrésblað!

3. Þeir sem kaupa fyrir meira en 10.000 kr. fá bók eftir David Attenborough í kaupbæti.



Glæsilegt opnunartilboð, **Eldgos** með 50% afslætti. Takmarkað magn, fyrstir koma fyrstir fá.

BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!

Edda

MYND/AFP



Áfengisneysla á Íslandi hefur aukist um 75 prósent á undanförnum aldarfjórðungi. Fréttablaðið rýndi í hvernig drykkjumynstur þjóðarinnar hefur þróast undanfarin ár.

Kamapakát þjóð

Ef til vill er það til marks um góðæri undanfarinna ára að síðan á aldamótum hefur sala á freyðivíni dregist saman á meðan æ fleiri kaupa hið eina sanna - og dýrara - kampavín. Í fyrra drukku Íslendingar rúmlega 136 þúsund lítra af freyðvíni, sem er um ellefu þúsund lítrum minna en árið 2000. Á sama tímabili hefur kampavínsdrykkja aukist um rúmlega átta þúsund lítra, úr þrettán þúsund lítrum árið upp í rúmlega 21 þúsund í fyrra.

Stórsókn púrtvínsins

Púrtvín verður seint kallað drykkur unga fólksins. Engu að síður hefur sala á því aukist um nærri því 40 prósent á aðeins áratug. Í fyrra drukkum við rúmlega 23 þúsund lítra af púrtvíni en árið 1993 voru það tæpir 17 þúsund lítrar.

Góðglaðir Íslendingar

Árið 1980 keyptu Íslendingar – og drukku líklega – 2,6 milljónir lítra af áfengi úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Af því magni voru rúmlega 70 prósent sterkt vín, restin léttvín. Í fyrra keyptum við hins vegar tæplega 22 milljónir lítra af áfengi úr vínbúðum landsins. Sem þýðir að áfengisneysla á Íslandi hafi aukist um 740 prósent á tímabilinu.

Afnám bjórbannsins árið 1989 skýrir að mestu leyti neysluaukninguna, en sala á bjór og léttvíni hefur aukist ár frá ári á kostnað sterkari drykkja. Sé hins vegar eingöngu litið til seldra alkóhóllítra kemur í ljós að á sama tímabili hefur neyslan aukist úr 716 þúsund lítrum árið 1980 upp í 1,6 milljónir lítra í fyrra. Það er rúmlega 130 prósenta aukning á hreinu alkóhóli. Sú tala tekur aftur á móti ekki tillit til mannfjöldaþróunar. Þegar það er gert kemur í ljós að árið 1980 drakk hver landsmaður um þrjá alkóhóllítra á ári. Aldarfjórðungi síðar drakk hver landsmaður að 5,2 alkóhóllítra að meðaltali, sem segir okkur að hrein áfengisneysla miðað við íbúafjölda hefur aukist um 75 prósent hér á landi. Til samanburðar má nefna að árið 1980 drakk hver Íslendingur 228 lítra af mjólk á ári en árið 2004 drukkum við um 180 lítra að meðaltali.

Bjórinn ber höfuð og herðar yfir aðrar áfengistegundir, bæði hvað hreina alkóhóllítra snertir, hvað þá heildarmagn. Í fyrra seldust um 17 milljón lítrar af bjór í vínbúðum landsins, sem er um 80 prósent af heildarmagni. Bjórinn hafði lítil áhrif á sölu sterkra vína fyrstu árin eftir að hann var leyfður en heldur dró úr sölu léttvína í kjölfar þess. Upp úr 1992 varð hins vegar breyting þegar léttvínið fór að sækja í sig veðrið á kostnað þess sterka. Síðan þá hefur sala á bjór og léttvíni aukist ár frá ári en sala á sterku víni að sama skapi dregist saman.

Rauðvínið er vín vínanna í ríkinu. Í fyrra seldust rúmlega tvær milljónir lítra af því í vínbúðum hér á landi sem, er um 70 prósenta aukning frá árinu 2000. Þótt sala á hvítvíni hafi á sama tíma aukist um tæp 80 prósent, er það ekki hálfdrættingur á við það rauða og seldist í rúmlega 934 þúsund lítrum í fyrra. Á hæla hvítvínsins koma rósavín og freyðivín.

Af sterku vínunum dregur vodkinn vagninn með tæplega 314 þúsund seldum lítrum í fyrra. Það er þó af sem áður var því fyrir ekki nema áratug keyptu landsmenn 435 þúsund lítra af vodka.

Á meðan sala á flestum sterkum víntegundum dregst saman vekur athygli að sala á gini var meiri í fyrra en fyrir fimm árum. Þá sækja koníak og brandí líka í sig veðrið; um 70 þúsund lítrar runnu niður hálsa Íslendinga í fyrra, sem er um 20 þúsund lítrum meira en í fyrra.

bergsteinn@frettabladid.is

Hluffall bjórs, léttvíns og sterkra drykkja af heildarneyslu miðað við selda alkóhóllítra á hvern íbúa

Heimild: Hagstofa Íslands



Alkóhóllítrar á mann, 15 ára og eldri, á Norðurlöndunum árið 2004

Heimild: Hagstofa Íslands



* tölur frá 2003

Betri vínmenning

HILDUR PETERSEN Telur að hægt sé að beina vínneyslu í réttan farveg með fræðslu og jákvæðri kynningu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hildur Petersen, stjórnarformaður ÁTVR, telur að þrátt fyrir 75 prósenta aukningu á neyslu áfengis undanfarin 25 ár, hafi drykkjusiðir Íslendinga batnað. „Á sínum tíma voru margir hræddir við að ef bjór yrði leyfður myndi dagdrykkja stóraukast og fólk myndi jafnvel byrja að drekka í vinnunni. Í dag sjá allir að þær hrakspár hafa ekki ræst. Fyrir 25-20 árum fjölgaði veitingastöðum í borginni verulega, sem hafði mikil áhrif á þróun mála. Áður var það litið hornauga ef einhver leyfði sér svo mikið að fá sér léttvínsglas með hádegismatnum. Í dag þykir það ekki tiltökumál, enda tel ég að fólk geri svo sem ekki mikið af því almennt."

Hildur telur að með fræðslu og jákvæðri kynningu megi stýra áfengisneyslu þjóðarinnar í góðan farveg. „Það hefur ÁTVR til dæmis reynt að gera undir slagorðinu: Lifum, lærum og njótum. Þar er fólk hvatt til að drekka áfengi í hófi og sér til ánægju."

Hildur játar að hún verði vissulega fyrir vonbrigðum með hvernig sumir meðhöndla vín, til dæmis ungt fólk sem er að byrja að drekka. „Ungt fólk er meira fyrir sætt bragð og drekkur gjarnan sterkt vín blandað út í gos. Því getur verið laus höndin þegar það blandar drykkinn, með þeim afleiðingum að hann verður of sterkur. Þess vegna fannst mér það jákvæð þróun þegar áfengir gosdrykkir komu á markað hér á landi, því þar er búið að blanda drykkinn í ákveðnum hlutföllum," segir Hildur sem býst við því að sala á sterku víni muni halda áfram að dragast saman á næstu misserum.

Dettum enn þá í það um helgar

RAFN M. JÓNSSON Íslendingar detta enn í það um helgar og telur hann fáa drekka eingöngu þegar þeir eru úti að borða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rafn M. Jónsson, verkefnisstjóri áfengis- og vímuvarna Lýðheilsustöðvar, segir að áfengisneysla hér á landi sé komin yfir heilbrigðismarkmið ríkisstjórnarinnar. Í ljósi aukins kaupmáttar og framboðs af áfengi kemur honum þessi aukning á vindrykkju ekki á óvart.

„Hins vegar höfum við meiri áhyggjur af drykkjumynstri en lítrafjöldanum. Íslendingar eru þekktir fyrir að drekka mikið í einu, þannig að afleiðingar drykkju birtast frekar í slysum en beinum sjúkdómum." Í löndum á borð við Spán og Ítalíu, sem margir vináhugamenn líta á sem fyrirmynd betri drykkjusiða, segir Rafn að heilbrigðisstéttir séu uggandi yfir þróun mála. „Þar sjá menn fram á að ofan á dagdrykkjuna eru menn farnir að þjóra líka um helgar og það veldur áhyggjum."

Rafn bendir á að í neyslukönnun sem Lýðheilsustöð gerði árið 2004 komi fram að hin klassíska helgardrykkja Íslendinga sé enn til staðar. „Við dettum ennþá í það um helgar og ég held það séu ekki sérlega margir sem fá sér aðeins stöku sinnum léttvínsglas þegar þeir eru á veitingastað.

Rafn telur að umræðan um áfengi sé ekki jafn langt á veg komin hér á landi og umræðan um tóbak. „Ólíkt tóbakinu eru skaðleg áhrif áfengis ekki viðurkennd, sem birtist til dæmis í því að hvað það er erfitt að sporna við áfengisauglýsingum."

Óljós mörk hófdrykkju og ofdrykkju

EINAR THORODDSEN LÆKNIR OG VÍNSMAKKARI

Einar Thoroddsen, læknir og vináhugamaður, telur að drykkjusiðir hér á landi hafi verið að skána. „Ég hef tekið þátt í þessu að mestu leyti sjálfur," segir hann í gamni. „Ég held að drykkjan hafi verið að jafnast út vikuna þannig að þetta eru ekki hreinar helgardrykkjur eins og áður fyrr. Hin svokallaða vínmenningarbylgja hefur verið í gangi öll þessi ár og hefur haft sín áhrif, til dæmis hjá ungu fólki sem fyrir vikið hefur skipt út sterka víninu fyrir léttvín og bjór."

Hvort 75 prósenta aukning á áfengisneyslu sé áhyggjuefni segir Einar það velta á lifrinni. „Hún annar sjö grömmum af alkóhóli á klukkustund en sé henni ofgert koma fram lifrarsjúkdómar. Þeir voru aldrei algengir á Íslandi, að minnsta kosti ekki vegna alkóhóls, og eru það ekki ennþá eftir því sem ég best veit. Ég býst heldur ekki við að neyslan eigi eftir að aukast í sama hlutfalli, frekar en ævilengd manna."

Einar segir erfitt að segja til um hvar mörk hófdrykkju og ofdrykkju liggi; það fari eftir hverjum og einum. „Sumir þola lítið og hætta ávallt snemma heilsunnar vegna meðan aðrir þola mikið. Þetta er tvíbent því sumir segja að mikið þol búi til alkóhólista vegna þess að þeir bremsa sig ekki af. Eins og líkamann vanti viðvörunarbjöllu. Ég man eftir gömlu rónunum í Bankastræti sem fóru með ljóð. Þeir gátu þambað sleitulaust dögum saman en kunnu samt sem áður sinn Einar Ben."

ALLT HITT

[BÍLAR FERÐIR]

Stórafmælissýning Brimborgar á Akureyri byrjar klukkan 11 í dag. Um þessar mundir eru tíu ár síðan Brimborg hóf starfsemi á Akureyri. Allir þeir sem vilja fagna þessum tímamótum með Brimborg eru hjartanlega velkomnir á milli klukkan 11 og 16 í dag og á milli klukkan 12 og 16 á morgun, sunnudag. Boðið verður upp á kaffi og kleinur.

Ferðamálaráðstefnan verður haldin 16. nóvember á Hótel Loftleiðum. Meginþema ráðstefnunnar að þessu sinni eru gæðamál í ferðaþjónustunni. Gæði eru ein af meginstoðunum í Ferðamálaáætluninni 2006-2015 og forsenda frekari vaxtar er að íslensk ferðaþjónusta sé samkeppnishæf í gæðum.

Café Flóru verður lokað fyrir veturinn. Síðasti opnunardagur kaffihússins verður á morgun sunnudag.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 9. september, 252. dagur ársins 2006.

	Sólarupprás	Hádeigi	Sólarlag
Reykjavík	6.32	13.25	20.16
Akureyri	6.13	13.10	20.04

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Þröstur tók Bimmann til kostanna á hraðbrautunum Evrópu í fyrrasumar og segir aksturseiginleikana í algerum sérflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Og golan kyssir kinn

Að aka um á BMW blæjubíl og láta goluna leika um kinn - það er Þröstur Þór Höskuldsson rafeindavirki alveg hæstánægður með.

„Ég hef átt dýrari bíla en þessi er sá besti. Það er svo gaman að keyra hann. Fjöðrunin fín og hann togar vel þó hann sé á lágum snúningi," segir Þröstur Þór þegar hann sýnir blaðamanni BMW-inn sinn sem er sportbíll af árgerð 2004. Hann telur algeran misskilning að blæjubílar henti ekki veðráttunni á Íslandi og segir frágangin svo góðan að blæjan sé eins og hús. Svo kveðst hann taka hana niður að meðaltali annan hvern dag yfir sumarið. „Þegar mótorhjólaveður er þá er líka gott að vera á opnum bíl og ná sér í lit," segir hann glaðlega.

BMW-inn hans Þrastar er eðalvagn, leðurklæddur að innan og á 18 tommu felgum. Hann keypti hann nýjan úr kassanum og er búinn að eiga hann í tæp þrjú ár. Í fyrrasumar kveðst hann hafa farið í fimm vikna ferð um Evrópu á gæðingnum og telur vandfundinn betri ferðabíl. „Farangursrýmið er stórt, öryggisbúnaðurinn fullkominn og aksturseiginleikarnir í algerum sérflokki – það er að segja á malbiki, á malarvegum er hins vegar best að halda sig á 20-30 kílómetra hraða," segir hann brosandi. Þótt krafturinn sé góður í 231 hestafla vélinni segir Þröstur bílinn ekki eyða nema 11-12 lítrum á hundraði á sæmilega grimmri keyrslu og hafa farið niður í sjö. Hann dreymir samt um að setja í hann blásara og koma kraftinum með því í 350 hestöfl. „Ég er ákveðinn í að eiga bílinn áfram," segir hann og bætir við: „B&L umboðið er líka svo gott."

gun@frettabladid.is

BMW –Z4 ROADSTER 2004
6 strokka vél með 24 ventla
231 hestafl
6 gíra beinskipting
3.07 afturdrif án LSD
Kældir bremsudiskar ABS DSC
0-100 km 5,9 sek.

Ný tegund bílbelta

GÆTU LEYST AF HÓLMI ÞRIGGJA PUNKTA BELTI EN VERÐA EKKI TILBÚIN Í FRAMLEIÐSLU Á NÆSTU ÁRUM.

Ein tegund nýju bílbeltanna sem Ford er að skoða, svokallað belta og axlabandabelti.

Þegar Ford 250 Super Chief hugmyndabíllinn var kynntur á dögunum voru það öryggisbeltin sem vöktu hvað mesta athygli.
Þar gaf að líta uppblásanleg belti, sem og fjögurra punkta hönnun sem líkist einna helst belti og axlaböndum. Hvorutveggja er liður í viðleitni Ford til að finna arftaka þriggja punkta beltanna sem hafa verið staðallinn í bílaiðnaðinum síðan 1974.
Enn eru mörg ár í að þessi tækni rati í framleiðslu en Ford er líka að gera tilraunir með öryggisbelti með innbyggðum árekstrarpúða.
Þrátt fyrir allan þann öryggisbúnað sem hefur litið dagsins ljós á undanförnum árum eru það ennþá bílbeltin sem bjarga flestum lífum, fleirum en allur annar búnaður til samans. Í Bandaríkjunum einum koma þau í veg fyrir 15.200 dauðsföll á ári og í hvert sinn sem notkunartölur þeirra hækka, fækkar banaslysum.

LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið sunnudagskvöldið 10. september,
kl.19 á Hótel Sögu, Súlnasal

Boðin verða upp um 110 verk,
þar á meðal fjöldi verka gömlu meistaranna.

Verið velkomin að skoða verkin í Galleríi Fold, Rauðarárstíg 14,
í dag kl. 11–17, á morgun kl. 12–17
Hægt að nálgast uppboðsskrána á netinu: www.myndlist.is.

Gunnlaugur Scheving

Gunnlaugur Blöndal

Kristján Davíðsson

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

Góð mynstur á dekkjum eru bráðnauðsynleg í rigningunni.

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Grænn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU Þjónusta · HONDA Þjónusta · NISSAN Þjónusta

Minkaðu bensín og/eða dísel kostnaðinn um 7-14 % með MPG-CAPS töflum.

Hafa verið notaðar í USA í um 40 ár og kosta 1/3 af verðum hér á landi. Stykkið kostar aðeins 130 kr ísl. Stærri töflur eru notaðar á trukka, rútur, vörubíla, vinnuvélar og stærri tæki. Töflurnar smyrja vélarnar á sérstakan hátt þannig að þær endast mun lengur. Einnig er til sérstakur vökvi sem sparar 10% af eldsneyti.

Upplýsingar í síma: 897-2853
e-mail: great4car@hotmail.com
Veffang: miracle4u.myffi.biz

allt tíska
Alla fimmtudaga

REYNSLUAKSTUR

Bíllinn er sérstaklega fallegur og alls ekki of stór. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öruggur og þægilegur jaxl

Reynsluakstur Jeep Grand Cherokee Limited frá Sparibíl.

Talsvert mikið er lagt upp úr því að sameina kosti innanbæjarbíls og utanbæjarjeppa með hinum nýja Jeep Grand Cherokee Limited. Þegar sest er upp í bílinn og hurðinni lokað er fátt sem gefur til kynna að maður aki jeppa, fyrir utan það hversu hátt maður situr. Leðuráklæðin, steríógræjurnar og lúgan gera bílinn ríkmannlegan að innan, og á maður jafnvel erfitt að sjá fyrir sér annað en konur í dragt og menn í jakkafötum aka um á slíkum bíl. það er þó mikil blekking því bíllinn er fyrst og fremst jeppi sem kemur manni nánast hvert sem er. Og þegar fólk hefur skipt út sparigallanum yfir í fjalldressið er meðal annars hægt að taka upp gólfið á skottinu og snúa teppalögðu hliðinni niður og grófri plasthlið upp, svo að menn geti óhræddir hent þangað inn blautum skóm og eða drullugum útivistarbúnaði án þess að hafa áhyggjur af því að rústa teppið.

Quadra drive II, skynvæna sídrifið, er tölvustýrt og sér til þess að bílinn eigi ekki í nokkrum vandræðum með að keyra á ólíku undirlagi, auk þess sem hann er búinn spólvörn og stöðugleikakerfi. Í bílnum er 218 hestafla 3,0 L Mercedes Benz dísilvél, og þó ekki sé komist hjá því að í henni heyrist, fer lítið fyrir henni og lætur hún ekki mikið á sér kræla nema gefið sé vel í. Auðvelt er að skipta yfir í lága drifið og vélin erfiðaði ekki mikið þótt ekið væri upp bratta og grýtta brekku eða í djúpum blautum sandi. Getur maður því ímyndað sér að hann ætti auðvelt með að klifra upp stærri og meiri brekkur, eða vera með hjólhýsi eða kerru í togi. Undirvagn bílsins er vel varinn með góðum hlífum, ekki einu sinni minnsti smásteinn ætti að komast þar inn. Sem er nokkuð gott því það bætir fyrir hversu lágur bíllinn er, miðað við aðra jeppa.

Fimm þrepa sjálfstýringin er afar þægileg og svörun hennar góð.

Að innan er bíllinn allur mjög smekklegur og þægindi mikil. Rými í aftursæti er gott og er auðvelt er að koma börnum þar fyrir í bílstól og sjá þau vel út. Eitt af því sem blaðamaður var sérstaklega hrifinn af, var að hægt er að stilla hæð pedalanna, svo að lágvaxnir þurfi ekki að sitja næstum klesstir við stýrið til að ná niður. Auk þess er hægt að forstilla sæti og pedala og geyma í minni bílsins, og jafnvel tengja það við minni býllykilsins. Þannig að þegar bílinn er opnaður með lykli-inum, fer sætið í þær stillingar sem lykillinn segir til um. Ekki var þó auðvelt að átta sig á því hvernig átti að stilla þetta, og þarf að styðjast við leiðbeiningar frá framleiðanda.

Bíllinn er útbúinn skriðstilli, sem hentar sérstaklega vel þegar ekið er út fyrir bæinn. Afar auðvelt er að nota það í akstri og léttir það mjög á bensínfætinum þegar ekið er eftir löngum vegi án þess að stoppa. Stýrisvörun var nokkuð góð og helst bíllinn mjög vel á veginum, jafnvel þegar ekið er niður Kambana á góðum hraða. Enda fjöðrunin lipur og mjúk.

Fyrir jeppa af þessari stærð, er Jeep Grand Cherokee Limited á sanngjörnu verði. Hann er öruggur og þægilegur jaxl sem nýtist við ólíkar aðstæður og hentar bæði einstaklingum og fjölskyldufólki vel.

kristineva@frettabladid.is

JEEP GRAND CHEROKEE LIMITED

Vél: 3,0 L CRDI Túrbó dísil/510 Nm
Eyðsla, bl.akstur: 10,2 L/100 km
0-100 km/klst: 9 sek.
Þyngd: 2.210-2.310
Farangursrými: 978 - 1.909 lítrar

Plús
Þægilegur í akstri
Öruggur
Mjög gott sídrif
Pedalar og sæti stillanleg í hæð

Mínus
Afturendanum hættir að renna til á hörðu og grýttu undirlagi
Erfitt að setja sætisstilllingar í minni án leiðbeininga

Verð á prufubíl: 5.490.000 kr.-5.790.000 kr.

Hægt er að kaupa 6 diska geislaspilara með bílnum , sem fellur vel að allri innréttingu.

Stýrið er létt og þægilegt og auðvelt að stilla sætin í rétta hæð.

Gott rými er í skottinu og mikið af krókum svo hægt sé að festa hluti. Auk þess er hægt að snúa botninum við ef flytja á drulluga eða blauta hluti.

Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Rólegheit í rigningunni

Þegar rignt hefur viðstöðulaust í Reykjavík í þrjá daga kemur eiginlega aðeins tvennt til greina; það er kominn vetur. Eða sumar. Eða haust eða vor. Allt í lagi, það kemur þá fernt til greina. Það borgar sig sem sagt ekki að pakka niður pollagallanum hér fyrir sunnan bara þó að maður fletti dagatalinu framhjá hinum eða þessum mánuðinum.

Rigningin getur verið bæði góð og slæm. Mér finnst hún til dæmis fín afsökun fyrir því að þrífa ekki bílaflotann. Líka í sól því þá finnst mér ekki taka því, það verður örugglega rigning á morgun. Svo getur hún líka verið ágætis áminning um að það sé kominn tími til að skipta um þurrkublöð, og enginn vill nú vera tekinn með rúðuþurrkubuxurnar niður um sig!

En það versta við rigninguna, fyrir utan að þurfa að vera í pollagallanum, er kannski hvað göturnar verða hættulegar. Eitt af lykilatriðum þess að hægt sé að keyra bíl er að hann hafi einhverja tengingu við veginn, helst meiri en minni, og hún getur minnkað eða horfið alveg í rigningu.

Blautt malbik er hált malbik og getur í verstu tilfellum haft sömu áhrif á aksturstefnu bíls og ísing. Trúið mér, ég á brotna felgu og vinnufélaga sem þorir ekki upp í bíl með mér aftur, máli mínu til sönnunar.

Enn hættulegra er þegar pollar ná að myndast, til dæmis í hjólförum. Flestir hafa örugglega lent í því að keyra í smá poll á malbiki, heyrt vélina byrja að snúast hraðar en detta aftur niður þegar dekkin finna malbikið aftur. Kannski kemur þá líka pínu hnykkur á bílinn, því hann hefur verið byrjaður að breyta um stefnu.

Þetta gerist af því að billinn planar vatnið, það er að segja hann flýtur ofan á því. Öfgakenndustu dæmin um slíkt þekkjum við úr torfærunni og vélsleðasportinu, þegar fólk keyrir bókstaflega ofan á vatni, frekar en að sökkva í það, sökum hraða. Gallinn við að plana polla á vegum úti er að maður missir í raun tímabundið stjórn á bílnum, að minnsta kosti að hluta því þau dekk sem fljóta ofan á vatnspúðanum hvorki beygja né bremsa eins og til er ætlast.

Góð rigningardekk eru hönnuð til þess að hleypa vatni hratt í gegnum raufar á mynstrinu, þannig að vatnspúðinn nái síður að myndast. Engu að síður er í raun bara eitt hægt að gera til að forða bílnum frá því að fljóta. Munið þið eftir því hvað gerðist ef torfærubílarnir fóru ekki nógu hratt yfir vatnið? Mikið rétt, það besta í stöðunni er að hægja á sér og taka því rólega.

Þetta gæti tekið tíma

Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?
Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!
*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

AÐEINS Í TAKMARKAÐAN TÍMA

LÚXUS Á EINSTÖKU VERÐI

Lúxus bílar á einstöku verði í takmarkaðan tíma.

Dæmi um bíla á staðnum þann 07.09.06

BMW 325I
Nýskr: 04/2004, 2500cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 23.000 þ.
Verð áður: 3.850.000
Verð nú: 3.050.000
RY-751

BMW X5
Nýskr: 08/2003, 4600cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 58.000 þ.
Verð áður: 7.690.000
Verð nú: 6.150.000
PZ-866

BMW X5
Nýskr: 12/2003, 2900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár,
Ekinn 53.000 þ.
Verð áður: 5.370.000
Verð nú: 4.550.000
PA-758

LAND ROVER DISCOVERY 3
Nýskr: 03/2005, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur,
Ekinn 99.000 þ.
Verð áður: 5.870.000
Verð nú: 4.850.000
LL-665

Allt að 100% fjármögnun í 84 mánuði.

LAND ROVER RANGE ROVER
Nýskr: 05/2002, 2900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn
110.000 þ.
Verð áður: 5.490.000
Verð nú: 4.550.000
OJ-340

MERCEDES S320
Nýskr: 03/2000, 3200cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn
50.000 þ.
Verð áður: 4.850.000
Verð nú: 3.650.000
UP-270

Land Rover Range Rover Vogue
Nýskr: 09/2003.
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur
Ekinn 50.000.
Verð áður: 7.650.000
Verð nú: 6.350.000
VA-038

Komdu í sýningarsal okkar að Grjóthálsi 1. Gott úrval af lúxus bifreiðum á einstöku verði í takmarkaðan tíma.

Grjóthálsi 1, Reykjavík 575 1230. Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og á laugardögum frá kl. 12 - 16.
Hrísmýri 2a, Selfossi 575 1460. Opið virka daga frá kl. 9:30 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 15.

575 1230

bíla land B&L notaðir bílar
Grjóthálsi 1
bilaland.is

Björn Ingi Knútsson flugvallarstjóri, Árni Sigfússon bæjarstjóri, Stefán Bjarkason, framkvæmdastjóri menningar-, íþrótta- og tómstundasviðs (MÍT), og Magnús Kristinsson, formaður Flugmódelfélags Suðurnesja, við opnun flugvallarins.

Stenst staðla fyrir heimsmeistarakeppni í módelflugi

Nýr flugvöllur Flugmódelfélags Suðurnesja var vígður formlega við Seltjörn á Ljósanótt.

Björn Ingi Knútsson, flugvallarstjóri Keflavíkurflugvallar, og Árni Sigfússon opnuðu völlinn en hann er sá stærsti sinnar tegundar á landinu. Félagið hefur síðustu áratugina haft aðstöðu í Grófinni í Keflavík en þurfti að víkja þaðan vegna breytinga sem gera þurfti á iðnaðarsvæðinu í Helguvík.

„Gamli völlurinn var grasvöllur og var orðinn einn sá besti á landinu. Þar voru þrjár brautir og sú lengsta um 200 metra löng. Það stóð til að við flyttum völlinn 1993 þangað sem hann er kominn núna, enda vorum við mjög nálægt Keflavík á gamla staðnum," segir Magnús Kristinsson, formaður Flugmódelfélags Suðurnesja.

Þau áform gengu þó ekki eftir og segir Magnús að sambúðin við félagið sem fékk aðliggjandi svæði úthlutað hafi ekki gengið upp. „Í vor var hins vegar ákveðið að svæðið þar sem gamli völlurinn var yrði tekið undir iðnaðarhverfi og þá þurftum við að fá nýjan völl. Bæjarstjórinn setti nefnd í málið sem vann hratt og vel og afhenti okkur aftur gamla svæðið og svæðið sem nágrannarnir voru með að auki."

RR verktakar sáu um framkvæmdina á nýja flugvellinum og styrktu hana jafnframt. Völlurinn var svo tekinn í gagnið, sem fyrr segir, á Ljósanótt hinn 2. september síðastliðinn. „Á vellinum eru tvær tíu metra breiðar malbikaðar brautir, önnur 116 metra löng og hin 104 metra. Þær standast báðar staðla til að halda heimsmeistarakeppni í módelflugi og svo er 115 metra grasbraut í framhaldi af þeirri lengri, þannig að við erum með 230 metra braut í það heila," segir Magnús.

Nýi völlurinn séður úr lofti.

„Það hefur mikla þýðingu fyrir okkur að hafa völl áfram. Í dag eru um 25 meðlimir í klúbbnum og þeim fer fjölgandi, vonandi hratt eftir að við fengum svona flotta aðstöðu. Ég er búinn að vera í módelflugi sjálfur síðan 1992 og það er ekki langt síðan ég átti rúmlega þrjátíu vélar. Nú er ég með rúmlega tuttugu en það eru rúmlega hundrað vélar í klúbbnum," segir Magnús og bætir við að uppáhaldsvélar hans séu F-15 orrustuþota og B-25 vél úr seinna stríði sem hann er að smíða með félaga sínum.

einareli@frettabladid.is

Schumacher að hætta?

Þýsk blöð segja að hann muni gefa yfirlýsingu á morgun á Monza.

Formúluofurhetjan Michael Schumacher er hugsanlega að hætta keppni, að sögn dagblaðsins Bild og fleiri þýskra fjölmiðla. Fjölmiðlafulltrúi Schumachers vill hvorki játa þessu né neita en segir við Der Spiegel að Schumacher sjálfur muni svara spurningunni á sunnudaginn eftir ítölsku Formúlukeppnina á Monzabrautinni. Talsvert hefur verið spáð í framtíð Schumachers síðan keppnistímabili síðasta árs lauk, en úrslitin þá voru Ferrari-liðinu nokkur vonbrigði.

Michael Schumacher er öflugasti Formúlu eitt ökumaður allra tíma. Hann er nú 37 ára gamall og hefur keppt í Formúlu eitt í fimmtán ár og sjö sinnum sigrað, oftar en nokkur annar.

Nú eru fjórar lotur eftir af keppnistímabilinu og Schumacher gæti vissulega enn staðið uppi sem sigurvegari þegar tímabilinu lýkur. Til þess þarf hann þó að ná Fernando Alonso, sem hefur forystuna eins og er með tólf stiga forskot á Schumacher.

(www.fib.is)

Michael Schumacher, sjöfaldur sigurvegari í Formúlu 1.

Vélfræði metanvéla kennd í Borgarholtsskóla

Metanökutæki eru til sýnis á opnu húsi í dag ásamt Volvo nýrra og liðinna tíma.

Á tíu ára afmæli Borgarholtsskóla, hinn 2. september síðastliðinn, skrifuðu fulltrúar Metan hf. og Borgarholtsskóla undir samkomulag þess efnis að skólinn kæmi upp kennslu í vélfræðum metanvéla. Er stefnt að því að kennsla geti hafist á vorönn 2007.

Samkomulagið felur meðal annars í sér að kennarar við bíliðnaðarbraut skólans munu afla sér þekkingar erlendis á slíkum vélum og mun Metan hf. standa straum af ferðakostnaði. Einnig munu Borgarholtsskóli og Metan hf. koma upp búnaði til notkunar við kennsluna auk þess sem viðhlítandi kennsluefni verður útbúið.

Hluti kennslunnar mun felast í því að breyta venjulegum bensínbíl í metanbíl og mun Metan hf. útvega ökutæki og búnað til slíks. Stefnt er að því að skólinn breyti að minnsta kosti einum bíl á hverju misseri og mun fyrsta ökutækið verða á vegum skólans og meðal annars ætlað til kennslu.

Síðan er ætlunin að Metan hf. útvegi ökutæki og búnað til breytinga, skólanum að kostnaðarlausu.

Með þessu móti verða nemendur bílaiðnaðarbrautar virkir þátttakendur í þróun íslensks samfélags í átt að nýju eldsneyti.

Verkefnið er styrkt af þróunarsjóði menntamálaráðuneytisins og Orkusjóði.

Í tilefni af opnu húsi í Borgarholtsskóla í dag, milli klukkan 14 og 15, verða nokkur metanökutæki til sýnis á staðnum. Þar verða líka til sýnis nýr Volvo XC90 jeppi og nýjasta gerð af bilanagreini, sem dæmi um nýjustu tækni og tölvubúnað til viðgerða. Til samanburðar hefur verið fenginn að láni Volvo 244 árgerð 1988, sem ekinn er 280.000 km, sem verður sýndur við hliðina á þeim nýja.

Á opnu húsi í dag verða metanökutæki til sýnis í Borgarholtsskóla en þar hefst á næstu önn kennsla í vélfræðum metanvéla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

BMW Z4 var stefnt á móti Porsche Boxster þegar ný útgáfa var sett á markað. Nú er komið að því að ráðast á Mazda.

Z2 gegn MX-5

Kemur á markað eftir fjögur ár hið minnsta, kannski með 300 hestafla vél.

Samkvæmt fréttum frá Þýskalandi stendur BMW hugur til að setja á markað blæjusportbíl, minni og ódýrari en Z4. Ætlunin er að taka við markaðsráðandi stöðu lítilla blæjubíla af Mazda MX-5.

Smáatriðin eru óljós en innanbúðarmenn segja að fyrst sé vonast bílnum, sem mun vera kallaður Z2, eftir fjögur ár, eftir útkomu nýs Z4 sem er áætluð 2009.

Líkt og tilfellið er með Z4 mun Z2 líklega notast að hluta til við íhluti sem þegar eru til fyrir 1- og 3 línurnar til að auðvelda hönnunina og halda kostnaði niðri. Því verður Z2 líklega framleiddur á sama stað og Z4, í Spartanburg í Suður-Kaliforníu.

Vélaúrval mun að öllum líkindum einskorðast til að byrja með við 1800- og 2000-mótora en í þróun er ný 2 lítra túrbóvél sem á að skila 300 hestöflum og ef hún gefur góða raun er líklegt að hún rati í sportbílana.

R-Type er með 197 hestafla vél og ýmsum auðkennum til að greina hann frá venjulegum Civic, eins og vindskeiðum og svo auðvitað rauða „R"-inu.

Nýr Civic R-Type

Frumsýndur síðar í mánuðinum, nær óbreyttur frá hugmyndaútgáfu.

Á bílasýningunni í París, sem hefst 28. september, mun gestum gefast kostur á að berja augum framleiðsluútgáfu nýrrar Hondu Civic R-Type, sem var sýnd sem hugmyndabíll fyrr á þessu ári.

Vélin verður sú sama og í fyrri útgáfunni, 197 hestöfl, en yfirbyggingin verður splunkuný Civic. Enn hafa ekki verið birtar myndir af endanlegri útgáfu en myndirnar sem hér sjást eru af hugmyndaútgáfunni og munu vera mjög nærri lagi.

Yfirbyggingin er sportleg fyrir en R-Type útgáfan er algjör þota.

Íslensk hönnun er ekki bara fyrir ferðamenn. Kíkið við á Skólavörðustígnum og fjárfestið í fallegum hlutum.

Skíðaferð
til Saalbach - Hinterglemm
27. janúar – 1 vika / 3. febrúar – 1 vika / 27. janúar – 2 vika

Saalbach - Hinterglemm er oft nefnt skíðaparadís Alpanna og hefur verið valið eitt af 10 vinsælustu skíðasvæðum Austurríkis. Gist verður á 4 stjörnu hóteli í þorpinu Hinterglemm. Hótelið er vel staðsett í jaðri bæjarins, rétt við skíðalyfturnar. Fararstjórar dvelja allan tímann á hótelinu og skipuleggja daglegar ferðir um skíðasvæðið. Innifalið er hálft fæði og rútuferðir til og frá flugvelli.

Fararstjórar: Sævar Skaptason & Guðmundur K. Einarsson

Verð: 123.970 kr. á mann í tvíbýli í 1 viku
Verð: 182.400 kr. á mann í tvíbýli í 2 vikur

Spár - Ragnheiður Ingunn Ágústdóttir

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR



Sérblað um mat og vín
Fylgir Fréttablaðinu
14. september

Yfir 158.000 lesendur daglega*

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
við Ruth Bergsdóttur | 550 5876 | ruth@frett.is

FRÉTTABLAÐIÐ
– vel lesið

* Meðallestur 12-80 ára, Gallup maí 2006

Willi og Doris við komuna til Reykjavíkur. Þau ætla að koma aftur að ári og bæta þá enn fleiri kílómetrum við þá ellefu þúsund sem þau hafa þegar lagt að baki. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ellefu þúsund kílómetra á hestbaki um Ísland

Willi Kilwing og Doris Koch koma árlega til Íslands til að fara í hestaferð um íslenska náttúru. Eftir síðustu ferð þeirra um landið núna í ágúst höfðu þau lagt að baki ellefu þúsund kílómetra á hestbaki.

Eftir margra daga ferð um hálendi Íslands náði blaðamaður Fréttablaðsins tali af Willi og Doris, sem höfðu örstutta viðdvöl á gistiheimilinu Flóka áður en þau voru drifin ásamt ferðafélögum sínum í Bláa lónið.

„Ég fór í fyrsta sinn í ferð með Íshestum árið 1988 og hef komið hingað á hverju ári síðan þá, stundum einu sinni og stundum tvisvar. Við erum öll haldin Íslandítisveikinni," segir Doris og hlær hjartanlega. Willi og Doris kynntust fyrst í hestaferð árið 1989 og eru hluti af stærri vinahópi sem hefur myndast í ófáum hestaferðum um landið.

Willi kom í fyrsta sinn til Íslands árið 1984, þá með eiginkonu sinni. Ástæðan var áhugi þeirra á hreinni náttúru Íslands em Willi segir að lítið af slíku sé að finna í Þýskalandi. Í ferð sinni urðu þau fyrir ýmsum hremmingum, festust í ám og lentu í ævintýrum. Það varð þó ekki nóg til að hræða hann burt og kom Willi aftur þremur árum síðar með dóttur sinni og fór í sinn fyrsta reiðtúr á íslenskum hesti. Þau urðu yfir sig hrifin og síðan þá hefur Willi komið einu sinni til tvisvar á ári til íslands til að fara í hestaferð. Eitt árið kom hann meira að segja þrisvar sinnum. Dóttir hans hefur unnið á íslenskum bóndabæ og kann íslensku og því er öll fjölskyldan djúpt sokkin í Íslandsveiki.

Willi og Doris eiga bæði íslenska hesta í Þýskalandi. Doris á fjóra sem hún hefur ræktað sjálf. Hún lærði reiðmennsku á Íslandshestabúgarði í Þýskalandi og átti alltaf þann draum að eiga íslenskan hest og komast til Íslands. Þann draum lét hún rætast árið 1973 þegar hún kom til Íslands í fyrsta sinn.

Áhugi Willis á íslenska hestinum vaknaði eftir að hann kynntist honum á Íslandi en áður hafði hann riðið út á stórum hestum í Þýskalandi. Hann á nú meðal annars nokkra hesta hér heima og nokkra í útlandinu.

Þegar Doris og Willi fóru í ferð með Íshestum nú í sumar tóku þau saman hve langt þau hefðu riðið með félaginu á öllum þeim árum sem þau hafa farið í ferðir með því. Kom þeim saman um að ellefu þúsund kílómetrar væri ekki fjarri lagi. Þrátt fyrir það segjast þau aldrei verða leið á þessu. „Það líður jú alltaf eitt ár á milli og maður hlakkar alltaf til, bæði til hestaferðarinnar og einnig að hitta gamla kunningja. Maður þekkir orðið bændurna, fararstjórana og jafnvel hestana," segir Doris en í kringum ferðirnar hefur myndast allstór vinahópur sem heldur saman og hittist bæði hér á landi og erlendis.

„Það eru nokkrir hlutir í lífinu sem maður verður aldrei leiður á, til dæmis að borða og ríða út," segir hinn 66 ára Willi, sem vill nefna Húsey á Norðausturlandi sem eftirminnilegasta staðinn sem hann hefur komið á á Íslandi. Doris segist elska allt Austurlandið. „Maður ríður upp og niður, hver dagur er ólíkur þeim sem á undan gekk. Þar eru heitar laugar, jökullinn og allt sem einkennir Ísland," segir Doris dreymin og er staðráðin í að koma aftur að ári. Það ætti að vera auðvelt enda ákváðu Íshestar að gefa þeim Willi hvoru sína hestaferðina að eigin vali vegna þess áfanga að hafa riðið ellefu þúsund kílómetra með fyrirtækinu.

solveig@frettabladid.is

Skálinn í Þórsmörk verður opinn fram í október og verðir á staðnum. Sama gildir um Landmannalaugar.

Síðasta skálahelgin

Skálum Ferðafélags Íslands verður flestum lokað á næstu dögum og eftir það þarf að nálgast lykla á skrifstofu.

Þetta er síðasta helgin í sumar sem skálar í Hrafntinnuskeri við Álftavatn, Hvanngil og Emstrur verða opnir. Einnig eru skálarnir við Hagavatn og Hvítárnes opnir fram í miðjan september en þar eru engir skálaverðir. Sama er að segja um skálana í Þverbrekknamúla og Þjófadölum. Búið er að loka í Nýjadal og Norðurfirði. Hins vegar verða skálarnir í Landmannalaugum og Þórsmörk opnir fram í október og verðir á staðnum.

Flugfarþegum fjölgar

Farþegum sem fóru um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgaði um tæp tíu prósent í ágúst frá sama mánuði í fyrra.

Þeim sem ferðast um Flugstöð Leifs Eiríkssonar fjölgar alltaf frá ári til árs. Farþegum fjölgaði um tæp 10 prósent í ágúst frá sama tíma í fyrra, eða úr tæpum 245 þúsund árið 2005 í rúmlega 269 þúsund nú. Þó fækkaði þeim sem millilenda hér á landi á leið yfir Norður-Atlantshafið um 14 prósent en á móti kemur að farþegum til á frá Íslandi fjölgaði um tæp 15 prósent milli ára.

Alltaf fjölgar þeim sem fara um Leifsstöð.

Veiðisumarið
með Stefáni Jóni Hafstein

Fleiri veiðifréttir og heilræði við veiðar á www.flugur.is.

Sjóbirtingstíminn

Þá er september runninn upp, laxveiðiárnar lokast en við tekur sjóbirtingstíminn. Sigurður Pálsson, hönnuður sjóbirtingsflugu númer eitt, Flæðarmúsarinnar, er fjölfróður um birtinginn og notar ekki flóknar aðferðir. Hann segir að flugan eigi að fara hægt fyrir fiskinn, lætur hana venjulega reka á straumhraða eða dregur mjög hægt inn. En þreytist ekki á að prédika yfir mönnum að hafa sterkan taum. Það er nefnilega oft von á tröllum og 15-20 punda taumur engin ofrausn á straumflugurnar.

Munið: sjóbirtingur er silungur!

Sjóbirtingurinn er silungur, og hann nærist í ánum, andstætt laxinum. Sjógenginn urriði étur smálirfur og púpur ef klak er í gangi, og kemur upp í þurrflugur ef skilyrði eru hagstæð. Pálmi Gunnarsson bendir mönnum á að nota kúluhausa, púpur og þvíumlíkt á birtinginn, ekki bara straumflugur. Og þegar aðstæður leyfa veiðir hann á smálirfur þegar klak er í gangi. Hægt er að fá sjóbirtinginn upp í yfirborðstökur á stórar þurrflugur og bombera þegar hlýtt er. Og auðvitað gárubragð.

Niður með fluguna og hægt

Almenna reglan er samt að flugan þarf að fá að fara niður, og margir kjósa hægtsökkvandi enda eða þyngdar flugur til þess. Þetta er ekki vegna þess að fiskurinn vill ekki koma upp. En á haustin er oft kalt, og þá leggst fiskurinn frekar, og eins er sjóbirtingur ljósnæmur fiskur. Þess vegna borgar sig að vakna snemma ef maður á dag í birtingi, og taka fyrstu köstin þegar skíma dags kemur á himin. Veiðivon er síst um miðjan dag. Síðan þurfa menn að vera gallharðir í ljósaskiptunum og veiða alveg fram í harða myrkur! Ég tel að líkurnar á því að veiða síðustu 10 mínúturnar fram í myrkur séu a.m.k. tuttugufaldar miðað við hádegið.

Hvaða flugur?

Straumflugur: Black Ghost, Flæðarmús, Mickey Finn, Gray Ghost, Dentist og Rektor. Appelsínugulur Nobber er skæður og sá svarti, Kötturinn, oft baneitraður, og svo má heldur ekki gleyma einni eftirlætisflugu okkar á flugur.is, Wolly Worm, þótt sjálfur veiði ég aldrei á hana! Yfirleitt látnar sökkva vel og dregnar hægt. Stærðir: 2-10. Púpur: Héraeyra, Pheasant tail, Peacock, Montana og fleiri svartar, kastað andstreymis. Stærðir: 8-12. „Matarmiklar“ þurrflugur koma vel til greina. Túpur? Ja, því miður. Snældan hefur gert það gott í Tungufljóti.

Höfuðlitir eru svart, rautt og appelsínugult. Silfruð sílislíki hafa reynst stórvel. Og svo má ekki gleyma einni af nýjustu flugum Sigga Páls: Dýrbítinum. Sigurður segir að flugan sé í flokki mannskaðaflugna, en það eru þær flugur sem geta hreinlega gengið frá veiðimönnum vegna þess hve stóra fiska þær gefa.

Góða sjóbirtingsskemmtun! Stefán Jón.

Tvær ungar sjóbirtingsveiðistúlkur..

Haustferðir

fyrir eldri borgara 5. eða 12. okt.

Benidorm – viðbótargisting!

Hotel Mediterraneo – fjögurra stjörnu hótel með hálfu fæði.

Frá **84.990 kr.**
Netverð á mann í tvíbýli með hálfu fæði, 3 vikur á Hotel Mediterraneo, 5. eða 12. okt.
Innifalið í verði: Flug, skattar, gisting með hálfu fæði og íslensk fararstjórn.
Aukavika í boði.

Costa del Sol – nokkur sæti laus

Aquamarina – góð staðsetning og góðar íbúðir.

Frá **39.990 kr.**
Netverð á mann, m.v. 2 í stúdíó á Aquamarina, 5. eða 12. okt. í viku
Innifalið í verði: Flug, gisting, skattar og íslensk fararstjórn.
Aukavika í boði.

Ferðaskrifstofa Íslands

Tryggðu þér sæti í glæsilega haustferð

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Hafnarfjörður sími 510 9500 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ýmsar kynjaverur, sumar hverjar heldur ófrýnilegar að sjá, taka á móti gestum London Dungeon. MYND/LONDONDUNGEON

Í för með Kobba kviðristu

London Dungeon, eða Dýflissa Lundúna eins og það útleggst á íslensku, er fyrsta miðaldahryllingssafn veraldar helgað sögu glæpa og refsinga.

Í þessum dimmu og drungalegu grafhvelfingum, sem hýstu vörugeymslur á Viktoríutímabilinu, er boðið upp á heljarinnar skoðunarferð.

Farið er yfir algengar pyndingaraðferðir frá miðöldum, svo sem aflimanir og hengingar. Einnig er skýrt frá því hvernig glæpamenn voru soðnir lifandi upp úr logandi heitri olíu, þannig að ferðin hentar engan veginn viðkvæmum.

Þá er hægt að feta í fótspor Kobba kviðristu, eða Jack the Ripper, hlaupa eftir Svipugöngunum eða æpa um borð í Dómsdagsreiðinni. Þar að auki eru alls kyns pyndingartæki og -tól höfð til sýnis og skýrð út fyrir safngestum.

Safngestir geta komið sér fyrir í ýmsum pyndingartækjum en ættu ekki að láta sér bregða þótt draugar læðist upp að þeim. MYND/LONDONDUNGEON

London Dungeon er við Tooleystræti número 28 í London. Hægt er að fræðast betur um safnið á síðunni www.thedungeons.com.

roald@frettabladid.is

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAMIÐSTÖÐIN

Toyota Landcr. 120 GX 4/2005, ekinn 24þkm, sjálfskiptur, 33" dekk, filmur, dráttarkúla, Einn eigandi, verð 5.050.þ enginn skipti.

Bílamiðstöðin
Hyrjarhöfða 2, 112 Rvk.
Sími: 540 5800
www.bilasala.net

bifreiðasalan
Tangarhöfða 2 • 112 Reykjavík •
Sími 577 4400 • Fax 577 4401

KIA SPORTAGE árg 1996, ekinn 154 þús, sjálfskiptur ,verð 450 þús, TILBOÐ 290 þús. Símar 896 4650 og 663 0644

Bifreiðasalan
Tangarhöfða 2, 112 Reykjavík
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is

Bílalíf.is
Bilasala Matthiasar

Húsbíll Ford Transit Dísel, árg.1987, Svefnaðstaða fyrir 4 til 5, gaseldavél, gasmiðstöð, ísskápur, vaskur + rennandi vatn V. 580 þús. Möguleiki á að fá allt að 100% lánað. Upplýsingar í síma 562 1717 , sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
www.bilalif.is

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Til sölu er MMC Galant ES 2,4. 4/2005. Ekinn 16 þ mílur. Sjálfsk. Sumar/vetrardekk. Verð 2.490.000 kr. Áhvílandi 1.500.000 kr. Tilboð 2.100.000 kr stgr.

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is

bíla land B&L
notaðir bílar
www.bilaland.is
BÍLL DAGSINS

Renault Megane II Nýskr: 01/2005, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Rauður, Ekinn 38.000 þ. Verð 1.980.000

Bílaland, B & L
Grjóthálsi 1, 110 Rvk.
Sími: 575 1230
www.bilaland.is

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is

Dodge Ram SLT 2500 cumminsTD árg 3/2005 ekinn 37.þkm sjálfsk með stigbrettum og fl verð 3.950.000 til sýnis og sölu á Bílasölunni Bílfang.

Linconl Mark LT 5.4Triton árg. 3/2006 ekinn 8.þ.km Glæsilegur pickup m/öllu fáanlegum aukahlutum til sýnis og sölu á Bílasölunni bílfang. Leitin endar hjá okkur.

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

BÍLASALAN bíll.is

Til sölu M. Benz E 270 cdi árg. 11/2003, ek. 66 þús. Topplúga, álfelgur ofl. ofl. Upplýsingar í síma 577 3777 eða www.bíll.is

Bíll.is
Malarhöfða 2, 112 Rvk.
Sími: 577 3777
www.bill.is

BÍLASALAN HÖFÐAHÖLLIN
567-4840 og 660-0565
-Kletthálsi 2-

BMW 318 TOURING Árgerð 2001. Ekinn 88 þ.km. þúsund km. Áhvílandi kr. -1 þúsund, mánaðarleg afborgun kr. -1 þúsund. Verð kr. 1790.000.

Höfðahöllin
Kletthals 2, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.hofdahollin.is

LITLA bílasalan
www.litla.is
S. 587 7777

M.benz ml 350 3/2004 ekinn 49 ssk verð 4.490 þús. skipti á svartur Gullfallegur bíll. Góðir lánamöguleikar, bíll með öllu.

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 112 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

S P A R bíll

Nýr '06 Range Rover Sport V8 HSE. 300 hö. aukabúnaður yfir milljón, leður, DVD í hauspúðum, Harman/Kardon græjur, topplúga, læst drif, leiðsögubúnaður, hit í fram og aftursætum, ofl. ofl. Listaverð án aukahluta 10.150 þús. Okkar verð: 8.701 þús.

Sparibíll ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

100 bílar bílasala .is

Renault MEGANE, árg. 2005, ek.34þús. km, verð 1690þús.kr.

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-19 og laugardaga 12-17
www.100bilar.is

HEIMS BÍLAR
www.heimsbilar.is

MMC Galant GLSI V6 árg. 2002 ek. 73 þ.km Verð 1.890 þ. Ávílandi 1.550 þ. Afb. 29 þ. á mánuði Einn með öllu. Getum bætt bílum á plan og skrá. S. 567 4000.

Heimsbílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is

Bílar til sölu

Bílar og tæki til sölu. Það er hægt að skoða þá á heimasíðu okkar www.velamidstod.is eða hafa samband í síma 840 5735.

BMW X5 2002 ekinn 74000 km sjálfskiptur. Glæsilegur bíll hlaðinn aukabúnaði tilboð 3.9 milljónir s: 8212246

Toyota Corolla H/B, árg98, reykl., vetrad., ek.111.000, stgr.380.000, s:6986424

BMW 320d Diesel nýskr. 10/2002 Silfurgrár. Ekinn 62 þ.km. Þjónustubók, Toppeintak, verð 2.590 þús. Sími 897 9038.

Hyundai Tucson til sölu. árg.'05. Ek. 17 þús. 4*4. Verð 2.400 þús. Uppl. í s. 898 9493.

Kvartmílukeppni laugardaginn 9 sept. Keppni hefst kl 14.00. Skráning er fyrir kl. 23.00, föstudagskvöldið 8. sept í síma 848 8368 eða icesaab@simnet.is

Opel Corsa Árgerð 1998. Ekinn 109 þ. km. Verð 300 þús. S. 617 4536.



GMC Suburban árg.'85. 6,2 diesel, ek.163 þ. 44"br, er á 38". Uppl. í s. 897 0895.

Til sölu Skoda Octavia vRS Turbo árg. 2002 Uppl. í síma 898 5670. Bíllinn er á austurlandi.

Range Rover Vouge dísel '03 einn sá flottasti á götunni. Eyðsla aðeins 13L., loftpúða fjöðrun. Einn með öllu. Leður, hiti í öllum sætum, 2 stk TV, 7 diska cd, mjög góðar græjur. Verð 7.8 millj. Uppl. í síma 848 1775.

Subaru Impreza turbo árg. '03, ek. 57 þús., mikið af aukahlutum. Uppl. í s. 693 9907.

Suzuki Ignis skr. 24/01/05, ek. 6.400, ssk., 4wd, fjarstýrðar samlæsingar, rafstýrðir útispeglar, hiti í framsætum, heilsársdekk, álf., fæst með yfirtöku á láni. Greiðsla á mán. 26 þús. Uppl. í s. 867 1210.

Til sölu Dodge Ram 1500, árg. '95, ásamt vel búnu Fleetwood tracker, 8 feta, pallhýsi árg. '99. Svefnpláss fyrir 5, ísskápur, WC, heitt og kalt vatn. Vel með farið og lítið notað hús. Uppl. í síma 840 5765

Frábær skóla/bæjarbíll Yaris '05 samlitur, 4dyra, 1000 vvti, reyklaus og vel farinn. Listaverð 1370 þús. Ásett verð 1240 þús. Möguleiki á að yfirtaka lán 885 þús. og 350 þús. út. Greiðsla á láni 15 þús. á mán. Uppl. í s. 849 0672.

Toyota Corolla '87. Mikið yfirfarin og nýlega sprautaður. Uppl. í síma 846 9806.

Til sölu BMW 318i árg. 2001 ek. 102 þús. 5 gíra toplúga. 17"álfelgur einnig 15" nagladekk á álfelgum. Uppl. í síma 893 6858.

Micra árg. '97, ek. 150 þús., verð aðeins 90 þús. Uppl. í s. 894 2121.

Cadillac Seville Elegance árg. '88, Buick Skyhawk, ssk., ek. 50 þ. m. árg. '84. S. 863 8837.

130 út +yfirtaka
VW Polo 1400 comfort line árg.'00. Ek. 93 þ. Sk.'07. Álf. Cd. Lán 363 þ. Afb. 20 þ. á mán. S. 840 2145.

Dodge Stratus '04. Ek. 32 þús. mílur. V6. Rafmagn í öllu. Álf. Cd. Verðhugmynd 1850 þús. Áhv. 1200 þús. Ath öll skipti. Uppl. í s. 699 0506.

Subaru Legacy '98 ssk., dráttarkr., álf., sk. '07. Tilboð óskast. Uppl. í síma 896 4434, Magnús.

Breiðþota til sölu
Chrysler Concord 3,2. Ásett verð 1.380 þ. Tilboð 980 þ. Áhv. 600 þ. 25 þ. á mán. Ný heddpakkning, ný tímareim, nýjir demparar, upphækkaður, leður, sóllúga, sjálfskiptur. Uppl. í s. 840 2200.

Ódýrt 160 þúsund!
Hyundai Accent árg. '95 ek. 86 þús., ný tímareim, einn eigandi. Uppl. í s. 846 2010.

Ódýrt 130 þúsund!
Toyota Corolla Station 4x4 árg. '92 ek. 197 þús., ný tímareim, uppl. í s. 849 4930.

Acura TL. Árg. '04. Ek. 33 þús. 271hp. DVD audio, handf. sími, leður topplúga. Einstakur akstursbíll. Ásett V. 4,8m en selst hæstbjóðanda. S. 863 6696.

Grand Cherokee Limited árg. '03. leður, lúga, magasin, hlaðinn öllum mögul. búnaði. Ásett 2.850 þ. Selst hæstbjóðanda. S. 863 6696.

Subaru Impreza WRX Turbo 4WD 5/2004 ek 25 þ.km 5 gíra álfelgur CD Vel með farinn Tilboð 2,3 M S: 692-2157

Ford F 350 Lariat 6,0 Diesel árg 2005 ekinn 34þ km. 35" Breyttur ný dekk verð 3,3 + VSK. S 898-2811

7 manna VW Sharan diesel árg. '03, sk. '08. ek. 65þ. verð 2490 þ. áhv. 2.210 þ. Uppl. S. 892 8996.

Til sölu Rav4 nýr 02/06, dekurbíll, ek. 6 þ. Upphækkaður, dekk 245/65 17", gluggahlífar, dráttarbeisli. Verð 3.170 s. Frábært eintak. Bein sala. Uppl. í s. 820 0673 & 555 2395.

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is
ADEINS BETRI BILL !!
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími 567 2000

Til sölu Honda Crv '04 verð 2.590 þ, M.Bens e270 dísel '03, verð 4.590 þ, M.Bens e50 amg '97, verð 2.390. þ. Mazda 323 '95, þarfnast smá lagfæringa, nýskoðaður verð 90 þ. S. 691 4441.

Toyota Corolla 1.6 XLI árg. '93, sk. '07 til sölu á 150 þús. Uppl. í s. 661 0373.

Til sölu Subaru Forrester árg.'99. Ek. 122 km., ssk. Vel með farinn, toppbíll. Dráttarbeisli, spoiler, vindskeið á hliðarglugum. Fæst gegn yfirtöku á láni. Uppl. í s. 867 1923.

Honda CRV árg. '05, ek. 29 þús., beinsk., dráttarkrókur, kóngablár, fæst gegn yfirtöku á láni, 42 þús. á mán. Uppl. í s. 661 1371.

Toyota Corolla XL árg. '94, 1.3 vél, verð 95 þús. Uppl. í s. 845 6154 & 588 8126.

Til sölu Toyota Avensis 1800 W/G, árg. 2004. ekin 42þ. 5 gíra. dráttarkrókur, álfelgur, litað gler, cd. hiti í sætum, bílalán 1.300.þ. til í skipti á ódyrari. S-8951826/6933210

Renault 19 árg. '95, ek. 125 þús., vél 1.4, 4 dyra, felgur, filmur, cd. Lítur vel út. Tilboð 60 þús. Uppl. í s. 867 3680.

Tjónabíll til sölu, Ford Focus árg. '00. Tilboð óskast. Uppl. í s. 557 9435 & 557 4336.

kía shepia '99. Smá tjónuð og fæst á 200 þús. Einnig Hyundai sonutu. Árg.'00 verð 590 þús. s 696 8599.

Opel Vectra Wagon CD Árg. 1998 107 þ. km Grænn. Tilboð! 290 Þús. Gummi S. 615 0747.

Tilboð óskast í tjónavan bláan Peugeot 306 nýskráður '99, ek. 65 þús. til sýnis að Vesturvör 24 Kóp. Uppl í s. 895 7400.

Er með góðan lítið keyrðan Toyota Yaris til sölu. Árg.'03. Uppl. í s. 695 2161.

Opel Astra Station árg. '97, ek. 160 þús., ný tímareim, bremsur, hjólastilling og vélastilling. Ásett verð 240 þús. verðhugmynd 200 þús. eða eftir samkomulagi. Uppl. í s. 821 8621.

Opel Astra 1600 árg. '96 til sölu. Sk. '07, nýjir demparar, nýtt í bremsum, ný tímareim og dekk. Góður bíll. Ásett verð 220 þús. Uppl. í s. 862 3415.

Til sölu Nissan Almera 1.6, ssk., árg. '96, verð 99 þús. Honda Accord 2.0i, ssk., árg. '94, verð 199 þús. S. 868 3069.

Til sölu M. Benz 300E 24V árg. '91, ek. 187 þús. Leður, sjálfsk., rafm. í rúðum, topplúga. Annar getur fylgt með í varahluti. Uppl. í s. 867 8424.

0-250 þús.

Volvo 440, árg. '94, 2000 vél, sjálfskiptur, verð 180.000. S. 431 2296 & 897 0596.

Fallegur Fiat Brava '97, 5d, Nýskoð. Ek. 115 þ. Ný tímar. Verðlækkun v. lýtis á framhurð. 219 þ.kr. 848 7142.

Huyndai Elentra '95 góður bíll til sölu. Þarfnast smáv. lagf. Endursk. Aðeins 70þ. S. 695 9858.

Toyota Corolla LB 1,6 árg. '93, ek. 193 þús., beinsk., sk. '07. Ný tímareim, álfelgur. Verð 250 þús. S. 698 8118.

vwGolf '95 station ek.189þkm. nýupptekin vél og nýjar bremsur góður bíll. verð 175þ. uppl í 6958766

VW golf station til sölu. '98 árg. ekinn 107 þús. Nýsk. Nýtt púst. Lítur mjög vel út innan og utan. Tilboðsverð 250 þús. Uppl í síma 899 2907.

Opel Vektra til sölu'98 sk.'07 mjög vel með farin sjálfsk. kr 240.000 S. 864 3974.

Peugot 306 árg.'12/98. Ek. 79 þús. Ásett verð 340 þús, tilboð 190 þús. Sk.'07. S. 564 5532 & 860 1318.

99 þús+yfirtaka Opel Astra 1600. Dekurbíll, ekinn aðeins 36 þús. Uppl. 695 5204.

Vegna flutninga erlendis er til sölu Skoda Felica árg.'99, ek. 117.000. Beinskiptur, 5g. 1400 cc. Verð 250.000. Sparneytinn og í góðu ástandi. Upplýsingar í síma 696 4725 eða 698 4725.

Til sölu Nissan Sunny árg. '95, vsk.bíll, sk. í góðu lagi, ek. 200 þús. Verð 150 þús. Uppl. í s. 847 5397.

Subaru Legacy 1,8 '90 5 gíra. Skoðaður '07. Nýsmurður í toppstandi. Uppl 8985541

Ford Bronco V8 302 EFI, '89, breyttur á 44", mikið breyttur bíll, þarfnast lagf. fyrir skoðun, tilboðsverð 250 þ. S. 659 9696.

Renault 19 RT '94 1.8 beinsk. 5 dyra. Ekinn 127 þ.km. nýsk.'07 120 þús. stgr. uppl. í S. 858 7752.

Opel C árg. 99. Ek 91 þ. S og V dekk, cd, álf, nýsk. ásett 390 þ. Tilb. 250 þ. Stgr. Rvk. S. 698 6796.

Til sölu VW Vento árg. '97, ek. 86 þús., vel með farinn, nýkominn úr skoðun og flaug í gegn með engar athugasemdir. Selst á 200 þús. Uppl. í s. 869 8002, Stebbi.

Tilboð

Opel Vectra árg. '98, sk. '07, ek. 154 þús., fæst á 240 þús. Uppl. í s. 557 9775 & 848 5819.

Nissan Sunny árg. '91 bsk. og Suzuki Geo árg. '91 ssk., sk. '07. Uppl. í s. 862 7996.

Renault 19RN skr 11/95 4d ek. 124 þ. km Sk. '07 S+V dekk. Verð 135 þ. Uppl. í s. 861 2616.

Toyota Carina E árg. '94, sk. '07, Ssk. þarfnast lagfæringa. Verð 90 þús. Upplýsingar í s. 861 1221.

Til sölu Toyoya Corolla '92. Special Series. Sk.'07. Ek. 140 þ. Verð 85 þ. Uppl. í s. 697 5284.

Til sölu Nissan Sunny árg. '95, ek. 139 þús., sk. '07. Verð 120 þ. Stgr. afsl. Uppl. í s. 557 4336 & 824 5718.

Toyota Corolla '93 ógangfær til sölu. Glæsilegt eintak m.topplúgu geysilega vel með farinn.Vetrardekk fylgja, Uppl. í síma 8696950

Ford Mondeo '98 til sölu, þarnfast smá lagfæringa. Verð 100 þús. stgr. S. 824 2245.

Ódýr bíll!!

Nissan Almera árg. '99. Ek 145 þús. Sk. '07. Bsk. Álfelgur, spoiler. Tilboð 240 þús. s. 659 9696.

Verð aðeins 250 þús.!

Ford Focus station árg. '00, ek. 170 þús. Sk. '07. Listaverð 400 þús. Ný tímareim. S. 659 9696.

Toyota Carina 2 árg.'90 í góðu standi. Tilboð óskast. Uppl. í s. 869 1075.

VW-Golf árg. 1992, keyrður 133500. Kr. 50 þúsund. Uppl. í síma 896-3724. Karen

BENZ 200 '88 svarblár, góðu standi og nýsk. vetrar+sumard m/ álfelgum og koppum. Smá tjón á v. frambr. 180 þús 695- 3223

Oldsmobile Gutlas Station árg. '87 3.8L, sk. '07 á 45 þús. Buic Century árg. '85 í varahluti á 20 þús. Uppl. í s. 699 4126 & 562 0582.

Bílasalan Hraun

Atvinnubifreiðar - Tæki - Vinnuvélar - Smávélar

Soosan Fleygar

M.Benz 815 árg 2005 ekin 20.þ.km

Gazella 4x4 Flokkabíll á ótrúlegu verði 2.390 þ með VSK

Gazella 4x4 Sendibíll á ótrúlegu verði 2.250.þ með VSK

Fliegl Gámagrind til afhendingar strax

PowePac þjöppur

PowerPac beltabörur

NÝTT PowerPac suga fyrir hesthús o.fl

Hraungörum, 220 Hafnarfirði.
Sími 565-2727 www.bilhraun.is

HEKLA VÉLASVIÐ

MMC CANTER 7C14
Heildarþyngd 7.5 tonn, árgerð 2006. Sjö manna hús, sturtur á þrjá vegu.NÝR BÍLL.
VERÐ 5.2 millj. +vsk.

MMC Canter 3C13
Heildarþyngd 3.5 tonn, árgerð 2006. Fastur pallur með segli.
NÝR BÍLL.
VERÐ 3.3 millj. +vsk.

ISUZU
Árgerð 1998 ekinn 183.000 km.
Bíll með kassa og lyftu.
VERÐ 1.450.000 +vsk.

MAN 26.480 TGA
Árgerð 2005 ekinn 77.000 km.
Dráttarbíll með takkakúplingu og loftpúðafjöðrum að aftan.
VERÐ 7.990.000 +vsk.

M. Benz ACTROS 26.41
Árgerð 2005 ekinn 83.000 km.
Dráttarbíll allur á loftpúðafjöðrum og retarder.
VERÐ 8.500.000 + vsk.

MAN 33.480 TGA
Árgerð 2005 ekinn 83.000 km.
6X6 dráttarbíll með takkakúplingu og loftpúðafjörðum
að aftan.
VERÐ 7.990.000 +vsk.

M. BENZ ACTROS 26.40
Árgerð 1998 ekinn 359.000 km. 6X6 dráttarbíll með retarder á blaðfjörðum.
VERÐ 3.5 millj. +vsk

HEKLA VÉLASVIÐ

Klettagörðum 8-10
www.hekla.is/velasvid
Sölumaður 825-5736

250-499 þús.

Til sölu Toyota Corolla XLI 1300, árg.'97, ekinn 160 þ. km Heilsársdekk verð 280.000 kr. Uppl s. 897 1593, Skúli.

Til sölu VW Golf árg. '96, ek. 135 þús., 3ja dyra, sk. '07. Verð 280 þús. Uppl í s. 557 7074 & 847 2131.

VW Golf, 1,6, ek. 140 þ. árg. '98, álfelgur, sumar & vetrardekk, áhv. 410 þ. s 659 2763 & 863 3698.

Toyota Corolla. 98 ekinn 183 þ.skoðaður '07.verð 320 þ. stgr. Uppl. í s. 899 0896.

Suzuki Baleno GL, 99' ekinn 116 þ. 5 gíra, 4 dyra, 1300cc vél. Ásett 450.000 Sími 866 6493.

Renault Megane Classic árg'98 ekinn 145 þ. Sjálfskiptur, heilsársdekk, 6 diska magasín uppl. í S. 695 9700.

Suzuki Jimny árgerð 1999 til sölu á aðeins 470 þús. Hann er sjálfskiptur og ekinn 109 þús km. Skoðaður '07 og með nýja tímareim. Ekki láta þetta tilboð framhjá ykkur fara! Hafið samband við Bergþór í síma 892 7878 ef þið hafið áhuga.

Golf 1800cc keyrður 54 þús. Eins og nýr! 940w græjur, sum/vetrd. á felg. Aldrei í tjóni, sk. júlí '06. Tilb. 490 þús. kr Gústi S. 820 6044.

Opel Astra 1.6 r 9/1998 ekinn 123 þ. km sjálfskiptur 5 dyra krókur ný deck sk. 07 ný tímareim og vatnsdæla góður bill verð 450.000 ath skipti uppl. í síma 863 0149.

Daewo Lanos SX 1600, 4 d., 5 g., ek. 78 þ., nýskr. 8.11.2000. Vetrardekk á felgum fylgja. viðmiðunarverð 450 þ., stgr. 300 þús. S. 899 4656 & 565 4656.

Til sölu Daewoo Nubira árg. '99, ek. 125 þús., fæst á góðu verði. Uppl. í s. 898 6401.

VW Polo '99, ek. 95 þús., 1400, 16V, 2 dekkjagangar, topplúga, ný tímareim, sk. '07. Kr. 500 þús. Uppl. í s. 694 3019.

Hyundai Elantra GLSI station. Árg. 1997, ekinn 113 þ. km. Nýsk. Krókur. Verð 250 þ. Möguleiki á Visa raðgreiðslum. Uppl. í s. 895 5577.

Peugeot 406 '97 nýsk. Ekinn 182 þ.km Nagladekk á felgum fylgja. Gott eintak. Verð 350 þús. MÖguleiki á Visa ragreiðslum. S. 895 5577.

Kia Grand Sportage „99 Ekinn 108 þús. Nýskoðaður. 2 x dekkjagangar. Verð 590 þ. Möguleiki á visa greiðslum. Uppl i 895 5577

Renault Megané Opera Classic 1600 '98 Ek.124 þ. Skoðaður '07 Listav.450 þ. En fæst á 290 þ. Uppl. 697 3637.

Toyota Corolla árg. 97 og 98. Sú rauða er ek 155. í góðu ástandi. Bláa er árg.'98 ek. 150 þús. raf. í öllu cd, álfelgur spoiler og sem nýr. S. 899 9377.

Opel astra árg „00 til sölu fæst gegn yfirtöku á láni eða 369þús uppl. í s:8476044

Ford Mondeo '97, 5 dyra, ek. 103 þ. Í góðu lagi. Verð 300 þ. Uppl. í s. 899 3084.

Honda Civic v-tec '98 blár, ssk. toppl. spoiler,sk.'07. Ekinn 173 þús. Nagladekk á felgum fylgja. Einn eig. verð 390 þús. S. 846 6570.

MMC Lancer árg. '97 station, ek. 150.943. Einn eigandi. Verð 280 þús. S. 894 2332.

Til sölu VW Golf station árg.97. Ekinn aðeins 99.000 km. Uppl. í síma 895-1367

500-999 þús.

Flottur skólabíll til sölu. Honda Civic árg. '00, með pústflækjum og ýmsum aukabúnaði. S. 863 6620.

Toyota Avensis árg. 2000. Keyrður aðeins 87 þ. Nýir bremsukl, tímareim ofl. Vetrard. fylgja. Topp eintak. Verð 900 þ. Sími 821 2078.

Til sölu Toyota Yaris árg. '00, ek. 150 þús. Gott verð. Uppl. í s. 694 3716.

Til sölu Kawasaki Z1000 '04, ek. 3.200 km, verð 800 þús., ath skipti. Uppl. í s. 898 7473.

Til sölu Camaro Z 28 árg. '93, ssk., 8 cyl, 5.7, dekurbíll, mikið endurnýjaður. Tilboð óskast, ekkert áhv.lán. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5080.

Dodge Carvan 1996

Topp eintak, vél 3,8, 6 - 7 manna, rafmagn og allur lúxus. Hefur verið hugsað vel um. Allir reikningar um viðhald fylgja undanfarin 4 ár. Verð aðeins 590 þús. Hafsteinn, s. 892 1284.

Til sölu BMW 520 árg. '96(nýja boddýið) ek. 172 þús., flottur bíll, með leðri, CD magasín, álfelgum o.fl. Tilboð 790 þús. S 660 1332.

Opel Vectra 1.6 ek. 85 þús. árg. '00 cd, v/dekk fylgja. 680 þús. uppl. í 868 8783.

VW Golf 1600 Comfortline árg '99. Álfelgur, geislaspilari, sumar og vetrardekk. uppl. í síma 861-3082

Volvo S40 Árg.'00. Ek. 107 þ. km Svartur Verð 880 þ. Áhv. 410 Tilboð 780 þús. Gummi S. 615 0747.

Til sölu Peugeot 406 station dökkblár árg. '99, ek. 98 þús., 1800 cc, beinsk., dráttarkúla, ný tímareim og nýtt pústkerfi. Uppl. í s. 617 7518.

1-2 milljónir

Toyota Corolla Sedan. Beinsk. Nýskr. 06/04. Keyrður 48 þús km. Verð 1350 þús. Sími 864 4469.

Mercedes Bens E 240 til sölu! Árg. '98, ek. 150 þ. Svartur, sjálfskiptur með sóllúgu. Tilboð 1550 þ. S. 861 7086, Haukur.

Honda accord árg.03. ekinn 65þ sumardekk á nýjum álfelgum og loftbóludekk fylgja. dekurbíll.Verð 1550þ uppi í s 8956470

Volvo S 40 T4 200 hö, árg. 2002, ek. 90 þús. Ssk., svartsanseraður, sumar og vetrard. Vel með farinn. Verð 1.690 þús. S. 699 2905.

Frábær fjölskyldubíll er til sölu. Sægrænn, reyklaus VW Passat STW nsk.2/2000 1,8 4 Motion, ek.114 þús. Skoðaður'07 Geislasp. rafmagn í rúðum, fjarstýrðar samlæs. Verð 1.050.000 Uppl. í s. 844 0548.

Ford Econoline 350 '85 með 6,9 díselvél Dana 60 hásingar að frama og aftan loftlæsing á afturdrifi er á nýjum 38" dekkjum Húsbíll með öllu í góðu ástandi verð 1.400,00 uppl. í s. 893 0251.

Subaru Impreza GX sjálfskipt árg. 2003 station með topplúgu ekinn aðeins 38.500 km.. Mjög vel farinn bíll. Nýskoðaður og þjónustubók fylgir. Möguleiki á 100% láni. Verð kr. 1.490.000. Upplýsingar í síma 897-0199.

Dodge Stratus 2005. Ek. 13þ. m/öllum þægindum. Hagst. bílalán. Ath. skipti á ódýr. S.8691122

Toyota Avensis New árg. '04, ek. 33 þús. km. Áhv. 1.500 þús. Verð 1.950 þús. Ath skipti á minni bíl. Uppl. í s. 847 3614 & 865 8618.

2 milljónir +

Til sölu sérlega vel með farinn Volvo CX 70 Cross Country árg. '02, ek. 52 þús. Verð 3.1 milljón. Uppl. í s. 893 1933.

Til sölu Audi blæja S-line árg. '05, ek. 28 þús., ssk., túrbó, leður, 18" & 17" o.m.fl. Sjón er sögu ríkari. Verð 4.980 þús. Uppl. í s. 869 1235.

Range Rover Vouge.

Range Rover Vouge árg 2003, ekinn aðeins 56 þús.km. Topp eintak. Verð 7,4 m. Upplýsingar í síma 696 1122.

Santa Fe Diesel

Hyundai Santa Fe ssk., diesel, nýskr. 04/04, ek. 69 þús., 2 dekkjagangar, dráttarkrókur. Uppl. í s. 892 8827.

Til sölu Toyota Tundra árg.'00 Ek. 105 þús. Verð 2.090 þús. Breyttur á 35", mikið tjunaður. Uppl. í s. 895 7887.

TIL SÖLU

Toyota Land Cruiser 90 VX.
08/01, ekinn 95 þ km.
Sjsk, disel, leður,
dráttarkúla ofl.
Verð 3.050.000 kr.
Raðnúmer: 113634

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1. 603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Land Cruiser 120 GX.
04/06, ekinn 17 þ km.
Sjsk,disel,
hraðastillir, dráttarkúla.
Verð 5.080.000 kr.
Raðnúmer: 150729

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1. 603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Land Cruiser
100 VX V8.
05/04, ekinn 42 þ km.
Sjsk, 238 hö, leður, TEMS,
topplúga, dráttarkúla ofl.
Verð 5.850.000 kr.
Raðnúmer: 205442

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1. 603 Akureyri
Sími 460-4300

M. Benz ML 430.
11/00, ekinn 100 þ km.
Sjsk, 289 hö,
leður, sumar- og vetrardekk,
krómpakki, spólvörn ofl.
Verð 2.990.000 kr.
Raðnúmer: 113416

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1. 603 Akureyri
Sími 460-4300

Porsche Cayenne.
06/06, ekinn 6 þ km. Sjsk,
250hö, leður, bakkskynjari,
spólvörn, þakbogar,
xenon ljós, heilsársdekk., ofl.
Frábært verð :
6.780.000 kr.
Raðnúmer: 113645

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1. 603 Akureyri
Sími 460-4300

ART DECO STÍLLINN

Tímalaus klassík

SJÁ BLS. 6

SVEIT Í BORG

Litið inn hjá Jósefínu og Hilmari í Skerjafirðinum.

SJÁ BLS. 2

[SÉRBLAÐ UM HÚS OG HEIMILI – LAUGARDAGUR 9. SEPTEMBER 2006]

heimilið

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

EFNISYFIRLIT

SVEIT Í BORG
Litið inn hjá Jósefínu og Hilmari í Skerjafirðinum
SJÁ BLS.2

SÓTTIST EFTIR HÚSI MEÐ SÁL
Lilja Nótt Þórarinsdóttir
BLS. 4

ART DECO STÍLLINN
Tímalaus klassík SJÁ BLS. 6

FLOTTIR SÓFAR
Sérsmíðaðir eftir máli hjá G. Á. húsgögnum BLS. 6

HENTAR JAFNVEL Í GUFUBÖÐUM
Sandblásin filma BLS. 10

HITAÞOLIÐ OG GLÆSILEGT EFNI
Steinbekkir í eldhús BLS. 12

EINSTÖK HÖNNUN
Diskar eftir John Derian
BLS. 13

KÖFLÓTT ELDHÚSGÓLF
Aftur í tísku BLS. 13

Hjónin Nína og Hilmar búa í sannkallaðri paradís í Skerjafirðinum en hér sjást þau skoða reyniber í garðinum.

Skipt var um klæðningu, þak og glugga og forstofa byggð við þetta fallega hús.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skipt var um eldhúsinnréttingu þegar Hilmar og Nína tóku við húsinu. Eldhúsið er samkomustaður fjölskyldunnar og því skipti máli að hafa það notalegt.

Gömlu og nýju ægir saman í stofunni en Nína og Hilmar settu sér það takmark að hafa þar sem heimilislegast, enda verja þau miklum tíma þar.

Sveit í borg

Hjónin Jósefína Ólafsdóttir bókasafnsfræðingur og Hilmar Finnsson, deildarstjóri hjá Vegagerðinni, hafa búið í Skerjafirði í hartnær átján ár og vilja helst hvergi annars staðar vera.

Fáfnisnes 13 er fallegt tveggja hæða bárujárnshús með kjallara, byggt árið 1927 af hjónunum Vilhjálmi Jónssyni húsasmíðameistara og Mörtu Ólafsdóttur, foreldrum Manfreðs Vilhjálmssonar arkitekts. Það er með elstu húsum Skerjafjarðar, en á meðan það var í eigu Vilhjálms og Mörtu bjuggu þrjár fjölskyldur lengi vel í því.

Foreldrar Hilmars keyptu húsið árið 1965 og áttu heima í því þar til Hilmar og Jósefína, kölluð Nína, tóku við því fyrir átján árum. Að sögn Nínu var húsið í tiltölulega góðu ástandi þegar þau fluttu inn enda vandað í alla staði. „Við gerðum lítilsháttar lagfæringar að utan, skiptum um járn, þak og glugga," segir Nína og bætir við að einnig hafi verið byggð forstofu við húsið.

Eldhúsinnréttingu, sem var sambræðingur gamallar og nýrrar innréttingar, skiptu Nína og Hilmar út. „Við keyptum danskt eldhús í húsið og vildum hafa gott rými, enda með þrjú börn og hund á þeim tíma. Eldhúsið hafði alltaf verið samkomustaður fjölskyldunnar svo það skipti okkur töluverðu máli að hafa það sem þægilegast."

Þess utan hafa litlar breytingar verið gerðar á húsinu innanverðu, sem er í skemmtilega heimilislegum stíl þar sem nýju og gömlu er blandað saman. „Ég er nýtin manneskja og sé enga ástæðu til að henda hlutum vegna einhvers tískuæðis sem grípur um sig," úskýrir Nína. „Ég er lítið fyrir að safna að mér, nema skrautuglum, sem ég hef einstakt dálæti á," bætir hún hlæjandi við.

- rve

Nína safnar uglum. Þá fyrstu fékk hún á silfurhring Menntaskólans á Akureyri, en tákn skólans er ugla sem situr á bókum.

Nína hefur keypt og fengið að gjöf uglur alls staðar að utan úr heimi, en henni þykir ugla frá Prag vera fallegust.

Þessi hornskápur er erfðagripur frá Danmörku, talinn hafa geymt tóbak meðal annars.

Þessi gamla klukka prýðir einn stofuvegginn, en hún er erfðagripur frá frænda Hilmars í Færeyjum.

Myndaveggur sem er nokkurs konar dagbók, samansafn blaðaúrklippa, fjölskylduljósmynda og teikninga.

50 ára

Kennsla hefst þriðjud. 12. sept.

Kennum alla
Samkvæmisdansa
Keppnisdansa
Barnadansa
Freestyle
Salsa

Innritun daglega í síma 551 3129 kl. 16-22
Heiðar sími 896 0607
E-mail: heidarast@visir.is

Dansskóli Heiðars Ástvaldssonar
Reykjavík Mosfellsbæ

MIRALE

ÚTSALA

10–70%
afsláttur

Opið í dag frá
kl. 10–18

15% afsláttur
af sérpöntuðum
húsgögnum

Cassina

ALESSI

MIRALE
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020

Mirale er eini viðurkenndi sölu-aðili Alessi og Cassina á Íslandi

Íbúð Lilju er uppfull af alls kyns skemmtilegum hlutum, bæði nýjum og gömlum.

Þennan skemmtilega síma, sem lítur út eins og leikfangaflugvél, fékk Lilja í gjöf frá vini sínum eftir að hún týndi símanum sínum, en hún segir vini og vandamenn duglega við að færa sér skemmtilega hluti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Handmáluð mynd frá Kúbu af Che Guevara sem Lilja fékk frá foreldrum sínum. Hún hrífst af þessum uppreisnarmanni og er þess fullviss að þau hafi verið gift í síðasta lífi.

Kisulampi sem Lilja fékk í afmælisgjöf frá vini sínum, en hún telur hann hafa verið keyptan í versluninni Kisunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sóttist eftir húsi með sál

Lilja Nótt Þórarinsdóttir safnar fágætum munum og finnst fólk hafa allt of ríka tilhneigingu til að henda hlutum sem hafa safnaragildi.

Lilja Nótt hljómar þreytuleg. Það stafar líklegast af framkvæmdum utan við íbúðina hennar að Lindargötu, sem hún flutti inn í fyrir einu og hálfu ári eftir víðtæka leit að hentugu húsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Nánar tiltekið 101.

Gagnstætt því sem flestu fólki þætti var hún fyrst óánægð með að íbúðin skyldi vera nýuppgerð þegar hún tók við henni. Hún er nefnilega vön því að búa í gömlum húsum og fannst sálina vanta alveg í íbúðina fyrst hún lét ekki á sjá. Lilja lagði sig því fram við að endurvekja sál hennar, meðal annars með því að fylla hana af gömlum hlutum, en af þeim á hún nóg.

Lilja er landsmönnum að góðu kunn fyrir leik og fór til að mynda með stórt hlutverk í kvikmyndinni Strákarnir okkar í leikstjórn Róberts Douglas. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Mér finnst gaman að safna gömlu dóti og hef til allrar hamingju fengið mikið gefins, enda hafa íslenskir nemar ekki mikið fé á milli handanna," útskýrir Lilja Nótt, sem er á öðru ári í leiklist við Listaháskóla Íslands Hún hefur leikið töluvert bæði á sviði og í kvikmyndum, síðast í franskri mynd sem frumsýnd verður á næsta ári.

„Frænka mín stóð til dæmis í flutningi um daginn úr húsi sem hún hefur búið í alla ævi og bauð mér að kíkja í heimsókn til að athuga hvort mig langaði í eitthvað," heldur Lilja áfram. „Hún á svo mikið af skemmtilegum hlutum að helst hefði ég þurft að dvelja hjá henni í nokkra mánuði til að komast yfir að skoða þetta allt saman."

Lilja segist loks vera orðin nokkuð ánægð með þá mynd sem íbúðin hefur tekið á sig eftir að hún flutti inn og ætlar sér að vera um kyrrt þótt það hafi í fyrstu hvarflað að henni að flytja. Hún er líka komin með yfir sig nóg af flutningi enda skipt sautján sinnum um íverustað á síðastliðnum sjö árum.

Lilju finnst ekki aðeins gaman að safna gömlum hlutum heldur líka eyrnalokkum. Hún átti sér engan sérstakan geymslustað fyrir þá og fannst því tilvalið að hengja þá í gluggatjöldin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Spurð hvort hún eigi sér einhvern uppáhaldsstað í íbúðinni segist Lilju líða sérlega vel á svölunum, sem eru mikið nýttar á sumrin. „Þá er ég með allt opið út en við það stækkar íbúðin um tíu fermetra," segir hún. „Ég hef átt mikið af góðum stundum þarna með vinum mínum og oft setið að skrafi langt fram eftir nóttu."

Lilja bætir við að einnig sé gott að tæma hugann úti á svölunum, sérstaklega eftir strembinn dag í skólanum þar sem hún er alltaf að kanna nýjar hliðar á sjálfri sér. „Stærsta áskorunin í ár verður að ögra sjálfri mér í náminu með því að njóta þess að klúðra málunum og læra af reynslunni. Maður verður að sprengja utan af sér tiltekin höft," segir hún full af eldmóði og þreytan sem greina mátti í upphafi samtalsins er auðheyrilega liðin úr röddinni. *- rve*

Lilju líður vel á svölunum heima hjá sér, sérstaklega á sumrin þegar hún getur haft svalargluggana opna upp á gátt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lilja býr í íbúð á annarri hæð á Lindargötu en hún vill helst búa í 101 Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Fender
60
DIAMOND ANNIVERSARY
1946 - 2006
Happy Birthday
Fender
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340
© 2006 FMIC STING photo by Norman Jean Roy

Erlendur hjá GÁ húsgögnum segir mjög algengt að fólk vilji láta sérsmíða sófa fyrir sig, til dæmis þar sem pláss er af skornum skammti.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sérsmíðuð húsgögn

Vinsælt er að láta sérsmíða sófa eftir máli til að fullnýta pláss.

„Við erum mest í því að sérsmíða sófa, fólk vill fá sérstaka sófa eða þá í sérstakt pláss, en við getum smíðað nánast hvað sem er, úr hvernig svampi sem er, hvaða áklæði sem er og hvaða stærðir sem er,“ segir Erlendur Sigurðsson, framleiðslustjóri hjá GÁ húsgögnum, um þann hluta rekstursins sem lýtur að sérsmíði húsgagna.

Búðirnar eru báðar í **góðum rekstri** og vel **staðsettar í rótgrónum hverfum**. Verslanirnar eru **snyrtilegar** á allan hátt og eru með trygga viðskiptavini og **góð viðskiptasambönd**. Verslanirnar er vel skipulagðar með góðu afgreiðslukerfi, merkur kerfi. **Gott aðgengi** er að verslunum. **Veltan er stöðug og vaxandi**. Góðir samningar eru við birgja og Lottó. **Geymslurými** fyrir vörulager er gott í báðum verslunum. **Mjög góðir kælar** fyrir mjólkurvörur og gosvörur. Hagstæðir leiguskilmálar.

Ingibjörg
Sölufulltrúi
699 4420
ingibjorg@remax.is

Hörður
lögg. fasteignasali
899 5209
hordur@remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign **www.remax.is**

SUBWAY

Dagvinna-Hringbraut

Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða hlutastarf, vinnutími 10-17, virka daga. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum.
Nánari upplýsingar gefur Júlía 696-7019

SUBWAY

Næturvinna

Vantar fólk á næturvaktir, 100% starf. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is. Góð laun í boði.
Nánari upplýsingar gefur Hildur í síma 696-7061

ÍTALÍA

Ítalía - veitingahús

Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í sal, fullt starf. Vaktavina frá kl. 11 - 23. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára.
Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.
Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11.

Veitingahúsið Nings leitar eftir vaktstjóra og afgreiðslufólki

Leitum að hressu og skemmtilegu fólki í starf vaktstjóra og einnig fólk í afgreiðslu. Um er að ræða vinnutíma frá 17-22 virk kvöld og helgar. Einnig vantar bílstjóra í dagvinnu. Ekki yngri en 18 ára.
Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8835 & 822 8840 eða á www.nings.is

Starfsmaður á lukkuhjól

Atlantsolía leitar að starfskrafti til að sjá um lukkuhjól fyrirtækisins í Kringlunni eða Smáralind. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi þar sem verið er að taka á móti umsóknum fyrir Dælulykla. Vinnutími frá 12 til 18.30. Möguleiki á sveigjanlegum vinntíma. Allar nánari upplýsingar veitir Hugi Hreiðarsson, hugi@atlantsolia.is eða 825 3132.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vinnutíma frá kl 07-13 eða 13-18.30 daglega. Góð laun í boði fyrir duglega aðila. Einnig er möguleiki á helgarvinnu. Áhugasamir hafi samband við Sigríði í síma; 699-5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf strax. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Europris Lynghals

óskar eftir kvöld og helgarfólki. Uppl. í s. 533 3366. Umsóknareyðublöð á staðnum.

Starfsmaður óskast í kvöld- og helgarvinnu í bónusvideo Grímsbæ og Engihjalla. Uppl. gefur Anna í s. 847 1000.

Vélstjóri óskast

Vélstjóri óskast í 1 mánuð á 75 tonna línubát, (vél 500 hö). Uppl. í s. 659 9581.

Múrvinna

Múrland ehf. auglýsir eftir manni með góða reynslu af múrverki. Góð laun í boði. Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband í s. 661 7099.

Atvinna Atvinna!

Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 16-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir www.gardlist.is

Gj Trésmíði

Óska eftir að ráða smiði og verkamenn, næg vinna framundan. Uppl. hjá Gísla í s. 897 4737.

MS Reykjavík óskar eftir að ráða bílstjóra með meiraprróf til vörudreifingar á höfuðborgarsvæðinu. Nánari upplýsingar veitir Þórður í síma 569 2320.

Grillkofinn Norðlingaholti

Starfskraftur vanur afgreiðslu óskast í grillsjoppu í hverfi 110 milli kl. 16-19, 2 kvöld í viku. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 567 9999.

Hjólbarðaverkstæðið Barðinn

Röska menn vantar á hjólbarðaverkst. Uppl. í s. 568 3080 eða á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Þvottahúsið Fönn Potrzebojemy Kobiety do Pracy.W godzinach 8.00-16.00.od Poniedzialku. do PIATKU. Jezeli sa panie zainteresiwane wiecej informacji zdobedziecie u Eweliny pod numerem- 6604603 Dziekujemy i do uslyszenia.

Atvinna atvinna

Vantar kassastarfsfólk, deildarstjóra í metravöru og deildarstjóra í baðdeild í rúmfatalagernum í Holtagörðum. Góð laun, góður vinnutími fyrir gott fólk. Hafið samband við Njál í síma 820 8001 eða á staðnum, Rúmfatalagerinn Holtagörðum.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða yfirmann í áfyllingar. Ennfremur vantar starfsmenn í áfyllingar bæði í fullt starf og hlutastarf. Leitað er að samviskusömum og stundvísum einstaklingum. Áhugasamir sendi umsókn á netfangið ee@egils.is fyrir 12. september n.k.

Vantar mann strax

Vantar mann strax með meiraprróf. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 898 9006.

Þetta gæti tekið tíma

Er fasteignin þín ekki í mest lesna fasteignablaðinu?

Þegar hægist um á fasteignamarkaði er mikilvægara en nokkru sinni að auglýsa á besta staðnum. **Samkvæmt nýjustu könnun Gallup* lesa 40% fleiri Íslendingar á aldrinum 25–49 ára Allt-fasteignir en Fasteignablað Morgunblaðsins.** Vertu viss um að eignin þín nái athygli sem flestra!

*Samkvæmt könnun Gallup, maí 2006

FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Myndarleg og áræðanleg manneskja óskast til hjálpar í heimilishaldi 1-2x í viku á góðu heimili í Garðabæ. Uppl. í síma 894 0605.

Atvinna óskast

Karlmaður óskar eftir vinnu, allt kemur til greina. Uppl. í s. 867 8325.

Rafverktakar geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 897 9534.

Viðskiptatækifæri

Splunkunýtt viðskiptatækifæri
www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

TILKYNNINGAR

Ýmislegt

Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORDNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11 HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Halló ljúflingur! Símaspjall við ljúflingskonur. Við erum hérna nokkrar sem verðum alla helgina og njótum þess að fara í hressan símaleik og ljúfar stundir í rólegu spjalli. Við viljum vera vinkonur þínar.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Mercedes Benz 280se V8. 3,5 1972 ekinn 348 þ. flottur antik bíll á góðu verði. 850 þ. stgr. Uppl. í s. 899 0896.

Símaspjall 908 6666.

Hraunbraut - 200 Kópavogur
Sérhæð og 2ja herbergja

Frum

Sérlega falleg og mikið endurnýjuð sérhæð í tvíbýli á þessum skjólgóða stað í Kópavogi. Eldhús er með fallegri innréttingu og parketi. Stofa og borðstofa eru einnig parketlagðar, fallegt útsýni. Sólstofa er flísalögð, útgangur í glæsilegan suður garð og út á verönd. **Verð 45 millj.**

Neðri hæðin í sama húsi er líka til sölu og gæti húsið því hentað samhentri fjölskyldu eða þeim sem vill leigja út frá sér.

Á neðri hæð er 2ja herb. íbúð. Hún er með sérinngangi og sér verönd í suðurgarði. Falleg eikarinnrétting í eldhúsi. Parket, flísar. **Verð 22 millj.**

Ath. Hæðirnar geta selst saman eða í sitthvoru lagi.

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

allt atvinna

REYKJAVÍK

MS Reykjavík leitar að dugmiklum og drífandi starfsmanni í áfyllingar.

Starfið felst í röðun á vöruflokkum MS í verslunum auk annarra tilfallandi verkefna.

Áhersla er lögð á frumkvæði, áreiðanleika og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni.
Í boði er starf hjá traustu fyrirtæki í góðu umhverfi.
Nánari upplýsingar veitir sölustjóri í síma 569-2273.

Umsóknir berist til starfsmannasviðs MS , Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík eða á netfangið starfsmannasvid@ms.is, í síðasta lagi 18. september n.k.

nýtt heimili®
www.nytt.is
fasteignasala
hamraborg 10 l 200 kópavogur
reynir erlingsson | löggiltur fasteignasali
www.nytt.is l nytt@nytt.is l sími 414 6600 l fax 414 6601

Opið hús í dag kl. 14:00-14:30
Melabraut 29 - 170 Seltjarnarnesi

Frum

3ja herb. íbúð á 1. hæð samtals 87.9 fm í litlu fjölbýli. Snyrtileg íbúð í rólegu og barnvænu hverfi. Rúmgott herb., tvær samliggjandi stofur, rúmgott eldhús. Miklir möguleikar á stækkun, stór lóð. **Sjón er sögu ríkari. Ásett 21,9 millj - TILBOÐ ÓSKAST. Sandra sýnir, sími: 861 6062.**

Kópavogsbær

Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

Glaðheimar. Breytt skipulag.

A.
Breytt aðalskipulag.

Tillaga að breyttu Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 auglýsist hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Skipulagssvæðið nær til um 11.5 ha lands og afmarkast af Reykjanesbraut til vesturs, Bæjarlind í norður, Bæjarlind 1-3 og athafnasvæði við Akra- og Askalind til austurs og fyrirhuguðum Arnarnesvegi til suðurs. Innan marka þess er athafnasvæði Hestamannafélagsins Gusts, hesthús og gerði , skeiðvöllur og reiðskemma. Samkvæmt fasteignamatsskrá eru á svæðinu um 12.500 m2 í sérhæfðu húsnæði. Í breytingunni felst að opið svæði til sérstakra nota (hesthúsahverfi) er breytt í svæði fyrir verslun- og þjónustu. Aðkoma verður að svæðinu frá Bæjarlind, Lindarvegi og frá Arnarnesvegi. Einnig er gert ráð fyrir nýjum undirgöngum undir Reykjanesbraut fyrir bæði gangandi og akandi umferð frá Hæðasmára. Um svæðið liggur ný tengibraut frá Arnarnesvegi að Bæjarlind.

Áætlað er að á svæðinu verði byggðir um 150 þús. m2 í húsnæði sem verður á 2 hæðum í allt að 12 hæðir. Áætluð nýting svæðisins er 1,75 en nýting einstakra reita eða lóða innan þess verður á bilinu 1,0 til 2,3. Áætlað er að á svæðinu verði um 4,200 bílastæði eða 1 stæði á hverja 35 m2 í húsnæði.

Reiðleiðir að og frá svæðinu að Kópavogskirkjugarði falla út. Gönguleiðir breytast.

Breytingin er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:10.000 ásamt greinargerð dags. í ágúst 2006. Einnig er gerð grein fyrir breytingunni í: Glaðheimar. Nýtt verslunar- og þjónustusvæði. Nánar vísast til kynningargagna.

B.
Breyting á svæðisskipulagi.

Í ofangreindri tillögu að breyttu aðalskipulagi að Glaðheimum felst jafnframt að gera þarf óverulega breytingu á staðfestu Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 fyrir "Kópavog austur". Breytingin nær til nýrra byggðasvæða í Glaðheimum (svæði 16) Breyting verður á töflu á bls. 48 í greinargerð svæðisskipulagsins og eykst atvinnuhúsnæði um 150,000 m2 í stað 12,500 m2 af sérhæfðu húsnæði. Í samræmi við 14. gr. skipulags- og byggingarlaga hefur umrædd breyting verið kynnt þeim sveitarstjórnum sem stóðu að gerð svæðisskipulagsins. Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu. Nánar vísast til kynningargagna.

C.
Tillaga að deiliskipulagi.
Glaðheimar. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist tillaga að deiliskipulagi Glaðheima.

Deiliskipulagssvæðið nær til 11,5 ha lands og afmarkast af Reykjanesbraut til vesturs, Bæjarlind í norður; Bæjarlind 1-3 og athafnasvæði við Akra- og Askalind til austurs og fyrirhuguðum Arnarnesvegi til suðurs. Innan marka þess er nú athafnasvæði Hestamannafélagsins Gusts; hesthús og gerði, skeiðvöllur og reiðskemma. Samkvæmt fasteignamatsskrá eru á svæðinu um 12,500 m2 í sérhæfðu húsnæði. Í tillögunni felst að opið svæði til sérstakra nota (hesthúsahverfi) er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Aðkoma verður að svæðinu frá Bæjarlind, Lindarvegi og frá Arnarnesvegi. Einnig er gert ráð fyrir nýjum undirgöngum undir Reykjanesbraut fyrir bæði gangandi og akandi umferð frá Hæðasmára. Um svæðið liggur ný safnbraut frá Arnarnesvegi að Bæjarlind

Áætlað er að á svæðinu verði byggðir um 148 þús. m2 í húsnæði sem verður á 2 hæðum í allt að 12 hæðir. Áætluð nýting svæðisins er 1,75 en nýting einstakra reita eða lóða innan þess verður á bilinu 1,0 til 2,3. Áætlað er að á svæðinu verði um 4,200 bílastæði eða 1 stæði á hverja 35 m2 í húsnæði. Miðað er við að stór hluti bílastæða verði í bílgeymslum neðanjarðar.

Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:1000 ásamt skýringarmyndum dags. 1. ágúst 2006.

Vísað er jafnfram í greinargerðina: Glaðheimar Nýtt verslunar - og þjónustuhverfi. Greinargerð með breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 og með deiliskipulagi. Hönnun ágúst 2006.

Tillögurnar verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00 frá 12. september 2006 til 10. október 2006. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega Bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15:00 þriðjudaginn 24. október 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

allt atvinna

Alla sunnudaga

— Til leigu —

4ra herbergja íbúð í Norðurbæ Hafnarfjarðar

Frum

Til leigu 112 fm íbúð á annari hæð í snyrtilegu fjölbýli við Suðurvang í Hafnarfirði.

Nánari upplýsingar gefur Guðmundur í síma 865 3022.

550 5000

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

HÚSEIGN

Fasteignamiðlun

Guðmundur St. Lögg.fast og hdl.

Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109

OPIÐ HÚS -
EYJASEL 3 – STOKKSEYRI
LAUGARDAG 9.sept. KL- 15-16

Frum

FALLEGT EINBÝSLIHÚS Á FRÁBÆRUM STAÐ.
HÚSIÐ ER 126.8 FM MEÐ BÍLSKÚRSRÉTTI.
Guðmundur og Salóme taka á móti ykkur.

Nánari upplýsingar veitir
Baldvin Ómar í 898-1177
eða á skrifstofu Húseignar í 585-0100

Það er gott að búa á austurlandi

Kaupvangur, Egilsstaðir.

TIL SÖLU & LEIGU



4. herbergja íbúðir (til afhendingar 2007)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

VERÐ FRÁ KR. 18.750.000*

* Verðlisti miðaður við vísitölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS	FASTEIGNA- OG SKIPASALA AUSTURLANDS EHF.	domus
567 3400	580 7905	545 0555

Nánari upplýsingar á netinu: **www.nmedia.is/ffa**

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

Draumahús 530 1800

Frum

Glæsilegt fullbúið heilsárshús í landi Indriðastaða í suðurhlíðum Skorradals. Arkitektahannað og staðbyggt af byggingameistara 2002. Húsið er um 80 fm. á tæplega 3000 fm. eignarlóð. Pallar og skjólveggir á 3 vegu. Heitur pottur, rafmagn, heitt og kalt vatn. Ný húsgögn og tæki fylgja. Flott úsýni, aðeins 1 klst akstur frá Reykjavík. Golfvöllur er í hönnun og aðra afþreyingu er að finna á svæðinu.
Sjón er sögu ríkari! Fleiri myndir á mbl.is.

Skilti Draumahúsa og blöðrur við afleggjara

Verðhugmynd: 21.900.000

Áslaug og Reynir taka á móti gestum: s 864 4435

— SÖLUSÝNING —

LAUGARDAG OG SUNNUDAG
KL. 13:00 - 17:00

GLÆSILEGT SUMARHÚS VIÐ STRÁKSMÝRI 11
Indriðastöðum - Skorradal

PERLA investments

FASTEIGNIR Á SPÁNI

ÞÍN UPPLIFUN

ÞINN LÍFSTÍLL

ALLT AÐ 100% FJÁRMÖGNUN

ÍSLENSKA ALLA LEIÐ

ÍSLENSKUR BYGGINGAFRÆÐINGUR SÖLUSKOÐAR ALLAR EIGNIR

VIÐ ERUM ÁBYRG GAGNVART ÞÉR – FYRIR ÞIG

PERLA Investments
FASTEIGNASALA

ÓKEYPIS SKOÐUNNARFERÐIR
REYNSLUMIKIÐ ÍSLENSKT SFARFSFÓLK
VIÐ FINNUM RÉTTU EIGNINA FYRIR ÞIG
ÖLL SKJÖL ÞÝDD YFIR Á ÍSLENSKU
VIÐ FYLGJUM ÞÉR FRÁ UPPHAFI TIL ENDA
FASTEIGNIR FRÁ ÖLLUM HELSTU BYGGINGARAÐILUM
ALICANTE OG MURCIA

PERLA Holiday Center
LEIGUMIÐLUN

SAUMAKLÚBBAFERÐIR
ÁRSHÁTIÐIR - GOLFERÐIR
TUNGUMÁLANÁMSKEIÐ
GOLFNÁMSKEIÐ
FLUGVALLARAKSTUR
BÍLALEIGA
VIÐHALD OG BREYTINGAR FASTEIGNA

Perla Investments S.L.
er félagi í FIABCI
(alþjóðlegum samtökum
fasteignasala)

ÞÍN FASTEIGNASALA Á SPÁNI

Hringdu núna – Sími 00 34 96 676 4086 – www.perlainvest.com

Frum

SJÓNARHORN

Þau nutu vel vindilsins þessi eldri hjón þegar ljósmyndarinn rakst á þau á dögunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Ljósheimaskólinn
Vegur til andlegs þroska og þekkingar

Skólinn er fyrir alla þá sem vilja kynnast fleiru en hinu efnislega og öðlast víðari sýn á heiminn. Námið er byggt upp á fyrirlestrum, fræðslu, hugleiðslu og öðrum æfingum. Það spannar 3 ár, alls 30 vikur árlega frá september til maí.

Námið hefst í annari viku september.

Nánari kynning á á www.ljosheimar.is eða í síma 862-4545

KOLAPORTIÐ
OPIÐ
um helgina
frá kl. 11-17

Ef þú þjáist af maga- eða meltingarkvillum
þá hvetjum við þig að koma og skoða sýningarbás Heilsuhússins á sýningunni 3L EXPO í Egilshöll í dag og á morgun sunnudag.

Pro-Gastro8, góðar fréttir fyrir þarmaflóruna og meltinguna!

allt matur
Alla föstudaga

Hús&Gögn
Lagersala
Krókhálsi 10
simi: 557-9510
30 ágú-09 sep
09-18 virka daga
10-16 laugardag
Allt að 90% afsláttur
Rúm — Sófasett — Eldhúsinnréttingar — Speglar — Nuddstólar — og margt margt fleira...

VÍSINDAVEFUR
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Eru stingskötur virkilega banvænar?

Sú frétt barst nýlega að ástralski kvikmyndagerðarmaðurinn Steve Irwin hefði látist af sárum sem hann hlaut af völdum stingskötu. Stingskötur finnast ekki við Íslandsstrendur og eru því flestum Íslendingum lítt kunnar.

STEVE IRWIN OG FRÚ Krókódílar voru hans ær og kýr.

Um 70 þekktar tegundir

Innan ættar stingskatna (Dasyatidae) eru þekktar um 70 tegundir sem skiptast í 9 ættkvíslir. Rúmlega helmingur allra stingskötutegunda tilheyrir ættkvíslinni Dasyatis. Þar á meðal eru flestar af stærstu stingskötum heims. Sem dæmi má nefna hina svokölluðu mjúku stingskötu (e. Smooth stingray, Dasyatis brevicaudata), sem getur orðið allt að 4,3 metrar á lengd, 2 metrar í þvermál og vegið allt að 350 kg.

Hitabeltisfiskar í sjó og fersku vatni

Stingskötur eru fyrst og fremst hitabeltisfiskar og eru heimkynni þeirra um og við miðbaug. Tegundir af ættkvíslinni Dasyatis eru aðallega sjávarfiskar en einnig eru til stingskötur sem lifa í ferskvatni. Þar má nefna tegundir af ættkvíslunum Potamotrygon, Paratrygon og Plesiotrygon sem lifa í ám Suður-Ameríku og að minnsta kosti 26 tegundir af ættkvíslinni Himantura lifa í ám og vötnum í suður- og austurhluta Asíu.

Ránfiskar

Stingskötur eru ránfiskar líkt og langflestir aðrir brjóskfiskar. Sjónin gagnast þeim illa við veiðar þar sem augun eru efst á hausnum en munnurinn á neðra borði. Þær nota því fyrst og fremst lyktar- og rafsegulskyn til að staðsetja og hremma bráð sína líkt og frændur þeirra hákarlarnir. Tanngerð stingskatna er vel aðlöguð því að bryðja skeljar og eru krabbadýr (Crustacea) og lindýr (Mollusca) meginuppistaðan í fæðu þeirra en ýmsir smærri fiskar geta líka endað ævina í kjafti þeirra.

Eitraðir broddar

Stingskötur geta reynst mönnum hættulegar, eins og dauðsfall hins fræga kvikmyndagerðarmanns sannar. Á hala skötunnar eru broddar eða gaddar sem eru ekki einungis tiltölulega stórir heldur einnig eitraðir og valda oft svipuðum sviða og stingfrumur marglyttna. Fiskifræðingar nefna slíka gadda einnig húðtennur þar sem þeir eiga sér uppruna í húð fiskanna.

Stingskötur eru þó yfirleitt ekki árásarhneigðar, þvert á móti synda þær í langflestum tilfellum í burtu sé þeim ógnað. Ef stórir ránfiskar ráðast hins vegar á þær spenna þær upp halann með hinum ógnvænlegu broddum. Stórir hákarlar þola stungurnar nokkuð vel en þær geta reynst minni hákörlum banvænar og reyna þeir því fyrir alla muni að forðast gaddana.

Stingskötur verða ekki mörgum mönnum að bana

Það er helst flóttaviðbragð stingskötunnar sem getur reynst mönnum lífshættulegt. Skötur synda yfirleitt snöggt í burtu þegar þær eru truflaðar og þá er hætta á að halinn með göddunum sláist til og rekist í menn. Slys af völdum stingskatna eru tiltölulega algeng í Asíu og Eyjaálfu en dauðsföll eru þó sjaldgæf. Einungis er vitað um 17 dauðsföll á tímabilinu 1996-2005. Í slíkum tilfellum hafa gaddarnir farið inn í brjóst- eða kviðarhol fólksins og þá farið saman lífshættulegur skaði á líffærum, blóðmissir og eituráhrif. Þar sem dauðsföll af völdum stingskatna eru eins fátíð og raun ber vitni læðist sá grunur að höfundi að Steve Irwin hafi ekki farið sérlega varlega að þessum dýrum. Þeir sem hafa séð sjónvarpsþætti hans vita að hann gat verið æði glannalegur í umgengni við hin hættulegustu dýr. Það er rétt að árétta það að flest villt dýr geta reynst mönnum hættuleg og því ætti alltaf að sýna aðgát í umgengni við þau.

Slys af völdum stingskatna

Algengustu slysin af völdum stingskatna verða þegar fólk stígur í ógáti á sköturnar eða gaddarnir strjúkast við fótleggi þess þegar þær synda framhjá. Af þessu geta hlotist afar slæmir skurðir og blóðmissir í kjölfarið, auk eitrunaráhrifanna sem valda iðulega miklum sviða í sárinu. Yfirleitt gengur sviðinn yfir á tveimur sólarhringum; hann er verstur fyrsta klukkutímann en eftir það dregur fljótt úr honum. Aðrir algengir fylgikvillar eitrunarinnar eru höfuðverkur, svimatilfinning, uppköst og hiti. Þekkt húsráð í Ástralíu við eitrun af völdum stingskatna (og marglyttna) er að láta heitt vatn renna yfir sárið. Hitinn veldur því að efnasambönd eitursins brotna niður og verða skaðlaus. Sem betur fer þurfum við ekki að tileinka okkur slík húsráð þar sem sjávardýr við Ísland eru öllu skaðlausari en þau sem synda umhverfis Ástralíu.

Vinsæl dýr

Þrátt fyrir að orðspor stingskatna hafi nú beðið umtalsverðan hnekki hafa þær verið, og verða sjálfsagt áfram, afar vinsæl dýr meðal sportkafara. Víða í Karíbahafi, svo sem við Cayman-eyjar og Antígva, safnast mörg hundruð skötur saman og draga að sér fjölda sportkafara sem víla ekki fyrir sér að synda innan um þær og jafnvel mata þær á fiskúrgangi. Stingskötur eru einnig meðal vinsælustu fiska í sædýrasöfnum víða um heim.

Jón Már Halldórsson,
líffræðingur

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvernig fer könguló að því að festa þráð nánast lárétt milli tveggja stoða, fæðumst við með hitaeinangrun sem við missum síðan með aldrinum, hvaðan kemur nafngiftin Bíldudalur, hvers vegna stífna vöðvar upp við áreynslu, hver er munurinn á örlögum og forlögum, hafa alltaf verið svona margir máfar við tjörnina og er prælahald einhvers staðar leyft? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is.

NÝTT& FERSKARA BLAÐ

Ellý í Q4U
er ekki vond manneskja

Glæsilegustu stjörnupörin
í ítarlegri umfjöllun

Þröstur Jóhannesson
gefur út sína fyrstu sólóplötu

KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA

99 kr. kg ~~149~~
Stórt gróft Krónubrauð

599 kr. kg ~~749~~
Tilboðs Grísabógsneiðar

40% afsláttur
Fyrirtaks pizzur ömmubakstur

Fjörfiskur úrvals rækjur
299 kr/kg

Matgrís Grísasnitsel
279 kr/pk

Matgrís Grísa Cordon Bleu
349 kr/pk

Myllu Brúnterta
229 kr/stk

Líf ávaxtasafi
99 kr/ltr

Þykkmjólk 4 teg.
129 kr/stk

Náttúra hefðbundin salatblanda
169 kr/pk

MB Macaroni & Cheese
99 kr/pk

Kiwi
179 kr/kg

Sætar kartöflur
219 kr/kg

Virk Sam-keppni

SKEIFAN	BÍLDSHÖFÐI	HRINGBRAUT	BREIÐHOLT	NORÐURBRÚN	HVALEYRARBRAUT	MOSFELLSBÆR	SELFOSS	VESTMANNAEYJAR	ÞORLÁKSHÖFN
virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-21	virkir dagar 11-21	virkir dagar 11-21	Allir dagar 12-23	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19	virkir dagar 11-19
laugardagar 11-19	laugardagar 11-19	laugardagar 11-19	laugardagar 11-21	laugardagar 11-21	laugardagar 11-21		föstudagar 11-20	laugardagar 11-19	laugardagar 11-19
sunnudagar 12-18	sunnudagar 12-19	sunnudagar lokað	sunnudagar 12-21	sunnudagar 12-21	sunnudagar 12-21		laugardagar 11-19	sunnudagar lokað	sunnudagar lokað
							sunnudagar 12-19		

KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI

998 kr. kg ~~1349~~
Goða lambasteik

798 kr. kg ~~1498~~
Goða grísagúllas magnpakkning

898 kr. kg ~~1699~~
Goða grísasnitsel magnpakkning

46% afsláttur

Krónan alltaf hagstæð!

VILTU HITTA DAVID BECKHAM

1. VINNINGUR:

- » Ferð til Madrid að hitta Beckham
- » Tvær nætur á hóteli
- » Allar máltíðir
- » Allur ferðakostnaður
- » Kennslustund og myndataka
- » Bakpoki
- » Fararstjórn og fylgd

KAUPTU KIPPU AF 2L PEPSI EÐA PEPSI MAX OG PÚ GÆTIR HITT DAVID BECKHAM Í MADRID!

PEPSI PEPSI MAX

Dove fljótandi handsápa 399 kr/stk

Bounty eldhúsrúllur 399 kr/pk

Persil Þvottaefni 5kg 1398 kr/pk

Len mýkir fylgir frítt með Persil þvottaefni. Len ferskju 2L og Len Cool fresh 2L

Yddis uppþvottalögur 79 kr/stk

Moppusett 2286 kr/stk

Colgate tannkrem 3 teg. 259 kr/stk

Alltaf tilboð alla daga

EITT OG ANNAÐ UM LISSABON

Bairro Alto hótelið
Þetta litla hótel var valið eitt af bestu nýju hótelum heims árið 2005 af ferðatímaritinu Conde Nast Traveller. Hér gista þeir sem eiga aðeins meiri pening. Hinir geta kíkt á barinn á efstu hæð og notið útsýnisins. Hótelið er staðsett við lítið torg í Bairro Alto hverfinu. Á hótelinu er allt það sem lúxus hótel þarf að hafa og því ætti ekki að væsa um mannskapinn hér.

Gulbenkian safnið
Listaverkasafnarinn og olíujöfurinn Calouste Gulbenkian var duglegur við að sanka að sér listmunum en vildi aðeins kaupa það besta. Síðan arfleiddi hann portúgölsku þjóðina að þessu öllu. Á safninu er að finna ótrúlegt úrval af munum frá miðri síðustu öld og allt aftur til 1800 fyrir Krist.

Alcantracafé
Þeir verða nú vart sérstakari veitingastaðirnir en Alcantracafé. Ekki er það matseðillinn eða verðið sem fær mann til að gapa heldur yfirgengilegar innréttingarnar. Staðurinn er í gamalli vöruskemmu og lætur lítið yfir sér en þegar inn er komið blasir við einhvers konar teiknimyndaheimur sem gaman er að kynnast. Maturinn er fínn og verðið vel viðráðanlegt.

John Malkovich
Leikarinn frægi gegnir sama hlutverki í túristabæklingum um Lissabon og Damon Albarn gerir í bæklingum um Reykjavík. John Malkovich hefur nefnilega líkt og Damon keypt sér hluti í veitingastað og skemmtistað og það fer ekki framhjá nokkrum manni sem blaðar í gegnum túristapésana. Skemmtistaðurinn Lux og veitingastaðurinn Bica Do Sapato eru, eða voru að minnsta kosti að hluta til í eigu leikarans góðkunna. Og ef eitthvað er að marka bæklingana þá kíkir hann stundum við og býður Catherine Deneuve stundum með sér.

Bratta borgin

Lissabon er oft líkt við San Francisco enda báðar borgir með eindæmum hæðóttar og íbúarnir vanari því að ganga í halla en á jafnsléttu. En það eru ekki bara brekkurnar sem hægja á göngu ferðamanna því borgin er falleg og alltaf eitthvað sem kallar á athyglina. *Fréttablaðið* lét hvorki hallann né steikjandi hitann slá sig út af laginu og tók stöðuna á borginni.

Einn helsti sjarminn við Lissabon er hversu gömul byggðin er. Hér er varla nútímalega byggingu að sjá og um göturnar þeysast ævafornir sporvagnar.

Eins er mannmergðinni og bílatraffíkinni ekki fyrir að fara og því getur maður rölt rólega og gefið sér tíma í að njóta umhverfisins.

Ferðamenn eru líka furðu fáir og því getur maður átt von á því að hafa turn eða jafnvel kirkju út af fyrir sig, sem er nokkuð óvenjulegt hafandi í huga að Lissabon er borg með merka sögu og ferðaiðnaðurinn í Portúgal blómlegur.

Forvitnin látin stjórna
Almenningssamgöngur eru með besta móti í Lissabon og því lítið mál að komast milli staða. Skemmtilegast er náttúrulega að ferðast með sporvagni og er ferð með vagni número 28 eitt af skylduverkefnum ferðamanna. Vagninn gengur milli hverfanna Bairro Alto og Alfama, sem standa hvort á sinni hæðinni við Tagus ána. En það er í þessum hverfum sem sjarmi borgarinnar liggur miklu frekar en á sléttunni á milli þeirra sem kallast Baixa. En Baixa hverfið var endurbyggt eftir jarðskjálftana 1755 og skipulagt líkt og í erlendum stórborgum með breiðgötum og torgum, en þannig er það ekki í Alfama og Bairro Alto. Því þegar þangað er komið er eina vitið fyrir ferðamenn að stinga kortinu í vasann og láta forvitnina leiða sig áfram um þröngar göturnar og virða fyrir sér þessa óskipulögðu húsabyggð og mannlífið á götunum. Varast ber þó að ganga meðfram veggjum enda hangir blautur þvottur út um annan hvern glugga á þessum slóðum og dropar því oft hressilega niður á vegfarendur. Í Bairro Alto og Alfama er líka heimavöllur hinnar harmþrungnu Fadó tónlistar sem Portúgalar dýrka og þeir sem vilja kynna sér hana geta rölt á milli klúbba óhræddir um að kaupa köttinn í sekknum. Enda er Fadó tónlistin sem trúarbrögð í landinu og litlar líkur á að boðið sé upp á falskan söngvara eða taktlausan gítarleikara.

Sætabrauð og skemmtanir
Í Bairro Alto halda skemmtanaglaðir heimamenn sig til. Ógrynni lítilla bara og veitingastaða er að finna út um allt, ásamt litlum verslunum sem margar hverjar eru opnar fram undir miðnætti. Enda er enginn að drífa sig í háttinn sem á annað borð er mættur í hverfið og mannfjöldinn á götunum mikill eftir að kvölda tekur. Flestir með glas í hendi, enda ekkert tiltökumál þótt fólk kjósi að fara með drykkina út á götu í stað þess að sitja við barinn. Þeir ferðamenn sem ekki eru lafmóðir eftir göngur dagsins geta því slegist í hópinn og látið gamminn geisa hér framundir morgun.

Á rölti um Lissabon virðist leiðin alltaf liggja framhjá kaffihúsi sem býður upp á ógrynni af alls kyns sætabrauði. Hér standa heimamenn við barborðið og borða á meðan ferðamenn sitja í sætunum. Enda ódýrara að súpa kaffi og maula brauðið standandi. Café a Brasileira er þekktasta og flottasta kaffihús borgarinnar en ekki endilega það besta.

Það er þó vel þess virði að kíkja við og jafnvel virða fyrir sér fínu verslanirnar í nágrenninu.

Gamli gróðinn
Belém hverfið liggur nokkra kílómetra frá miðbænum og það er helst hér sem maður verður var við ferðamannastraum. Hér er auðveldlega hægt að eyða degi í að rölta milli safna, njóta blíðunnar í görðunum og á torgum og skoða íburðarmiklar byggingar frá þeirri tíð er Portúgalar voru eitt öflugasta nýlenduveldi heims.

Þótt íbúar Lissabon telji rétt rúmlega milljón manns og borgin sé ekki ýkja stór er auðveldlega hægt að eyða nokkrum dögum í borginni enda nóg við að vera.

Það er líka kjörið að fara að huga að ferð til borgarinnar áður en allir hinir ferðamennirnir uppgötva hana. Því eflaust styttist í að langar biðraðir fari að myndast við helstu staði borgarinnar og verðið hækki. Lissabon er í stuði akkúrat núna.

Spennandi tímar framundan

Með nýsköpun að leiðarljósi



aew delford systems

CARNITECH

SCANVÆGT

Marel

Sem botninn fylla kann

Þekkt er, svo dæmi sé tekið, að trommuleikarar eru sérstakur þjóðflokkur. Sérlunda jafnvel líkt og markmenn í íþróttum. Villtari í framgöngu en gengur og gerist. En hvað einkennir bassaleikara öðru fremur? Bassaleikarar eru leyndardómsfyllri týpur en trommararnir. Við eftirgrennslan kemur á daginn að bassaleikarar eru svalir, rólegir og með báða fætur á jörðinni.

Hlutverk bassaleikara í hljómsveit er einkum að halda taktinum með trymblinum: Hrynsveitin. Og engin hljómsveit verður betri en hrynsveitin leyfir. En hlutverk bassans er margslungnara. Auk þess að sjá um að takti sé haldið tengja þeir taktinn við tónana. Eða eins og Vilhjálmur Vilhjálmsson söng hér forðum: „Þá dreymir mig um bassann, sem botninn fylla kann.“

Til einföldunar má segja að bassaleikur sé í grunninn ekki eins margslunginn og gítarleikur (þó svo að auðvitað geti hann verið miklum mun flóknari þegar menn eru komnir á ákveðinn stall). Þannig er að þegar menn eru að fylla hljómsveit eru mörg dæmi þess að bassi sé hengdur um hálsinn á sætasta stráknum í skólanum. Og honum kennd undirstöðuatriðin. Allt til að höfða til hins kynsins. Vissulega eru ekki allir til í að kvitta undir svo mikla fullyrðingasemi, að tónlistarhæfileikar séu aukageta þegar bassaleikarar eru annars vegar. En benda má á því til stuðnings að einmitt þannig var því háttað með hina sögufrægu Hljóma: Þegar Gunnar Þórðarson mynstraði Rúnar Júlíusson í hljómsveitina á sínum tíma kunni hann ekkert á hljóðfæri. Menn eru í það minnsta fljótari að vera nothæfir í hljómsveit sem bassaleikarar en á gítar. Reyndar vilja viðmælendur Fréttablaðsins ekki gera mikið úr þessu atriði en sé litið til Bítlanna, sem eru upphaf og endir alls, þá var reynt til þrautar að láta Stu Sutcliffe berja bassann áður en snillingurinn Paul McCartney tók við honum. Paul var á gítar en Stu gat aldrei neitt og því fór sem fór.

Hógværð og lúmskt egó

„Bassaleikarar eru hlédrægari týpur en gítarleikarar og söngvarar. Og ekki svona grínarar eins og trommarar,“ segir Ester Ásgeirsdóttir eða Bíbí í hljómsveitinni Singapore Sling.

Bíbí tekur undir þá alhæfingu upp að ákveðnu marki að meta persónuleika manna eftir hljóðfærunum og bassaleikarar eru vissulega hógværari týpur en gengur og gerist. Hún gefur hins vegar ekki mikið fyrir margslungið hlutverk bassaleikara innan hljómsveitar – að það séu bassaleikararnir sem bindi saman takt og tóna.

„Það er misjafnt eftir bassaleikurum. Ég spila nú bara á bassa eins og ég spila á bassa,“ segir Bíbí.

Í blönduðum hljómsveitum virðist vera algengara að konur spili á bassa en önnur hljóðfæri. Má nefna hljómsveitir eins og Talking Heads, Sonic Youth, Pixies, Kim Deal og Smashing Pumpkins. Bíbí kann engar skýringar á þessu og segir einnig algengt að finna stelpur á hljómborði og jafnvel gítar – að ógleymdu því að vera söngvarar hljómsveita sinna. Hins vegar sé sjaldgæft að konur spili á trommur.

BÍBÍ Bassaleikarar eru hlédrægari en gítarleikarar og söngvarar. Og ekki svona grínarar eins og trommarar.

Ekkert töff við villimennsku

Tilviljun réð því að Bíbí tók að sér bassaleikinn. „Við vorum bara nokkrar stelpur sem ætluðum að stofna hljómsveit. Og það var raðað nánast tilviljunarkennt á hljóðfærin. Ég hafði spilað á píanó og það passaði einhvern veginn vel við að verða bassaleikari. Já, þekkja nóturnar.“

Strengirnir á bassa eru sverari en á gítar og eins gott að vera handsterkur þegar tekið er á bassahálsinum. Aðspurð hvort hún sé þá handsterkari en gengur og gerist segist Bíbí bara vera sterk yfirleitt.

Bíbí hóf feril sinn í Kolrössu krókríðandi sem breyttist síðar yfir í Bellatrix. Nú er hún í Singapore Sling og hún hváir aðspurð hvernig gangi að starfa með villimönnunum þar. Það er ef ímyndin fer saman við raunveruleikann.

„Það gengur vel. Er einstaklega ljúft. Þeir eru ekki villimenn. Þeir eru töffarar en ekki villimenn. Enda er ekkert töff við það að vera villimaður.“

TÓMAS Athyglisvert hversu algengir bassaleikarar eru meðal þeirra sem starfa í hljóðverum.

Óstressaðar rólyndistýpur

„Ég þekki svo fáa bassaleikara. Maður spilar með svo fáum slíkum,“ gantast bassaleikarinn Tómas Tómasson sem kunnastur er fyrir bassabarning sinn með Stuðmönnum.

Hann tekur í sama streng og Bíbí með að yfirleitt séu þetta hlédrægar týpur sem veljast í að leika á bassa í hljómsveitum. Í það minnsta þeir sem hann þekkir hér á landi. Og samstaða sé meðal bassaleikara. Ef magnari bilar hikar Tómas ekki við að leita til kolleganna og fer þá ekki bónleiður til búðar.

„Þetta eru yfirleitt hógværir og vel gefnir menn. Og merkilegt er að margir þeirra hafa endað sem pródúsentar og upptökumenn í hljóðverum. Það virðist algengara hjá bassaleikurum en öðrum,“ segir Tómas og nefnir sem dæmi Trevor Horn, sem hefur stjórnað upptökum á fjölda platna.

Tómas segir jafnframt að bassaleikarar séu upp til hópa ekki menn sem trani sér fram. „Já, við erum vanir því að standa fyrir aftan söngvarana.“

Bassaleikur Tómasar er þannig til kominn að hann fórnaði sér fyrir málstaðinn eins og hann orðar það. Það vantaði bassaleikara í hljómsveitina en hann hafði þá spilað á gítar.

„Kann ekki að lýsa því hvað maður gerir sem bassaleikari í hljómsveit. Það er einstaklingsbundið. Bassaleikarar geta verið ólíkir að því leytinu til. En það er engin stressuð týpa bassaleikari. Þetta eru upp til hópa rólyndismenn.“

Engin partídýr

„Ókei. Þetta er gríðarleg alhæfing. En ég held að helstu karaktereinkenni bassaleikara séu nákvæmni, mikill áhugi – oft verið sagt að bassaleikarinn sé sá sem er in it for the music. Liggur einhvern veginn í hlutarins eðli,“ segir Eiður Arnarson, bassaleikari Todmobile.

Hann segir bassaleikarann ekki endilega vera í áberandi hlutverki en þeim mun mikilvægara. Því ef hann er ekki að standa sig virkar ekkert sem hljómsveitin gerir.

Eiður segir, líkt og Bíbí og Tómas, bassaleikara upp til hópa rólyndisfólk.

EIÐUR Bassaleikarar eru rólegir og jarðbundir -- alls ekki partývillidýr sinna hljómsveita.

„Ég held að þú finnir í flestum tilfellum rólegasta og jarðbundnasta, raunsæjasta manninn í hverri hljómsveit í þessari stöðu. Sjaldnast partídýrið í bandinu. Bassafanturinn í Mínus? Já, það verða alltaf að vera undantekningar á öllum reglum,“ segir Eiður og hlær.

„Bassaleikararnir eru svölu og rólegu gæjarnir innan um þá sem eru afkastameiri í sviðsframkomunni. Sjáðu til dæmis Queen eða Led Zeppelin.

Hæverskir menn og til baka en þegar á reyndi voru þeir miklir prímusmótorar og þróuðust út í að gegna stærra og stærra hlutverki. Mörg fleiri dæmi má nefna.

Hljóðkerfið dæmist á bassaleikarann

Eiður bendir einnig á, eins og Tómas, að helmingur hljóðupptökumanna Íslandi sé að stofni til bassaleikarar. Og nefnir Trevor Horn sem einn slíkan. Og Eiður er með kenningu í tengslum við það.

„Bassaleikarar vilja fara dýpra. Gítarleikarinn er klukkutíma að stilla gítarinn og pedalana. Söngvarinn nennir engu. Trommarinn hefur nóg með sitt og hljómborðsleikarinn líka. Bassaleikarinn bara með sitt hljóðfæri, magnarann og snúruna og fyrstur að stilla sínu upp. Þannig að hljóðkerfið dæmist á hann. Og þetta leiðir menn oft í upptöku- og hljóðmannahlutverk.“

Varðandi það að bassinn sé hengdur á menn sem teknir eru í hljómsveit á öðrum forsendum en tónlistarlegum segir hann sitthvað til í því.

„En þá erum við að tala um í besta falli slarkfærar bílskúrshljómsveitir. En um leið og menn fara að gera eitthvað kemur til kasta þess sem ég nefndi áður – hljómsveit verður aldrei betri en bassaleikarinn.“

jakob@frettabladid.is

Bassinn í framlínunni

Þó svo að í samtölum við hina ýmsu bassaleikara hafi komið fram að það sem einkum einkennir lund þeirra sem leggjast í bassaleik sé meðfædd hlédrægni þá verður sumum einfaldlega ekki haldið frá fremstu víglínu. Hér eru nefndir til sögunnar nokkrir bassaleikarar sem engin bönd hafa haldið enda hæfileikarnir ómældir þegar þessir eiga í hlut: Stjörnugenið slíkt og tónlistarhæfileikarnir.

Flestir mega þeir teljast helstu stjörnur þeirra hljómsveita sem þeir hafa starfað í. Um það blandast fáum hugur. Eiður Arnarson bendir reyndar á, þegar þeir þessir eru nefndir, (utan hins tungulanga Simmons) að allir fást þeir við söng einnig og kannski það sem dregur þá fram í sviðsljósið öðru fremur. En ekki hið eina sanna bassaeðli. Sting og Paul McCartney eru til dæmis framúrskarandi bassaleikarar en sjaldan skoðaðir í því ljósinu.

Dæmigerðir bassaleikarar

Hér eru nokkur nöfn nefnd af handahófi sem dæmi um menn sem falla eins og flís við rass ef sú kenning er höfð uppi að bassaleikarar séu svalar og traustar týpur, trani sér ekki fram og með fæturna á jörðinni. Þeir láta aðra um sviðsljósið.

- Jakob Smári Magnússon
- Haraldur Þorsteinsson
- Friðrik Sturluson í Sálinni
- Sveinn Áki Sveinsson í Í svörtum fötum
- Sigurður Samúelsson í Írafári
- Jóhann Ásmundsson
- Ingi Skúlason í Jagúar
- Jón Ingólfsson í Stuðkompaníinu
- Þórir Gunnarsson í Á móti sól

Lambalæri villikryddað

30% afsláttur Við kassann

VILLI LAMBALÆRI
1299 kr./kg
Merkt verð 1855 kr.

2 bagúettur 300g * 6 smábrauð 300g

2 bagúettur
39 kr.
300g

6 SMÁBRAUÐ
39 kr.
300g

Sjáðu verðið!

...fyrir góðan dag!

FROSINN LAMBABÓGUR
599 kr.
KÍLÓVERÐ

EKKERT BRUDL

FERSKAR KJÖTVÖRUR

UNGNAUTAHAKK
899 kr.
KÍLÓVERÐ

Ungnautahakk

18 KAFFIPÚÐAR
199 kr.
PAKKINN

18 kaffi púðar

Regular
Dark roast

KOFAREYKTU SVEITABJÚGUN
SVEITABJÚGU
299 kr.
KÍLÓVERÐ

Heilt kíló af frosnum jarðarberjum
FROSIN JARÐARBER
198 kr.
KÍLÓVERÐ
EKKERT BRUDL

BROKKOLÍ BROKKOLÍBLANDA
259 kr.
HEILT KÍLÓ

Brokkolí/brokkolíblanda
Kílópakkningar

Það byrjar allt í Bónus

EKKERT BRUDL

4x AA ALKALINE
99 kr.
ENERGY

AA ENERGY ALKALINE

9V ENERGY ALKALINE
9V ALKALINE
99 kr.
ENERGY

2 LÍTRAR CHIQUITA
299 kr.

2 lítrar í fernu

FITTYBRAUÐ
129 kr.
500g

9 grófar eða fínar MYLLUBEYGLUR
9 Myllubeyglur
159 kr.

500 ml BÓNUSLÝSI
299 kr.

4 ísblox í pakkningu
4 box í kassa
99 kr.

KLÁRAR Í BRAUÐRISTINA!

www.bonus.is



ENSKA ÚRVALSDEILDIN Á DIGITAL ÍSLANDI FRÁ 15. SEPTEMBER

85% íslenskra heimila ná útsendingum Digital Íslands.

Með örbylgjukerfi Digital Íslands nærðu fimm stöðvum hjá Skjá sporti, en með UHF kerfi nást þrjár stöðvar. Fáðu þér áskrift í síma 800 7000.

digital ísland

Varð sem lömuð þegar hún reyndi að flýja

Tvær og hálf vika eru nú liðnar frá því Natascha Kampusch strauk frá ræningja sínum, Wolfgang Priklopil, eftir átta og hálft ár í nánast algerri einangrun. Viðtölin sem birtust nú í vikunni, bæði í austurríska ríkissjónvarpinu og tveimur austurrískum blöðum, hafa vakið gríðarmikla athygli um heim allan.

Sálfræðingar sem rætt hefur verið við í fjölmiðlum eru sammála um að það muni taka hana langan tíma að jafna sig. Þó hefur það vakið athygli hversu skýr hún hefur verið í tali og hvað hún virðist taka á raunum sínum af miklum þroska.

Sumir hafa þó lýst efasemdum um hve skynsamlegt sé að hún hafi veitt opinber viðtöl svona snemma.

Eftir að Natascha slapp út hefur hún dvalist á sjúkrahúsi í Vínarborg þar sem hún segir að sér líði vel, umkringd læknum og sálfræðingum. Það eina sem hrjái hana sé kvef, sem hún var ekki lengi að smitast af eftir að hún slapp úr einangruninni.

NATASCHA KAMPUSCH Mörgum kom á óvart hversu skýr og ákveðin hún var í sjónvarpsviðtali sem hún veitti minna en hálfum mánuði eftir að hún slapp úr einangruninni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Vandræðalegt að sjá sig í sjónvarpi

Eftir að viðtölin birtust hefur hún þó áfram tjáð sig lítillega við fjölmiðla og segist fyrst og fremst vera óskaplega þakklát og hrærð yfir öllum þeim velvilja og áhuga sem hún hefur mætt. En um leið finnst henni umstangið hálf vandræðalegt. „Þegar ég sá sjálfa mig í sjónvarpinu fannst mér það svolítið óþægilegt. Eiginlega varð ég alveg rauð í framan," sagði hún í Kronen Zeitung, einum af fjölmiðlunum þremur sem hún ákvað að veita viðtöl.

Henni berst gífurlega mikið magn af bréfum og biður hún um skilning á því að hún geti ekki svarað þeim öllum, og ekki heldur þegið allar þær gjafir sem henni berast. Hún muni síðar setja þær á uppboð fyrir góðan málstað.

Hún segist einnig vilja leiðrétta þann misskilning að Priklopil hafi kennt henni að tjá sig jafn skýrt og greinilega og raun ber vitni.

„Það lærði ég af sjálfri mér. Hann kenndi mér það ekki." Hún tekur það fram að hún hafi alltaf lesið mikið, líka áður en henni var rænt.

Í Kronen Zeitung segir líka að í fangavistinni hafi hún lesið allt sem hún kom höndum yfir, meira að segja það sem stóð utan á umbúðapakkningum og tannkremstúpum.

Reyndi áður að flýja

Í þriðja hluta viðtalsins við Kronen Zeitung, sem útdrættir voru birtir úr á vefsíðu blaðsins í gær, segist hún áður hafa reynt að flýja. „Einu sinni hljóp ég meira að segja út um garðhliðið. Það var eins og hjá fólki sem getur ekki yfirgefið húsið þótt allt sé opið. Mig fór að svima, ég gat ekkert séð lengur og ég fór aftur til baka og lét eins lítið bera á því og ég gat. Til þess að hann tæki ekki eftir neinu."

Einu sinni reyndi hún líka að stökkva út úr bifreiðinni á ferð. Hann greip í hana og ók áfram í þvílíku ofboði að hún kastaðist til í bílnum.

Lífið í einangruninni var fábreytt en þó reyndi hún að nota það eftir bestu getu til þess að styrkja sig og þroskast.

„Eiginlega fór ég alltaf snemma á fætur. Ljósið kviknaði sjálfkrafa klukkan sjö. Það var ákveðin regla á hlutunum. En það var aldrei vor, sumar, haust eða vetur. Eins og hjá öðrum börnum sem ganga í skóla og fara í frí og hlaupa í fangið á mömmu sinni. Á kvöldin skipti það ekki svo miklu máli með ljósið, hvort það var fyrr eða seinna sem allt varð svart."

Hún segist fljótt hafa fundið þörf fyrir það að gera sig heimakomna í einangruninni. „Þá verður hræðslan einfaldlega að víkja, annars er ekki hægt að lifa hana af."

Ef eitthvað kæmi fyrir Priklopil

Eitt það hræðilegasta var biðin þegar hann fór út úr húsi. Þá fylltist hún ótta við að eitthvað kæmi fyrir hann: „Slys, hjartaáfall. Þá kemst ég aldrei aftur út. Hve lengi endist þá loftræstingin? Lengur en ég lifi?"

Hún segist ekki hafa skipulagt flótta sinn fyrirfram, en frá tólf ára aldri hafi hún stöðugt hugsað um það, hvenær hún yrði tilbúin til þess að flýja. Þegar stundin kom tók hún ákvörðun mjög skyndilega. „Ég vissi á þeirri stund, að ef ég gerði það ekki nú, þá kæmi tækifærið kannski aldrei aftur."

Síðustu mánuðina hafði hún sagt honum að hún myndi flýja, ef hún fengi til þess tækifæri. Hún sagðist þó hafa haft miklar áhyggjur af því að „eyðileggja heimsmynd" vina hans og nágranna. „Hann var svo almennilegur og hjálpfús. Alltaf vingjarnlegur. Alltaf svo nákvæmur. Og ég vildi heldur ekki gera móður hans það, að hún myndi kynnast þessari hlið á syni sínum."

Í viðtali við vikuritið News segist Natascha hafa spurt sig aftur og aftur hvers vegna þetta hefði endilega þurft að koma fyrir hana, en ekki einhvern annan.

„Ég hugsaði alltaf: Ég er örugglega ekki kominn í heiminn til þess að láta loka mig inni og eyðileggja líf mitt gjörsamlega. Ég fylltist örvæntingu vegna þessa ranglætis. Mér leið alltaf eins og einhverju hænugreyi í útungunarbúri. Þú hefur ábyggilega séð klefann minn í sjónvarpi og fjölmiðlum. Þá veistu hvað hann var lítill. Það fyllti mig örvilnan."

ÍVERUSTAÐUR NATÖSCHU Í þessu litla herbergi hafðist hún við í meira en átta ár, lengst af án þessa að hitta neinn annan en ræningja sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Jarðaður með leynd

Priklopil framdi sjálfsmorð með því að fleygja sér fyrir járnbrautarlest fáeinum klukkustundum eftir að Natascha slapp. Hann var jarðaður með leynd í gær að viðstöddum fámennum hópi ættingja og kunningja. Gröfin er ekki merkt réttu nafni til þess að koma í veg fyrir að henni verði raskað.

Hún segir sjálfsmorð Priklopils ekkert annað en sóun. „Enginn ætti að drepa sig. Hann hefði getað gefið mér miklu meiri upplýsingar og sérstaklega þó lögreglunni."

Sjálf hefur Natascha ekkert viljað segja um það hvort Priklopil hafi áreitt hana kynferðislega. Hún biður um skilning á því að hún treysti sér ekki til að ræða viðkvæm mál strax.

Austurríska lögreglan bíður þess enn að fá nánari upplýsingar frá henni um framferði mannræningjans, vistina í einangruninni og fleira sem tengist málinu. Einkum virðist lögreglan þó áhugasöm um að komast að því hvort Priklopil hafi staðið einn að mannráninu, eða hvort einhver hafi hugsanlega verið í vitorði með honum. Þar sem Priklopil er látinn verður málið látið niður falla ef ekki þykir ástæða til að gruna neinn annan um aðild að því.

gudsteinn@frettabladid.is

2 fyrir 2000

Nýjar plötur í 2 fyrir 2000

Þú velur 2 plötur og borgar samtals aðeins kr. 2000

Björgvin Halldórsson
Þó líði ár og öld

Bubbi
56 (sérútgáfa)



Bubbi
Nóttin langa (sérútgáfa)

Bubbi
Bláir (sérútgáfa)

Megas
Megas

Megas
Höfuðlausnir

Magnús Þór Sigmundsson
Hljóð er nóttin

Elly og Vilhjálmur
Systkinin syngja saman

Megas
Í góðri trú

Pálmi Gunnarsson
Hvers vegna varst'ekki kyrr

Regína Ósk
Regína

Ríó
Sitt lítið af hverju

Vilhjálmur Vilhjálmsson
Glugginn hennar Kötu

Utangarðsmenn
Geislavirkir (sérútgáfa)

Stuðmenn
Hve glöð er vor æska

Spilverk Þjóðanna
Bráðabirgðabúgí

Ampop My Delusions - Björgvin & Ragnhildur Dagar og nætur - Björgvin Halldórsson Ég syng fyrir þig - Björgvin Halldórsson Björgvin - Björgvin Halldórsson Eftirlýstur Björgvin Halldórsson Duet - Brain Police Brain Police - Brain Police Electric Fungus - Brimkló Undir nálinni Brimkló Eitt lag enn - Brimkló Glímt við þjóðveginn - Brimkló Sannar dægurvísur - Brimkló Smásögur - Bubbi Von - Bubbi Hvíta hliðin á svörtu - Bubbi Ísbjarnarblús (sérútgáfa) - Bubbi Kona (sérútgáfa) - Bubbi Plágan (sérútgáfa) Bubbi Fingraför (sérútgáfa) - Bubbi Ný spor (sérútgáfa) - Bubbi - Frelsi til sölu (sérútgáfa) - Bubbi Dögun (sérútgáfa) - Bubbi Sögur af landi (sérútgáfa) - Bubbi Lífið er ljúft Bubbi 3 heimar - Bubbi Allar áttir - Bubbi Trúir þú á engla - Bubbi Arfur - Bubbi Nýbúinn - Bubbi Ný spor Bubbi Bellman - Bubbi Sól að morgni - Bubbi 1000 kossa nótt Bubbi Tvíburinn Bubbi Ást - Bubbi Í 6 skrefa fjarlægð frá paradís - Egó Egó - Egó Breyttir tímar - Egó Í mynd Elly og Vilhjálmur Lög Sigfúsar Halldórssonar - Elly og Vilhjálmur Lög eftir 12. September - Elly Vilhjálms Lög úr söngleikjum & kvikmyndum - Garðar Thor Cortes Cortes Gunnar Þórðarson Himinn & jörð Gunnar Þórðarson Borgarbragur Hinn Íslenzki Þursaflokkur Hinn íslenski þursaflokkur - Hinn Íslenzki Þursaflokkur Þursabit - Hinn Íslenzki Þursaflokkur Gæti eins verið - Í svörtum fötum Í svörtum fötum Í svörtum fötum Tengsl - Í svörtum fötum Meðan ég sef - Jet Black Joe Full Circle - Jónsi Jónsi - Mannakorn Í gegnum tíðina - Mannakorn Mannakorn Mannakorn Brottför kl. 8 - Mannakorn Í ljúfum leik - Megas Millilending Megas Fram og aftur blindgötuna - Megas Nú er ég klæddur og komin á ról Megas Englaryk í tímaglasi - Megas Loftmynd - Megas og Spilverk Þjóðanna Á bleikum náttkjólum - Óðmenn Óðmenn - Papar Hláturinn lengir lífið - Papar Riggarobb Páll Rósinkranz I Believe In You - Páll Rósinkranz Nobody Knows - Páll Rósinkranz Páll Rósinkranz - Páll Rósinkranz Your Song Ragnheiður Gröndal Vetrarljóð - Sálin & sinfó Vatnið - Sálin hans Jóns míns Hvar er draumurinn - Sálin hans Jóns míns Sálin hans Jóns míns - Sálin hans Jóns míns Garg - Sálin hans Jóns míns Undir þínum áhrifum Sálin hans Jóns míns 12. ágúst 99 - Sálin hans Jóns míns Annar máni - Sálin hans Jóns míns Logandi ljós - Spilverk Þjóðanna Nærlífi - Spilverk Þjóðanna Götuskór Spilverk Þjóðanna Sturla - Spilverk Þjóðanna Ísland - Stuðmenn Hvítir mávar - Stuðmenn Sumar á Sýrlandi (sérútgáfa) - Stuðmenn Á gæsaveiðum Stuðmenn Á Hlíðarenda - Stuðmenn Listin að lifa - Stuðmenn Með allt á hreinu - Todmobile Sinfónía - Vilhjálmur Vilhjálmsson Með sínu nefi

þetta er aðeins brot af úrvalinu!

2 fyrir 2.000 tilboðið er fáanlegt í öllum betri plötuverslunum um land allt

BRANDON ROUTH Flutti til Hollywood nítján ára gamall til að freista gæfunnar. Átta árum seinna hefur það borið ávöxt og eftir velgengni Superman Returns standa honum allar dyr opnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Flýgur hátt en með fæturna á jörðinni

Nýliðið sumar er líklega það annasamasta á ævi **Brandon Routh** hingað til, en hann leikur sjálfan Súpermann í myndinni Superman Returns. Þegar loksins gafst tími til að slaka á kom hann til Íslands til að hlaða batteríin. *Bergsteinn Sigurðsson* hitti Routh og ræddi við hann um nýtt líf ofurmennisins og hans sjálfs.

Laugin verður ekki mikið dýpri en sú sem Brandon Routh stakk sér í þegar hann tók að sér hlutverk sjálfs Súpermanns í frumraun sinni á hvíta tjaldinu, því endurkomu ofurmennisins hafði verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Superman Returns er ein vinsælasta mynd ársins og í einu vetfangi varð Routh þekktur um allan heim.

„Að vissu leyti hefur orðið algjör viðsnúningur á mínu lífi; fólk veit hver ég er og hvað ég heiti, ég get státað af að hafa leikið í mynd sem ég er virkilega stoltur af, ég fæ að heimsækja staði um allan heim sem ég myndi líklega annars ekki sjá, þar á meðal Ísland. Það er afskaplega mikið að gera, en ég kvarta ekki. Þetta er frábært."

Boðið til Íslands

Ekki verður heldur annað greint en að ólíkt Súpermann er Routh með báða fætur á jörðinni, alúðlegur og kurteis í viðmóti og gerir sér til dæmis far um að bera nafn blaðamanns rétt fram. Leikarinn er staddur hér á landi fyrir tilstilli vinar síns og einkaþjálfara, Guðna Gunnarssonar.

„Guðni hefur verið þjálfarinn minn í tvö ár og stuttu eftir að við kynntumst var hann farinn að segja við mig að ég yrði að koma til Íslands. Þegar ég sá fram á að fá smá frí ákváðum við unnusta mín að taka hann á orðinu og koma í heimsókn. Guðni er fyrsti Íslendingurinn sem ég kynntist og ég vissi ekki mikið um landið áður, fyrir utan að höfuðborgin héti Reykjavík. Ég kom hingað sumpart til að komast burt frá Hollywood í stutta stund, en þegar ég kom frétti ég að það væri verið að halda lítið Hollywood-partí með Matt Dillon og Gerald Butler, sem mér fannst dálítið fyndið."

Frá Iowa til Hollywood

Routh er dreifari á bandarískan mælikvarða. Ólst upp í smábæ í Iowa-ríki og þótt hann hafi leikið í skólaleikritum og þvíumlíku ætlaði hann sér aldrei að verða leikari. „Mér fannst það ekki raunhæfur möguleiki, þar sem ég bjó í smábæ. Þegar ég var háskóla fór boltinn hins vegar að rúlla. Á þeim tíma starfaði ég endrum og eins sem fyrirsæta til að drýgja tekjurnar. Það leiddi mig til New York, þar sem ég hitti umboðsmann sem hvatti mig til að freista gæfunnar í Hollywood og ég ákvað að taka slaginn."

Þetta var fyrir átta árum en Brandon vantar enn þrjú ár í þrítugt. Á milli þess sem hann fór í árangurslausar áheyrnarprufur vann hann hin og þessi störf til að eiga fyrir salti í grautinn. „Ég sló garðbletti, tíndi rusl eftir stórhátíðir, skipti um þakplötur á húsum, var málari og fleira. Þetta var dýrmæt reynsla fyrir mig sem leikara að því leyti að ég kynntist fólki og aðstæðum sem ég hefði annars ekki gert."

Mikil pressa

Routh landaði stöku sinnum aukahlutverkum í sjónvarpsþáttum en loksins hljóp á snærið hjá honum svo um munaði þegar leikstjórinn Bryan Singer valdi hann í hlutverk ofurmennisins. „Ég hef verið mikill aðdáandi Súpermanns frá því ég var lítill og það var frábært að fá tækifæri til að leika karakter sem ég bæði virði og dái. Í gegnum tíðina hafa margir sagt mér að mér svipi til Christopher Reeve, sem lék hann í fyrri myndunum. Ég leyfði mér því að líta á það sem fjarlægan möguleika að einhvern tímann myndi ég leika Súpermann en að það yrði mitt fyrsta alvöru hlutverk óraði mig aldrei fyrir."

Endurkoma Súpermanns á hvíta tjaldið var í bígerð í áratug áður en hún varð að raunveruleika og Routh kveðst hafa verið meðvitaður um að miklar væntingar voru gerðar til hans. „Ég vissi af pressunni en gerði mitt besta til að hugsa sem minnst um hana. Að Bryan Singer skyldi velja mig í hlutverkið sagði mér að ég væri að gera eitthvað rétt og veitti mér styrk."

Ég leyfði mér því að líta á það sem fjarlægan möguleika að einhvern tímann myndi ég leika Súpermann en að það yrði mitt fyrsta alvöru hlutverk óraði mig aldrei fyrir.

Vill endurtaka leikinn

Vel er látið af frammistöðu Routh í myndinni, bæði meðal gagnrýnenda og áhorfenda. Hann þykir minna á forvera sinn Christopher Reeve að vissu leyti en gerir þó hlutverkið að sínu. „Bryan líkaði að ýmislegt í fari mínu minnir á Chris en ég fer líka mínar eigin leiðir og bæti einhverju nýju við persónuna. Ég held líka að það hafi verið nauðsynlegt að fara þá leið því við vorum að brúa meira en tuttugu ára bil milli mynda og vissum að það þyrfti að venja áhorfendur við nýjan mann í hlutverkinu. Ég held að okkur hafi líka tekist það."

Brandon býst við að endurtaka leikinn áður en langt um líður, aðeins eigi eftir að reka smiðshöggið á samninga um framhaldsmynd.

Allar dyr opnar

Routh eru nú allar dyr opnar en hann gluggar í handrit og íhugar næsta leik vandlega. Í bili nýtur hann þess hins vegar í fyrsta sinn í marga mánuði að gera ekki neitt. „Ég er úthvíldur eftir dvölina hérna. Búinn að borða góðan mat, sjá mikið af Reykjavík og fór á Ljósanótt í Keflavík, sem var frábært. Svo er ég auðvitað búinn að gera þetta dæmigerða; fara í Bláa lónið og sjá Mýrdalsjökul. Ég er líka smám saman að læra hvernig á að bera íslenskuna fram. Hver veit nema ég eigi eftir að læra smá íslensku næst þegar ég kem."

Hann er með ýmis járn í eldinum en segir of snemmt að ljóstra neinu upp. „Ég býst við að næst verði minna hlutverk í minni mynd eftir frábæran leikstjóra og með góðum leikhópi. Svo er annað stórvirki í uppsiglingu, ævintýri eins og Súpermann en gerist á öðrum tíma." Spurður hvar hann sjái sjálfan sig eftir fimm ár segist Brandon búast við að vera búinn með aðra mynd um ofurmennið, auk þess að leika í nokkrum myndum til viðbótar.

„Á þeim tímapunkti vil ég líka vera byrjaður að framleiða eigin myndir. Ég er með nokkur spennandi verkefni sem ég vil að verði að veruleika. Mig langar líka að hanna mitt eigið hús, vonandi verð ég búinn að því og fluttur inn í það með unnustu minni.

En umfram allt vona ég bara að ég verði hamingjusamur. Það er það eina sem skiptir máli."

Myndir með hjarta og sál

„Ég á margar uppáhaldsmyndir. Braveheart er þar fremst í flokki en þegar ég var lítill hafði Back to the Future líka mikil áhrif á mig. Ég heillast fyrst og fremst af myndum með hjarta og sál, þar sem persónurnar þurfa að ganga í gegnum einhvers konar þroskaferli. Þá gildir einu hvort um er að ræða stórvirki eða litla óháða mynd, slíkar myndir eru ástæða þess að mér finnst bíóið heillandi. Af öðrum slíkum myndum gæti ég líka nefnt The Shawshank Redemption, Million Dollar Baby og Oh Brother, Where Art Thou? Ég er hrifinn af „skrítnum" myndum og mikill aðdáandi Coen-bræðra."

Hefurðu áhuga á lægra eldsneytisverði?

Svalaðu forvitninni á sýningunni um helgina*

Kynning á Bensínfrelsi

Bensínfrelsi Orkunnar er fyrirframgreitt eldsneytiskort. Þegar greitt er með kortinu lækkar eldsneytisverðið um 3 krónur í hvelli. Upplýsingar um kortið er að finna á heimasíðu Orkunnar www.orkan.is en langbest er að hitta á okkur á sýningunni og spyrja okkur úr spjörunum.

Sjálfsalarnir og dælurnar

Það fæðist enginn með þá þekkingu hvernig greiða eigi í sjálfsala og dæla bensíni. Þess vegna sýnum við þér þetta á sýningunni - við verðum með sjálfsala og dælur með okkur og því verður þetta allt saman ljóslifandi, létt og lipurt.

Frelsistombóla líkur á núlli eru núll

Við bjóðum öllum frelsiskorthöfum að taka þátt í tombólunni. Og ef þú átt ekki kort, þá útbúum við það bara fyrir þig á staðnum og þú ert með í leiknum. Í boði eru 500, 1000, 2500 og 5000 kr. inneignir á frelsiskortið þitt, en möguleikinn á að fá 0 er 0.

*** Sýningin Fjölskyldan og fjármálin fer fram í Smáralind um helgina**

Lárus & Lárus

Myndasögurnar um þá félaga verða uppi við. Í leiðinni er upplagt að spyrja okkur hvað í ósköpunum þessir gæjar vilja uppá dekk. En þeim sem finnst þeir alveg sérstaklega skemmtilegir eiga möguleika á að vinna bol með teiknimyndasögu um þá félaga.

HAUKUR OG INGVAR

ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

STUÐ MILLI STRÍÐA Flensa allra landsmanna

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR ER Í HEFNDARHUG.

Einhvern veginn, einhvers staðar, var einhver sem smitaði mig af flensu. Og engri venjulegri flensu, heldur einhverri últraúberflensu sem er drottnari allra annarra flensna. Þetta er flensan sem aðrar flensur horfa á öfundaraugum og óska þess að þær verði jafn slímugar og sterkar þegar þær verða stórar.

Flensan hrakti mig undir sæng fyrir viku og þar lá ég í hnipri og hélt dauðahaldi um snýtupappírsrúlluna. Fyrstu tvo dagana var ég nokkurn veginn meðvitundarlaus og svaf út í eitt í æðislega mjúka ameríska rúminu mínu. Meðvitundarleysið hefði vel mátt endast ögn lengur þar sem ég hafði ekkert net til að vafra á og engin er víst sjónvarpsdagskráin yfir daginn. Þar að auki voru vinirnir að vinna og mamma, erfðafræðilega skipaða hjúkkan mín, stödd á skútu í Miðjarðarhafinu. Því var ég alein.

Á degi fjögur gerðist ég hugrökk og ákvað að sækja mér dægrastyttingu út á vídeóleigu. Ég dúðaði mig upp í allan þann hlífðarfatnað sem ég fann og kjagaði eins og Michelin-maðurinn þessa nokkra metra út í sjoppu. Þegar ég loks náði þangað grúfði ég mig á afgreiðsluborðið meðan ég náði orkunni aftur. Afgreiðslumaðurinn sá aumur á mér enda hafði hann sjálfur fengið þessa últraúberflensu sem var nú að hrjá mig. Við ræddum nokkra stund um veikindin, deildum sögum um þessar þjáningar, töluðum tungumál flensunnar, svokallaða nefmælsku, og þegar leiðir skildust leið mér mun betur. Ég hafði fundið þjáningarbróður.

Hins vegar er það deginum ljósara að þessi einhver sem einhvern veginn smitaði mig af últraúberflensunni einhvers staðar, verður eltur uppi. Hver sem þú ert, varaðu þig, því slímugi Michelin-maðurinn hún ég er alveg últraúber pirruð.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BT ALVÖRU skólavél

OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA Í BT SKEIFUNNI

19"

VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.NÓV.

Media Bay
-kortalesari

DVD skrifari
-Taktu afrit

DV Ready
Fyrir tökuvélina

Intel pentium 4
Fyrir áreiðanleikan

160GB
harður diskur

512MB
vinnsluminni

4.425

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

LKN:DAN-889221-137
FSC SCALEO P1
Intel Pentium 4 524 örgjörvi
512MB Vinnsluminni
160GB S-ATA Harður Diskur
DVD skrifari
Kortalesari 11-1
Lyklaborð og mús
Microsoft Windows XP home edition SP2
Microsoft Works
Symantec Norton IS Suite 2006

Q8160B
HP Photosmart C3180 All in one

Prentar – Skannar – Ljósritar

Allt að 22bls á mín. (Svart)
Allt að 20bls á mín (litur)
Upplausn prentun: 4800x1200 í lit
Upplausn skanni: 1200x1200
Jaðarlaus prentun
USB og PictBridge tengi
Innbyggður Kortalesari

FYLGIR

4.425 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.

9.999 Vaxtalaust 12 mán.

119.988 Staðgreitt

FERÐA DVD SPILARI

16.999

19.999

Frábær í ferðalagið

ScanMagic

BOLTA MYNDIR

9

1 mappa á mann

ATH rétt í gangi

Fótboltamappa og 2 pakkar af fótboltaspilum

Mundu liðaleikinn þú gætir farið á leik í Meistaradeildinni

AMILO 1650

AMD64
-Fyrir kraftinn

ATI X200
-Fyrir leikina

100GB
harður diskur

1 GB
vinnsluminni

3D SKJÁKORT

4.438

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

UK-N6EAS06-A1

FSC AMILO A1650G

AMD Turion 64 ML32 1.8GHz
15.4" WXGA Widescreen TFT
-with CrystalView Technology
ATI Mobility Radeon X200 Graphics
1GB Vinnsluminni
100GB Harður diskur
DVD skrifari - Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort

VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.NÓV.

4.438 **Tölvu- og tækjalán 36 mán.

9.999 Vaxtalaust 12 mán.

119.988 Staðgreitt

Kl. 11.00
Samsýningin Mega vott stendur yfir í Hafnarborg í Hafnarfirði. Myndlistarmennirnir Ragnhildur Stefánsdóttir, Anna Eyjólfsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir, Rúrí og Jessica Stockholder eiga verk á sýningunni. Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga, milli kl. 11 og 17.

menning

menning@frettabladid.is

Karnivalísk ádeila í reiðhöll

Einleikhúsið setur upp spunaleikritið Þjóðarsálina nú á haustdögum en ekki dugir minna en stærðarinnar reiðhöll til að rúma þá sál. Hópur fimm atvinnuleikara undir stjórn leikstjórans Sigrúnar Sólar Ólafsdóttur hefur skapað sýninguna út frá spurningunni um þessa meintu þjóðarsál og er þar unnið með viðhorf Íslendinga og tekið á ýmsum sammannlegum löstum og dyggðum. Þetta kann að vera í fyrsta sinn sem fyrrum þarfasti þjónn landsmanna tekur með virkum hætti þátt í íslenskri leiksýningu en í sýningunni verður háþróaðri leikhúsvinnu steypt saman við sirkuskúnstir, dans og áhættuatriði hesta auk þess sem hestakonur úr hópnum „Hrossabandið“ munu troða upp og syngja. Fjöldi aukaleikara og dansara kemur að sýningunni, meðal annars kraftajötnar og fegurðardísir. Samkvæmt tilkynningu frá leikhópnum munu gestaleikarar og söngvarar líka setja svip sinn á sýninguna, jafnvel „heimsþekktir aðilar“, en eins og gefur að skilja verður

REIÐHÖLL RÚMAR ÞJÓÐARSÁL Einleikhúsið setur upp karnivalískt spunaverk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

gefið mikið rými fyrir hið óvænta í sýningunni. Á dögunum skrifuðu forsvarsmenn Einleikhússins undir samstarfssamning við Landsbankann sem mun styrkja þessa karnivalísku ádeilu en áætluð frumsýning hennar er 8. október. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.einleikhusid.is.

> Ekki missa af...

ljósmyndasýningu **Spessa** í 101 Gallery, við Hverfisgötu. Spessi sýnir ljósmyndir af **kínverskum verkamönnum** sem starfa við byggingarframkvæmdir við Kárahnjúka.

gjörningi **Magnúsar Árnasonar** á sýningunni Pakkhús postulanna í Hafnarhúsinu kl. 16 í dag.

dýrtíð í íslenskum kvikmyndahúsum. **Icelandic Film Festival** sem nú stendur yfir í Regnboganum og Háskólabíói.

BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20
2. sýn. sun. 1. okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15

Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur/Sóvu Jakobsdóttur
Sun. 10/9 uppselt, sun. 17/9, fös. 22/9, lau. 23/9. Aðeins fáar sýningar í haust.
FAGNAÐUR eftir Harold Pinter
Sun. 24/9 kl. 21:00 örfá sæti laus, sun. 1/10 kl. 21:00
Aðeins fáar sýningar í haust.
STJÚ GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikg. Illugi Jökulsson.
Frumsýning fös. 29/9 kl 20:00 uppselt, lau. 30/9 kl. 14:00 örfá sæti laus

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikg. Baltasar Kormákur
Fös. 15/9 uppselt, lau. 16/9 uppselt, sun. 17/9 uppselt, fim. 21/9 örfá sæti laus, fös. 22/9 örfá sæti laus, lau. 23/9 örfá sæti laus, lau. 30/9 uppselt.

SMIÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00
SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.
Frumsýning í kvöld lau. 9/9 kl. 20:00 uppselt. Fös. 15/9, lau. 16/9, fim. 21/9, sun. 24/9.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-FRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 10/9 kl. 14 Sun 24/9 kl. 14
Lau 30/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 10/9 kl. 20 Sun 24/9 kl. 20
Lau 30/9 kl. 20 Fös 6/10 kl. 20

FOOTLOOSE
Í kvöld kl. 20 Fös 22/9 kl. 20
Lau 23/9 kl. 20 Fim 28/9 kl. 20

ALLIR Í LEIKHÚSIÐ
Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd með forráðamönnum.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

ÞAÐ BORGAR SIG AÐ GERAST ÁSKRIFANDI
Áskriftarkort á 5 sýningar á 9.900.
Þeir sem gerast áskrifendur fyrir 20.sept. fá gjafakort í Borgarleikhúsið í kaupbæti.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

PINA BAUSCH
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Aqua í Borgarleikhúsinu.
Sun 17/9 kl. 20 UPPS.
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.
Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.

MEIN KAMPF
Lau 23/9 frumsýning UPPS.
Mið 27/9 kl. 20
Fös 29/9 kl. 20
MIÐASALA HAFIN.

ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskrftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Ljúfsár hverdagsleikinn

Fyrsta frumsýning Þjóðleikhússins í vetur er verkið Sumardagur eftir norska leikskáldið Jon Fosse, ljúfsárt hversdagsdrama um kunnuglegt fólk.

Leikstjóri sýningarinnar, Egill Anton Heiðar Pálsson, útskýrir að Fosse beini sjónum sínum jafnan að lítilmagnanum, litla manneskjubarninu. „Hjá honum eru engin mikilmenni heldur fjalla verk hans um hversdagsátök sem við lendum öll í, áföll sem leysa eitthvað úr læðingi sem við ráðum ekki við.“

Hann útskýrir að tungumálið skipti veigamiklu hlutverki í verkum Fosse. „Hann var tónlistarmaður, djassisti og reyndar rokkari líka. Fosse er mjög músíkalskur og skrifar í ákveðnum takti. En í orðunum sjálfum og því sem fólkið segir birtist í raun ekki neitt heldur verður skilningurinn til í núningnum milli þess sem persónurnar eru að kljást við og þess sem það segir.“ Egill segir að textar Fosse birtist sumum eins og naumhyggjuleg ljóð en það séu þeir alls ekki heldur líkir Egill skrifum hans við naumhyggjuraunsæi. „Fosse var fyrst þekktur sem ljóðskáld en í glímu þeirra sem aldir eru upp við ljóðlist við stórar hugmyndir, tilfinningar eða upplifanir af heiminum, verða orðin færri. Ljóðskáldum tekst oft að leysa úr læðingi ákveðna upplifun hjá okkur sem ekki er til staðar við fyrsta lestur á ljóði. Þess vegna finnst mér Fosse skipta máli fyrir okkar tíma því við erum stöðugt að sérhæfa tungumálið og reyna að koma orðum yfir allt - sem er alls ekki hægt.“

Fosse skrifar á nýnorsku, sem er ekki eiginlegt talmál. „Það er tilbúið tungumál sem hefur þar af leiðandi enga agnúa af mállýskum, né er það bundið stéttum eða staðháttum,“ útskýrir Egill og bætir því við að þannig takist Fosse betur að miðla hinu sammannlega.

ATBURÐIR OG AÐSTÆÐUR SEM ALLIR KANNAST VIÐ Kristbjörg Kjeld í hlutverki sínu í Sumardegi eftir Jon Fosse. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Egill kynntist Fosse þegar hann vann að uppsetningu með honum í Berlín. Hann er nú ein skærasta stjarna norrænna leikbókmennta en þetta er í fyrsta skipti sem leikrit hans fer á fjalir atvinnuleikhúss hér á landi. Verk hans hafa verið leikin í Útvarpsleikhúsinu og fyrr í vetur sýndi leikhópurinn Jelena verkið Purpura í Loftkastalanum. Í lok október er von á Fosse hingað til lands í tengslum við málþing sem haldið verður honum til heiðurs á vegum Þjóðleikhússins auk þess sem tvö önnur verka hans verða leiklesin.

„Í verkunum hans gerast atburðir sem allir kannast við,“ útskýrir Egill en í Sumardegi hverfist atburðarásin um ástvinamissi. „Þetta eru hlutir sem við fyrsta lestur virðast litlir en það tekur tíma að kafa undir yfirborðið og þar verða verk hans mjög leikbær. Hann hefur ótrúlegt vald á því að ná með orðum utan um kvöl okkar tíma í sama, í sama hvaða formi það er.“

Með aðalhlutverkin í sýningunni fara Kristbjörg Kjeld og Margrét Vilhjálmsdóttir, sem leika aðalpersónu verksins á ólíkum aldursskeiðum. Aðrir leikarar í sýningunni eru Hjálmar Hjálmarsson, Anna Kristín Arngrímsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir og Kjartan Guðjónsson. Um leikmuni og búninga sér Martins Eriksson en lýsinguna annst Rainer Eisenbrau, gervi hannar Kristín Thors en hárgreiðslan er í höndum Guðrúnar Erlu Sigurbjarnardóttir. Ungt tónskáld, Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir, semur og velur tónlist verksins en þýðandi þess er Hjalti Rögnvaldsson. Aðstoðarleikstjóri er Gísli Pétur Hinriksson.

„Þetta er einkar skemmtilegur hópur fyrir mig sem ungan leikstjóra, ég er að vinna með fólki af öllum kynslóðum en þetta verk er mikil gáta fyrir okkur öll,“ segir Egill. Gátan verður kannski aldrei leyst í eitt skipti fyrir öll. „Fosse nefnir það samt sjálfur á einhverjum stað að uppgjöfin geti verið lykillinn að tilverunni. Að með því hreinlega að gefast upp getum við fyrst haldið áfram. Það er eitt það fallegasta sem ég hef heyrt lengi.“

kristrun@frettabladid.is

Leikið til góðs því lífið kallar

Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tónleika ásamt norsku söngkonunni Solveigu Kringelborn í Háskólabíói kl. 17 í dag. Tónleikarnir eru til stuðnings verkefni barna- og unglingageðdeildar Landspítalans „Lífið kallar“ en verkefnið er unnið í samstarfi við FL Group. Markmið þess er að styrkja fjölskyldur barna og unglinga sem eiga við andlega erfiðleika að etja, að sögn Smára Sigurðssonar, oddvita FL Group. „Þetta er nýtilkomið samstarfsverkefni en hluti af stefnu okkar er að styðja verkefni á sviði menningar og mannúðar. Við viljum styðja þetta verkefni sem starfsfólk BUGL hefur mótað. Inntak þess lífsgleðin en við viljum koma þeim jákvæðu sjónarmiðum að og hjálpa þeim sem lent hafa í áföllum að finna hinn gleðilega tón aftur.“

STORMANDI LUKKA Gerður var góður rómur að fyrstu tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Smáralind en í dag verður leikið til góðs í Háskólabíói. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

RAKEL PÉTURSDÓTTIR LISTFRÆÐINGUR
Ræðir um merkingu hugtaksins íslensk myndlist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Leiðsögn um landslagslist

Rakel Pétursdóttir listfræðingur leiðir gesti Listasafns Íslands um sýninguna „Landslagið og þjóðsagan“ kl. 14 á morgun.

Á sýningunni er fjallað um íslenska landslagslist frá upphafi 20. aldar og sýnd verk sem byggja á túlkun þjóðsagna, meðal annars úr Safni Ásgríms Jónssonar. Mörg af öndvegisverkum íslenskrar myndlistar frá fyrri hluta 20. aldar eru á sýningunni, svo sem eftir Þórarin B. Þorláksson, Ásgrím Jónsson, Jóhannes Kjarval, Guðmund Thorsteinsson og Júlíönu Sveinsdóttur. Þá eru verk eftir yngri listamenn sem takast á við landslagið og þjóðsöguna, eins og Sigurð Guðmundsson, Magnús Pálsson, Helga Þorgils, Georg Guðna, Halldór Ásgeirsson, Ólaf Elíasson, Eggert Pétursson og Ólöfu Nordal.

Leiðsögnin verður miðuð við virka þátttöku gesta eftir áhuga þeirra og frumkvæði. Farið verður í gegnum alla sýninguna þar sem spurningum um merkingu hugtaksins íslensk myndlist og hlutverk hennar í sjálfsmynd þjóðar er velt upp með hliðsjón af verkum frá fyrrihluta 20. aldar og samtímalistinni. Aðgangur að Listasafni Íslands er ókeypis. - khh

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

6 7 8 **9** 10 11 12

Laugardagur

TÓNLEIKAR

☐ 18.00 **Bentína Tryggvadóttir** heldur tónleika í **Fríkirkjunni í Hafnarfirði.** Á efnisskrá eru bæði sígild- og nútímaverk og mun fjöldi annarra listamanna koma fram á tónleikunum Bentínu til stuðnings, meðal annars **Bjarni Jónatansson píanóleikari, Sigurður Steinsson** gítarleikari, **Alda Ingibergsdóttir** sópran, **Ásgeir Páll Ásgeirsson** barítón, **Bjarni Snæbjörnsson** leikari og **María Jónsdóttir** sópran.

☐ 18.00 Hljómsveitin **Los Heartbreakers** spilar á **Q-bar.**

ÚTIVIST

☐ 11.00 Fræðsluganga um fornleifar við **Elliðavatn** í boði **Skógræktarfélags Reykjavíkur**. Sjá nánar á **www.heidmork.is**

SAMKOMUR

☐ 13.00 Dagskrá til minningar um **Björn J. Blöndal** laxveiðimann og rithöfund verður flutt á vegum **Snorrastofu** í **Reykholti** og Safnahúss Borgarfjarðar. Fyrirlesarar verða **Elín Blöndal, Björn Blöndal, Jóhannes Nordal, Guðrún Nordal, Gunnar Hersveinn, Össur Skarphéðinsson, Snorri Jóhannesson á Augastöðum** og **Þorkell Fjeldsted í Ferjukoti**. Þá verður lesið upp úr bók Björns, Hamingjudagar, auk þess sem **Silfurrefirnir** verða með tónlistaratriði. Dagskránni stýrir **Bjarni Guðmundsson** á Hvanneyri, en hún er opin öllum og er aðgangur ókeypis.

SÝNINGAR

☐ 08.30 **Guðmundur Karl Ásgeirsson** sýnir landslagsmálverk í sýningarsal **Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarháls.** Sýningin stendur fram í miðjan október.

☐ 09.00 Haustsýning **Listvinafélags Hallgrímskirkju** á myndverkum **Hafliða Hallgrímssonar** er í forkirkju **Hallgrímskirkju**. Þetta er önnur sýning Hafliða í Hallgrímskirkju og sýnir hann 12 verk með trúarlegu ívafi. Sýningin stendur til 23. október

☐ 10.00 Sýningin **Ef þú giftist**, um íslenska brúðarsiði fyrr og nú, stendur yfir í **Minjasafni Akureyrar**. Sýningin er opin milli 10-17 alla daga en henni lýkur 15. september.

☐ 11.00 **Halla Gunnarsd**óttir myndlistarkona sýnir verk sín **í Galleríi Turpentine við Ingólfstorg.** Sýningin er opin til kl. 16.

☐ 13.00 **Aleksandra Signer** og **Tumi Magnússon** sýna myndbandsverk og innsetningar í **Listasafni ASÍ við Freyjugötu.** Sýningunni lýkur á morgun sunnudag.

☐ 11.00 Samsýningin **Mega vott** stendur yfir í Hafnarborg. Myndlistarmennirnir **Ragnhildur Stefánsdóttir, Anna Eyjólfsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir, Rúrí** og **Jessica Stockholder** eiga verk á sýningunni. Sýningin er opin alla daga milli kl. 11-17 nema á þriðjudögum.

☐ 14.00 Í galleríi **Kling & bang** við **Laugaveg** stendur yfir samsýningin **Guðs útvalda þjóð**. Á þriðja tug listafólks, bæði myndlistar- og tónlistarfólks, tekur þátt í sýningunni. Sýningarstjóri er **Snorri Ásmundsson**. Sýningin er opin fimmtudaga til sunnudaga frá 14-18.

☐ Sýning **Nínu Gautadóttur** í **Galdrasafninu á Hólmavík** sem helguð er rauðhærðum konum stendur til 15. september.

UPPÁKOMUR

☐ 14.00 **Menningar- og listafélagið Beinlaus biti** efnir til útgáfuhátíðar í tilefni af útkomu hljómskífunnar **Sjómannasöngvar** í salthúsi **Sigvalda Þorleifssonar í Ólafsfirði.** Kórar, hljómsveitir, myndlistarmenn og söngvarar leika og sýna kúnstir sínar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

> **Við mælum með...**

...eins konar medalíuhálsmenum sem fást í búðinni Belleville á Laugaveginum. Flott og öðruvísi dönsk hönnun sem setur svip á hvaða fatnað sem er.

útlit

utlit@frettabladid.is

SMEKKURINN ARNÞRÚÐUR DÖGG SIGURÐARDÓTTIR ATHAFNAKONA MEÐ MEIRU

Leður í neyðarlega miklu uppáhaldi

Spáir þú mikið í tískuna? Já svona frekar mikið, þó án þess að vera tískuþræll. Held þessu innan velsæmismarka, annars væri ég bara komin í ruglið.

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Hann er rosalega blandaður, það fer alveg eftir veðri og skapi. Er mikið í háum hælum, niðurmjóum buxum, stuttum jökkum og nota mikið leður.

Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki? Roberto Cavalli. Hann er virkilega smart en ég er ekkert sérstaklega að splæsa í svoleiðis merkjavöru, þá held ég bara að maður væri á hausnum.

Flottustu litirnir? Appelsínugulur, bleikur, gulur, hvítur og svartur.

Hverju ertu veikust/veikastur fyrir? Kögurjökkum og skóm, ég verð nú alveg að fara að komast yfir þetta kögur-vesen. Fer alveg að verða neyðarlegt.

Hvaða flík keyptir þú þér síðast? Reimaðar leðurbuxur í Elvis. Þær eru ómissandi á mótorhjólið. Þær eru alveg „to die 4".

Hvað finnst þér flottast í tískunni núna? Ég er nú ekki viss, það er svo margt í gangi. Það er svo skemmtilegt þegar haustið dettur inn með öllum þessum dýrðlegu þykku peysum. Mamma er að skella í eina lopapeysu í fínni kantinum svo að ég á ekki eftir að fara í „haustkötti-nn".

Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir haustið? Góðar bomsur.

Uppáhaldsverslun? Já það er nú góð spurning, ég er nú voða sniðug að versla á eBay svo er það Trilogia, H&M, Zara. Algjört bland í poka.

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? Það er svo misjafnt, en alls ekki mikið. Ef maður er erlendis þá tekur maður góðar rispur en það getur verið frá 0 kr upp í 30.000 kr. Svo er ég svo mikill grúskari að ég kemst upp með að eyða fáránlega litlu.

Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án? Joggingbuxna, allra hlýrabolanna og leðurgallans.

Uppáhaldsflík? Leðurskyrtan mín frá All Saints. Hún er algjör snilld, rosa flott og hrikalega hlý. Þarf endilega að verða mér út um fleiri í mismunandi litum. Held að ég hafi ekki farið úr henni þessa dagana.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? Barcelona eða New York, er verið að bjóða mér eða?

Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér? Ég held að sú flík sé bara ekki til, jú samfestingur í Hjálpræðishernum. Ekki fallegur.



MÓÐUR VIKUNNAR
Álfrún fer yfir málin

Útlenskt, já takk!

Um síðustu helgi strunsaði ég um stræti Kaupmannahafnar í mikilli leit að nýjum fataleppum. Vá, hvað það er mikið úrval af flottum og girnilegum fatnaði í Danmörku á öllu verðbili. Úrvalið var eiginlega svo mikið að ég fór í baklás og vissi ekki alveg hvað ég ætti að kaupa og hverju ég ætti að sleppa. Hélt að ef ég myndi kaupa bol á einum stað þá mundi ég fara í næstu búð og sjá einhvern ennþá flottari. Fékk svona nettan valkvíða þannig að ég varð að setjast niður til að fá mér þjóðardrykk Dana og safna orku oft yfir daginn. Já, ekkert er betra en að vera í fríi.

Allt sem maður sér í útlöndum er alltaf miklu meira spennandi bara af því að það er útlenskt, ég keypti mér til dæmis tíu útlenska tyggjópakka bara af því að það fæst ekki á fróni.

Verslanakeðjan Hennes og Mauritz er mjög ofarlega á vinældalista Íslendinga sem fara til útlanda. Ástæðan fyrir því er klárlega verðlagið og svo auðvitað eru hönnuðirnir alveg fáranlega góðir í að herma eftir helstu hátískuhönnuninni og ávallt með puttana á púlsinum í þessum efnum. Íslendingar versla svo mikið í Danmörku og í H&M að fyrirskipanirnar fyrir Tax Free á flugvellinum eru á ensku og íslensku. Engu öðru tungumáli. Svona erum við öflug þjóð enda er Reykjavík ein af tískuborgum heims samkvæmt spekingum og auðvitað landsmönnum sjálfum.

Það er hinn mesti miskilningur að Strikið sé eina aðalverslunargatan í Kaupmannahöfn. Vissulega er hún stærst en sjálf er ég hrifnari af hverfunum fyrir ofan Strikið. Þar er litlar sætar götur þar sem ungir hönnuðir og upprennandi merki hafa hreiðrað um sig í kjallaraholum. Þar eru búðir eins og Wood Wood, Acne Jeans og Peder Stöffer sem vert er að skoða. Einnig er „second hand"-búðin Köbenhavn K ein sú stærsta í Kaupmannahöfn og er staðsett fyrir ofan Strikið í átt á Nörrebro. Ekki vera hrædd við að skjótast af Strikinu til að upplifa hátískuna á hliðargötunum og svo eru líka svo krúttleg og skemmtileg kaffihús þar sem maður kemst aðeins frá mannfjöldanum.

Allt sem er útlenskt er gott og ef ég mætti ráða þá færi ég í hverjum mánuði til útlanda til að endurnýja fataskápinn minn og fá innblástur frá erlendri menningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

SKÓLAPEYSA Donna Karan var alveg með puttana á púlsinum þegar hún gerði þessa fallegu síðu v-hálsmálpeysu í rjómahvítum lit.

SÍÐ OG HLÝ Flott kápa/peysa úr Rokki og rósum sem hægt er að nota sem yfirhöfn jafnt og kjól.

GLAMÚR Frábær síð peysa með útsaumuðu perlumunstri frá Rokki og rósum.

HLÉBARÐAMUNSTUR Klárlega eitt af heitari munstrum vetrarins. Þessi síði peysukjóll er frá Sportmax og fæst í GK.

GLÆSILEGUR Svartur partíkjóll úr angóruull frá hönnuðinum Emmu Cook og fæst i Kronkron.

Hlýr kvenleiki vetrarins

Nú er tíminn sem myrkrið fer að læðast aftan að manni og hver dagur styttist um of. Það fer að verða erfiðara að vakna á morgnana og það eina sem mann langar að klæðast á köldum og dimmum morgnum er eitthvað hlýtt og þægilegt. Tískan fyrir þennan vetur er okkur klakabúum mjög í hag því síðar peysur og prjónakjólar eru meðal heitra nýjunga vetrarins.

Litríkir sumarkjólar voru mjög „inn" þetta sumarið og kjólatískan heldur áfram inn í veturinn með smá öðruvísi áherslum.

Peysur fara síkkandi og hægt er að nota þær við leggings eða bara hið íslenska föðurland sem er alls ekki eins hallærislegt og margir halda. Kosturinn við þessa tísku er að sama hvort um er að ræða síðar og víðar hettupeysur eða þrönga stutta ullarkjóla þá er bæði hægt að nota strigaskó og himinháa hæla við. Því er hver flík margbreytileg og eiginlega fjölnota. Kjólar og síðar peysur sem eru heklaðar eða prjónaðar eru að fylla slár tískuvöruverslana og því um að gera að skipta léttu sumarkjólunum út fyrir hlýja og góða peysukjóla þannig að kvenleikinn missi sín nú ekki þegar frostið fer að láta á sér kræla innan skamms.

alfrun@frettabladid.is

V-HÁLSMÁL ER MÁLIÐ Ef marka má tískupallana og þessi flotta peysa er hneppt með síðu hálsmáli. Fæst í Kronkron.

STELLA MCCARTNEY Flott fjólublá og síð rennd peysa frá drottningunni Stellu sem hægt er að nota við hvað sem er.

VESTI Prjónvesti á ekki lengur að minna á afa. Nú er þau komin vel inn í tískuna og hér er eitt sítt sem hægt er að nota sem kjól úr Gallerí 17.

KÓSÍ Frábær hettupeysa sem auðveldlega gengur sem kjóll og ekkert er betra en að klæðast þessu á köldum dimmum morgnum. Fæst í Kronkron.

LJÓSGRÁTT Þetta er greinilega litur vetrarins og er hér flottur í síðerma prjónakjól frá Alice Roi.

DONNA KARAN Flottur og þykkur kjóll frá þessum flotta merki sem klikkar sjaldan. Fæst í Evu.

KLASSÍSKUR Glæsilegur kjóll frá danska merkinu Rosanne og Julie sem fæst í GK.

RÚLLUKRAGI Glæsileg peysa frá Stellu McCartney sem hér sést við þunnar sokkabuxur og ökklastígvél.

Frá rokkara í kvenlegheit

Kelly Osbourne skaut upp á stjörnuhimininn þegar fjölskylda hennar ákvað að hleypa almenningi inn í heimilislíf sitt í þáttunum „The Osbournes“ sem sýndir voru hér á landi við miklar vinsældir. Hún er sem kunnugt er dóttir rokkarans Ozzy Osbourne og Sharon Osbourne og í byrjun þáttanna var Kelly gelgja í uppreisn gegn foreldrunum og gekk aðeins í bleikum bolum og stuttum skotapilsum.

Nú er hins vegar öldin önnur og hefur Kelly meðal annars gefið út sína eigin plötu, leikið í bíómyndum og hannað sína eigin fatalínu. Hún hefur gjörsamlega umturnað fatastíl sínum og sést nú oftar en ekki í kvenlegum kjólum sem sýna línur hennar. Hún er hætt að vera alltof svartmáluð í kringum augun og er nú alltaf mjög smekklega máluð í gamaldags stíl. Kelly er þekkt fyrir að breyta háralit sínum mjög ört og er annaðhvort ljóshærð eða dökkhærð með spöng í hárinu. - áp

GLITRANDI FÍN Frábær gull og glimmer kjóll sem fer henni vel og er einstaklega partívænn.

KVENLEG Hér er Kelly eins og klippt út úr gamaldags bíómynd og minnir óneitanlega á goðsögnina Audrey Hepburn í þessari hvítu kvenlegu kápu.

TÖFFARI Hér er Kelly í flottum svörtum stuttbuxum, háum hælum og hvítri blússu. Smekkleg og fín.

GLÆSILEG Kelly sést hér á rauða dreglinum í dragsíðum svörtum kjól með fallegt hárskraut.

GUERILLA STORE Þessi búð hefur nú sett sitt mark á íslenska tískuvörumarkaðinn og hverfur á braut 25. september næstkomandi.

Hátískuhönnun af landi brott

Nú fer hver að verða síðastur að næla sér í flotta hönnun frá hátískumerkinu Comme des Garcons hér á landi því að búðinni Guerilla Store verður lokað 25. september. Þá er nákvæmlega ár liðið frá því búðin var opnuð undir formerkjum „Guerilla store“ sem þýðir að hver búð má aðeins vera starfrækt í eitt ár í senn á sama stað. Í Guerilla búðum er hægt að fá fatnað frá Comme des Garcons og þar er hægt að nálgast línur frá árinu 1980 og upp úr. Þetta eru einu búðirnar í heiminum þar sem það er hægt.

FLIPPAÐ Flott marglit peysa frá Comme des Garcons úr Guerilla búðinni.

Aðstandendur búðarinnar hér á landi eru mjög ánægðir með dvöl sína í slippnum en búðin er staðsett á Mýrargötu. Þeir segja jafnframt að það sé með trega sem þeir hverfi frá íslenska tískuheiminum, enda hefur búðinni og merkinu verið tekið afskaplega vel af landsmönnum og þykir fólki ekki erfitt að leggja leið sína niður í slippinn til að versla sér föt. Hver veit nema fleiri tískuvöruverslanir fari að skjóta upp kollinum í slippnum innan skamms. - áp

COMME DES GARCONS Þetta merki hefur hátískustimpil á sér og nú fer hver að verða síðastur að geta keypt sér fatnað í þessu merki á Íslandi.

HELGARTILBOÐ!

Nýtt 1.799kr.

Beyoncé – B'day
Önnur sólóplata Beyoncé Knowles, en platan inniheldur hið feikivinsæla lag Deja Vu

Nýtt 1.799kr.

Audioslave – Revalations
Þriðja plata Chris Cornell sem inniheldur eitt mest spilaða rokklag landsins Original Fire

1.799kr.

Slayer – Christ Illusion
Ein besta plata Slayer í langan tíma

1.799kr.

Iron Maiden – A Matter of Life and Death
Íslandsvinirnir með frábæra nýja plötu



1.799kr.

Pétur Ben – Wine For My Weakness
Þessi magnaða plata frá Pétri var biðinnar virði

Nýtt 1.799kr.

Mannakorn – Ekki dauðir enn
Öll bestu lög Mannakorna hér með stórhljómsveit og strengjasveit

Nýtt 1.999kr.

Bandidas
Salma Haye og Penelope Cruz í þessum ævintýralegum vestra

Nýtt 1.999kr.

Basic Instinct 2
Sharon Stone mætir aftur sem Catherine og aftur liggur hún undir grun þegar morðmál kemur upp

Nýtt 1.999kr.

She´s the Man
Viola ákveður að mæta í skóla sem bróðir sinn eftir að hann stingur af til London í 2 vikur. Glens og grín.

MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM

S·K·Í·F·A·N
skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Tískulegir rokktónleikar

Árlega eru haldnir svokallaðir „Fashion Rocks“ tónleikar í New York borg þar sem rauði dregillinn er stjörnum prýddur. Þar kemur saman allt frægasta liðið í tísku- og tónlistarheiminum enda haldast þeir vel í hendur. Þetta er fastur liður í byrjun hverrar tískuviku en þau herlegheit hefjast í dag. Aðaltískuhönnuðir heimsins á borð við Tommy Hilfiger og Donnu Karan voru mættir í sínu fínasta pússi og skemmtileg tónlistaratriði voru í boði ásamt tískusýningum þar sem hönnuðir sýndu hvað í þeim býr.

VINSÆLL Söngvarinn Kanye West var að sjálfsögðu mættur enda með eindæmum vinsæll í Bandaríkjunum.

FÖLBLEIK Leikkonan unga Mischa Barton lætur sig sjaldan vanta á rauða dregilinn og hún var flott að vanda í heitustu litunum fyrir veturinn, fölbleikum kjól og ljósgráum lakkskóm.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

HÖNNUÐURINN SJÁLFUR Tommy Hilfiger var að sjálfsögðu mættur í gulljakka með fallega stúlku upp á arminn.

DONNA KARAN Hönnuðurinn sjálfur var svakalega flottur í frábærum svörtum tjullkjóll sem vakti mikla athygli tískuspekúlanta.

SÖNGKONAN Christina Aguilera var auðvitað mætt í glæsilegum svörtum síðkjól sem fór henni einstaklega vel.

SÖNGFUGLINN Nelly Furtado var flott með nýja klippingu í dökkbláum silkikjól.

HVER ANNARRI FLOTTARI Stúlkurnar í hljómsveitinni Pussycat Dolls stálu senunni á rauða dreglinum enda litríkar og sætar.

Elle lærði sína lexíu

Ofurfyrirsætan Elle MacPherson segist þjást af sektarkennd yfir því að hafa ekki verið til staðar fyrir söngkonuna og vinkonu sína Kylie Minogue þegar hún greindist með brjóstakrabbamein.

KYLIE MINOGUE

Elle, sem er áströlsk eins og Kylie, segist sjá einna mest eftir þessu af öllu í lífinu.

Elle ákvað að halda sig fjarri Kylie og leyfa henni að takast á við sjúkdóminn í einrúmi með fjölskyldu sinni og nánustu vinum. „Stundum erum við of feimin til að takast á við svona erfiðar aðstæður en ég hef lært mína lexíu varðandi Kylie,“ sagði hún.“

Kynnir óskarinn

Bandaríski spjallþáttastjórnandinn og grínistinn Ellen DeGeneres verður kynnir á næstu óskarsverðlaunahátíð. Tekur hún við starfinu af grínistanum Jon Stewart. Ellen, sem er 48 ára, hefur tvívegis verið kynnir á Emmy-verðlaunum. Í apríl síðastliðnum vann hún einmitt þau verðlaun fyrir besta spjallþáttinn að degi til. Ellen verður önnur konan til að kynna óskarinn því áður hafði Whoopi Goldberg gegnt starfinu.

ELLEN DEGENERES

LOS HEARTBREAKERS Síðustu tónleikar sveitarinnar í langan tíma verða í kvöld.
MYND/DANÍEL

Latínó-stuð á Q bar

Hljómsveitin Los Heartbreakers spilar á Q bar, sem áður hét Ari í Ögri, í kvöld. Þetta verða síðustu tónleikar þessarar hressilegu latínósveitar í langan tíma þar sem einn meðlimurinn, Jón Sigurður Eyjólfsson, heldur til útlanda á næstunni. Aðrir meðlimir sveitarinnar eru Róbert Reynisson, Trausti Hafliðason og Cheick Bangoura, sem síðast gerði garðinn frægan í heimildarmyndinni Africa United.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 21.00.

Burton tekur upp fyrir The Killers

Kvikmyndaleikstjórinn virti Tim Burton ætlar að leikstýra sínu fyrsta tónlistarmyndbandi. Verður það við lagið Bones með ensku rokksveitinni The Killers.

Í myndbandinu verða teiknaðar persónur auk þess sem hljómsveitin sjálf spilar lagið á tónleikum. Sérstæður stíll Burtons verður allsráðandi í myndbandinu, sem er í vinnslu um þessar myndir.

„Við hugsuðum með okkur: Væri ekki frábært ef Tim Burton myndi taka það upp?“ sagði bassaleikarinn Mark Stoermer um myndbandið. „Við töluðum við aðstoðarmenn hans og eftir það sagðist hann vilja vinna með okkur, sem var stórkostlegt. Venjulega erum við með puttana í myndböndunum okkar en í þetta skiptið létum við Tim sjá algjörlega um þetta,“ sagði hann.

THE KILLERS Brandon Flowers er söngvari hljómsveitarinnar The Killers.

Tim Burton er þekktur fyrir myndir á borð við Edward Scisssorhands, Batman, Sleepy Hollow og nú síðast Charlie and the Chocolate Factory. Hafa flestar mynda hans hlotið góða dóma gagnrýnenda og ágætis aðsókn í gegnum tíðina.

TIM BURTON Burton ætlar að leikstýra sínu fyrsta tónlistarmyndbandi. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Letterman áfram

Bandaríski spjallþáttastjórnandinn David Letterman mun verða að minnsta kosti fjögur ár til viðbótar með þátt sinn, The Late Show.

Letterman hefur átt í samningaviðræðum við sjónvarpsstöðina CBS að undanförnu og mun að öllum líkindum skrifa undir samninginn innan skamms.

Letterman er einn launahæsti sjónvarpsmaðurinn í Bandaríkjunum með laun upp á rúmlega 2,2 milljarða króna á ári. Ætti hann því að eiga fyrir enn meira salti í grautinn þegar nýi samningurinn verður í höfn.

CLINTON Í HEIMSÓKN Spjallþáttastjórnandinn vinsæli verður fjögur ár til viðbótar hjá CBS.

BRITNEY SPEARS Farin upp á spítala til að láta taka annað barn sitt með keisaraskurði. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Komin á spítala

Britney Spears fór ásamt maka sínum Kevin Federline upp á spítala í gær þar sem annað barn þeirra verður tekið með keisaraskurði. Það er viðeigandi því aðeins er ein vika í það að fyrsta barn þeirra hjóna, Sean Preston, verði ársgamall.

Skötuhjúin vita ekki hvors kyns barnið er en eru víst búin að velja bæði stráka- og stelpunafn. Barnið fæðist á sama spítala og Sean Preston og því auðveldlega hægt að segja að Britney sé orðin heimavön þar á bæ.

JOLIE OG PITT Slúðurblöðin vestanhafs keppast um að birta fréttir af vandræðum þeirra og segja að þau tali ekki saman lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vandræði í paradís

Stjörnuparið Angelina Jolie og Brad Pitt virðist eiga í einhverjum erfiðleikum þessa dagana, samkvæmt bandarísku slúðurblöðunum, sem keppast um að birta fréttir af parinu þess efnis að vandræði séu í sambandinu. Þar segir að þau tali varla saman lengur því þegar þau tali saman fari rifrildi af stað.

Angelina er víst orðin svo þreytt á öllum rifrildunum að hún er á barmi þunglyndis og segir sem minnst við Brad. Parið á einnig að hafa lent í rosalegu rifrildi á veitingastað í New Orleans og strunsaði Angelina út af staðnum í fússi. Leikaraparið sjálft hefur hins vegar aðra sögu að segja og Brad segir að ferðin til New Orleans hafi verið kærkomið frí fyrir þau bæði til að endurnýja krafta sína.

FRÉTTIR AF FÓLKI

David Hasselhoff segir að dætur sínar séu ekki sáttar við að hann hyggist næla sér í yngri konu. Strandvörðurinn fyrrverandi skildi nýverið við eiginkonu sína til 16 ára, hina 42 ára **Pamelu Bach**. „Það eru oft ungar þjónustustúlkur

að daðra við mig og dætur mínar benda mér á að þær séu ekki nema tvítugar. Mér finnst það samt allt í lagi."

Handtösku **Lindsay Lohan** var stolið af henni á

Heathrow-flugvelli í London. Hermt er að í töskunni hafi verið skartgripir að andvirði ein milljón dollara. Auk skartgripanna var vegabréf leikkonunnar ungu, astmalyf hennar og peningar í töskunni. „Lindsay vill fá dótið sitt aftur, henni er alveg sama hvernig, hún vill bara fá það," sagði talskona hennar.



Plata í nóvember

Enski tónlistarmaðurinn Yusuf Islam, sem áður hét Cat Stevens, ætlar að gefa út sína fyrstu popplötu í 28 ár í nóvember undir merkjum Atlantic Records.

Platan nefnist An Other Cup og er upptökustjóri Rick Nowell sem hefur áður unnið m.a. með Madonnu og Dido. Á meðal þeirra sem aðstoða Islam á plötunni er söngvarinn Youssou N´Dour frá Senegal sem hefur m.a. unnið með Peter Gabriel.

Fyrsta smáskífulag plötunnar verður líklega Heaven/Where True Love Goes. Athygli vekur að á plötunni verður útgáfa Islam af lagi The Animals, Don´t Let Me Be Misunderstood.

Yusuf Islam fæddist í London árið 1947 og var skírður Steven Georgiou. Sem Cat Stevens gerði hann vinsæl lög á borð við Morning Has Broken, Wild World og Moon Shadow.

Árið 1977 fékk hann nóg af popplífinu, gerðist múslimi og breytti nafni sínu. Tveimur árum síðar hætti hann alfarið í tónlistarbransanum. Árið 1981 sneri hann aftur og fór að gefa út trúarlega tónlist. Hefur hann gefið út tíu slíkar plötur undir merkjum plötufyrirtækis síns Mountain of Light.

Á síðasta ári gaf Islam út sitt fyrsta popplag síðan 1977. Var það lagið Indian Ocean og rann allur ágóðinn til fórnarlamba flóðanna miklu í Asíu árið 2004.

YUSUF ISLAM Islam, sem áður kallaði sig Cat Stevens, gefur út sína fyrstu popplötu í 28 ára í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKI

STEP UP	kl. 1:50 - 4 - 6:10 - 8 - 10:10	B.i. 7
STEP UP VIP	kl. 2:55 - 5:05 - 8 - 10:10	
UNITED 93	kl. 5:45 - 8 - 10:20	B.i.14
MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð
YOU, ME AND DUPREE	kl. 5:45 - 8 - 10:20	Leyfð
LADY IN THE WATER	kl. 6:15 - 8:20 - 10:30	B.i. 12
5 CHILDREN AND IT M/- ensku tal	kl. 1:45 - 3:50	Leyfð
PIRATES OF CARIBBEAN 2	kl. 8:20	B.i. 12.
OVER THE HEDGE M/- Ísl tal	kl. 1:45 - 3:50	Leyfð
BÍLAR M/- Ísl tal	kl. 1:45 - 4	Leyfð

SAMBÍÓIN / KRINGLAN

STEP UP	kl. 3:50 - 6 - 8 - 10:10	B.i. 7	DIGITAL
MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal	kl. 2 - 4 - 6	Leyfð	DIGITAL
THE ANT BULLY M/- ensku tal	kl. 6 - 8	Leyfð	DIGITAL
LADY IN THE WATER	kl. 8:10 - 10:30	B.i. 12	
PIRATES OF CARIBBEAN 2	kl. 10	B.i. 12	
OVER THE HEDGE M/- Ísl tal	kl. 2 - 4	Leyfð	
5 CHILDREN AND IT M/- ensku tal	kl. 2	Leyfð	

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

ÞETTA ER EKKERT MÁL	kl. 5:50 - 8 - 10:10	leyfð
LITTLE MAN	kl. 6 - 8	leyfð
MAURAHRELLIRINN Ísl tal	kl. 2 - 4	leyfð
YOU, ME AND DUPREE	kl. 10	B.i.12
GRETTIR 2	kl. 2 - 4	leyfð

SAMBÍÓIN / AKUYREYRI

STEP UP	kl. 8 - 10	leyfð
MAURAHRELLIRINN- M/- Ísl tal	kl. 2 - 4 - 6	leyfð
UNITED 93	kl. 8 - 10	B.i.12
OVER THE HEDGE M/- Ísl tal	kl. 2	leyfð
PIRATES OF THE CARIB..	kl. 5	B.i.12

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is

AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 5:45 - 8 - 10.15	Leyfð
PIRATES OF CARIBBEAN 2	kl. 10:15	B.i. 12
MAURAHRELLIRINN M/- Ísl tal.	kl. 3 - 6 - 8	Leyfð

Kvikmyndahátíð

BJÓLFSKVIÐA	ENGIN SÝNING Í DAG	B.i.16
The Libertine	kl. 10:15	B.i.12
Renaissance	kl. 8 - 10:15	B.i.12
Down in the Valley	kl. 5:45	B.i. 16
Where the Truth Lies	kl. 3	B.i.16
The Sisters	kl. 3	B.i. 12
A cock and bull story	kl. 5:45	B.i. 16
Öskrandi api, ballett í leynum	kl. 8	B.i. 12

HAGATORGI • S. 530 1919

Vel heppnuð forsýning

Heimildarmyndin um kraftakappann Jón Pál Sigmarsson, Þetta er ekkert mál, var forsýnd í tveimur sölum Smárabíós í fyrrakvöld.

Margt var um manninn í bíóinu og á meðal þeirra sem mættu til sýningarinnar var forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson.

Fyrir sýninguna héldu þeir Hjalti „Úrsus" Árnason og Steingrímur Óskarsson stutta ræðu þar sem þeir þökkuðu fyrir alla aðstoðina sem þeir fengu við gerð myndarinnar. Góður rómur var gerður að myndinni, sem þótti bæði sprenghlægileg og sorgleg, enda lést hinn eldhressi Jón Páll langt fyrir aldur fram, aðeins 32 ára. ■

MÆGÐIN MÆTTU Sigmar, sonur Jóns Páls, og amma hans, Dóra Jónsdóttir, mættu á frumsýninguna. Þess má geta að Sigmar hélt upp á afmæli sitt þennan sama dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

FORSETI ÍSLANDS Herra Ólafur Ragnar Grímsson ræðir hér við Hjalta „Úrsus" og Steingrím Óskarsson fyrir sýninguna.

KRAFTAKARLAR Kraftakarlarnir Skúli Óskarsson og Andrés Magnússon fylgdust spenntir með myndinni um Jón Pál.

HJALTI OG STEINGRÍMUR Hjalti „Úrsus" Árnason og leikstjórinn Steingrímur Óskarsson eru mennirnir á bak við heimildarmyndina.

Karnival á Klapparstíg

„Þetta er gert fyrir fólkið sem vill kreista síðustu dropana úr sumrinu með skemmtilegum hætti," segir Jón Atli Helgason, tónlistar- og hárgreiðslumaður og einn af skipuleggjendum hátíðarhalda á Klapparstíg sem bera nafnið Karnival á Klapparstíg og fara fram í kvöld.

Fast og fljótandi verður í boði Gordons Gin og verða Klapparstígurinn og Barinn skreyttir í suðrænum stíl. „Þetta verður svona suðræn karnivalstemning þar sem fólk getur dillað af sér myrkrið og rigningarsúldina. Við verður með óvænta leiki og svo verður Gordons kötturinn sleginn úr tunnunni en kötturinn er í formi Gordons Gin flösku." Herlegheitin byrja klukkan 21 í kvöld. Grillað verður og lukkuhjól á staðnum þar sem gestir geta freistað gæfunnar.

„Ég hvet bara sem flesta til að mæta og ef veðurguðirnir verða ekki í góða skapinu þá verður þetta hálfpartinn utandyra og líka innandyra á Barnum," segir Jón Atli en hann mun ásamt Margeiri og útlenska plötusnúðinum Tim Sweeney þeyta skífum fram á rauða nótt á efri hæð Barsins. - áp

JÓN ATLI Einn af skipuleggjendum karnivalsins ásamt Margeiri og hvetur hann fólk til að mæta og dansa af sér vetrarslenið enda sumarið ekki búið að hans mati.

KLAPPARSTÍGUR Það verður suðræn og seiðandi karnivalstemning á Klapparstígnum í kvöld og þar verður grillað og óvæntir leikir fyrir gesti og gangandi.

> Akureyri - handboltafélag prófar Lithóa

Í gær kom til Akureyrar litháíska skyttan Dmitrij Afanasjev en hann mun vera til reynslu hjá félaginu næstu daga og einnig mun hann leika með liðinu á Sjallamótinu um helgina. Afanasjev er 22 ára gamall og er örvhent skytta. Hann er rúmir 190 sentimetrar á hæð. Hann skoraði rúmlega fimm mörk í leik í litháísku deildinni síðasta vetur og kom ekkert þeirra af vítalínunni. Lið hans endaði í fjórða sæti deildarinnar. Afanasjev ætti að vita nokkurn veginn hvað bíður hans hér á landi því hann lék með Gilkauskas Gintas, fyrrum leikmanni Aftureldingar, og Dmitrij Bezuyeskui, fyrrum leikmanni Þórs, á síðasta ári.

sport

sport@frettabladid.is

ALLAN BORGVARDT: SLEIT KROSSBÖND Á ÆFINGU MEÐ BRYNE Í NOREGI

Tippaði á sigur Dana á norsku Lengjunni

Danski knattspyrnumaðurinn Allan Borgvardt sleit fyrir skömmu krossbönd í hné og verður frá næstu 6-8 mánuðina. Hann lék með FH í þrjú ár og var tvívegis kjörinn knattspyrnumaður ársins. Í fyrra fór hann til Noregs og samdi við 1. deildarliðið Bryne, þar sem hann hefur slegið í gegn og er markahæsti leikmaður liðsins með níu mörk.

„Ég var á æfingu á laugardegi og var svolítið þreyttur, sem þýddi að fæturnir gátu ekki fylgt eftir þeim hreyfingum sem ég hafði í huga. Ég var svo að fara til vinstri og vildi skipta yfir til hægri en líkaminn náði ekki að svara og ég vissi strax að eitthvað mikið var að," sagði Borgvardt við Fréttablaðið. Hann hefur ekki enn gengist undir aðgerð en gerir það væntanlega á næstu tveimur vikum. „Svona er fótboltinn bara. Nú verð ég bara að ná mér og koma aftur enn betri."

Borgvardt er samningsbundinn Bryne út næsta tímabil og stefnir að því að vera orðinn klár þegar nýtt tímabil hefst í vor. Liðið er sem stendur í fjórða sæti norsku 1. deildarinnar. „Við höfum misst marga leiki í jafnteflí í sumar og tapað þannig mörgum stigum. Við erum því að berjast um þriðja sæti, sem veitir umspilsrétt um laust sæti í úrvalsdeildinni."

Hann er þó ánægður með lífið í Noregi. „Við höfum komið okkur vel fyrir og fjölskyldan er ánægð. Það er stutt að fara til Stafangurs og það er gott að búa hér," segir Borgvardt, sem hefur fylgst vel með íslenska boltanum. „Ég fylgist eins vel og ég get með FH og íslensku deildinni og ég hef séð að liðinu hefur gengið vel. Ég er alltaf í góðu sambandi við dönsku leikmennina í félaginu og aðra leikmenn einnig. Ég sá reyndar ekki landsleik Íslands og Danmerkur þar sem hann stóð ekki til boða í norsku sjónvarpi en ég var ánægður með úrslitin, sérstaklega þar sem ég var með rétt úrslit á leiknum á Lengjuseðlinum mínum."

GIGGSY Bestur í ágúst.

Leikmenn mánaðarins:

Ferguson og Giggs bestir

FÓTBOLTI Manchester United var langbesta liðið í ensku úrvalsdeildinni í ágúst og því þarf ekki að koma á óvart að Sir Alex Ferguson hafi verið kosinn knattspyrnustjóri mánaðarins og Ryan Giggs leikmaður mánaðarins.

Ryan Giggs er búinn að leika yfir 600 leiki með Man. Utd en þrátt fyrir það hafði hann aldrei unnið þessi verðlaun áður. - hbg

Enska úrvalsdeildin:

Henchoz aftur til Blackburn

FÓTBOLTI Svissneski miðvörðurinn Stephane Henchoz er aftur kominn í raðir Blackburn. Henchoz gekk á sínum tíma í raðir Blackburn frá Hamburg árið 1997 fyrir þrjár milljónir punda. Hann var leystur undan samningi hjá Wigan í sumar og því þarf Blackburn ekkert að borga fyrir kappann að þessu sinni.

Ryan Nelsen, miðvörður Blackburn, er meiddur aftan í læri og þarf að gangast undir aðgerð vegna þess en Henchoz er ætlað að fylla hans skarð. Samningur Henchoz gildir út yfirstandandi leiktíð. - dsd

Keflavík-Fylkir:

Pylsupartí á Blásteini

FÓTBOLTI Fylkismenn hafa boðið stuðningsmönnum félagsins til pylsuveislu fyrir utan veitingastaðinn Blástein í Árbæ á morgun kl. 11. Þremur tímum síðar mætir Fylkir Keflavík á útivelli í 16. umferð Landsbankadeildar karla en fyrrnefnda liðið er í 6. sæti deildarinnar og aðeins tveimur stigum frá fallsæti. - esá

Fimmtán ára stúlka:

Æfir með Malmö í viku

FÓTBOLTI Þórhildur Stefánsdóttir, fimmtán ára leikmaður með HK, mun síðar í mánuðinum halda til Svíþjóðar þar sem hún mun æfa með unglingaliði Malmö í eina viku en aðallið félagsins leikur í sænsku úrvalsdeildinni. Tvær íslenskar knattspyrnukonur leika með því, landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir og Valsarinn Dóra Stefánsdóttir. - esá

Risaslagur í úrslitum VISA-bikarsins

Valur og Breiðablik mætast í dag í úrslitaleik VISA-bikars kvenna í knattspyrnu. Liðin hafa haft þó nokkra yfirburði í Landsbankadeildinni í sumar og bæði liðin hafa unnið bikarinn níu sinnum í gegnum tíðina.

FÓTBOLTI Í dag fer fram stórleikur í VISA-bikarkeppni kvenna í knattspyrnu þegar Valur og Breiðablik mætast á Laugardalsvelli. Það er óhætt að segja að þessi tvö lið séu risarnir í íslenskri kvennaknattspyrnu um þessar mundir, Breiðablik vann tvöfalt í fyrra og Valur bar höfuð og herðar yfir önnur lið í Landsbankadeild kvenna í sumar þar sem Breiðablik endaði í öðru sæti. Þetta er 26. úrslitaleikurinn í bikarkeppni kvenna og Valur og Breiðablik hafa bæði unnið bikarinn níu sinnum, oftast allra liða. Það má því búast við hörkuleik á Laugardalsvellinum í dag en leikurinn hefst kl. 16.30.

Liðin mættust tvisvar í Landsbankadeildinni í sumar, Valur vann fyrri leikinn 4-1 á sínum heimavelli en Breiðablik náði fram hefndum í síðari leiknum í Kópavogi og sigraði 2-1. Margrét Lára Viðarsdóttir, sóknarmaður Vals, hefur verið mjög iðin við markaskorun í sumar og skoraði 34 mörk í 14 leikjum fyrir Val í Landsbankadeildinni, auk þess að hafa skorað 1 mark í VISA-bikarkeppninni til þessa, og ljóst er að Breiðabliksstúlkur þurfa að hafa góðar gætur á henni í dag. En markahæsti leikmaður Breiðabliks í sumar er hin fjölhæfa Erna B. Sigurðardóttir sem skorað hefur 17 mörk í 13 deildarleikjum í sumar en hún hefur einnig skorað eitt mark í VISA-bikarkeppninni. Bæði liðin mæta með sín sterkustu lið þar sem enginn leikmaður er í banni og allir heilir.

HART BARIST Dóra María Lárusdóttir, Val og Blikinn Greta Mjöll Samúelsdóttir eigast við í leik liðanna fyrr í sumar.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Markmiðið er auðvitað að vinna þennan leik og fá tvo bikara í hús. Það er alltaf svolítið sérstakt að spila bikarleiki," sagði Katrín Jónsdóttir, fyrirliði Vals. Katrín lék á sínum tíma en yfirgaf herbúðir þeirra árið 1999 þegar hún fluttist til Noregs. „Mér hefur alltaf fundist skrítið að mæta Breiðabliki og þar verður engin breyting á. En nú er það bara þessi leikur og allt annað verður lagt til hliðar," sagði Katrín.

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals, sagðist vera full tilhlökkunar fyrir leikinn. „Við spiluðum engan leik í síðustu umferð deildarinnar þannig að við hlökkum bara til að spila þennan leik og gera tilraun til að fagna öðrum titli," sagði Elísabet.

Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir, fyrirliði Breiðabliks, sagði að ekkert annað en sigur kæmi til greina í þessum leik. „Það er mikil spenna í okkar hóp. Við ætlum okkur að taka annan bikarinn. Bæði liðin hafa unnið eina innbyrðisviðureign þannig að þetta verður mjög spennandi," sagði Ólína.

STÓRSLAGUR FRAMUNDAN Fyrirliðar liðanna, þær Katrín Jónsdóttir Val og Ólína G. Viðarsdóttir Breiðabliki, berjast um bikarinn. Það verður fróðlegt að sjá þessi hörkulið mætast.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Guðmundur Magnússon, þjálfari Breiðabliks, hafði ekki áhyggjur af því að Evrópukeppnin myndi hafa einhver áhrif á sitt lið. „Við einblínum bara á þennan leik og svo er Evrópukeppnin næsta verkefni þar á eftir. Við horfum bara á þennan leik og það er bikar í boði og við ætlum okkur að vinna hann," sagði Guðmundur. Breiðablik fer utan á mánudaginn og leikur gegn Helsinki í Evrópukeppninni á þriðjudaginn.

Stuðningsmenn Breiðabliks ætla að hittast við íþróttahúsið Smárann og gera sér glaðan dag en rútuferðir verða þaðan kl. 16.00. Valsmenn ætla hins vegar að hittast á hverfahátíð á Miklatúni í dag og vera með rútuferðir þaðan. dagur@frettabladid.is

Njarðvík fær ekki að leika heimaleiki sína í Evrópu í Ljónagryfjunni:

Njarðvík spilar heimaleikina í Keflavík

KÖRFUBOLTI Sú skondna staða er komin upp að Njarðvík mun leika heimaleiki sína í Evrópukeppninni á heimavelli erkifjendanna í Keflavík. Körfuknattleikssamband Evrópu neitaði að samþykkja litlu ljónagryfjuna í Njarðvík sem völl fyrir Evrópukeppni og því varð Njarðvík að kyngja stoltinu og sætta sig við að spila hjá „stóra" bróður.

„Við eigum ekki annarra kosta völ en að gera þetta," sagði Valþór Jónsson, formaður körfuknattleiksdeildar Njarðvíkur, við Fréttablaðið. „Þetta er samt í heimabyggð og það er stutt að fara. Það er vissulega kostur en fúlt fyrir strákana að þurfa að spila á velli höfuðandstæðinganna."

Ein ástæðan fyrir þessu vali á íþróttahúsi er að félagið sparar nokkuð. „Annars staðar hefðum við þurft að borga leigu og svo erum við í þessu með Keflavík. Við spilum sinn daginn hvort lið og fáum því sömu dómara og með því sparast peningur. Það er dýrt að taka þátt í Evrópukeppni og menn verða að spara þar sem það er hægt," sagði Valþór en játti því að vissulega verði þetta skrítið. „Auðvitað verður þetta skrítið en við verðum að setja okkur í annan gír og annað hlutverk. Það hefur enginn neitað að spila og ég á ekki von á því að það gerist." - hbg

ERKIFJENDUR Á SAMA VELLI Jeb Ivey og félagar í Njarðvík munu spila heimaleiki sína í Evrópukeppninni í Sláturhúsinu í Keflavík.

STÓRI FELIPE Portúgalska knattspyrnusambandið er undir smásjá UEFA.

Knattspyrnusamband Evrópu:

Portúgal í bann?

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, hefur hótað því að dæma portúgalska landsliðið í bann auk þess að dæma portúgölsk félagslið úr leik í Evrópukeppnum. Aðdragandi málsins er sá að portúgalska liðið Gil Vicente var dæmt niður í 2. deild fyrir að hafa notað ólöglegan leikmann á síðustu leiktíð. Hefur félagið nú farið með mál sitt fyrir almennan dómstól og það er nokkuð sem UEFA líkar ekki við.

Portúgalska knattspyrnusambandið hefur frest til fimmtudagsins 14. september til að finna lausn á þessu máli, annars verður portúgalska landsliðið dæmt úr leik í undankeppni EM og félagslið þjóðarinnar fá ekki að taka þátt í keppnum á vegum UEFA. - dsd

VISA-bikarinn 2006

Úrslitaleikur kvenna

Laugardalsvöllur

í dag kl. 16:30

Breiðablik – Valur

Aðgangseyrir:
Ef greitt er með VISA kreditkorti ..... 800 kr.
Almennt verð fyrir 17 ára og eldri ..... 1.000 kr.
Fritt fyrir 16 ára og yngri

HVAÐ GERIST Í DAG?

1. deild karla

KÓPAVOGSVÖLLUR: HK-VÍKINGUR Ó. 14.00
HK getur tryggt sér sæti í úrvalsdeild karla en má tapa ef Fjölnir tapar.
Víkingur Ó. er í 9. sæti deildarinnar og í bullandi fallhættu.
AKUREYRARVÖLLUR: ÞÓR-FRAM 14.00
Fram getur með jafntefli tryggt sér sigur í deildinni.
Þór er í neðsta sæti deildarinnar og þarf nauðsynlega á sigri að halda.
FJÖLNISVÖLLUR: FJÖLNIR-LEIKNIR 14.00
Fjölnir á enn möguleika á að ná 2. sæti deildarinnar en þarf að vinna í dag til að halda í þá von.
Leiknir er enn í fallhættu þó hún sé ekki mikil.
VALBJARNARVÖLLUR: ÞRÓTTUR-KA 14.00
KA er tæknilega séð í fallhættu en það er afar fjarlægur möguleiki.
ÁSVELLIR: HAUKAR-STJARNAN 14.00
Haukar eru enn í talsverðri fallhættu og sigur í dag myndi fleyta liðinu afar langt.

STAÐAN

FRAM	**16**	**12**	**2**	**2**	**31-13**	**38**
HK	16	10	2	4	30-16	32
FJÖLNIR	**16**	**8**	**4**	**4**	**23-14**	**28**
ÞRÓTTUR	16	8	1	7	18-16	25
STJARNAN	**16**	**5**	**5**	**6**	**22-20**	**20**
KA	16	5	3	8	21-24	18
LEIKNIR	**16**	**4**	**5**	**7**	**20-23**	**17**
HAUKAR	16	4	4	8	18-26	16
VÍKINGUR Ó.	**16**	**3**	**6**	**7**	**14-21**	**15**
ÞÓR	16	3	4	9	13-37	13

Tvö lið komast upp, eitt lið fellur.

2. deild karla

HÚSAVÍKURV.: VÖLSUNGUR-KS/LEIFT. 14.00
SANDGERÐISV.: REYNIR S.-FJARÐAB. 14.00
SEYÐISFJARARV.: HUGINN-NJARÐVÍK 14.00
Huginn er í næstneðsta sæti deildarinnar og þarf sigur í dag ef Sindri vinnur sinn leik. Ef Sindri gerir jafntefli heldur Huginn sæti sínu þrátt fyrir tap.
SINDRAVELLIR: SINDRI-AFTURELDING 14.00
Sindri er í botnsæti deildarinnar og þarf nauðsynlega á sigri að halda.
ÍR-VÖLLUR: ÍR-SELFOSS 14.00

STAÐAN

FJARÐABYGGÐ	**17**	**13**	**2**	**2**	**37-11**	**41**
NJARÐVÍK	17	12	4	1	43-12	40
REYNIR S.	**17**	**9**	**5**	**3**	**36-16**	**32**
SELFOSS	17	7	6	4	26-16	27
ÍR	**17**	**7**	**3**	**7**	**34-32**	**24**
VÖLSUNGUR	17	5	4	8	23-32	19
AFTURELDING	**17**	**5**	**3**	**9**	**27-40**	**18**
KS/LEIFTUR	17	4	4	9	24-33	16
HUGINN	**17**	**2**	**4**	**11**	**24-40**	**10**
SINDRI	17	2	3	12	18-60	9

Þrjú lið komast upp, eitt lið fellur.

3. deild karla

Leikur um 1. sætið:
VILHJÁLMSVÖLLUR: HÖTTUR-MAGNI 12.00
Bæði lið eru komin upp í 2. deild.

Leikur um 3. sætið:
KAPLAKRIKAVÖLLUR: ÍH-KÁRI 14.00
Sigurvegari leiksins kemst upp í 2. deild.

ASHLEY COLE Segist vera kominn til Chelsea til að vinna til verðlauna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ashley Cole:

Hafnaði Real Madrid

FÓTBOLTI Ashley Cole hefur nú sagt frá því að hann hafi hafnað því að fara til Real Madrid og valið Chelsea fram yfir spænska félagið. Cole gæti leikið sinn fyrsta leik fyrir Chelsea í dag þegar meistararnir fá Charlton í heimsókn.

„Arsene Wenger sagði mér að bæði Chelsea og Real Madrid hefðu áhuga á mér og ég er mjög ánægður að vera hér hjá Chelsea," sagði þessi 25 ára bakvörður.

„Liðið hefur unnið deildina tvö ár í röð og er með frábæran fyrirliða, John Terry, ásamt nokkrum enskum leikmönnum. Þetta er metnaðarfullt félag og vonandi á ég eftir að vinna Meistaradeildina og fleiri verðlaun með því," sagði Ashley Cole. **- dsd**

Ný heimildarmynd frá BBC mun valda miklu uppþoti hjá enskum félögum:

Nýtt mútuhneyksli væntanlegt hjá enskum úrvalsdeildarfélögum

FÓTBOLTI The Sun greinir frá því í gær að BBC, breska ríkissjónvarpið, muni á næstunni sýna heimildarmynd sem muni sýna að mútugreiðslur séu algengar hjá félögum í ensku úrvalsdeildinni. Í þættinum var viðtal við umboðsmaður knattspyrnumanna tekið upp með faldri myndavél þar sem hann nefnir tíu úrvalsdeildarfélög og sex knattspyrnustjóra sem áttu að hafa tekið þátt í víðtæku hneykslismáli sem tengist mútugreiðslum í kringum félagaskipti leikmanna.

„Þetta er frekar magnað efni," sagði innherji á BBC í viðtali við The Sun. „Ég viss um að það eru nokkrir einstaklingar sem kvíða mjög sýningu þáttarins. Þetta gæti haft meiriháttar afleiðingar í för með sér fyrir viðkomandi aðila."

Þátturinn sem um ræðir heitir Panorama og er sýndur á BBC. Útsendari þáttarins dulbjó sig sem erlendan kaupsýslumann sem snæddi kvöldverð með þekktum umboðsmanni sem ræddi opinskátt um þessi mútumál. Sérstaklega var rætt um félagaskiptamál eins félags og segir téður umboðsmaður að keppinautar hans hafi fengið viðskipti félagsins gegn því að greiða háttsettum starfsmönnum félagsins undir borðið.

GRAHAM ÓVINSÆLL George Graham er ekki vinsæll hjá stuðningsmönnum Arsenal eftir að hann var rekinn frá félaginu eftir mútuhneyksli árið 1995 og tók síðar við Tottenham, erkifjendum liðsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Þá mun umboðsmaðurinn einnig hafa sagt frá því að hann hafi farið með efnilegan átján ára ungling til tveggja félaga þó svo að hann hafi verið samningsbundinn öðru félagi. Áætlað er að þátturinn verði sýndur hinn 18. september næstkomandi en lögfræðingar BBC eru þó enn að fara yfir innihald þáttarins.

Ef staðhæfingar umboðsmannsins reynast sannar verður málið hið stærsta sinnar tegundar í Englandi síðan að George Graham var rekinn frá Arsenal eftir að upp komst að hann hafi þegið 425 þúsund pund í mútugreiðslur frá Rune Hauge, umboðsmanni frá Noregi. Talsmaður BBC vildi ekki tjá sig um málið við blaðamann The Sun. **- esá**

ANFIELD ROAD Liverpool hefur leikið á vellinum í 114 ár en hyggst nú færa sig um set. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Liverpool FC:

Liverpool byggir nýjan völl

FÓTBOLTI Enska knattspyrnufélagið Liverpool hefur fengið leyfi frá borgaryfirvöldum til að reisa nýja leikvang. Völlurinn mun taka 60 þúsund áhorfendur og heildarkostnaður fyrsta hluta verkefnisins er um 215 milljónir punda. Borgaryfirvöld samþykktu í gær leigusamning fyrir næstu 999 árin á svæði sem heitir Stanley Park og er eingöngu um 300 metra frá Anfield.

„Ef Liverpool getur fjármagnað verkefnið er félaginu frjálst að byrja byggingu strax í janúar," sagði talsmaður borgarinnar. - dsd

HK getur tryggt úrvalsdeildarsætið

Tólf þýðingarmiklir leikir fara fram í neðri deildum karla í dag. HK getur tryggt sér úrvalsdeildarsæti ásamt því að leikurinn um þriðja sæti 3. deildarinnar er nú í fyrsta sinn spennuhlaðin viðureign.

FÓTBOLTI Í dag fer fram fjöldinn allur af knattspyrnuleikjum sem hafa mikið að segja um örlög liða í neðri deildunum hér á landi. Sautjánda og næstsíðasta umferðin fer fram í 1. deildinni og getur HK tryggt sér sæti í Landsbankadeild karla en Fram getur í dag tryggt sér sigur í deildinni. Nú þegar er ljóst hvaða þrjú lið komast upp úr 2. deildinni og þá verður leikið um meistaratitilinn í 3. deildinni í dag.

Fram er löngu búið að tryggja sér sæti í efstu deild karla og HK er í afar góðri stöðu í 2. sæti. Liðið er með fjögurra stiga forskot á næsta lið, Fjölni, þegar tvær umferðir eru eftir. Það þýðir að ef Fjölnir misstígur sig gegn Þrótti í dag skiptir engu þótt HK tapi á móti Víkingi frá Ólafsvík.

Víkingur er í 9. sæti deildarinnar sem er þó ekki fallsæti í ár þar sem liðunum í 1. deild verður fjölgað um tvö á næsta ári. Það þýðir að eitt lið fellur úr 1. deildinni og þrjú lið komast upp úr 2. deildinni. Fallbaráttan er þó afar spennandi þar sem fimm lið eiga enn tölfræðilegan möguleika á því að falla. Samt mun þó ekkert þeirra liða mæta innbyrðis í dag og verður því forvitnilegt að sjá hvernig þau standa sig.

Botnlið Þórs frá Akureyri mætir toppliði Fram í dag en síðarnefnda liðinu dugir jafntefli til að tryggja sér sigur í deildinni.

Fjarðabyggð, Njarðvík og Reynir frá Sandgerði hafa þegar tryggt sér sæti í 1. deildinni að ári en árangur Reynis er athyglisverður þar sem liðið er nú að færa sig upp um deild annað árið í röð. Liðum verður einnig fjölgað í 2. deildinni á næsta ári og því aðeins eitt lið sem fellur úr deildinni. Sindri kom með Reyni upp úr 3. deildinni í fyrra en vermir nú botnsæti deildarinnar fyrir lokaumferðina í dag. Það á í harðri baráttu við Hugin, sem er með einu stigi meira, um að halda sæti sínu í deildinni. Bæði lið eiga erfiða heimaleiki á dagskrá í dag.

Fjölgun liða í 2. deildinni þýðir að þrjú lið komast upp úr 3. deildinni. Í þeirri deild hefur verið sá háttur lengi að haldin er úrslitakeppni í lok tímabilsins og er komið að úrslitaleiknum og leiknum um 3. sætið í dag. Bæði liðin í úrslitaleiknum, Magni og Höttur, eru vitanlega bæði búin að tryggja sér sæti í 2. deildinni en leikurinn um þriðja sætið, sem er vanalega heldur þýðingarlítil viðureign, verður spennuþrungin í dag. ÍH og Kári, frá Akranesi, geta með sigri tryggt sér síðasta sætið í 2. deildinni og verður því væntanlega barist til síðasta blóðdropa. Leikurinn fer fram á Kaplakrikavelli, heimavelli Íslandsmeistara FH. **eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**

ÚR LEIK HK OG ÞÓRS Gunnar Líndal, markvörður Þórs, hefur gripið knöttinn áður en Jón Þorgrímur Stefánsson, leikmaður HK, komst til hans. Bæði lið verða í eldlínunni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Wayne Rooney í útistöðum við Michael Gray, leikmann Blackburn:

Wayne Rooney á að hafa kýlt Michael Gray á veitingastað

FÓTBOLTI Á laugardaginn síðasta fór Wayne Rooney út að borða með unnustu sinni, Coleen McLoughlin, og þremur öðrum pörum. Þetta væri svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir að það að Michael Gray, leikmaður Blackburn, vatt sér upp að borðinu þeirra, undir áhrifum áfengis og byrjaði að móðga kvenfólkið sem þar var. Þetta á að hafa endað með því að Rooney kýldi Gray með þeim afleiðingum að Gray fékk glóðurauga.

„Wayne og Coleen fóru ásamt vinum sínum út að borða þegar Michael Gray kemur að borðinu óboðinn og byrjaði að móðgaði Coleen og hinar stelpurnar. Wayne bað hann oft um að fara og láta þau í friði. Hvað Wayne varðar þá var þetta minniháttar mál og hann ber engan kala til Michael Gray," sagði talsmaður Wayne Rooney. Lögreglan í Manchester staðfesti við fréttastofu BBC að ekkert atvik sem tengdist þessu máli hefði verið tilkynnt.

Rooney er að taka út leikbann þessa dagana bæði með félagi sínu, Manchester United, og með enska landsliðinu eftir rauða spjaldið sem hann fékk gegn Portúgal á HM. Neikvæð umræða er því ekki efst á óskalista hans þessa dagana. Til að bæta gráu á svart hefur hans gamli stjóri hjá Everton, David Moyes, ákveðið að kæra Rooney vegna fyrsta hluta ævisögu kappans sem kom út í sumar. Í henni ásakar Rooney Moyes um að hafa útskúfað honum úr liði Everton, sem hafi síðan orðið til þess að hann var seldur til Manchester United. **- dsd**



MICHAEL GRAY OG WAYNE ROONEY Berjast hér um boltann. Þeir eiga víst að hafa barist á öðrum vígstöðum um síðustu helgi. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

RONALDINHO OG LAMPARD Skiptast hér á treyjum. Þeir mætast í næsta mánuði í Meistaradeild Evrópu. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Ronaldinho egnir Chelsea:

Chelsea verður auðveld bráð

FÓTBOLTI Ronaldinho skvetti olíu á eldinn í gær þegar hann lét hafa eftir sér að Chelsea yrði auðveld bráð þegar Barcelona mætir ensku meisturunum í Meistaradeild Evrópu í næsta mánuði.

„Þeir verða auðveldir andstæðingar vegna þess að nýju leikmennirnir, Schevchenko, Ballack og Cole, verða ekki búnir að aðlagast leik liðsins," sagði Ronaldinho og hann hélt áfram: „Flestir halda að Chelsea verði okkar helsti andstæðingur í þessum riðli en ég ber mikla virðingu fyrir liði Werder Bremen. Það verður mjög erfitt viðureignar." **- dsd**

VelduExplorer 4x4 www.ford.is

Ford

Nýtt tákn um gæði

Áttu brauð?

Ford Explorer Sport Trac er flottur og frábær kostur fyrir lífsglatt fólk sem vill auka þægindin og sameina sportið og fjölskylduna. Bara nesti og nýja skó og þið eruð „reddí“. Tryggðu fjölskyldunni aukið öryggi í umferðinni og meiri þægindi í vetur á viðráðanlegu verði meðan tækifæri gefst. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford. Komdu í Brimborg í dag. Prófaðu Explorer Sport Trac - nýja pallbílinn frá Ford.

Prófaðu nýjan og endurhannaðan Ford Explorer Sport Trac. Skiptu um bíl. Núna á undraverði frá 3.390.000 kr. Þrjúþúsund þrjúhundruð og níutíuþúsund! Aðeins og aldrei aftur.

Frumsýning

Komdu í Brimborg. Bíldshöfða 6.
Komdu í kaffi og kleinur.

Nýr endurhannaður Ford Explorer Sport Trac.

Opið í dag frá kl. 12 til 16.

SKIPTU UM BÍL
NÝ HÖNNUN
FRÁBÆRT VERÐ

Aðeins og aldrei aftur

3.390.000 kr.*

Sport Trac XLT frá 3.390.000 kr.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Prófaðu nýja Explorer pallbílinn frá Ford: Sport Trac

Prófaðu nýjan og endurhannaðan Ford Explorer. Ford tekst það sem mörgum hefur ekki tekist að gera; sameina ólíka og eftirsótta eiginleika alvöru jeppa, lúxus þægindi og flottheit á viðráðanlegu verði! Prófaðu nýtt tákn um gæði - eftirsóttasta jeppa í heimi og berðu hann saman við Land Cruiser.

Núna er Explorer til sem sportlegur pallbíll. Skiptu um bíl. Pallbílarnir frá Ford eru mest seldu bílar í heimi. Vertu flottur. Sameinaðu sportið og fjölskylduna. Veldu Ford Explorer Sport Trac.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

Strangt Vegaeftirlit Bandaríkjanna (IIHS) gefur Explorer hæstu einkunn fyrir öryggi. Kynntu þér öryggiskerfi Explorer Sport Trac. Komdu að keyra. Komdu í Brimborg í dag.

- **Stöðugleikastýrikerfi með RSC veltivörn**
- **Tölvustýrt fjórhjóladrif, hátt og lágt drif**
- **Ný sjálfstæð fjöðrun**
- **ISS skynvætt öryggiskerfi**

Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu tilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

Skoðaðu úrval 4x4 bíla Ford í bílaverslun Ford á Íslandi

Ford Explorer Sport Trac XLT Sport 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.490.000 kr.
Bilasamningur 43.100 kr.
Rekstrarleiga 67.900 kr.

Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.640.000 kr.
Bilasamningur 44.900 kr.
Rekstrarleiga 70.600 kr.

Ford Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.540.000 kr.
Bilasamningur 56.100 kr.
Rekstrarleiga 92.900 kr.



Ford Explorer Limited 4x4
5 dyra 4,6i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 5.190.000 kr.
Bilasamningur 64.100 kr.
Rekstrarleiga 98.700 kr.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bilasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk. / 50% erl. myntkarfa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita sölurráðgjafar Brimborgar. Bíll á aðalmynd: Ford Explorer Sport Trac Limited.

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„In Italy, there's always chickens, but no eggs. In Africa there's eggs, but never chickens. Who separated them?"

Svar: Caravaggio úr myndinni The English Patient frá 1996.

dagskrá

Í TÆKINU LAURENCE FISHBURNE LEIKUR Í ASSAULT ON PRECINCT 13 Á STÖÐ 2 KL. 23.20

Leikari, leikskáld og leikstjóri

Laurence Fishburne fæddist í Augusta í Georgíu í Bandaríkjunum 30. júlí árið 1961. Þegar foreldrar hans skildu 1971 flutti hann með móður sinni til Brooklyn, þar sem hann kom fyrst fram í skólasýningu. Tveimur árum síðar fékk hann hlutverk í sápuóperunni One Life to Live og á svipuðum tíma lék hann í fyrstu kvikmynd sinni, Cornbread, Earl and Me.

Þegar Fishburn var 14 ára hlaut hann náð fyrir augum Francis Ford Coppola, sem gaf honum hlutverk í Apocalypse Now. Sú mynd tók tvö ár í tökum og Fishburne var svo örmagna eftir tökurnar að hann lék ekki í eitt og hálft ár. Coppola var alltaf hrifinn af Fishburne og þeir störfuðu saman í þremur öðrum myndum: Rumble Fish, The Cotton Club og Gardens of Stone.

Fishburne fór aldrei í leiklistarskóla og lærði aldrei neina sérstaka tækni. Það hefur ekki hamlað honum, hvorki sem leikara á sviði eða í kvikmyndum. Fyrir hlutverk sitt í leikritinu Two Training Running hlaut hann nær öll virtustu leiklistarverðlaun sem veitt eru og fyrir hlutverk sitt í What's Love Got to Do with It fékk hann Óskarsverðlaunatilnefningu. Hann hefur einnig leikstýrt og skrifað leikverk sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnanda.

Þrjár bestu myndir Fishburn: Apocalypse Now - 1979 Boyz n the Hood - 1991 The Matrix - 1999

▶ **23.25** *Spenna*
OUT OF SIGHT

▶ **20.35** *Rómantík*
FORSETADÓTTIRIN

▶ **23.30** *Gaman*
CHAPPELLE SHOW

▶ **21:50** *Spenna*
THE DEAD ZONE

▶ **19.10** *Dægurmál*
HÉR OG NÚ

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Alda og Bára (18:26) **8.06** Bú! (5:26) **8.17** Lubbi læknir (28:52) **8.30** Snillingarnir (1:28) **8.55** Sigga ligga lá (27:52) **9.07** Sögurnar okkar (10:13) **9.15** Bitte nú! (37:40) **9.37** Gló magnaða (65:65) **10.00** Spæjarar (36:52) **10.25** Latibær **10.50** Kastljós **11.25** Formúlukvöld **11.50** Formúla 1 **13.15** Lokamót Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins **15.45** Bikarkeppnin í fótbolta **18.20** Táknmálsfréttir **18.30 Hope og Faith (65:73)** Bandarísk gamanþáttaröð. **18.54 Lottó**

19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Vandræðavika (3:7) (The Worst Week Of My Life II) Bresk gamanþáttaröð um Howard og Mel sem eru nýgift. Eftir brúðkaupið gengur allt á afturfótunum hjá þeim.
20.10 McMullen-bræður (The Brothers McMullen) Bandarísk bíómynd frá 1995 um þrjá bræður af írskum ættum og samskipti þeirra við konurnar í lífi þeirra.
21.50 Ruby á kránni (Ruby's Bucket of Blood) Bandarísk sjónvarpsmynd frá 2001. Kona sem rekur bar í Louisiana missir helstu stjörnu sína og ræður hvítan söngvara í staðinn. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
▶ **23.25** Úr augsýn (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

2

7.00 Addi Panda **7.05** Kærleiksbirnirnir **7.15** Pocoyo **7.20** Töfravagninn **7.45** Gordon the Garden Gnome **7.55** Animaniacs **8.15** Grallararnir **8.35** Leðurblökumaðurinn **8.55** Kalli kanína og félagar **9.05** Kalli kanína og félagar **9.15** Kalli kanína og félagar **9.20** Litlu Tommi og Jenni **9.40** S Club 7 **10.05** Búbbarnir **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Bold and the Beautiful **12.45** Bold and the Beautiful **13.05** Bold and the Beautiful **13.25** Bold and the Beautiful **13.45** Bold and the Beautiful **14.10** Idol – Stjörnuleit **15.40** Idol – Stjörnuleit **16.10** Monk (13:16) **17.00** The Apprentice (9:14) **17.45** Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Íþróttir og veður
19.05 Lottó
19.10 My Hero (Hetjan mín)
19.40 Hot Properties (6:13) (Funheitar framakonur)(Waiting For Oprah)Frá höfundum gamanþáttanna Frasier koma þessir nýju og bráðskemmtileguþættir um fjórar eldhressar konur sem að hafa haslað sér völl semfasteignasalar á Manhattan.
20.05 Búbbarnir (3:21) Búbbarnir eru mættir á sjónarsviðið og hafa tekið yfir íslenska fjölmiðla
▶ **20.30 First Daughter** (Forsetadóttirin)Lífið er ekki alltaf dansá rósum þegar maður á pabba sem er Bandaríkjaforseti.
22.15 Assault On Precinct 13 (Árásin á 13. umdæmi) Stranglega bönnuð börnum.
0.00 Austin Powers in Goldmember **1.30** Antwone Fisher (Bönnuð börnum) **3.25** Duty Dating (Bönnuð börnum) **4.55** My Hero **5.25** Hot Properties (6:13) **5.50** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS TV

17.00 Wildfire (e)

18.30 Fréttir NFS
19.00 Seinfeld (The Couch) Enn fylgjumst við með Íslandsvininum Seinfeld og vinum hans frá upphafi.
19.30 Seinfeld (The Gymnast)
20.00 Robbie Williams: A Close Encounter Live To Air Sirkus sýnir beint frá mögnuðum tónleikum Robbie Williams.
22.00 So You Think You Can Dance 2 (e) Dómararnir ferðast víða um Bandaríkin en aðeins þeir 50 bestu fá að fara til Hollywood þar sem niðurskurðurinn heldur áfram. Þar fá dansararnir að vinna með bestu danshöfundum landsins þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
▶ **23.30** Chappelle/s Show (e) **0.00** 8th and Ocean (e) **0.30** X-Files (e) **1.20** 24 (1:24) (e) **2.05** 24 (2:24) (e) **2.50** Falcon Beach (e)

SKJÁREINN

11.45 Dr. Phil (e) **14.00** Celebrity Cooking Showdown (e) **14.45** The Bachelor VII (e) **15.35** Trailer Park Boys (e) **16.00** Tommy Lee Goes to College (e) **16.30** Rock Star: Supernova – raunveruleikaþátturinn (e) **17.00** Rock Star: Supernova – tónleikarnir (e) **18.00** Rock Star: Supernova

19.00 Game tíví (e)
19.30 Everybody loves Raymond (e)
20.00 All About the Andersons Joe setur út á hvernig Anthony þjálfar boltalið Tuga og heimtar að fá að taka yfir. Lydia reynir að blanda ekki saman náminu og vinnunni á rakarastofunni af tillitssemi við viðskiptavinina.
20.30 Teachers Filmore skólinn í New Jersey hefur fengið sinn skerf af vandamálum, eins og sinnulausum kennurum, úreltum reglumog nemendum sem hafa meiri áhuga á sms skilaboðum en námsbókum.
21.00 Pepsi World Challenge – lokaþáttur
21.50 The Dead Zone Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun.
22.40 Parkinson 23.30 The Contender (e) **0.20** Sleeper Cell (e) **1.15** Law & Order: Criminal Intent (e) **2.05** Da Vinci's Inquest – Ný þáttaröð (e) **2.50** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.20** Dagskrárlok

NFS

10.00 Fréttir **10.10** Óþekkt **11.00** Fréttavikan **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða. **12.25** Skaftahlíð **13.00** Dæmalaus veröld – með Óla Tynes **13.10** Óþekkt **14.00** Fréttir **14.10** Fréttavikan **15.10** Skaftahlíð **15.45** Hádegisviðtalið **16.00** Fréttir **16.10** Víkuskammturinn **17.10** Óþekkt

18.00 Veðurfréttir og íþróttir
18.30 Kvöldfréttir
▶ **19.10 Hér og nú** Lifandi og skemmtilegar fréttir af fína og fræga fólkinu.
19.40 Fréttavikan
20.30 Kompás (e) Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynna eru þulir NFS; Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
21.20 Skaftahlíð Maður vikunnar
21.55 Víkuskammturinn Samantekt með áhugaverasta efni NFS frá vikunni sem er að líða.
22.45 Kvöldfréttir
23.25 Síðdegisdagskrá endurtekin

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Silverado (Bönnuð börnum) **8.10** Try Seventeen **10.00** My Boss's Daughter **12.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde **14.00** Try Seventeen **16.00** My Boss's Daughter **18.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde **20.00 Silverado** Bönnuð börnum.**22.10 Paycheck** (Reikningsskil). Bönnuð börnum. **0.05** Picture Claire (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** My Little Eye (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Paycheck (Bönnuð börnum)

SKJÁR SPORT

10.45 Upphitun (e) **11.15** Everton – Liverpool **13.55** Chelsea – Charlton **16.05** Man. Utd. – Tottenham
18.30 Sheffield Utd. – Blackburn
20.30 Arsenal – Middlesbrough
22.30 Newcastle – Fulham
0.30 Dagskrárlok

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** Child Star Confidential **13.30** 7 Deadly Hollywood Sins **14.00** THS Kids of Dawson's Creek **15.00** THS Jessica, Ashlee and The Simpson Family **17.00** Child Star Confidential **17.30** 7 Deadly Hollywood Sins **18.00** E! News Weekend **19.00** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Naked Wild On **23.30** Naked Wild On **0.00** Forbes Celebrity 100: Who Made Bank **2.00** Naked Wild On

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

BÚBBARNIR TAKA VÖLDIN
Í kvöld kl. 20:05

GOTT FÓLK McCANN

VIÐ MÆLUM MEÐ

SIRKUS KL. 20.00

Robbie Williams á tónleikum

Það er ekki oft sem tónleikar eru sýndir beint í sjónvarpi hérlendis. Sirkus ætlar sér að gera einmitt það og það er ekki ómerkari maður en Robbie Williams sem stígur á stokk í beinni útsendingu. Tónleikarnir verða sýndir beint á nokkrum sjónvarpsstöðum víðs vegar um heiminn og er ánægjuefni að sjá kappann í imbanum hérna heima.
Tónleikarnir, sem fara fram í Roundhay Park í Leeds, eru partur af Evróputúr Williams sem senn er á enda. Uppselt hefur verið á alla tónleika síðan á fyrstu tónleikunum í Dublin 9. júní. Nú, 14 löndum og 38 tónleikum síðar, er Robbie kominn heim til Englands þar sem hann ætlar að trylla lýðinn með sex stórum tónleikum.

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

6		1	7				3	
		3	1		5			
5				8				
7	9	6						
1								2
						7	6	1
				9				5
			2		6	8		
	2				8	9		6

Lausn á gátu gærdagsins

7	6	9	2	3	1	8	4	5
4	5	3	9	6	8	7	1	2
8	2	1	5	4	7	6	3	9
3	4	6	1	5	9	2	7	8
2	7	5	6	8	4	1	9	3
1	9	8	3	7	2	5	6	4
6	8	7	4	2	3	9	5	1
5	1	4	8	9	6	3	2	7
9	3	2	7	1	5	4	8	6

BARCELONA – OSASUNA

▶ **17.50**
Knattspyrna

sýn besta sætið

10.50 US PGA í nærmynd **11.20** KB banka mótaröðin í golfi 200

12.20 Ensku mörkin 2006-2007 **12.50** Recopa 2006 (Boca Juniors – Sao Paulo) **14.30** Undankeppni EM 2008 (Frakkland – Ítalía e.) **16.10** Undankeppni EM 2008 (Makedónía – England e.) ▶**17.50** Spænski boltinn 06/07 (Barcelona – Osasuna)

19.50 **Spænski boltinn 06/07 (Atl. Madrid – Valencia)** Bein útsending frá 2.umferð í spænska boltanum.

21.50 **Box** (Floyd Mayweather vs Zab Judah) Útsending frá bardaga þeirra Floyd Mayweather og Zab Judah sem fram fór í apríl síðastliðnum.

23.10 Box – Arturo Gatti vs. Thomas Damgaard **0.10** Hnefaleikar

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.45 Veðurfregnir 6.50 Bæn 7.05 Laugardagur til lukku 8.05 Músík að morgni dags 9.03 Út um græna grundu 10.15 Frá Malaví 11.00 Vikulokin 12.20 Hádegisfréttir

13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Til allra átta 14.40 Fararheill 15.20 Með laugardagskaffinu 16.08 Veðurfregnir 16.10 Frjálshyggja Noams Chomsky 17.05 Fimm fjórðu 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Auglýsingar

18.28 Besti tíminn 18.52 Dánarfregnir 19.00 Kringum kvöldið 19.30 Stefnumót 20.15 Sögur af sjó og landi 21.05 Seiðandi söngrödd: Hallbjörg Bjarnadóttir 21.55 Orð kvöldsins

22.15 Flakk 23.10 Danslög

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.08 Fótboltarásin

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Auglýsingar 18.28 Tónlist að hætti hússins

19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 PZ 22.10 Næturvörðurinn 2.03 Næturtónar 4.40 Næturtónar

BYLGJAN FM 98,9

9.00 Gulli Helga

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson
16.00 Ragnar Már

18.30 Kvöldfréttir **19.00** Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

KVIKMYNDIR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
FRUMSÝNING

Fyrri mynd kvöldsins er um dóttur Bandaríkjaforseta sem fer í menntaskóla og verður ástfangin af skólafélaga sínum sem reynist vera leyniþjónustumaður. Efni seinni myndarinnar er umsátur um lögreglustöð. Lögreglumenn og fangar þurfa að standa saman til að komast lífs af.

GRÍNMYND OG SPENNUTRYLLIR
First Daughter og Assault On Precinct 13 í kvöld

KL. 20:30

KL. 22:15

HRÓSIÐ FÆR ...



... Jónsi og félagar hans í Sigur Rós sem ætla að dveljast í viku í Svasílandi og hjálpa börnum sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi.

Þorgrímur verður hinn íslenski Fabio

Íþróttakappinn fyrrverandi og rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson kemur fram sem leynigestur í nýjum íslenskum raunveruleikaþætti, Frægir í form, sem hefur göngu sína á Skjá einum í nóvember.

Þorgrímur mun feta í fótspor hins eina sanna Fabio, sem var leynigestur í upprunalega þættinum, hinum ástralska Celebrity Overhaul, sem einnig verður sýndur á Skjá einum. Í honum er þekktum persónum komið í form á mettíma og er beitt nokkuð óhefðbundnum aðferðum til þess. Í íslensku útgáfunni munu sjö þátttakendur m.a. fara í stífa sex vikna þjálfun hjá Boot Camp.

„Hann dettur inn í þetta með þeim og fer í gegnum prógrammið sem hann er með. Hann er svona meira viðmið og hvati fyrir hina," segir Björn Þórir Sigurðsson hjá Skjá einum. „Hann fetar í fótspor Fabio enda ljóshærður og síðhærður."

ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON Rithöfundurinn og íþróttakappinn fyrrverandi tekur þátt í nýjum raunveruleikaþætti.

Upptökur á þættinum hófust um síðustu helgi og hafa þær gengið afar vel. „Fólk er að taka á, þetta eru ekki einhverjar sumarbúðir," segir Björn sem bætir því við að læknar og næringarsérfræðingar fylgist með hverju spori þátttakendanna.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum verður Árni Johnsen á meðal þátttakenda ásamt Idol-stjörnunni Ragnheiði Söru og leikaranum Ara Matthíassyni. Auk þeirra hafa bæst í hópinn Elín Reynisdóttir, fegurðardrottning og sminka, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, framkvæmdastjóri Pizza Hut, og Gaui litli, sem reyndar hefur átt við eymsli í baki að stríða. Kynnir þáttarins verður tónlistarmaðurinn Sigurjón Brink.

- fb

FABIO Kyntröllið Fabio er fyrirmyndin að Þorgrími Þráinssyni í þættinum.

Í VARMÁRLAUG Guðjón Arnar er mikill sundkappi og reynir að sleppa aldrei úr heilli viku frá sundiðkun. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON: SYNDIR SÉR TIL HEILSUBÓTAR

Til bóta ef kílóin fjúka

Guðjón Arnar Kristjánsson alþingismaður hefur stundað sundlaugarnar undanfarin tvö ár af miklum dugnaði. „Ég reyni að koma því við eins oft og ég get að skella mér í sund," segir þingmaðurinn, sem syndir að meðaltali tvisvar í hverri viku.

„Ég reyni að sleppa aldrei úr viku en það er mjög misjafnt hvað ég syndi mikið í hvert skipti. Það getur verið allt frá 300 metrum upp í kílómetra. Þegar ég fer í sundlaugina í Mosfellsbæ þá syndi ég 30-40 ferðir. Það er alveg ágætt," segir Guðjón og bætir því við að þetta sé nú aðallega heilsubót. „Ef einhver kíló fjúka þá er það bara til bóta."

BAKSUND Guðjón Arnar syndir 30-40 ferðir þegar hann fer í sund. Hér syndir hann baksund, en hann er nokkurn veginn jafnvígur á allar sundaðferðirnar.

Guðjón reynir að koma við í sundlaugum þegar hann er á ferð um landið en myndi gjarnan vilja hafa tíma til að komast oftar í sund. „Annars fæ ég ágætis útrás yfir sumartímann þegar ég er að puða í kringum sumarhúsið." Hann segist þó ekki vera eins mikill sundgarpur og flokksbróðir hans, Sigurjón Þórðarson. „Hann fer létt með að synda einn til tvo kílómetra og syndir mjög oft. Enda held ég að hann eigi enn einhver héraðsmet í Skagafirðinum," segir sundgarpurinn Guðjón Arnar Kristjánsson.

sigridurh@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslenska landsliðið í knattspyrnu skellti sér út á lífið á miðvikudagskvöldið eftir tapleikinn gegn Dönum. Velflestir landsliðsmennirnir voru samankomnir á Vegamótum og tóku undir sig efri hæð staðarins. Meðal gesta voru fyrirliðinn **Eiður Smári Guðjohnsen**, **Hermann Hreiðarsson**, **Ívar Ingimarsson**, **Indriði Sigurðsson** og **Brynjar Björn Gunnarsson**, auk sjónvarpsmannanna **Sverris Sverrissonar** og **Auðuns Blöndal**. Landsliðsmennirnir skemmtu sér hið besta og hafa eflaust náð að þjappa sér vel saman fyrir næsta leik.

Ekkert útlit er fyrir að Tvíhöfði snúi aftur á öldur ljósvakans. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu áttu þeir **Sigurjón Kjartansson** og **Jón Gnarr** í viðræðum við **Sigrúnu Stefánsdóttur** og hennar fólk á Rás 2 um að stjórna vikulegum þætti á stöðinni. Tvíhöfðamönnum þótti tilboð Rásar 2 skammarlegt og síðan þeir höfnuðu því hefur ekkert gerst. Aðdáendur Tvíhöfða verða því að bíða enn um sinn eftir að þeir félagar snúi aftur.

Aðdáendur stórsöngvarans **Björgvins Halldórssonar** ýta nú á um að bætt verði við þriðju stórtónleikunum með kappanum síðar í mánuðinum. Eins og kunnugt er seldist upp á hvora tveggja tónleika hans í Laugardalshöllinni hinn 23. september, á nokkrum klukkutímum. Enn er þó mikil eftirspurn eftir miðum og í DV í gær var haft eftir Björgvin að ákvörðunin um þriðju tónleikana yrði tekin fljótlega. Ekki stendur á Bó sjálfum, það eru hinir 130 listamennirnir sem fram koma sem eiga eftir að staðfesta giggið.

- hdm

Nauthólsvík lokuð vegna veðurs

„Já það er rétt við ákváðum að loka í gær vegna veðurs," segir Óttarr Hrafnkelsson, forstöðumaður ylstrandarinnar í Nauthólsvík, sem var lokuð í gær vegna veðurs, enda mikil rigning og rok á Suðurlandi í gær. Óttarr segist ekki vita til þess að þurft hafi að loka ylströndinni áður vegna veðurs en þetta er í það minnsta í fyrsta skiptið sem hann lokar síðan hann tók við fyrir tveimur árum.

„Við getum náttúrlega ekki lokað allri ströndinni en við læstum okkar húsi og skrúfuðum fyrir heita vatnið þannig að ekki var hægt að fara í sturtu eða pottana," segir Óttarr en að hans sögn eru erlendir bakpokaferðalangar helstu gestir strandarinnar þessa dagana sem nota ókeypis sturtuaðstöðuna óspart.

NAUTHÓLSVÍK Ekki var útlitið svona gott í Nauthólsvíkinni í gær enda þurftu starfsmenn að loka vegna veðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ylströndin er opin frá 15. maí til 15. september á hverju ári og er aðsóknin ávallt góð enda er þetta útivistarsvæði fyir unga sem aldna. Um átta manns vinna á ströndinni sem er opin alla daga frá tíu á morgnana til átta á kvöldin. „Aðsóknin í sumar var ágæt miðað við tiltölulega sólarlaust sumar," segir Óttarr en hann býst við að opna ströndina aftur í dag.

- áp



LÁRÉTT
2 hróss **6** bogi **8** skaut **9** þrot **11** slá **12** duglegur **14** skaga upp **16** drykkur **17** galdrastafur **18** struns **20** vörumerki **21** maður.

LÓÐRÉTT
1 rúm **3** gat **4** hjálpsamur **5** rá **7** plana **10** málmur **13** nálægar **15** svari **16** hald **19** íþróttafélag.

LAUSN

LÁRÉTT: **2** lofs, **6** ýr, **8** pól, **9** mát, **11** rá, **12** iðinn, **14** gnæfa, **16** te, **17** rún, **18** ark, **20** ss, **21** karl.
LÓÐRÉTT: **1** rými, **3** op, **4** fórnfús, **5** slá, **7** ráðgera, **10** tin, **13** nær, **15** ansi, **16** tak, **19** kr.

[VEISTU SVARIÐ?]

Svör við spurningum á síðu 8

1. Forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair
2. CCP
3. Árni M. Mathiesen

Hausttíska

Bolur
1.499 kr

Peysa
3.499 kr

Jogging-peysa
1.999 kr

Vesti
4.999 kr

Vesti
2.499 kr

Peysa
2.499 kr

Skyrtukjóll
3.999 kr

true
TILBOÐ
Gallabuxur
2.999 kr
Verð áður 3.999.-

true
TILBOÐ
Gallabuxur
2.999 kr
Verð áður 3.999.-

Jogging-buxur
1.999 kr

true
Stígvél
svört
st. 36-41
4.999 kr

true
Stígvél
svört
st. 36-42
3.999 kr

true
Stígvél
svört
st. 36-42
3.999 kr

true
Stígvél
svört
st. 36-41
3.999 kr

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

Á vellinum

Ég fór á völlinn á miðvikudaginn og horfði á Ísland tapa fyrir herraþjóðinni eina ferðina enn, í þetta skiptið með tveimur mörkum gegn engu. Sjálfur hafði ég spáð því að leikurinn færi 14-2 fyrir Ísland, en það hefði orðið skáldlega fögur niðurstaða í ljósi sögunnar. Mér fannst fyrir löngu vera kominn tími til að Íslendingar veittu Dönum ærlega ráðningu. Einokunarverslunin með sínu maðkaða mjöli var Íslendingum til ama um áratuga skeið og bara það brask allt saman ásamt djúpstæðri ólund danskra kaupsýslumanna gagnvart íslenskum athafnamönnum undanfarið hefði átt að leiða til stórsigurs, og þar með fullkominnar hefndar, Íslendinga á Dönum.

EN svo fór ekki. Reyndar vil ég meina að ég hafi spáð 50% rétt, þar sem ég spáði jú því að Danir myndu skora tvö mörk, sem þeir gerðu. Hins vegar brást spádómsgáfan hvað varðaði markafjölda Íslendinga. Þeir skoruðu ekki 14 mörk heldur ekkert. En auðvitað má segja að fyrst þeir skoruðu ekki 14 mörk var alveg eins gott að þeir skoruðu ekki neitt. Slíkt er í anda speki Snæfríðar Íslandssólar, sem alla jafna kaus verstu niðurstöðuna frekar en þá næstbestu. Ekkert hefði verið varið í það að vinna Dani 13-2 eða 12-2. Fjórtán eða ekkert, segi ég.

EITT vakti athygli mína á leiknum, burtséð frá markaleysi Íslendinga, og hefur þetta tiltekna atriði reyndar vakið athygli mína oft áður þegar ég hef farið á landsleiki. Ég get ekki varist því þegar ég sit á landsleikjum, þögull en spenntur í stúkunni, að Íslendingar, og þar á meðal ég, séu arfaslakir stuðningsmenn. Á leiknum á miðvikudaginn leið mér persónulega eins og fólk myndi almennt telja mig hálfvita ef ég stæði nú upp og öskraði hvatningarorð. Ég hefði allt eins búist við bergmáli.

VINUR minn öskraði stundum. Háttvirtur menntamálaráðherra sá ég líka að hrópaði í heiðursstúkunni, enda íþróttakona á árum áður. Þar stökk forseti KSÍ stundum líka á lappir og bölvaði en að öðru leyti var allt með kyrrum kjörum. Ég veitti því líka eftirtekt að allar tilraunir til þess að búa til svokallaða bylgju í stóru stúkunni strönduðu undantekningarlaust í heiðursstúkunni.

ÞAÐ er engu líkara en Íslendingar skammist sín fyrir hvatningarorðin sem þeim er uppálagt að kalla á landsleikjum. Ég skil það vel. „Áfram Ísland!“ og „Ísland, Ísland!“ eru eiginlega bara hálf kjánalegar upphrópanir, sem þjóðarsálin fílar greinilega ekki. Úr þessu þarf að bæta hið snarasta ef við ætlum okkur einhvern tímann að vinna Dani 14-2.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Njóttu þess
að slaka á

14.900,-
LYCKSELE svefnstóll með **MIXDALA** marglituðu áklæði

KÄGLA kertastjaki
H26 cm **895,-**
H37 cm **995,-**

495,-
RIBBA rammi
13x18 cm

TINDRA ilmjurtakassi
ýmsir litir **295,-**

KLUBBO innskotsborð
3 stk. **7.990,-**

SKYAR lampar 3 stk.
H172,5 cm / H52 cm **2.990,-**

PARODI vasi
H70 cm **2.990,-**

695,-
BETTAN púðaver
72x72 cm

TINDRA ilmkerti
H11 cm **495,-**

OBSERVATÖR
sjónvarpsveggfesting
f/flatskjái **2.490,-**

4.990,-
DALFORS sjónvarpsbekkur
113x42 cm

FREJA LAMM púði
40x60 cm **1.990,-**

FIXHULT 3ja sæta leðursófi
198x88x85 cm **49.900,-**

IVÅS sófaborð
120x70x45 cm **13.950,-**

Sænskar kjötbollur
með kartöflum, týtuberjasultu
og rjómasósu (10 stk.)
490,-
IKEA Restaurant

Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | Mánudaga - föstudaga kl. 10:00 - **20:00** | www.IKEA.is

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2005